Þessi forgangsroðun í útgjaldaaukningu er í samræmi við skýra stefnu nýrrar ríkisstjórnar um að byggja undir sterkt samfélag velferðar og jafnra tækifæra. Í fjárlagafrumvarpinu verður lögð rík áhersla á að verja þann mikla árangur sem náðst hefur á öllum þessum sviðum sem og öðrum. Samtímis verður gætt að því að útgjaldavöxtur verði hóflegur og til þess fallinn að styðja við hagstjórn nú þegar útlit er fyrir að framleiðsluslaki hverfi úr hagkerfinu.

Hlutfallsleg skipting rammasettra útgjalda 2022




Fjárfestingar ríkisins jukust umtalsvert á liðnu kjörtímabili. Nefna má sérstakt fjárfestingaráttak á árunum 2019–2021 en því til viðbótar var ráðist í umtalsverðar fjárfestingar þegar á árinu 2020 til að bregðast við efnahagslegum áhrifum kórónuveirunnar. Í framhaldi af því var ráðist í sérstakt fjárfestingar- og uppbyggingaráttak árin 2021–2023 sem birt var í fjármálaáætlun 2021–2025. Þar var horft til fyrirbyggjandi vinnu við forgangsröðun verkefna, til að mynda niðurstöðu nefndar um fjórðu iðnbyltinguna, til átakshóps um úrbætur á innviðum og samgönguáætlunar auk aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Átakið felur í sér fjölmörg ný og aukin verkefni auk þess sem fyrirhuguðum framkvæmdum var flýtt til að örva efnahagslífið. Valin voru fjölbreytt atvinnuskapandi verkefni sem stuðla jafnframt að aukinni framleiðni til lengri tíma. Ráðgert er að á árunum 2021–2023 verði umfang átaksins yfir 75 ma.kr.

Stærsta einstaka fjárfestingarverkefnið í fjárlagafrumvarpinu er bygging nýs Landspítala, en gert er ráð fyrir að verja til þess 14 ma.kr. árið 2022. Þá er gert ráð fyrir 10,4 ma.kr. í endurgreiðslur rannsókn- og þróunarkostnaðar, 31,5 ma.kr. í samgöngumannvirki, 5,2 ma.kr. í byggingu hjúkrunarheimila og 1,5 ma.kr. í Stafrænt Ísland svo dæmi séu tekin.

Ef horft er til fjárfestinga á þjóðhagsgrunni er í fjárlagafrumvarpi ársins 2022 gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi alls um 88,4 ma.kr., eða sem nemur 2,5% af VLF, en það er töluvert umfram langtímameðaltal fjárfestingar.

Öflug opinber fjárfesting

% af VLF



Skýr sýn

Í fjárlagafrumvarpinu endurspeglast áhersla á að vaxa út úr kreppunni og halda áfram að byggja upp velsæld með traustum efnahag, fjárfestingum í fólki, innviðum og nýsköpun.

Það er skýrt markmið nýrrar ríkisstjórnar að stuðla að áframhaldandi efnahagslegum stöðugleika, enda er hann forsenda áframhaldandi kjarabóta heimilanna í landinu. Lögð verður rík áhersla á árangursríkt samráð við aðila vinnumarkaðarins, leitast við að tryggja gott samspil hagstjórnar og kjarasamninga og vinna þannig að bættum lífskjörum allra.

Til þess að aukin efnahagsumsvif verði á sjálfbærum grunni þurfa þau að byggja á aukinni framleiðni hagkerfisins. Umhverfi sem styður við verðmætasköpun er þannig grundvallaratriði til að ná áfram góðum árangri. Á nýju kjörtímabili verður áfram fjárfest í innviðum, menntun, nýsköpun og rannsóknunum og mótuð umgjörð fyrir öflugt og framsækið atvinnulíf. Stafrænir innviðir verða styrktir til að auka skilvirkni, tryggja öryggi, bæta þjónustu og auka samkeppnishæfni.


Byggt er á traustum grunni ábyrgrar hagstjórnar undanfarinna ára og stuðlað að sterku samfélagi sem veitir öllum jöfn tækifæri og styður við þá sem á því þurfa að halda. Á þeim grunni og með skýra sýn eru mikil tækifæri til áframhaldandi sóknar fyrir íslenskt samfélag.

sjávarafurða. Stór loðnuvertíð spilar þar lykilhlutverk og vegur á móti minnkandi þorskútflutningi.

Áfram verður þróttur í fjárfestingu þrátt fyrir að Hagstofan spái 3,2% samdrætti hennar árið 2022. Samdrátturinn leiðir af miklum vexti fjárfestingar atvinnuvega og hins opinbera árið 2021. Þannig kemur 1,4% samdráttur opinberrar fjárfestingar árið 2022 í kjölfar nærri 20% vaxtar árið 2021. Fjárfesting hins opinbera er bæði árin hærra hlutfall af landsframleiðslu en raunin hefur verið frá því fyrir fjármálahrunið og nærri langtímameðaltali. Samdráttur í atvinnuvegafjárfestingu árið 2022 skýrist af spá Hagstofunnar um minni fjárfestingu í stóriðju, skipum og flugvélum sem er afar sveiflukennð á milli ára, en áfram er útlit fyrir góðan vöxt í annari fjárfestingu fyrirtækja.

Hagvöxtur 2022 verður drifinn áfram af bata í ferðapjónustu og aukinni einkaneyslu

Framlag undirliða til hagvaxtar 2021-2022



Heimild: Hagstofa Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Bati á vinnumarkaði hefur reynst hraðari en væntingar voru um. Mikil fjölgun starfa það sem af er ári 2021 hefur leitt til hratt lækkandi atvinnuleysis, aukinnar atvinnuþátttöku og áframhaldandi aðflutnings vinnuafis. Á þriðja ársfjórðungi fluttu um 2.500 fleiri til landsins en frá því, þar af nærri helmingur á aldrinum 20–29 ára. Aðeins þrisvar sinnum undanfarinn áratug hafa fleiri flutt til landsins á einum ársfjórðungi. Fyrstu níu mánuði ársins fluttu um 4.000 fleiri til landsins en frá því sem samsvarar um 1,5% fólks á virkum vinnualdri. Lausum störfum hefur fjölgað mikið og hlutfall fyrirtækja, sem telja sig búa við skort á starfsfólki, er nokkuð yfir langtímameðaltali. Allt útlit er því fyrir að slaki á vinnumarkaði hverfi innan tíðar. Hagstofan gerir ráð fyrir því að atvinnuleysi nái jafnvægi á spátímanum í um 4%, sem er það atvinnuleysi sem talið er samræmast jafnvægi á vinnumarkaði.


Á sama tíma og horfur á vinnumarkaði hafa batnað hafa verðbólguhorfur versnað. Verðbólga hefur verið þrálátari en gert var ráð fyrir í upphafi árs 2021. Leiðir það af örari viðsnúningi efnahagslífsins og mun sterkari eftirspurn en gert var ráð fyrir samhliða afar lágu vaxtastigi, miklum hallarekstri ríkissjóðs sem endurspeglar snörp viðbrögð við útbreiðslu faraldursins og hratt hækkandi launakostnaði fyrirtækja. Verðbólguþrýstingurinn hefur ekki sist brotist fram í mikilli hækkun húsnæðisverðs. Víða erlendis hefur verðbólga verið mun meiri og þrálátari en gert var ráð fyrir og meiri óvissa er nú um verðbólgu- og vaxtaþróun í

stærstu hagkerfum heims en undanfarna áratugi. Hingað til hafa áhrif aukinnar alþjóðlegrar verðbólgu hér á landi að mestu verið einskorðuð við eldsneytisverð en þau gætu komið fram í fleiri vöruflokkum á næstunni. Spáaðilar hafa ítrekað vanmetið verðbólguhorfur og verðbólguvæntingar hafa hækkað. Þær eru nú nokkuð yfir verðbólgu markmiði á ýmsa mælikvarða. Verðbólga og verðbólguvæntingar yfir markmiði ásamt lækkandi atvinnuleysi og spennu í þjóðarþúskapnum er skýrt merki um að draga þurfi úr stuðningi efnahagsstefnunnar við hagkerfið. Hve hratt dregið er úr stuðningi efnahagsstefnunnar verður að taka mið af framvindu efnahagsbatans.

Niðurstaða kjarasamninga mun ráða miklu um þróun efnahagsmála næstu árin, ekki síst hvað varðar atvinnuleysi og verðbólgu. Mikil hækkun launakostnaðar undanfarinn áratug hefur átt stóran þátt í því að hlutfall launakostnaðar í verðmætasköpuninni er orðið hátt í alþjóðlegum samanburði. Spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að launahækkunir verði á bilinu 3,5–5% út spátímann, en líklega mun hagvaxtarauki leiða til hærri launahækkana árið 2022 en spáð hefur verið. Ein áskorun komandi kjaralotu felst í ólíku svigrúmi atvinnugreina til launahækkana og að sama skapi er launaskrið líklega mjög ólíkt milli starfsstétta.

Á Íslandi hefur vinnuafli fengið stærri hluta af tekjum þjóðarþúskans en í samanburðarríkjum

Hlutfall launakostnaðar af landsframleiðslu



Heimild: Penn World Table.

Hagstofan gerir ráð fyrir því að verðbólga lækki árið 2022 en verði enn nokkuð yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans á næsta ári. Meiri líkur eru á því að verðbólgu sé vanspáð en að henni sé ofspáð. Seðlabankinn hefur brugðist við þrálátari verðbólgu og kröftugri efnahagsbata en væntingar stóðu til með hækkun vaxta. Raunvextir ríkisskuldabréfa hafa einnig farið hækkandi samhliða því að innlend efnahagssumsvif hafa styrkst þrátt fyrir mikið áfall í stærstu útflutningsgreininni. Markaðsaðilar gera ráð fyrir áframhaldandi hækkun stýrivaxta á næsta ári. Til lengri tíma litið hefur vaxtastigið hérlandis þó líklega lækkað af kerfislægum ástæðum líkt og raunin hefur verið í alþjóðahagkerfinu.

Þó að tengsl faraldursins og efnahagssumsvifa virðist sífellt veikari eftir því sem tímanum vindur fram stafar hagkerfinu enn ógn af nýjum afbrigðum. Annar áhættuþáttur leiðir af hratt lækkandi eignaverði sem drifið hefur verið áfram af mikilli lækkun vaxta og öflugum

efnahagsbata. Úrvalsvisitala Kauphallarinnar, OMXI10, hefur hækkað um 55% undanfarna tólf mánuði og þátttaka almennings á markaðnum hefur farið vaxandi. Húsnæðisverð hefur hækkað hratt umfram ráðstöfunartekjur og skuldir heimila vaxið. Fari hratt hækkingar vextir og takmörkuð efnahagssumsvif saman er hætt við að lækkandi eignaverð hafi neikvæð áhrif á efnahagsframvinduna. Slíkt gæti m.a. komið til í kjölfar aukinna vaxtahækkana erlendis til að bregðast við alþjóðlegri verðbólgu eða ef kjölfesta innlendra verðbólguvæntinga við markmið veikist. Efnahagsreikningar heimila standa þó almennt sterkt og viðnámsþróttur þeirra gagnvart frekari áföllum er mikill þótt staða einstaklinga og þjóðfélagshópa sé ólík.

Fjölmargir aðrir áhættuþættir gætu raskað efnahagsbatanum eða komið honum í uppnám og þeir geta birst úr óvæntri átt, s.s. faraldurinn hefur minnt á. Mikill viðnámsþróttur ríkissjóðs, sem birtist í hóflegu skuldahlutfalli, leikur lykilhlutverk við að stuðla að stöðugleika í litlu hagkerfi á borð við Ísland í ólgusjó breytinga; alþjóðavæðingar, fjármagnshreyfinga, örtra tæknibreytinga og öldrunar. Reynist viðvarandi lækkun vaxta á alþjóðlegum vettvangi varanleg gæti vægi ríkisfjármála við hagstjórn vaxið samhliða minni áhrifamætti hefðbundinnar peningamálastefnu. Svigrúm í ríkisfjármálum til að bregðast hratt og örugglega við óvæntum áföllum, líkt og í kjölfar útbreiðslu heimsfaraldursins hér á landi, verður þá enn meira virði en áður. Leiðarstef laga um opinber fjármál, um að stefnumörkun í opinberum fjármálum markist af varfærni og sjálfbærni, er forsenda þess að hægt sé að beita ríkisfjármálum af krafti til að stuðla að efnahagslegum stöðugleika og hagsæld til lengri og skemmri tíma. Á það við jafnvel þó að ríkissjóður geti alltaf staðið við skuldbindingar sínar í innlendri mynt.


Efnahagslegt hlutverk opinberra fjármála er í megindráttum tvíþætt, annars vegar að draga úr hagsveiflum til skemmri tíma og hins vegar að styðja við vaxtargetu hagkerfisins til lengri tíma. Áhrif ríkisfjármálanna eru ólík eftir stöðu hagsveiflunnar og vaxtastigi. Jafnframt hafa ólíkar ráðstafanir í ríkisfjármálum misjöfn áhrif á verðmætasköpun til skamms og langs tíma.

Meta má áhrif opinberra fjármála á efnahagssumsvif með ólíkum aðferðum. Óháð því hvaða leið er notuð er ljóst að fjármálastefna hins opinbera örvaði hagvöxt umtalsvert eftir að kórónuveirufaraldurinn barst til landsins og að því leyti drógu þau úr samdrætti landsframleiðslu. Tímabundnar ráðstafanir vegna heimsfaraldursins nema nær 215 ma.kr. á árunum 2020–2021. Áætlað umfang þeirra er talsvert minna 2022 og samanstendur aðallega af áframhaldi á fjárfestingaátaki stjórnvalda. Á grunni aðferðafræði sem Hutchins Center í Bandaríkjunum hefur þróað má áætla að ríkissjóður hafi örvað hagvöxt um 4% af VLF árið 2020 og um 0,2% af VLF árið 2021.¹ Árið 2022 er gert ráð fyrir því að ríkissjóður dragi úr stuðningi við hagkerfið sem nemur um 3% af VLF á sama tíma og efnahagssumsvif einkaaðila vaxa hratt og nokkurrar framleiðsluspennu verði vart í hagkerfinu. Með minnkandi undirliggjandi halla styðja opinber fjármál við peningastefnuna þar sem aðhald hefur verið aukið undanfarna mánuði. Í ljósi hratt batnandi stöðu á vinnumarkaði er hætt við að minna aðhald opinberra fjármála myndi brjóta út í hærri verðbólgu og vöxtum í stað meiri hagvaxtar til lengri tíma og aukins kaupmáttar.

¹ Framlagsreikningarnir fylgja aðferðafræði Hutchins Center on Fiscal & Monetary Policy hjá Brookings og byggir á notkun jaðarneyslustuðla. Þar sem stuðlunum er beitt á mismun raunverulegs framlags samneyslu, útgjalda og skattheimtu umfram það sem hefði verið ef stærðirnar hefðu vaxið í takt við framleiðslugetu hagkerfisins og verðþróun.

Eftir mikla örvun 2020-2021 mun ríkissjóður stíga ölduna á næsta ári samhliða sterkum efnahagsbata

Stuðningur við hagkerfið, % af VLF



Efnahagsframvindan mikilli óvissu háð

Óvissa um efnahagshorfur kallar á að stjórnvöld meti næmni afkomu ríkissjóðs gagnvart efnahagsframvindunni. Hér er það gert með því að birta niðurstöður tveggja sviðsmynda sem fanga áhrif tiltekinna áhættuþátta sem hvor um sig getur valdið því að hagþróun næsta árs verði ýmist hagstæðari eða óhagstæðari en í grunnspánni. Sviðsmyndirnar gefa einfalda innsýn í þessa tilteknu áhættuþætti og í þeim felst ekki mat á því hversu líklegt það er að þeir þróist með þeim þætti sem þar er lýst. Fjöldi annarra áhættuþátta getur einnig haft áhrif eins og vikið var að hér að framan.


Í bjartsýnu sviðsmyndinni eru könnuð áhrif af hagstæðari forsendum um neysluhneigð heimila. Frá því að faraldurinn skall á hafa heimilin varið mun hærra hlutfalli af ráðstöfunartekjum í sparnað en áður. Í grunnspánni er gert ráð fyrir því að sparnaðarhlutfall nái fyrra stigi undir lok spátímans en í bjartsýnu sviðsmyndinni eru könnuð áhrif þess að það gerist strax árið 2022. Það gæti gerst ef heimilin treysta sér til þess að ganga hraðar á þann sparnað sem myndaðist í faraldrinum, t.d. vegna aukinnar tiltrúar á að faraldurinn sé genginn niður eða bættra væntinga um efnahagshorfur í framtíðinni. Í sviðsmyndinni vex einkaneysla um 10% árið 2022 eða um 5 prósentustigum meira en í grunnspánni. Hagvöxtur er 7% eða hátt í 2 prósentustigum hærra en í grunnspá og er landsframleiðsla um 60 ma. kr. meiri en í grunnspá. Atvinnuleysi er lítillaga lægra og kaupmáttur ráðstöfunartekna meiri. Verði efnahagsþróun í samræmi við forsendur bjartsýnu sviðsmyndarinnar má gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs batni um rúmlega 20 ma.kr. eða 0,7% af VLF umfram forsendur frumvarpsins, einkum vegna hærra tekna. Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu verða þá rúmlega 1% af VLF lægri í lok næsta árs en gert er ráð fyrir í frumvarpinu vegna bættrar afkomu og hærra VLF í nefnara við útreikning skuldahlutfallsins.

Í svartsýnu sviðsmyndinni eru könnuð áhrif af óhagstæðari þróun í ferðaþjónustu. Í grunnspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir því að útflutt ferðaþjónusta tvöfaldist árið 2022 og að erlendir ferðamenn verði um 1.430 þúsund. Sú forsenda tekur mið af horfum um þessar mundir en hún gæti líka reynst bjartsýn, t.d. ef faraldurinn nær sér aftur á kreik hérlendis eða erlendis

og dregur úr ferðavilja. Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir því að ferðamenn verði um 800 þúsund eða hátt í helmingi færri en í grunnspánni en lítillega fleiri en gert er ráð fyrir að sækji landið heim á yfirstandandi ári. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ferðalög Íslendinga til útlanda verði færri en í grunnspá sem nemur sama hlutfalli. Í sviðsmyndinni vex útflutningur aðeins um 4% árið 2022 sem er um 15 prósentustigum lægra en í grunnspánni. Einkaneysla vex um 4% eða um 1 prósentustigi minna en í grunnspá. Alls er landsframleiðsla 70 ma.kr. lægri en í grunnspá og hagvöxtur 2 prósentustigum lægri eða 3%. Atvinnuleysi dregst helmingi minna saman milli ára en í grunnspá og verðbólga er lítillega meiri vegna lægra gengis. Raungerist svartsýna sviðsmyndin má gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði um 25 ma.kr. eða 0,8% af VLF lakari en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Skýrist breytingin til jafns af tekjulækkun og útgjaldaauka, einkum vegna hærra atvinnuleysis. Gera má ráð fyrir því að skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu verði þá um 1,5% af VLF hærri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu en um helmingur af þeirri breytingu skýrist af lægri VLF við útreikning skuldahlutfallsins.

3 Markmið í ríkisfjármálum

Í þessum kafla er fjallað um markmið og horfur í ríkisfjármálum og helstu niðurstöður frumvarpsins um afkomu ríkissjóðs á árinu 2022 í samhengi við helstu stefnumið fjármálaáætlunar fyrir árin 2022–2026.

	<p>Aðhaldsstig ríkisfjármála aukið á næsta ári.</p>	<p>Dregið úr hallarekstri án þess að hamla viðspyrnu hagkerfisins.</p>	<p>Leiðarljós ríkisfjármála-stefnunnar er að stuðla að efnahagslegum stöðugleika.</p>
---	--	---	---

Framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál ríkissjóðs í þessum kafla er samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, svokölluðum GFS-staðli (e. Government Finance Statistics Manual). Markmið staðalsins er að veita góða sýn á efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna. Vakin er athygli á því að ríkisreikningur er birtur samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum (e. International Public Sector Accounting Standards) en fjallað er um mun á framsetningu og uppgjöri ríkisfjármála á þessum tveimur stöðlum í viðauka með frumvarpinu.

3.1 Markmið og horfur í ríkisfjármálum


Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að tæplega 170 ma.kr. halli verði á heildarafkomu ríkissjóðs, sem samsvarar 4,7% af VLF. Gangi það eftir batnar afkoman um 120 ma.kr. miðað við áætlaða útkomu yfirstandandi árs. Tekjur ríkissjóðs hækka um 105 ma.kr. milli ára en heildarútgjöld lækka um 15 ma.kr. Lækkun útgjalda má rekja til niðurfellingar á tímabundnum útgjöldum tengdum faraldrinum og minna atvinnuleysis. Þrátt fyrir töluverðan bata í afkomu frá horfum yfirstandandi árs er útlit fyrir mikinn halla í sögulegu samhengi. Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu laga um opinber fjármál¹ verða í lok árs orðnar um 1.200 ma.kr. eða tæplega 34% af VLF. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfallið hækki á milli ára um innan við 1% af VLF þar sem þróttmikill hagvöxtur á næsta ári og sala eigna dregur úr hækkun hlutfallsins. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að eignarhlutur ríkissjóðs í Íslandsbanka verði seldur að fullu á næstu tveimur árum. Þrátt fyrir að skuldahlutfallið hækki lítið milli ára er útlit fyrir að skuldir ríkissjóðs aukist um 500 ma.kr. frá árslokum 2019 til ársloka 2022.

Opinber fjármál hafa mótast af efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveirunnar sem drifið hafa áfram 520 ma.kr. samanlagðan halla á rekstri ríkissjóðs árin 2020 og 2021. Þessi áhrif koma annars vegar fram í sjálfvirku viðbragði ríkisfjármálanna, s.s. í tekjusköttum og atvinnuleysisbótum, og hins vegar í sérstökum mótvægisáðgerðum stjórnvalda til að milda áhrif faraldursins og undirbúa viðspyrnu hagkerfisins. Þessar mótvægisráðstafanir hafa numið nær 210 ma.kr. uppsafnað á árunum 2020 og 2021.

¹ Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum.

Afkoma ríkissjóðs batnar talsvert milli áronna 2021 og 2022

% af VLF



Með gildandi fjármálastefnu og fjármálaáætlun hafa stjórnvöld markað þá stefnu að styðja við hagkerfið þar til atvinnulífið hefur tekið við sér að nýju, bæði með sjálfvirkum sveiflujöfnurum og sértækum stuðningi, en jafnframt að tryggja sjálfbærni opinberra fjármála. Til lengri tíma litið miðar stefnumörkunin að því að ríkissjóður hafi svigrúm til þess að mæta framtíðaráskorunum, t.d. vegna öldrunar þjóðarinnar, og hafi áfram borð fyrir báru til þess að bregðast við ófyrirséðum áföllum. Hér vegast á grunnildri laga um opinber fjármál um stöðugleika og sjálfbærni. Reynsla síðustu missera hefur undirstrikað mikilvægi þess að ríkissjóður sé að jafnaði í færum til þess að veða á móti djúpum samdrætti hagkerfisins. Afleiðingar yfirstandandi heimsfaraldurs hafa leitt glögggt í ljós að lág skuldastaða og greitt aðgengi að fjármálamörkuðum leika lykilhlutverk við slíkar aðstæður.


Fjárlagafrumvarpið endurspeglar þessar áherslur og batnandi efnahagshorfur. Það felur m.a. í sér að ekki er gert ráð fyrir að gripid verði til sérstakra ráðstafana til að bæta afkomu ríkissjóðs á næsta ári. Áfram verður staðinn vörður um öll helstu tilfærslukerfi ríkisins í núverandi mynd og mikil umsvif verða áfram í innviðaupbyggingu og öðrum framkvæmdum. Við undirbúning frumvarpsins hefur hins vegar verið gengið út frá því meginviðmiði að ekki verði efnt til annarra teljandi nýrra eða aukinna útgjalda en þeirra sem tengjast aðstæðum af völdum kórónuveirufaraldursins. Ekki er heldur um að ræða miklar hreyfingar á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins í tengslum við áform um breytingar á skattkerfinu, fyrir utan tímabundnar ráðstafanir vegna faraldursins sem ganga til baka, enda hefur verið ráðist í fjölmargar umbætur á því á síðustu árum.

Til þess að skapa svigrúm fyrir beitingu ríkisfjármálanna með afgerandi hætti gegn efnahagslegum afleiðingum heimsfaraldursins var tölusettum skilyrðum laga um opinber fjármál um afkomu og skuldir vikið tímabundið til hliðar með lagasetningu í desember árið 2020. Með því móti er við þessar krefjandi aðstæður veitt tímabundið svigrúm fyrir stórfelldan hallarekstur og mikillar skuldaaukningar sem af því leiðir. Það er í samræmi við viðbrögð stjórnvalda víða um heim.² Grunnildri laga um opinber fjármál um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi eru enn í fullu gildi, en þau eru leiðarljós fyrir stefnumörkun stjórnvalda. Þá er fyrirhugað að tölusett skilyrði laganna taki aftur gildi árið 2026, en stefnumörkun um batnandi afkomu ríkissjóðs á næsta ári er mikilvægt skref til að svo megi verða.

² Sjá t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Fiscal Monitor, apríl 2021.

Betri afkoma, hagvöxtur og sala eigna dregur úr skuldaaukningu

Í árslok 2022 hafa skuldir skv. skuldareglu hækkað um rúmlega 500 ma.kr. frá 2019 (12% af VLF)



Í samræmi við batnandi efnahagshorfur, líkt og fjallað er um í 2. kafla frumvarpsins, er stefnt að því að ríkissjóður stígi ölduna og vinni gegn framleiðsluspennunni sem útlit er fyrir að myndist árið 2022. Við slíkar aðstæður má telja að grunnildi laga um opinber fjármál um stöðugleika og sjálfbærni fari saman. Er þar lítið til þess að stefnan sem birtist í talsverðri lækkun á útgjöldum að raunvirði á milli ára samhliða því að tekjustofnar styrkjast stuðli í senn að stöðugleika til skemmri tíma og sjálfbærni opinberra fjármála til lengri tíma. Þannig verður haldið aftur af útgjaldavexti á meðan tekjuhorfur ríkissjóðs batna samhliða bjartari efnahagshorfum og þar með dregið úr þensluhvetjandi áhrifum ríkisfjármálanna. Dregið verður úr tímabundnum mótvægisráðstöfunum tengdum kórónuveirufaraldrinum en í samræmi við dvínandi áhrif hans á efnahagssumsvif og forsendur fjármálaáætlunar fjara flestar ráðstafanir út í lok árs 2021 að frátöldu fjárfestingarátaki. Umfang tímabundinna ráðstafana fer úr 3,5% af VLF árið 2021 í rúmlega 1% af VLF árið 2022. Þó er í nokkrum mæli gert ráð fyrir nýjum útgjöldum vegna faraldursins, t.d. til að efla viðbúnað Landspítalans til að mæta auknum innlögnum. Með því að ríkissjóður vinni gegn framleiðsluspennunni árið 2022 leggja ríkisfjármálastefnan og peningastefnan á sömu árar, líkt og raunin hefur verið í faraldrinum. Í því felst að dregið er úr þörf fyrir aðlögun í gegnum peningamálastefnuna að öðru óbreyttu. Í ljósi áhættunnar af aukinni verðbólgu og hækkanði vaxtastigi er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir heimili og fyrirtæki.

Sú afkomuþróun sem leiðir af forsendum frumvarpsins byggir á bættum rekstri ríkissjóðs í átt að langtímafjafnvægi sem samrýmist sjálfbærri afkomu- og skuldþróun. Vert er að nefna að nú sem áður ríkir mikil óvissa um efnahagsþróunina, sér í lagi vegna þróunar heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Á hinn bóginn ríkir meiri bjartsýni um þessa þróun en verið hefur um nokkra hríð.

Samanburður við fjármálaáætlun

Útfærsla fjárlagafrumvarpsins á tekju- og gjaldahlið fyrir árið 2022 er í meginatriðum í samræmi við þau stefnumið sem sett voru í fjármálaáætlun sl. vor. Hins vegar er nú gert ráð fyrir umtalsvert betri afkomu en fyrri áætlanir gáfu til kynna vegna bættra efnahagshorfa. Þannig var í fjármálaáætlun gert ráð fyrir halla sem næmi 6,6% af VLF á næsta ári en forsendur þessa frumvarps gera ráð fyrir að hallinn verði um 4,7% af VLF. Afkoman í fjárlagafrumvarpinu er um 54 ma.kr. betri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun.

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.			% af VLF		
	Fjármála- áætlun 2022	Frumvarp 2022 ¹	br.	Fjármála- áætlun 2022	Frumvarp 2022	br.
Frumtekjur	866,6	945,0	78,4	25,8	26,5	0,7
Frumgjöld	1.028,7	1.056,7	28,0	30,6	29,6	-1,0
Frumjöfnuður	-162,1	-111,7	50,4	-4,8	-3,1	1,7
Vaxtatekjur	7,9	10,5	2,6	0,2	0,3	0,1
Vaxtagjöld	68,7	67,3	-1,4	2,0	1,9	-0,2
Vaxtajöfnuður	-60,8	-56,8	4,0	-1,8	-1,6	0,2
Heildartekjur	874,5	955,4	80,9	26,0	26,8	0,8
Heildargjöld	1.097,4	1.124,0	26,6	32,6	31,5	-1,1
Heildarjöfnuður	-222,9	-168,5	54,4	-6,6	-4,7	1,9

¹ 15 ma.kr. hækkun á tekju- og gjaldahlið leiðir af breyttri framsetningu vegna endurgreiðslu VSK til opinberra aðila til samræmis við uppgjör Hagstofu Íslands á rekstraruppgjöri ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni. Breytingin felur í sér að í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti. Breytingin er hlutlaus gagnvart afkomunni.

Bættar horfur um afkomu ríkissjóðs árið 2022 eru vegna hærri tekna. Tekjuáætlunin hefur verið uppfærð með hliðsjón af nýrri þjóðhagsspá, sem gerir ráð fyrir kröftugri hagvexti en gengið var út frá í fjármálaáætluninni sl. vor, auk þess sem tekið er mið af nýjum upplýsingum um innheimtu skatta og annarra tekna ríkissjóðs. Meginforsendur fjármálaáætlunar um skattkerfisbreytingar eru hins vegar að mestu óbreyttar og er hækkunin því fyrst og fremst rakin til bættra efnahagshorfa. Gert er ráð fyrir um 66 ma.kr. hærri tekjum á næsta ári en í fjármálaáætluninni vegna breyttra horfa. Við það bætist um 15 ma.kr. hækkun vegna nýrrar framsetningar á endurgreiðslu VSK til opinberra aðila, sem einnig færir á gjaldahlið og hefur því engin áhrif á afkomuna. Samanlagt er tekjubreytingin því 81 ma.kr.

Þá eru útgjaldaáætlunir að mestu óbreyttar ef frá eru taldar breyttar forsendur sem tengjast uppfærðri þjóðhagsspá. Þær forsendur leiða til hækkunar útgjalda vegna herra verðlags og vaxtastigs, en á móti vegur lækkun vegna lægra atvinnuleysis og lækkun vaxtakostnaðar vegna lægri skulda. Við það hafa bæst nokkur afmörkuð og brýn mál sem gert hefur verið ráð fyrir á næsta ári og ríkisstjórnin hefur fjallað um við undirbúning fjárlagafrumvarpsins. Til nýrra útgjaldamála teljast m.a. viðbótarfjármagn til reksturs Landspítala, hækkun á nokkrum útgjaldaliðum sem tengjast heimsfaraldrinum, s.s. vegna nemendafjöldunar á framhalds- og háskólastigi og vegna kaupa á bóluefni. Auk þess var tekin ákvörðun um sérstaka viðbótar hækkun bóta örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og hækkun frítekjumarks atvinnutekna ellilífeyrisþega. Samanlagt leiða þessar breytingar til hækkunar á útgjöldum í samanburði við fjármálaáætlun um 12 ma.kr. Heildarhækkunin er á hinn bóginn um 27 ma.kr. Þegar við bætist breytt framsetning á útgjaldahlið vegna endurgreiðslu VSK til opinberra aðila.

Afkoma ársins 2021

Sá afkomubati sem gert er ráð fyrir á næsta ári er framhald batans á yfirstandandi ári og birst hefur m.a. í árshlutauppgjörum. Þannig er nú gert ráð fyrir að afkomuhalli ríkissjóðs verði um 8,9% af VLF á árinu 2021 í stað 10,6% af VLF samkvæmt áætlun fjárlaga. Áætluð afkoma árið 2021 er um 38 ma.kr. betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Þjóðhagsgrunnur	Fjárlög 2021	ma.kr.		Fjárlög 2021	% af VLF	
		Áætlun 2021 ¹	br.		Áætlun 2021	br.
Frumtekjur	767,4	842,5	75,1	25,0	26,0	1,0
Frumgjöld	1.038,8	1.068,9	30,0	33,9	33,0	-0,8
Frumjöfnuður	-271,4	-226,4	45,0	-8,8	-7,0	1,8
Vaxtatekjur	6,4	8,1	1,7	0,2	0,3	0,0
Vaxtagjöld	61,1	69,6	8,6	2,0	2,2	0,2
Vaxtajöfnuður	-54,7	-61,5	-6,8	-1,8	-1,9	-0,1
Heildartekjur	773,8	850,6	76,8	25,2	26,3	1,1
Heildargjöld	1.099,9	1.138,5	38,6	35,8	35,2	-0,6
Heildarjöfnuður	-326,1	-287,9	38,2	-10,6	-8,9	1,7

¹ 14,3 ma.kr. hækkun á tekju- og gjaldahlíð leiðir af breyttri framsetningu vegna endurgreiðslu VSK til opinberra aðila til samræmis við uppgjör Hagstofu Íslands á rekstraruppgjöri ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni. Breytingin felur í sér að í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti. Breytingin er hlutlaus gagnvart afkomunni.

Tekjur árið 2021 eru áætlaðar um 77 ma.kr. hærri en áætlun fjárlaga, en 63 ma.kr. hærri ef leiðrétt er fyrir breyttri framsetningu vegna endurgreiðslu VSK til opinberra aðila. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af jákvæðari efnahagsforsendum en nánast allir tekjustofnar eru nú áætlaðir hærri en í fjárlögum. Af einstökum sköttum vega þyngst breytingar á áætlun tekjuskatts einstaklinga, tekjuskatts lögaðila og virðisaukaskatts.

Útgjöld stefna í að vera um 39 ma.kr. hærri en áætlun fjárlaga, en um 24 ma.kr. hærri þegar leiðrétt hefur verið fyrir breyttri framsetningu á endurgreiðslu VSK til opinberra aðila. Skýrist það m.a. af viðbótarútgjöldum, sbr. fjárukalög á fyrri hluta ársins (ný og framlengd COVID-19 úrræði, t.d. ráðningarstyrkir og átakið „Hefjum störf“). Þá hefur atvinnuleysi reynst umfram forsendur fjárlaga, auk þess sem vaxtagjöld hafa verið hærri, einkum vegna hærri verðbóta. Á móti þessum kostnaðarauka vegur hins vegar endurmat á COVID-19 úrræðum sem reyndust minna nýtt en upphaflega var gert ráð fyrir og minni útgjöld vegna tafa í fjárfestingarverkefnum (einkum vegna byggingar nýs Landspítala).

Þrátt fyrir að afkoman á yfirstandandi ári stefni í að vera nokkru betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum er vert að hafa í huga að áætlaður halli ársins 2021 er afar hár í sögulegu samhengi. Sem hlutfall af VLF er hallinn sá hæsti síðan árið 2008. Þá er uppsafnaður halli árána 2020 og 2021 áþekkur að stærð í hlutfalli við VLF og hallinn árin 2009 og 2010 í kjölfar fjármálaáfallsins.

Afkoma ársins 2022

Fjárlagafrumvarp ársins 2022 gerir ráð fyrir að halli verði á rekstri ríkissjóðs sem nemi rúmlega 169 ma.kr. eða um 4,7% af VLF. Áætlunin er sem fyrr segir grundvölluð á þeirri stefnumörkun stjórnvalda að styðja við hagkerfið þar til atvinnulífið hefur tekið við sér að nýju en jafnframt að tryggja sjálfbærni opinberra fjármála til langs tíma. Þannig er haldið aftur af útgjaldavexti samhliða bata í hagkerfinu og hækkun tekna ríkissjóðs.

Tekjuáætlun ársins 2022 gerir ráð fyrir að heildartekjur verði um 955 ma.kr. eða um 26,8% af VLF. Þetta er 182 ma.kr. hærri áætlun en í fjárlögum ársins 2021. Þessi mikla hækkun tekna endurspeglar hækkun verðlags en umfram allt mun hagstæðari efnahagsskilyrði og áframhaldandi vöxt hagkerfisins. Mikill vöxtur hefur verið á vinnumarkaði og atvinnuleysi dregist hratt saman, en hækkun er í nær öllum tekjustofnum ríkissjóðs milli ára. Nánar er fjallað um tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins í kafla 4.

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2022 eru áætluð 1.124 ma.kr. eða um 31,5% af VLF. Gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins er grundvölluð á fyrri ákvörðunum um einstök verkefni og forsendur um útgjaldavöxt, t.d. vegna lýðfræðilegrar þróunar sem fram koma í fjármálaáætlun. Þessu til viðbótar hefur verið tekið tillit til nokkurra afmarkaðra og brynna útgjaldamála sem samþykkt hafa verið í ríkisstjórn við undirbúning frumvarpsins. Í samanburði við áætlun fjárlaga ársins 2021 er um rúmlega 2% raunlækkun heildarútgjalda að ræða þegar leiðrétt hefur verið fyrir áætluðum launa- og verðlagsbótum og breytta framsetningu á endurgreiðslu VSK til opinberra aðila. Skýrist það að mestu leyti af því að ýmis tímabundin útgjöld vegna mótvægisáðgerða stjórnvalda í tengslum við heimsfaraldur kórónuveiru falla niður og útgjöld vegna atvinnuleysis dragast saman. Vaxtagjöld eru áætluð nokkru hærri en í fjárlögum ársins 2021, einkum vegna hærri verðbóta. Fjárfesting er lítillega lægri sökum þess að meginþungi fjárfestingarátaks vegna heimsfaraldursins var árið 2021. Þrátt fyrir lækkun frá áætlun fjárlaga ársins 2021 er fjárfestingarstigið um 2,5% af VLF sem er yfir langtímaeðaltali frá árinu 1998 sem er um 2,2% af VLF. Þá eru í undirbúningi viðamiklar framkvæmdir af hálfu hins opinbera í tengslum við verkefnið Betri samgöngur, en umfang þess getur numið um 0,2% af VLF árlega á næstu árum umfram það sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Nánar er fjallað um breytingar á gjaldahlið ríkissjóðs í kafla 5.

Það er ljóst að þrátt fyrir áætlun um umtalsverðan halla á næsta ári fer afkoma ríkissjóðs batnandi eftir því sem lengra líður frá samdrættinum á árinu 2020 og áhrif faraldursins á ríkisfjármálin fara dvínandi. Mikilvægt er að ríkisfjármálastefnan raski ekki bata hagkerfisins og ýti undir þenslu heldur styðji áfram við efnahagslegan stöðugleika eftir fremsta megni. Hallarekstur undanfarinna ára hefur leitt til hækkunar skulda ríkissjóðs, en samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál hafa þær hækkað úr 22% af VLF árið 2019 og stefna í um 34% af VLF í lok árs 2022. Það er þó mun betri staða en spáð var í fjármálaáætluninni sl. vor þar sem hagvöxtur og tekjur ríkissjóðs hafa reynst meiri, auk þess sem sala ríkisins á eignarhlut í Íslandsbanka hefur skilað sér í bættu skuldahlutfalli. Þrátt fyrir þetta er ljóst að það verður viðvarandi verkefni á komandi misserum að bæta afkomu ríkissjóðs enn frekar. Sjálfbær ríkisfjármál gera kröfu um viðunandi skuldahlutfall og að ríkissjóður sé í stakk búinn til að mæta fyrirséðum framtíðaráskorunum og ófyrirséðum áföllum. Fjallað er nánar um lánsfjármál ríkissjóðs í kafla 9.

Þjóðhagsgrunnur, ma.kr.	Fjárlög 2021	Frumvarp 2022	br.
Heildartekjur	773,8	955,4	181,6
Skatttekjur	613,1	752,3	139,2
Skattar á tekjur og hagnað	262,0	327,6	65,6
Skattar á laungreiðslur og vinnuafll	9,0	9,5	0,5
Eignarskattar	5,8	9,2	3,3
Skattar á vöru og þjónustu	320,0	387,9	68,0
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3,0	3,6	0,6
Aðrir skattar	13,3	14,6	1,3
Tryggingagjöld	93,8	107,0	13,3
Fjárframlög	5,5	6,0	0,4
Aðrar tekjur	61,4	90,1	28,7
Eignatekjur	22,8	48,7	25,9
þ.a. vaxtatekjur	6,4	10,5	4,1
þ.a. arðgreiðslur	8,7	31,8	23,1
Sala á vöru og þjónustu	31,8	35,1	3,3
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	6,8	6,4	-0,4
Heildargjöld	1.099,9	1.124,0	24,1
Rekstrarútgjöld	1.055,9	1.090,1	34,2
Laun	236,6	258,1	21,5
Kaup á vöru og þjónustu	146,5	170,0	23,4
Afskriftir	47,8	54,5	6,7
Vaxtagjöld	61,1	67,3	6,2
Framleiðslustyrkir	70,4	51,9	-18,5
Fjárframlög	406,4	402,2	-4,2
Félagslegar tilfærslur til heimila	23,4	23,8	0,4
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	63,6	62,2	-1,4
Fastafjárútgjöld	44,0	33,9	-10,1
Fjárfesting í efnislegum eignum	91,8	88,4	-3,4
Afskriftir (-)	-47,8	-54,5	-6,7
Frumjöfnuður	-271,4	-111,7	159,7
Vaxtajöfnuður	-54,7	-56,8	-2,1
Heildarjöfnuður	-326,1	-168,5	157,6

4 Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)

Tekjuhlíð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2022 einkennist af hagstæðari tekjuhorfum fyrir ríkissjóð (A1-hluta) en áður og má einkum rekja þær til hraðari efnahagsbata. Tekjuáætlunin fyrir árið 2022 ber þess glögg merki að umsvif hagkerfisins stefna hraðbyri í sama horf og áður en kórónuveirufaraldurinn brast á og að útlit er fyrir að þau verði orðin meiri að vöxtum áður en árið 2022 er á enda. Í kaflanum er gerð grein fyrir helstu forsendum tekjuáætlunar og breytingum frá fyrri áætlun ásamt áætlun um skattastyrki á árinu 2022. Taflan hér fyrir neðan dregur fram helstu niðurstöður tekjuáætlunarinnar ásamt niðurstöðum ársins 2020.

Rekstrargrunnur, m.kr.	2020 ¹	Áætlun		% af VLF		
		Endurmat 2021	Frumvarp 2022	2020	2021	2022
Skatttekjur	637.240	679.755	752.288	21,7	21,0	21,1
Skattar á tekjur og hagnað	287.478	291.700	327.600	9,8	9,0	9,2
Skattar á launagr. og vinnuafll.	9.192	8.901	9.476	0,3	0,3	0,3
Eignarskattar	10.526	9.741	9.161	0,4	0,3	0,3
Skattar á vöru og þjónustu	308.438	351.905	387.954	10,5	10,9	10,9
Tollar og aðflutningsgjöld	2.475	3.922	3.575	0,1	0,1	0,1
Aðrir skattar	19.131	13.587	14.521	0,7	0,4	0,4
Tryggingagjöld	88.364	93.270	107.049	3,0	2,9	3,0
Fjárframlög	7.874	5.546	5.981	0,3	0,2	0,2
Aðrar tekjur	71.729	72.039	90.128	2,4	2,2	2,5
Eignatekjur	31.388	34.720	48.695	1,1	1,1	1,4
Vaxtatekjur	14.374	8.145	10.488	0,5	0,3	0,3
Arður og hluti af tekjum ríkisft.	11.208	18.705	31.752	0,4	0,6	0,9
Veidigjöld	4.853	7.690	6.310	0,2	0,2	0,2
Aðrar eignatekjur	953	179	145	0,0	0,0	0,0
Sala á vöru og þjónustu	22.914	31.826	35.079	0,8	1,0	1,0
Ýmsar tekjur	17.426	5.494	6.354	0,6	0,2	0,2
Heildartekjur ríkissjóðs	805.208	850.610	955.445	27,4	26,3	26,8

¹ Framsetning ríkisreiknings (IPSAS-staðall) er aðlöguð að framsetningu fjárlaga (GFS-staðall). Sjá séryfirlit 9 á bls. 153 í ríkisreikningi 2020.

4.1 Endurmetin tekjuáætlun 2021


Heildartekjur ársins 2021 hafa verið endurmetnar og eru nú áætlaðar 851 ma.kr. eða 26,3% af VLF. Nemur aukning tekna 63 ma.kr. frá samþykktum fjárlögum. Þar af aukast skatttekjur og tryggingagjöld um 51 ma.kr. og er það í samræmi við breyttar efnahagsforsendur. Áætlunin byggist á hagspá Hagstofu Íslands sem er fjallað um í kafla 2 um efnahagsmál. Endurmatið byggist einnig á nýjustu gögnum um þróun skattstofna eins og þau birtast í álagningu og innheimtu, allt fram í september.

Ef litið er til einstakra skattstofna er útlit fyrir að tekjuskattur einstaklinga verði 13,3 ma.kr. hærrí í ár en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Tekjuskattsbreytingarnar, sem komu að fullu fram á yfirstandandi ári, hafa leitt til þess að dregið hefur úr skattbyrði og þá sérstaklega tekjulægri hópa. Ráðstöfunartekjur þeirra sem hafa um 400 þús.kr. í mánaðarlaun hækkuðu frá 1. janúar 2021 um 10 þús.kr. á mánuði vegna tekjuskattsbreytinganna 2020 og 2021. Áætlun um

tekjuskatt lögaðila hækkar um 12 ma.kr. og sérstakur fjársýsluskattur hækkar um 0,8 ma.kr. í samræmi við álagningu 2021 sem birtist í október sl. Virðisaukaskattur er nú talinn verða 15,5 ma.kr. hærri en í áætlun fjárlaga ársins 2021. Hækkunin skýrist af kraftmeira efnahagslífi og aukinni verðbólgu. Tekjur ríkissjóðs af arði og vöxtum hækka einnig frá áætlun fjárlaga. Þar munar mest um arðgreiðslur frá bönkunum en í forsendum fjárlaga var ekki gert ráð fyrir arði frá þeim.

Tekjur eru áætlaðar 63 ma.kr. hærri en í fjárlögum*

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2021 (ma.kr.)



*Leiðrétt fyrir breytri aðferðafræði. VSK-endurgreiðslur til opinberra aðila færðust sem tekjulækkun í F2021 en færast nú sem gjöld.

4.2 Tekjuáætlun 2022

Tekjuáætlun fyrir fjárlagaárið 2022 byggir á endurmetinni tekjuáætlun ársins 2021 og þjóðhagsspá Hagstofunnar. Alla jafna setja fyrirhugaðar skattkerfisbreytingar svip sinn á tekjuáætlun komandi árs. Í þessu fjárlagafrumvarpi er umfang slíkra breytinga minna en vanalega enda hefur verið ráðist í fjölmargar umbætur á skattkerfinu á síðustu árum. Þessar forsendur tekjuáætlunarinnar eru í samræmi við fjármálaáætlun fyrir árin 2022–2026, sem samþykkt var á Alþingi sl. vor. Fjallað er um áhrif undirliggjandi forsendna á tekjuáætlunina hér á eftir.

4.2.1 Skattbreytingar

Lögfestar hafa verið tvær breytingar á **tekjuskatti lögaðila** sem tóku gildi í apríl sl. og kemur önnur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts 2022 og hin við álagningu 2024. Annars vegar er fyrirtækjum veitt tímabundin heimild til að flýta fyrningu fjárfestinga í lausafjármunum sem gerir þeim kleift að fresta skattgreiðslum þar til fjárfesting hefur verið fyrnd að niðurlagsverði. Gert er ráð fyrir að sú aðgerð minnki tekjur ríkissjóðs árin 2022 og 2023 um samtals 8 ma.kr. en auki þær um sömu fjárhæð að þeim tíma loknum. Hin breytingin snýr að sérstökum stuðningi við græna fjárfestingu. Þeim sem fjárfesta í slíkum eignum árin 2021 og 2022 er nú heimilt að reikna sérstakt fyrningarálag af kaupverði sem fyrna má í þremur jöfnum skrefum frá og með rekstrarárinu 2023. Sú viðbótarfyrning minnkar tekjuskattsstofn fyrirtækja og er áætlað að aðgerðin komi til með að minnka tekjur ríkissjóðs um 1,3 ma.kr.

árlega á árunum 2024–2026. Tilgangurinn með þessum ráðstöfunum er að auka fjárfestingu atvinnulífsins og auka með því framleiðslugetu hagkerfisins.

Í apríl sl. voru einnig samþykktar breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld með það að leiðarljósi að styrkja **skattalegt umhverfi þeirra lögaðila sem starfa til almannaheilla**. Í breytingunum fólst einnig að nýleg frádráttarheimild lögaðila vegna framlaga til kolefnisjöfnunar var tvöfölduð. Um er að ræða skattalega hvata fyrir bæði gefendur vegna einstakra gjafa eða framlaga til slíkrar starfsemi og móttakendur þeirra sem starfa að almannaheillum eða ráðast í aðgerðir sem stuðla að kolefnisjöfnun. Fyrir gefendur felur breytingin í sér að einstaklingum verður, upp að ákveðnu hámarki, heimilt að draga gjafir eða framlög til þeirra lögaðila sem starfa að almannaheillum frá skattskyldum tekjum sínum. Jafnframt hækkar hlutfall frádráttarheimildar rekstraraðila vegna einstakra gjafa eða framlaga til starfsemi sem telst til almannaheilla eða aðgerða sem stuðla að kolefnisjöfnun. Fyrir móttakendur sem starfa í þágu almannaheilla voru samhliða samþykktar ýmsar undanþágur frá greiðslu skatta. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar lækki tekjur ríkissjóðs árlega um 2,1 ma.kr. eftir að þær koma að fullu til framkvæmda við álagningu 2023.

Um áramótin er gert ráð fyrir að nýtt viðmið um þróun þrepa- og skattleysismarka **tekjuskatts einstaklinga** taki gildi. Viðmiðunarfjárhæðirnar munu þá þróast í takt við samtölu vísitölu neysluverðs og mat á langtímaframléðni. Miðað verður við 1% framleiðnivöxt á ári og lagt til að viðmiðið verði endurskoðað á fimm ára fresti. Lykilatriði er að sama viðmið verður notað við uppfærslu þrepa- og skattleysismarka svo skattbyrði ólíkra tekjuhópa þróist með sambærilegum hætti. Nýja viðmiðið ætti að koma böndum á raunskattskrið, sem raungerist þegar viðmiðunarfjárhæðir kerfisins halda ekki í við hækkun kauplags, en það veldur aukinni skattbyrði og bitnar í meira mæli á þeim sem eru tekjulægri.¹ Á sama tíma mun sjálfvirk sveiflujöfnun tekjuskattskerfisins áfram vera virk. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs muni verða 2,3 ma.kr. lægri árlega frá og með árinu 2022 vegna þessa nýja viðmiðs. Með þessari aðgerð lýkur þeim breytingum á tekjuskattskerfinu sem kynntar voru árið 2019.

Líkt og undanfarin ár er gert ráð fyrir að svonefnd **krónutölugjöld** hækki milli ára. Miðað er við að gjöldin hækki ekki meira en um 2,5% í samræmi við verðbólguþrögn Seðlabanka Íslands þrátt fyrir að verðbólga sé áætluð 4,7% á þessu ári. Hækkunin nær til vörugjalda á áfengi, tóbaki og eldsneyti ásamt bifreiða- og kílómetragjaldi. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald hækkar einnig um 2,5%. Áætlað er að þessi verðlagsuppfærsla skili ríkissjóði 1,9 ma.kr. í tekjur árið 2022.

4.2.2 Umfjöllun um forsendur helstu tekjustofna


Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar um 955 ma.kr. árið 2022 eða sem nemur 26,8% af VLF. Þar af eru áætlaðar tekjur af sköttum og tryggingagjöldum um 859 ma.kr.

¹ Sjá nánari umfjöllun í *Endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum*, febrúar 2019.

Virðisaukaskattur er stærsti tekjustofn ríkissjóðs

Samsetning tekna ríkisins af sköttum og tryggingagjöldum 2022

Ma.kr. (Hlutdeild)



Áætlaðar tekjur af **tekjuskatti einstaklinga** eru 218 ma.kr. árið 2022 sem jafngildir 6,1% af VLF. Hröð umskipti hafa verið á vinnumarkaði sem leitt hefur til þess að innheimt staðgreiðsla það sem af er ári 2021 hefur verið umfram fyrri áætlanir. Í hagspánni sem liggur til grundvallar áætlanagerðinni er gert ráð fyrir áframhaldandi bata á vinnumarkaði árið 2022. Áfram mun gæta áhrifa af úrræðum stjórnvalda vegna kórónuveirufaraldursins þar sem fyrirtækjum er heimilt að greiða staðgreiðslu sem frestað var árið 2020 og svo aftur sumarið 2021 með jöfnum afborgunum á tímabilinu 2022–2026. Nema þær greiðslur samtals 3 ma.kr. til hækkunar tekjuskatts á greiðslugrunni yfir tímabilið. Þá gildir sérstök heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar út árið 2021 og dreifast úttektirnar yfir allt að 15 mánaða tímabil og mun úrræðið því koma til hækkunar á tekjuskatti árið 2022 um tæplega 2 ma.kr.

Tekjuskattur lögaðila er áætlaður 77,9 ma.kr. árið 2022. Þar af nemur sérstakur fjársýsluskattur 3,8 ma.kr. Tekjuskattur lögaðila tekur á næsta ári mið af skattskyldum hagnaði fyrirtækja á árinu 2021. Sviptingar í rekstrarumhverfi fyrirtækja, sem enn sér ekki fyrir endann á, hafa óhjákvæmilega aukið þá óvissu sem ríkir um þennan tekjustofn en tekjurnar reyndust þó umfram áætlun í ár. Gert er ráð fyrir að tekjustofninn muni verða stærri á næsta ári en í ár og tekjur ríkissjóðs meiri samhliða þeirri viðspyrnu sem hagkerfið hefur náð.

Tekjur ríkisins af **fjármagnstekjuskatti** á árinu 2022 samanstanda af staðgreiðslu á vaxtatekjum og arð ársins og eftirágreiddum skatti á söluhagnað og leigutekjur fyrra árs samkvæmt álagningu í maí 2022. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur skili 31,5 ma.kr. í ríkissjóð á árinu 2022.

Gert er ráð fyrir að **erfðafjárskattur** skili ríkissjóði 7,5 ma.kr. í tekjur árið 2022. Tekjur af erfðafjárskatti hækkuðu umtalsvert á síðasta ári og er áfram gert ráð fyrir að skatturinn skili ríkissjóði hærri tekjum en árin þar á undan. Hækkun húsnæðisverðs er einn orsakabáttur hækkandi erfðafjárskatts.

Helstu forsendur áætlunar um tekjur ríkisins af **VSK** á árinu 2022 eru eftirfarandi: Spáð er að einkaneysla vaxi um 4,9% að raunvirði á milli ára en stækkandi hluti hennar er þó vegna neyslu á ferðalögum Íslendinga erlendis. Jafnframt fjölgar erlendum ferðalögum hérlendis. Búið er við að dvalartími á ferðalagi verði lengri en hann var fyrir veirufaraldurinn og neysla

hvers ferðamanns að jafnaði meiri eins og nánar er fjallað um í efnahagsmálakafla frumvarpsins. Þessir neyslustraumar til og frá landinu tvöfaldast á næsta ári og hafa hvor um sig veruleg áhrif á tekjur af VSK en samanlagðir leiða þeir til hækkunar. Hvatning til vistvænna samgangna í formi margvíslegra VSK-ívilnana gildir áfram á næsta ár, s.s. við kaup á vistvænum bílum uns 15 þúsund bíla fjölda er náð í hverjum flokki, og við kaup á hjólum og hleðslustöðvum. Tekjutap vegna þeirra minnkar milli ára og er áætlað tæpir 4 ma.kr. Þá ber að nefna að draga mun úr umfangi endurgreiðslna VSK þar sem tímabundnar útvíkanir þeirra í tengslum við veirufaraldurinn renna út í árslok 2021. Þó má búast við að umsóknir haldi áfram að berast þannig að endurgreiðslur á árinu 2022 vegna framkvæmda 2020–2021 gætu numið allt að 3 ma.kr. Áætlað er að afskrift skattkrafna, sem dregin er frá tekjum í samræmi við reikningshaldslega framsetningu fjárlaga, fari heldur minnkandi á næstu árum. Þá er sú breyting gerð til samræmis við GFS-hagskýrslustaðalinn að endurgreiðslur VSK til opinberra aðila eru nú ekki lengur færðar til lækkunar tekna, sbr. stutta umfjöllun í kafla 4.3. Í heild eru áætlaðar 289,7 ma.kr. tekjur af virðisaukaskatti á næsta ári sem er hækkun úr 8% í 8,1% af VLF.

Tekjur af **sköttum á ökutæki og eldsneyti** eru áætlaðar 39,8 ma.kr. árið 2022. Að baki þeirri áætlun liggja bæði efnahagslegar og tæknilegar forsendur. Gert er ráð fyrir aukinni einkaneyslu og hagvexti á næsta ári í þjóðhagssþá Hagstofunnar sem endurspeglast í aukinni endurnýjun á bifreiðum hjá bæði heimilum og fyrirtækjum, sér í lagi ökutækjaleigum. Á móti vega aðrir þættir við áætlunargerð til lækkunar á tekjum, s.s. örar tæknibreytingar með tilkomu nýorkubifreiða og sparneytnari véla. Áhrif þessarar þróunar eru mest á tekjur af vörugjaldi af ökutækjum sem lagt er á við innflutning bifreiða. Gjaldið er aðeins lagt á bifreiðar sem losa umfram ákveðið magn af koltvísýringi og fyrir vikið bera rafmagnsbifreiðar og flestar tengiltvinnbifreiðar ekki vörugjald, en þær eru ríflega helmingur nýskráðra fólksbifreiða það sem af er ári.

Tekjur af **áfengisgjaldi** hafa aukist mikið í ár en það skýrist m.a. af aukinni einkaneyslu og samdrætti í ferðalögum Íslendinga erlendis. Áfengi sem Íslendingar geta keypt í friðhöfnum landsins ber aðeins 10% áfengisgjald og því aukast tekjur ríkissjóðs ef áfengi er keypt innan lands en ekki í friðhöfn að því gefnu að magnið sé það sama. Minni ferðalög Íslendinga erlendis gætu einnig skýrt aukna sölu á áfengi en met voru slegin í áfengissölu í Vínbúðinni í júlí og ágúst sl. Áætlað er að áfengisgjald verði um 23,8 ma.kr. árið 2022 sem er ögn hærra en áætlað er fyrir 2021.

Í forsendum tekjuáætlunar er gert ráð fyrir að **gistináttaskattur** verði aftur lagður á árið 2022 í samræmi við samþykktu fjármálaáætlun og gildandi lagaákvæði. Niðurfelling gistináttaskattsins frá apríl 2020 til desember 2021, var ein af aðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldursins, en í ljósi stöðu ferðapjónustunnar er ákveðið að framlengja niðurfellinguna til loka árs 2023. Áætlaðar tekjur af gistináttaskattinum nema 695 m.kr. og mun þurfa að lækka tekjuáætlun fjárlaga við 2. umræðu sem því nemur. Í frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga er gert ráð fyrir þessari aðgerð til samræmis.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af **tryggingagjaldi** muni vaxa nokkuð á næsta ári. Kemur það bæði til vegna styrkingar launastofnsins en einnig vegna þess að tímabundin lækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,25 prósentustig mun ganga til baka í árslok og álagningarprósentan hækka sem því nemur. Launastofninn óx kröftuglega á yfirstandandi ári samhliða bata á vinnumarkaði og er gert ráð fyrir áframhaldi á þeirri þróun. Reiknað er með að laun á vinnustund hækki um 5% og að vinnustundum fjölgi um 4,3% á árinu. Miðað við þær forsendur mun stofn tryggingagjalds nema 1.796 ma.kr. á árinu 2022. Tekjur ríkissjóðs verða alls 107 ma.kr. samkvæmt tekjuáætluninni, eða 6% launastofnsins.

Vaxtatekjur samanstanda af vöxtum af skattkröfum, vöxtum af veittum lánum og bankainnstæðum í innlendri og erlendri mynt. Stærstur hluti þeirra er vegna skattkrafna og

veittra lána. Veitt lán ríkissjóðs eru lán til Menntasjóðs námsmanna, Húsnæðissjóðs, Vaðlaheidarganga, Byggðastofnunar, Farice og fleiri. Vaxtatekjur ársins 2022 eru áætlaðar alls 10,5 ma.kr.

Yfirlit um **arð frá félögum** og hlutdeild í hagnaði B-hluta félaga má sjá í eftirfarandi töflu. Af eign ríkisins í viðskiptabönkunum tveimur er gert ráð fyrir samtals 20,3 ma.kr. arðgreiðslu á árinu 2022 sem er 12,4 ma.kr. meira en árið á undan og 7,4 ma.kr. umfram forsendur ársins í fjármálaáætlun 2022–2026. Forsendur um talsvert aukna arðgreiðslu frá Landsvirkjun milli ára eru óbreyttar en framlög frá B-hluta stofnunum eru endurmetin til lækunar frá gildandi fjármálaáætlun. Þannig er áformað að ríkissjóður fái í sinn hlut samtals 31,8 ma.kr. í arð frá félögum sem er 13 ma.kr. aukning frá fyrra ári.

<u>Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja á rekstrargrunni (m.kr.)</u>	<u>Áætlun 2021</u>	<u>Frumvarp 2022</u>
<i>Arður</i>		
Íslandsbanki hf.	3.400	7.000
Landsbankinn hf.	4.478	13.300
Landsvirkjun	6.100	8.775
Aðrir	1.324	560
Arður alls	15.302	29.635
<i>Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja</i>		
ÁTVR	500	500
Framlag Happraettis HÍ til Háskóla Íslands	1.050	775
Framlag frá Húsnæðissjóði	1.853	842
Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls	3.403	2.117
Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls	18.705	31.752

Tekjur af arði frá félögum eru settar fram samkvæmt GFS-staðlinum. Á rekstrargrunni er arðgreiðsla tekjufærð að því marki sem hún er ekki umfram hlutdeild ríkisins í áætluðum hagnaði af reglulegri starfsemi félags. Á greiðslugrunni er arðgreiðslan færð til fulls, óháð hagnaði félags. Í áætlun fyrir árin 2021 og 2022 eru arðgreiðslur ekki umfram hagnað af reglulegri starfsemi og tekjur því hinar sömu á rekstrargrunni og greiðslugrunni.

Veidigjöld eru áætluð 6,3 ma.kr. árið 2022, þar af 0,7 ma.kr. vegna gjalds á fiskeldi sem var innleitt á árinu 2020. Veidigjöld byggja á afkomu við veiðar hvers nytjastofns tveimur árum fyrir álagningu gjaldsins. Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja reyndist talsvert lakari árið 2020 en árið 2019 og því er gert ráð fyrir að veiðigjöld lækki frá fyrra ári en auk þess var aflmark þorsks lækkað. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkisins lækki um 1,4 ma.kr. frá árinu 2021. Þessi áætlun verður endurskoðuð þegar endanleg ákvörðun um veiðigjöld liggur fyrir hjá Skattinum í byrjun desember.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru áætlaðar 35 ma.kr. en þar er að stórum hluta um að ræða tilfallandi sértekjur stofnana sem renna til þeirra en eru einnig færðar sem tekjur ríkissjóðs til þess að þær endurspegli heildarumfang ríkisrekstrarins, samkvæmt leiðsögn GFS-hagskýrslustaðalsins.


4.3 Breytingar á tekjuáætlun ársins 2022 frá fjármálaáætlun

Tekjur eru áætlaðar 955 ma.kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 sem eru 66 ma.kr. meiri tekjur en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun sem var lögð fram í apríl sl. Þessi hækkun skýrist fyrst og fremst af því að efnahagsþróunin hefur verið jákvæðari en spáð var í vor. Nær allir tekjustofnar hafa verið endurmetnir til hækkunar frá útgáfu fjármálaáætlunarinnar. Hækkun

tekjuskatts einstaklinga skýrist m.a. af minna atvinnuleysi en fjármálaáætlunin byggðist á og tekjuskattur lögaðila hækkar í samræmi við álagningu 2021 sem birtist í október og hraðari viðspyrnu en áður var spáð. Áætlun um virðisaukaskatt hefur annars vegar hækkað í takt við verulega aukningu áætlaðra tekna yfirstandandi árs og hins vegar vegna þess að nafnvirði einkaneyslu og annarra áhrifaþátta er talsvert herra en áður samkvæmt uppfærðri hagspá. Að lokum er vert að nefna að innleiðing á aðferðafræði GFS-hagskýrslustaðalsins við meðhöndlun VSK-endurgreiðslna til opinberra aðila leiðir til þess að tekjur eru 15 ma.kr. hærri en í fyrri áætlunum. Þar er um að ræða tilfærslu á milli tekju- og útgjaldahliðar sem hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Tekjur eru áætlaðar 66 ma.kr. meiri en í fjármálaáætlun*

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2022 (ma.kr.)



*Leiðrétt fyrir breyttri aðferðafræði. VSK-endurgreiðslur til opinberra aðila færðust sem tekjulækkan í fjármálaáætlun en færast nú sem gjöld.

4.4 Skattastyrkir

Yfirlit um skattastyrki, sem sjá má í meðfylgjandi töflu, gefur til kynna aðkomu ríkisins að ýmsum málefnum í formi fjárhagslegs stuðnings sem ríkið veitir í gegnum skattkerfið fremur en með fjárframlögum sem færast á gjaldahlidina. Heildarumfang skattastyrkja er áætlað 3,1% af VLF á næsta ári. Neðra þrep VSK er uppspretta um helmings skattastyrkjanna í heild og reiknast hann sem munurinn á neðra þrepinu og almenna þrepinu eða 13 prósentustig af skattstofni. Vegna vægis ferðaþjónustunnar í neðra þrepinu lækkaði umfang slíkra skattastyrkja talsvert á árinu 2020 miðað við það sem áður var en eykst smám saman á ný frá 2021. Á móti því komu sértækar ráðstafanir vegna faraldursins en stuðningur stjórnvalda við heimili og fyrirtæki í formi aukinna VSK-endurgreiðslna er skattastyrkir á málefna sviði atvinnamála. Þeir voru samtals um 13 ma.kr. á árunum 2020–2021 en eru áætlaðir tæpir 2 ma.kr. á næsta ári.

Á næsta ári koma inn nýir skattastyrkir af tvennum toga. Annars vegar eru varanlegar breytingar á sex mismunandi tegundum skatta sem allar hafa það markmið að styrkja og efla skattalegt umhverfi lögaðila sem starfa til almannaheilla og teljast því til hins svonefnda þriðja geira. Hins vegar kemur tímabundin flýtyfyrningarheimild sem ætlað er að hvetja til fjárfestingar í atvinnurekstrareignum og minnkar hún tekjur af tekjuskatti lögaðila árið 2022 en eykur þær væntanlega síðar.

Mikilvægt er að greina tilvist og umfang skattastyrkja í skattkerfinu, meta árangur af þeim og hversu lengi þeirra er þörf. Á það sama því við um þá og útgjöld ríkisins á hinum ýmsu sviðum. Nánari umfjöllun um skattastyrki má finna í sérstökum kafla í greinargerð fjárlagafrumvarps fyrir árin 2017–2020.

Skattastyrkir 2020–2022 (áætlaðar fjárhæðir í m.kr.)

Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund ívilnunar	2020	2021	2022
Undanþága frá skattskyldu	31.480	34.994	29.453
Frádráttur	4.872	5.181	6.873
Frádráttarheimild	7.124	7.989	10.209
Lægri skattprósenta	44.474	51.713	62.470
Greiðslufrestur	90	150
Alls	87.950	99.967	109.154
Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund skatts	2020	2021	2022
Tekjuskattur einstaklinga	6.465	7.277	8.130
Tekjuskattur lögaðila	748	912	2.356
Fjármagnstekjuskattur	4.172	4.082	4.573
Eignarskattar	750	1.050	1.352
VSK	70.301	79.761	84.237
Vörugjöld og aðrir neysluskattar	5.514	6.885	8.506
Alls	87.950	99.967	109.154
Skattastyrkir flokkaðir eftir málefnasviði	2020	2021	2022
07. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	317	365	411
08. Sveitarfélög og byggðamál	21	23	25
09. Almanna- og réttaröryggi	559	615	678
11. Samgöngu- og fjarskiptamál	147	205	326
12. Landbúnaður	111	122	135
14. Ferðapjónusta	5.852	9.491	17.730
17. Umhverfismál	7.793	10.549	9.680
18. Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	3.447	3.666	3.863
20. Framhaldsskólastig	370	386	426
21. Háskólastig	716	583	643
23. Sjúkrahúspjónusta	78	86	95
27. Örororka og málefni fatlaðs fólks	680	748	824
29. Fjölskyldumál	34.675	36.550	37.971
30. Vinnumál og atvinnuleysi	4.565	9.104	2.715
31. Húsnæðisstuðningur	21.618	19.495	21.390
Óflokkað	3.539	4.175	6.893
Vegna skattframkvæmdar	3.462	3.804	5.350
Alls	87.950	99.967	109.154
Alls, % af VLF	3,0%	3,1%	3,1%

4.5 Áhrif á jafnrétti kynjanna

Ákvarðanir um tekjuöflun ríkisins fela í sér forgangs röðun stjórnvalda og vegna ólíkrar stöðu karla og kvenna innan samfélagsins geta þessar ákvarðanir haft mismunandi áhrif á kynin sem taka þarf mið af. Í samræmi við 18. gr. laga um opinber fjármál er, með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar, lagt mat á áhrif helstu tekjuráðstafana sem lagðar eru til í fjárlagafrumvarpi á jafnrétti kynjanna. Lagt er mat á hvort ráðstafanirnar séu líklegar til að stuðla að jafnrétti kynjanna, viðhalda óbreyttu ástandi eða auka kynjamisrétti. Sambærilega umfjöllun um áhrif ráðstafana á útgjaldahliðinni er að finna í kafla 5.

Nýtt viðmið um þróun þrepa- og skattleysismarka tekjuskatts einstaklinga þar sem miðað verður við mat á langtímaframleiðni ásamt vísitölu neysluverðs markar lokaáfangann í umfangsmiklum breytingum á tekjuskattskerfinu sem kynntar voru árið 2019. Þegar allt er talið hafa breytingarnar skilað rúmum 23 ma.kr. í hærri ráðstöfunartekjur á ári til heimilanna. Áhersla tekjuskattsbreytinganna var að auka ráðstöfunartekjur einstaklinga með meðal- og lágur tekjur og var ábatinn mestur hjá þeim sem voru með mánaðartekjur á bilinu 300-400 þús.kr. Þar sem karlar hafa hærri meðaltekjur en konur má ætla að konur njóti í meira mæli góðs af breytingunum sem taldar eru stuðla að jafnrétti. Vitað er að þær skattalækkanir sem komu til vegna tekjuskattsbreytinga árið 2020 komu að 52% í hlut kvenna en áhrifin af breytingum 2021 munu verða ljós í kjölfar álagningar ríkisskattsstjóra á tekjur 2021. Í þessu frumvarpi er fjallað um tvær skattkerfisbreytingar sem voru lögfestar í apríl sl. Það eru breytingar á tekjuskatti lögaðila sem hvetja til aukinnar fjárfestingar og breytingar á ýmsum sköttum og gjöldum til að efla skattalegt umhverfi þeirra sem starfa til almannaheilla. Leiða má líkur að því að þessar tvær aðgerðir hafi ólík áhrif á karla og konur þar sem karlar eru fleiri í stjórnnum fyrirtækja og eiga almennt fleiri hluti í félögum. Engu að síður má gera ráð fyrir að aðgerðir sem hvetja til fjárfestinga á mörkuðum hafi ekki síst áhrif á þá sem ekki eru virkir fyrir. Almennt eru konur áhættufælnari en karlar og því getur aðgerðin stutt við aukna þátttöku þeirra á markaði. Ekki liggja fyrir kyngreind gögn sem hægt væri að byggja á við mat á áhrifum breytinga á skattalegt umhverfi almannaheillafélaga og því hefur ekki farið fram sérstök greining á jafnréttisáhrifum lagabreytinganna.

5 Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)

Í þessum kafla er fjallað um útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta). Þar er um að ræða útgjöld vegna starfsemi á vegum ríkisins sem að stærstum hluta eru fjármögnuð með skatttekjum. Vakin er athygli á því að ítarlegar er fjallað um stefnumörkun ríkisfjármála sem fylgt var við rammasetningu málefnasviða fyrir árið 2022 í kafla 4 í fjármálaáætlun fyrir árin 2022–2026, sem lögð var fram og samþykkt á vörþingi árið 2021. Þar er enn fremur að finna frekari umfjöllun um útgjaldapróun undanfarinna ára og fram til ársins 2026.

Hér á eftir er fjallað um helstu áherslumál á útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins, ný og aukin útgjöld sem leiða af ákvörðunum við undirbúning frumvarpsins og fyrri ákvörðunum sem birtast í fjármálaáætlun 2022–2026, þ.m.t. helstu breytingar frá gildandi fjárlögum og skiptingu heildarfjárheimilda eftir málefnasviðum og málaflokkum. Auk þess er fjallað um áhrif útgjaldaráðstafana á jafnrétti kynjanna út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárlagagerðar. Þá er gerð grein fyrir launa- og verðlagsforsendum gjaldahliðar frumvarpsins og fjallað um skuldbindingar ríkisins vegna þjónustu- og styrktarsamninga. Loks er greint frá reglum um varasjóði og millifærslur fjárveitinga. Vakin er athygli á því að þessi kafla tekur einungis til breytinga á fjárheimildum samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjallað er um breytingar á heildarútgjöldum á þjóðhagsgrunni samkvæmt GFS-hagskýrslustaðlinum í kafla 3.

**EFLING
GRUNN-
ÞJÓNUSTU OG
BÓTAKERFA**

**Framlög til
heilbrigðismála
aukast um 16
ma.kr.**

**Tímabundnar
ráðstafanir vegna
heimsfaraldurs
ganga til baka en
fjárfesting er áfram
umfangsmikil.**

**Rammasett útgjöld
aukast um 30% að
raunvirði á árunum
2017–2022.**

Við setningu útgjaldaramma fyrir málefnasvið í fjárlagafrumvarpi ársins 2022 er byggt á þeirri meginstefnumörkun stjórnvalda að styðja við hagkerfið þar til atvinnulífið hefur komist á góðan skrið að nýju. Þá verður grunnþjónustan eflað og staðinn vörður um helstu tilfærslukerfi í núverandi mynd, unnið verður að bættum kjörum lífeyrisþega og sérstök áhersla lögð á aukin framlög til heilbrigðismála. Á móti auknum útgjöldum falla niður ýmis tímabundin verkefni og ráðstafanir í tengslum við mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna kórónuveirufaraldursins. Ekki verða gerðar aðhaldskröfur til málefnasviða ráðuneyta umfram forsendur gildandi fjármálaáætlunar þrátt fyrir gríðarlegan halla á rekstri ríkissjóðs á árunum 2020 og 2021 sem rekja má til efnahagslegra áhrifa kórónuveirufaraldursins. Líkt og í fjárlögum 2021 er lögð áhersla á að ekki verði eftir til nýrra eða aukinna útgjalda umfram það sem óhjákvæmilegt er, m.a. vegna viðbúnaðar Landspítala vegna faraldursins. Þannig verði leitast við að ríkissjóður rífi seglin eftir því sem umsvif aukast í hagkerfinu og komið í veg fyrir að skuldastaða ríkissjóðs verði þyngri en nú þegar er útlit fyrir.

Til lengri tíma litið er ljóst að til að draga úr og á endanum stöðva hallarekstur ríkissjóðs þarf að leggja áherslu á bættu nýtingu fjármuna, m.a. með því að tryggja umbætur í ríkisrekstrinum með markvissu endurmati útgjalda og fjárfestingu í tæknilegum innviðum sem stuðla að hagræðingu og bættri þjónustu. Þetta þarf að gerast samhliða auknum aga í framkvæmd fjárlaga enda hafa útgjöld verið aukin verulega á öllum sviðum ríkisrekstursins undanfarin ár.

Þegar horft er til breytinga á fjárheimildum málefnasviða á milli fjárlaga fyrir árið 2021 og fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022 er mikilvægt að hafa í huga að breytingar á útgjöldum í frumvarpinu fylgja í kjölfarið á umtalsverðri raunaukningu útgjalda síðastliðinna ára og þá sérstaklega í tengslum við efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna kórónuveirufaraldursins. Þannig hafa rammasett útgjöld aukist um meira en fjórðung frá árinu 2017 eða um rúma 200 ma.kr.

Meðal helstu áherslumála sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2022 og fjallað er nánar um í greinargerð um málefnasviða eru:

- Aukinn viðbúnaður heilbrigðiskerfisins vegna kórónuveirufaraldursins með sérstakri farsóttardeild á LSH og fjölgun hágæslu- og endurhæfingarrýma
- Bygging nýrra hjúkrunarheimila og endurbætur á eldri rýmum
- Áframhaldandi lækun á greiðsluþátttöku sjúklinga
- Aukin framlög til geðheilbrigðismála
- Hækkun bóta örorkulífeyrisspega
- Hækkun frítekjumarks atvinnutekna ellilífeyrispega
- Efling og samþætting þjónustu í þágu farsældar barna
- Framlög til loftslagsmála aukin
- Aukinn stuðningur við orkuskipti í samgöngum
- Uppbygging samgönguinnviða og almenningssamgangna
- Aukin framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu
- Viðbótarframlög vegna fjölgunar nemenda á framhalds- og háskólastigi
- Auknar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar
- Fjárfestingar- og uppbyggingaráttak 2021–2023
- Efling stafrænnar þjónustu

5.1 Heildarfjárheimildir 2022 og breytingar frá fjárlögum ársins 2021

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2022 eru áætluð um 1.203,5 ma.kr. á árinu 2022. Er það 11,4 ma.kr. hækkun frá fyrra ári. Í þeirri breytingu milli ára vegur þyngst að launa-, gengis- og verðlagsbreytingar nema 37,2 ma.kr. Að þeim frátöldum lækka heildarútgjöld ríkissjóðs um 25,7 ma.kr. frá fjárlögum ársins 2021 eða sem nemur 2,1% að raunvirði. Skýrist það að mestu af því að umfangsmiklar mótvægisráðstafanir vegna kórónuveirufaraldursins á yfirstandandi ári fjara út á næsta ári.

Taflan hér á eftir sýnir breytingar á hagrænni skiptingu fjárheimilda að raunvirði á milli fjárlaga 2021 og fjárlagafrumvarps 2022, þ.e. með skiptingu eftir rekstrarframlögum, rekstrar- og fjármagnstilfærslum, fjárfestingarframlögum og vaxtagjöldum. Eins og sjá má í töflunni lækka framlög til fjárfestinga og fjármagnstilfærslna á milli ára um 6,3 ma.kr. Þessi lækun skýrist að stórum hluta af því að framlag til átaksverkefnis í samgönguframkvæmdum 2019–2021 fellur niður á árinu. Þá má einnig sjá að liðir utan ramma aðrir en vaxtagjöld lækka um 21,1 ma.kr. sem skýrist að mestu leyti af lægri útgjöldum vegna atvinnuleysis. Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld árið 2022 nemi um 51,7 ma.kr. sem er um 5,7 ma.kr. hækkun frá fjárlögum fyrra árs. Skýrist hækkunin annars vegar af aukinni skuldsetningu og hins vegar af hækkun verðbóta á verðtrygðar skuldir ríkissjóðs en nánar er fjallað um það í greinargerð málaflokks 33.10 *Fjármagnskostnaður* í frumvarpinu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2021	Frumvarp ¹ 2022	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrarframlög	482.061	515.228	33.167	6,9
Rekstrartilfærslur	382.500	382.564	64	0,0
Fjármagnstilfærslur	37.952	37.218	-734	-1,9
Fjárfestingarframlag ²	76.672	71.058	-5.615	-7,3
Rammasett útgjöld	979.186	1.006.067	26.882	2,7
Vaxtagjöld	46.009	51.700	5.691	12,4
Aðrir liðir utan ramma	166.904	145.760	-21.144	-12,7
Heildargjöld	1.192.099	1.203.528	11.429	1,0
Rekstrartekjur	61.686	65.897	4.212	6,8
Framlag úr ríkissjóði	1.072.383	1.074.454	2.071	0,2
Viðskiptahreyfingar	58.030	63.176	5.146	8,9
Samtals fjármögnun	1.192.099	1.203.528	11.429	1,0

¹ Án verðlagshækkana

² Fjárfestingarframlög færast ekki til gjalda í ríkisreikningi heldur eru þau eignfærð og afskrifuð yfir líftíma eignarinnar


Breyting áætlaðra heildarútgjalda á milli ára skýrist af nokkrum meginþáttum, eins og sést á myndinni hér á eftir.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem nema samtals 32,6 ma.kr. vegna hagrænna eða kerfislægra breytinga, s.s. vegna fjölgunar aldraðra og öryrkja, eða breytinga sem eru bundnar í lögum og samningum. Einnig er um að ræða ákvarðanir ríkisstjórnar um ný og aukin verkefni, s.s. vegna aukins framlags til LSH til að efla viðbúnað við heimsfaraldri kórónuveirunnar, kostnaðar vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna, hækkunar frítækjumarks atvinnutekna ellilífeyrisþega og hækkunar bóta öryrkja.

Í öðru lagi er um að ræða niðurfelld tímabundin framlög. Þar er fyrst og fremst um að ræða ýmsar tímabundnar ráðstafanir og verkefni í tengslum við kórónuveirufaraldurinn sem renna sitt skeið á enda á næsta ári, s.s. viðspyrnustyrki vegna tekjufalls, atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli, viðbótarálag á atvinnuleysisbætur og aukið framlag vegna framfærsluskyldu barna atvinnuleitenda, alls 63,2 ma.kr. Sjá nánar í töflu um framlög vegna kórónuveirufaraldursins síðar í þessum kafla.

Í þriðja lagi aukast útgjöld ríkissjóðs um 11,5 ma.kr. vegna almenns útgjaldasvigrúms til ýmissa verkefna innan málefna sviða og málaflokka ráðuneyta og nýrra eða aukinna verkefna í tengslum við fjárfestingar- og uppbyggingaráttak 2021–2023.

Í fjórða lagi eru áætluð áhrif vegna launa-, verðlags- og gengisbreytinga en þau nema 37,2 ma.kr. Gætir hér einkum áhrifa af launahækkunum skv. fyrirliiggjandi kjarasamningum, styrkingu krónunnar auk hækkana á bótum almannatrygginga og atvinnuleysisbóta. Nánar er fjallað um launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.5.



Á móti útgjaldaaukningu vegur 6,6 ma.kr. lækkun vegna almennra og sértækra aðhaldsmarkmiða. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2022–2026 eru hófleg aðhaldsmarkmið innbyggð í útgjaldaramma málefna sviða sem koma til lækkunar á móti útgjaldaaukningu, eins og tíðkast hefur í fjárlögum um langt árabil. Er ráðuneytum falið að ákvarða nánar með hvaða hætti þeim markmiðum er mætt í frumvarpinu. Ekki er um að ræða aðhaldskröfur umfram þær sem þegar hafði verið gert ráð fyrir í fjármálaáætlun fyrir árin 2022–2026. Þar er gerð 2% almenn aðhaldskrafa til málaflokka fyrir utan tiltekna liði sem tíðkast hefur að undanskilja. Aðhaldsmarkmið í rekstri heilbrigðis- og öldrunarstofnana og skóla er þó til muna lægra, eða 0,5%. Engin aðhaldskrafa er sett á bótakerfi almannatrygginga og atvinnuleysis, sjúkra-trygginga og dómstóla. Nánar er fjallað um þessa útfærslu ráðuneyta í köflum um einstök málefna svið.

Ráðstafanir vegna heimsfaraldurs

Viðbrögð við heimsfaraldrinum af völdum kórónuveirunnar hafa einkum einkennt af tvennu, annars vegar af beinum aðgerðum til að sporna gegn áhrifum veirunnar og hins vegar af innspýtingu til hagkerfisins til að stuðla að kröftugri viðspyrnu þegar faraldurinn er um garð genginn. Hefur þá einkum verið horft til arðbærra fjárfestinga og stuðnings við nýsköpun.

Á þessu stigi faraldursins þegar flestar greinar hagkerfisins hafa náð góðri fótfestu að nýju og atvinnuleysi er orðið svipað og fyrir hann falla ýmsar tímabundnar ráðstafanir niður, eins og gert hefur verið ráð fyrir í fjármálaáætlun. Má þar nefna aðgerðir eins og viðspyrnustyrki, hlutabætur, ýmis náms- og starfsúrræði, álag á atvinnuleysisbætur, framlag vegna launakostnaðar íþróttafélaga og ýmsar félagslegar aðgerðir. Því til viðbótar lækka útgjöld vegna atvinnuleysisbóta sjálfkrafa umtalsvert samhliða minnkandi atvinnuleysi, eða sem nemur 13,3 ma.kr. Meðfylgjandi tafla sýnir tímabundnar ráðstafanir vegna heimsfaraldursins sem falla niður á árinu 2022 ásamt öðrum breytingum sem verða á útgjöldum vegna faraldursins frá fjárlögum ársins 2021.

Breytingar á framlögum v. COVID-19, ma.kr.	Breyting 2022
Framlög í tengslum við COVID-19¹	7,4
Efling háskóla- og framhaldsskólastigs vegna nemendafjölgunar	3,0
Kaup á bóluferni við COVID-19	1,4
Farsóttardeild á LSH	1,1
30 ný endurhæfingarrými	1,0
Opnun hágæslurýma	0,5
Geðheilbrigðismál	0,4
Niðurfelld tímabundin framlög v. COVID-19:	-65,3
Viðspyrnustyrkir vegna tekjufalls	-19,8
Atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli (hlutabætur)	-6,0
Nám er tækifæri - framhalds- og háskólastig	-2,7
Viðbótarálag á atvinnuleysisbætur	-2,0
Framlenging tímabils tekjutengdra atvinnuleysisbóta v. COVID faraldursins	-1,5
Átak í náms og starfsúrræðum	-1,5
Ýmsar félagslegar aðgerðir v. COVID-19	-1,1
Greiðslur til Íþróttafélaga vegna launa- og verktakakostnaðar	-1,0
Aðrar COVID-19 ráðstafanir sem falla niður	-29,7

¹ Að frátöldu fjárfestingar- og uppbyggingarátaki 2021-2023

Fjárfestingar og fjármagnstilfærslur

Áfram er gert ráð fyrir töluverðum framlögum til fjárfestinga, m.a. vegna þess að stjórnvöld réðust í fjárfestingar- og uppbyggingarátak til að bregðast við heimsfaraldrinum. Samtals er miðað við að um 120 ma.kr. verði varið á árunum 2020–2025 í tengslum við átakið. Þar af er gert ráð fyrir um 25 ma.kr. framlagi í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 sem er lækkan um 2 ma.kr. á milli ára. Mikill þungi er í samgönguframkvæmdum í upphafi átaksins þar sem aðrar fjárfestingar kalla á lengri undirbúningstíma og kostnaður vegna þeirra er því þyngri á seinni hluta tímabilsins.

Eins og fram kemur í töflunni um breytingar á hagrænni skiptingu hér frammar í kaflanum nema fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur samtals 108 ma.kr. árið 2022 og lækka um 6 ma.kr. frá fjárlögum ársins 2021. Skýrist sú lækkan að mestu leyti af því að framlög vegna átaks í samgönguframkvæmdum á árunum 2019–2021 falla niður. Stærsta einstaka byggingarframkvæmdin í fjárlagafrumvarpinu er bygging nýs Landspítala en áætlað er að um 14 ma.kr. verði varið til hennar á árinu. Þá er gert ráð fyrir rúmlega 10 ma.kr. til endurgreiðslu á rannsókn- og þróunarkostnaði fyrirtækja. Af verkefnum í fjárfestingarátaki 2021–2023 má til að mynda nefna Samhæfingarmiðstöð viðbragðsaðila, samgöngusáttmála á höfuðborgarsvæðinu ásamt áframhaldandi fjárfestingu í upplýsingatekni til að bæta þjónustu ríkisins. Ítarlegri umfjöllun um fjárfestingar- og uppbyggingarátak stjórnvalda er að finna í fjármálaáætlun 2021–2025 og fjármálaáætlun 2022–2026.

Fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur, ma.kr.

2022

Fjárfestingar- og uppbyggingaráttak 2021-2023¹	25,4
Samgöngumannvirki	9,0
Rannsóknir, nýsköpun og skapandi greinar	4,5
Nýbyggingar og meiri háttar endurbætur	6,0
Stafrænt Ísland og upplýsingatækniverkefni	2,3
Orkuskipti, grænar lausnir og umhverfismál	1,6
Viðhald og endurbætur fasteigna	1,4
Önnur innviðaverkefni	0,6
Ýmis verkefni á vegum ríkisins:	34,8
Bygging nýs Landspítala	14,2
Endurgreiðslur á skatti til fyrirtækja v. rannsókn- og þróunarkostnaðar	10,4
Bygging hjúkrunarheimila	5,2
Ofanflóðasjóður	2,4
Kaup á hafrannsóknaskipi	2,0
Tvær nýjar heilsugæslustöðvar á Akureyri	0,6
Annað	48,1
Samtals	108,3


¹ Tölur miða við Fjármálaáætlun 2022-2026 en einstaka verkefni geta hliðrast til í tíma

Breytingar frá fjárlögum 2021 eftir málefнасviðum

Í umfjölluninni hér á eftir er fjallað um breytingar í fjárlagafrumvarpi ársins 2022 frá fjárlögum ársins 2021 eftir samandregnum málefнасviðum¹. Umfjöllun um verkefni og breytingar er á verðlagi ársins 2021, þ.e. án launa- og verðlagsbreytinga. Nánari útlístaun á breytingum eftir málefнасviðum fylgir í kjölfar myndarinnar.

Breytingar á heildargjöldum frá fjárlögum 2021

án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga



¹ Stjórnsýsla félags- og tryggingamála telst með málefнасviði 32 sem fellur undir heilbrigðismál þegar málefнасvið eru dregin saman með þessum hætti.

Í frumvarpinu breytast útgjöld til **félags-, húsnæðis- og tryggingamála**² mest frá fjárlögum ársins 2021 en þau lækka um 40,6 ma.kr. eða um 12%. Það skýrist nánast alfarið af tímabundnum ráðstöfunum vegna heimsfaraldursins sem renna sitt skeið á enda en einnig af lækkandi atvinnuleysi. Þar af vegur þyngst 19,8 ma.kr. lækkun á framlagi til rekstraraðila sem urðu fyrir tekjufalli vegna faraldursins. Þá fellur niður 6 ma.kr. tímabundið framlag vegna greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli og jafnframt falla niður framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna viðbótarálags á atvinnuleysisbætur, aukinna greiðslna vegna framfærsluskyldu barna og framlög vegna lengingar á tekjutengdu tímabili atvinnuleysisbóta. Alls nemur lækkun vegna þessara aðgerða 4,2 ma.kr. Þá lækka útgjöld vegna atvinnuleysis um 13,8 ma.kr. eftir mikla aukningu í kjölfar veirufaraldursins. Munu útgjöld vegna atvinnuleysisbóta nema tæplega 36,2 ma.kr. á árinu 2022.

Þá hækka útgjöld til **félags-, húsnæðis- og tryggingamála** um 8,1 ma.kr. og vega þar þyngst aukin útgjöld vegna fjölgunar lífeyrisþega, samtals 4,6 ma.kr., og aukin framlög vegna lengingar fæðingarorlofsins í 12 mánuði, alls um 1,1 ma.kr. Þá verður 800 m.kr. varið í sérstaka 1% viðbótarhækkun á bætur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega umfram forsendur um verðlagshækkun bóta almannatrygginga á árinu 2022. Frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega verður hækkað í 200 þús.kr. á mánuði, en útgjöld vegna þess eru áætlað um 540 m.kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist um 1,8 ma.kr. vegna laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna þar sem meginilgangurinn er að greiða fyrir markvissu samstarfi þjónustuaðila og efla þjónustu við börn á fyrri þjónustustigum. Þar af fer 1,1 ma.kr. í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna kostnaðar við innleiðingu laganna á málefnaviði 8 *Sveitarfélög og byggðamál*. Sjá frekari umfjöllun í greinargerð málefnaviðs 29 *Fjölskyldumál*.

Framlög til **heilbrigðismála**³ hækka um 15,5 ma.kr. eða um 5% á milli ára. Þar vegur þyngst kostnaður vegna aukins viðbúnaðar heilbrigðiskerfisins vegna heimsfaraldursins, alls um 4,4 ma.kr. sem skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi verður 2,6 ma.kr. varið til að styrkja getu Landspítalans (LSH) til að bregðast við heimsfaraldrinum. Opna á sex ný hágæslurými sem draga eiga úr álagi á gjörgæslurými LSH, 30 ný endurhæfingarrými verða opnuð á Landakoti og komið verður á fót sérstakri farsóttardeild á LSH í Fossvogi sem draga á úr álagi á öðrum deildum spítalans. Þessar aðgerðir miða jafnframt að því að draga úr álagi og styrkja getu spítalans til að kljást við farsóttir og önnur verkefni til lengri tíma litið. Í öðru lagi verður 1,4 ma.kr. varið til kaupa á bóluefnum við kórónuveirunni og í þriðja lagi verður 400 m.kr. veitt tímabundið í eitt ár til geðheilbrigðismála.

Þá hækka framlög til Sjúkratrygginga um 4,6 ma.kr. Þar vegur þyngst aukinn kostnaður vegna lyfjakaupa umfram forsendur fjárlaga fyrra árs og vegna upptöku nýrra S-merktra lyfja. Þá eru framlög til heilbrigðiskerfisins aukin um 2,4 ma.kr. til að mæta fjölgun og öldrun þjóðarinnar. Framlög til byggingar nýs Landspítala aukast um 2,2 ma.kr. og verða alls 14,2 ma.kr. á árinu og 1,4 ma.kr. verður varið til byggingar eða endurbóta á hjúkrunarrýmum. Framlög til að mæta kostnaði vegna styttingar á vinnutíma vaktavinnufólksnema 1,2 ma.kr. Þá aukast framlög til heilsugæslunnar um 800 m.kr. vegna lækkunar á greiðsluþátttöku sjúklinga og framlög til geðheilbrigðismála hækka tímabundið í eitt ár um 400 m.kr.

Útgjöld vegna **samgöngu- og fjarskiptamála**⁴ lækka um 9,1 ma.kr. á árinu 2022 eða sem nemur 15%. Þrátt fyrir þessa lækkun eru framlögin enn töluvert hærri en í fjárlögum ársins 2020 enda jukust framlög til málefnaviðsins um 25% á milli fjárlaga árána 2020 og 2021.

² Til félags-, húsnæðis- og tryggingarmála heyrir málefnavið 27-31.

³ Til heilbrigðismála heyrir málefnavið 23–26, 32. Stjórnýsla félags-, húsnæðis- og tryggingamála fellur jafnframt undir málefnavið 32, þ.m.t. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

⁴ Til samgöngu og fjarskiptamála heyrir málefnavið 11.

Lækkunin á milli ára skýrist helst af því að 5,5 ma.kr. fjárfestingarframlag til samgönguframkvæmda, fjármagnað með umframardgreiðslum frá fjármálafyrirtækjum, fellur niður í kjölfar þess að áttakinu lýkur á árinu 2021. Þá dregur jafnframt úr þunga annars fjárfestingar- og uppbyggingarátaks 2021–2023 sem farið var í til að mæta efnahagssamdrætti vegna veirufaraldursins. Þar eru stærstu breytingarnar að 2,6 ma.kr. framlag vegna breikkunar einbreiðra brúa fellur niður. Á móti þessum lækkunum er aukið fjármagn veitt til uppbyggingar Reykjanesbrautar og Suðurlandsvegur, en alls nema þau framlög 1,5 ma.kr.

Framlög til **utanríkismála**⁵ aukast um 3,1 ma.kr. eða um 15%. Hækkunin skýrist að mestu af auknum framlögum til þróunarsamvinnu sem aukast um 2,7 ma.kr. Framlögin hreyfast með vergum þjóðartekjum sem eru að vaxa á milli ára auk þess sem útreikningur framlaga til málefnasviðs 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna* hefur verið aðlagður að reglum og tilmælum Þróunarsamvinnunefndar innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD – DAC) sem felur í sér um 1,1 ma.kr. hækkun framlaga til þróunarsamvinnu.

Framlög til **mennta- og menningarmála**⁶ lækka um 2,3 ma.kr. eða um tæp 2%. Til að mæta fjölgun háskólanema vegna kórónuveirufaraldursins er lagt til að framlög verði aukin um 2,4 ma.kr. tímabundið til tveggja ára á málefnasviðinu 21 *Háskólastig*. Er þá meðtalin framlenging á 1,4 ma.kr. tímabundnu framlagi ársins 2021 í sama tilgangi. Samtals verður 3,2 ma.kr. varið til að mæta fjölgun um rúmlega 3.000 háskólanema árið 2022. Þá er gert ráð fyrir að fjárveitingar til framhaldsskóla aukist um 445 m.kr. tímabundið til tveggja ára og verði 945 m.kr. árið 2022 til að mæta áætlaðri nemendafjölgun vegna faraldursins þegar frá er talin 1,2 ma.kr. niðurfelling á tímabundnum framlögum ársins 2021. Á móti þessum hækkunum vegur 2,6 ma.kr. lækkun á framlagi vegna úrræðisins *Nám er tækifæri* sem var ein af mótvægisráðstöfunum stjórnvalda vegna kórónuveirufaraldursins. Auk þess lækka framlög til Menntasjóðs námsmanna og LÍN um 0,7 ma.kr. vegna færri umsækjenda um námslán.

Önnur málefnasvið hækka samanlagt um 1,7 ma.kr. eða um 2%. Þar vegur þungt að framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukast annars vegar um 2,5 ma.kr. vegna breytinga á lögbundnum framlögum sem hreyfast í takt við skatttekjur og hins vegar vegna 1,1 ma.kr. framlags til að mæta kostnaði vegna nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu barna sem fjallað er um í byrjun kaflans. Á móti vegur að ráðstafanir vegna heimsfaraldurs dragast saman eins og fjallað er um hér á eftir. Nánar er fjallað um almennan varasjóð í kafla 5.7 og greinargerð málefnasviðs 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* og vaxtagjöld í greinargerð málefnasviðs 33 *Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar*.

Að lokum er vert að nefna að framlög aukast um 2,1 ma.kr. til verkefnisins *Betri vinnutími* vegna styttingar vinnuviku vaktavinnufólks. Er þá meðtalin hækkun til heilbrigðismála sem fjallað er um fyrr í kaflanum. Þessi hækkun kemur til viðbótar við 1 ma.kr. sem var varið til verkefnisins í fjárlögum 2021. Árlegur kostnaður við verkefnið er áætlaður alls 5,4 ma.kr. á ýmsum málefnasviðum. Verkefnið er fjármagnað af útgjaldasvigrúmi, með betri nýtingu fjármuna og nýju fjármagni. Í fjármálaáætlun 2022–2026 var tekin ákvörðun um að auka framlög til loftslagsmála um 1 ma.kr. á ári næstu tíu ár. Framlögin dreifast á nokkur málefnasvið og þar af fara 0,6 ma.kr. árið 2022 í að hraða orkuskiptum í samgöngum.

Taflan hér á eftir sýnir breytingu á rammasettum útgjöldum milli fjárlaga 2021 og frumvarpsins fyrir árið 2022 á hverju málefnasviði fyrir sig án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga.

⁵ Til utanríkismála heyrna málefnasvið 4 og 35.

⁶ Til mennta- og menningarmála heyrna málefnasvið 18-22.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2021	Frumvarp ¹ 2022	br. m.kr.	br. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	6.961	6.976	15	0,2
02 Dómstólar	3.480	3.403	-78	-2,2
03 Æðsta stjórnýsla	2.708	3.371	663	24,5
04 Utanríkismál	14.101	13.757	-343	-2,4
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	36.745	37.444	699	1,9
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	4.125	4.031	-95	-2,3
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	28.788	30.269	1.481	5,1
08 Sveitarfélög og byggðamál	2.195	3.599	1.404	64,0
09 Almanna- og réttaröryggi	31.300	33.133	1.833	5,9
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýsla dómsmála	17.287	16.731	-556	-3,2
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	59.503	50.397	-9.106	-15,3
12 Landbúnaður	18.709	17.662	-1.047	-5,6
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	9.463	8.515	-948	-10,0
14 Ferðapjónusta	2.574	2.055	-519	-20,2
15 Orkumál	5.118	5.654	536	10,5
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.ýsla atv.mála	4.464	4.577	114	2,5
17 Umhverfismál	24.352	24.716	364	1,5
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	17.609	16.962	-646	-3,7
19 Fjölmíðlun	5.138	5.560	421	8,2
20 Framhaldsskólastig	40.551	38.287	-2.265	-5,6
21 Háskólastig	53.168	53.329	161	0,3
22 Önnur skólastig og stjórns. mennta- og menn.mála ..	5.674	5.809	135	2,4
23 Sjúkrahúspjónusta	121.454	129.535	8.081	6,7
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	59.817	63.038	3.221	5,4
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	64.042	66.511	2.469	3,9
26 Lyf og lækningavörur	30.440	33.130	2.690	8,8
27 Órorka og málefni fatlaðs fólks	83.609	85.165	1.556	1,9
28 Málefni aldraðra	93.420	96.545	3.125	3,3
29 Fjölskyldumál	47.118	48.883	1.765	3,7
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	28.976	7.626	-21.350	-73,7
31 Húsnæðisstuðningur	13.048	13.431	382	2,9
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	14.923	13.987	-937	-6,3
33 Fjármagnskostn., ábyrgðir og lífeyrisskuldbind.	-	-	-	-
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	21.535	17.162	-4.373	-20,3
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	6.790	10.227	3.437	50,6
Samtals heildarútgjöld á verðlagi 2021	979.186	971.477	-7.709	-0,8
Liðir utan ramma ²	166.904	143.200	-23.705	-14,2
Aðlaganir að GFS staðli ³	-107.255	-95.132	12.123	-11,3
Launa- og verðlagsbætur 2022	-	37.152	-	-
Frumgjöld samkvæmt GFS - staðli	1.038.835	1.056.696	17.861	1,7
Vaxtagjöld	61.088	67.298	6.210	10,2
Heildargjöld	1.099.923	1.123.994	24.071	2,2

¹ Án launa- og verðlagsbreytinga.

² Liðir sem falla utan ramma málefnasviða að frátöldum vaxtagjöldum eru eftirfarandi: ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

³ Hér er um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkrafna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila, svo sem Ríkiskaup, þannig að ekki komi til tvítalninga útgjalda.


5.2 Útgjaldaþróun rammasettra útgjalda málefnasviða frá 2017 til 2022

Áætlað er að frá 2017 til 2022 aukist rammasett útgjöld um 30% eða ríflega 220 ma.kr. að raunvirði. Að frátöldum vaxtagjöldum og undanskildum liðum sem að öðru jöfnu ráðast að takmörkuðu leyti af ákvarðanatöku stjórnvalda eru rammasett útgjöld áætluð 971,5 ma.kr. árið 2022.⁷

Myndin hér á eftir sýnir raunhækkun rammasettra útgjalda í fjárlögum árunna 2017–2021 og fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022.⁸

Þróun rammasettra útgjalda ríkissjóðs

Þróun málefnasviða á árunum 2017 - 2022, vísitala neysluverðs



Hlutfallsleg aukning hefur orðið mest í framlögum til **nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina** en þau hafa aukist um 96% á tímabilinu. Þar munar mest um stórauðin framlög 2021 þar sem framlög til málaflokksins voru aukin um rúmlega 9 ma.kr. Var sú hækkun liður í mótvægisáðgerðum stjórnvalda vegna veirufaraldursins þar sem sérstök áhersla var á uppbyggingu í gegnum nýsköpun. Framlög voru aukin til fjárfestingar í sprotafyrirtækjum ásamt því sem endurgreiðsluhlutfall og fjárhæðarþak til fyrirtækja vegna rannsóknar og þróunar voru hækkuð. Framlög til **umhverfismála** hafa aukist um tæp 45% frá 2017 eða um 7,6 ma.kr., en þar munar mest um verkefni tengd loftslagsmálum og áðgerðir til að tryggja verndun náttúruferlegra verðmæta og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Frá 2017 hafa framlög til **samgöngu- og fjarskiptamála** aukist um meira en fjórðung eða tæplega 11 ma.kr. Þar munar mest um aukningu vegna átaks í samgönguframkvæmdum á árunum 2019–2021 þar sem samtals 16,5 ma.kr. var bætt í samgönguframkvæmdir. Þá jukust framlög jafnframt verulega 2021 þar sem framlög til málefnasviðsins jukust um tæpa 11 ma.kr. frá fyrra ári. Sú aukning er að mestu tilkomin vegna fjárfestingar- og uppbyggingaráttaks á árunum 2021–2023 sem er hluti af efnahagsáðgerðum stjórnvalda vegna kórónuveirufaraldursins.

Í krónum talið hefur mest aukning orðið í framlögum til **heilbrigðismála og félags-, húsnæðis- og tryggingamála**. Útgjöld til þessara málaflokka hafa hækkað samtals um tæpa 139 ma.kr. eða um þriðjung frá 2017. Hátt í 60% fjárveitinga frumvarpsins renna til þessara

⁷ Liðir sem falla utan ramma málefnasviða eru eftirfarandi: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

⁸ Á verðlagi ársins 2021 m.v. vísitölu neysluverðs og án markaðsleigu stofnana.

málaflokka. Meðal helstu verkefna innan heilbrigðisþjónustu sem lögð hefur verið áhersla á er bygging nýs Landspítala og uppbygging nýrra hjúkrunarrýma. Þá hafa framlög til sjúkratrygginga verið aukin, m.a. vegna upptöku nýrra lyfja, sérfræðisþjónustu og sjúkra-, tal-, og iðjuþjálfunar, auk þess sem lögð hefur verið áhersla á stóraukna geðheilbrigðisþjónustu. Þá hefur auknu fjármagni verið varið til þess að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga. Framlög til **málefna aldraðra og öryrkja** hafa aukist um 42,9 ma.kr. á tímabilinu. Það skýrist m.a. af því að bætur almannatrygginga hafa hækkað að raunvirði, lífeyrisþegum hefur fjölgað og framlög hafa verið hækkuð í þeim tilgangi að bæta kjör lífeyrisþega.

Frá 2017 hafa útgjöld ríkissjóðs vegna **mennta- og menningarmála** aukist um 9,9% eða sem nemur 10,5 ma.kr. Þessa hækkun má m.a. rekja til þess að framlög hafa aukist til að mæta nemendafjölgun vegna veirufaraldursins, bæði í framhalds- og háskólum. Framlög til annarra málefna sviða hafa samanlagt hækkað um 39,7 ma.kr. á tímabilinu. Þar vega þyngst framlög til málefna sviðs 05 *Skatta-, eigna og fjármálaumsýsla* sem hafa verið stóraukin vegna verkefnisins *Stafrænt Ísland* og annarra upplýsingatækniverkefna, m.a. í tengslum við fjárfestingar- og uppbyggingaráttak stjórnvalda 2021–2023.

5.3. Útgjaldabreytingar frá fjármálaáætlun

Í fjármálaáætlun sem samþykkt var í apríl sl. voru settir fram útgjaldarammar fyrir 35 málefna svið í rekstri ríkissjóðs á tímabilinu 2022–2026. Rammasett útgjöld í fjárlagafrumvarpi ársins 2022 byggjast á þeirri fjármálaáætlun að viðbættum ákvörðunum um ný og breytt útgjaldatílefni. Í útfærslu ráðuneyta á útgjaldarömmum er þeim nánar skipt á málaflokka og fjárveitingar niður á einstaka stofnanir og verkefni sem birtar eru í fylgiriti með frumvarpinu.

Rammasett útgjöld í fjármálaáætlun námu 955,6 ma.kr. á verðlagi ársins 2021 að frádregnum liðum sem falla utan útgjaldaramma, en þar er einkum átt við undanskilda liði á borð við lífeyrisskuldbindingar, atvinnuleysisbætur og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, auk vaxtagjalda eins og áður hefur komið fram. Samkvæmt endanlegri útfærslu ráðuneyta í frumvarpi ársins 2022 er gert ráð fyrir að rammasett útgjöld verði 15,9 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í gildandi fjármálaáætlun. Þetta frávik skýrist fyrst og fremst af auknu framlagi til heilbrigðismála, en það hækkar um 8,8 ma.kr. Þar vega þyngst framlög vegna aukins viðbúnaðar Landspítala við heimsfaraldrinum. Þá aukast jafnframt fjárveitingar til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu um 1,9 ma.kr. og til lífeyrisþega um 1,3 ma.kr. vegna hækkunar frítekjumarks atvinnutekna ellilífeyrisþega og sérstakrar hækkunar bóta örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Í töflunni hér á eftir má sjá sundurliðun breytinga eftir einstökum málefna sviðum milli fjármálaáætlunar 2022–2026 og fjárlagafrumvarps 2022.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rammi fjármálaáætl. 2022	Rammi frumvarp 2022	br. frá fjármála- áætlun m.kr.	breyting %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	6.972	6.976	4	0,1
02 Dómstólar	3.494	3.403	-92	-2,6
03 Æðsta stjórnýsla	3.196	3.371	175	5,5
04 Utanríkismál	13.770	13.757	-13	-0,1
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	36.343	37.444	1.102	3,0
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	4.112	4.031	-81	-2,0
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	29.831	30.269	438	1,5
08 Sveitarfélög og byggðamál	2.119	3.599	1.480	69,8
09 Almanna- og réttaröryggi	32.396	33.133	737	2,3
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýsla dómsmála	16.575	16.731	156	0,9
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	50.017	50.397	380	0,8
12 Landbúnaður	17.676	17.662	-14	-0,1
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	8.414	8.515	101	1,2
14 Ferðaþjónusta	2.048	2.055	7	0,3
15 Orkumál	5.638	5.654	16	0,3
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála	4.787	4.577	-210	-4,4
17 Umhverfismál	25.000	24.716	-284	-1,1
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	17.098	16.962	-135	-0,8
19 Fjölmíðlun	5.390	5.560	170	3,1
20 Framhaldsskólastig	37.667	38.287	620	1,6
21 Háskólastig	53.052	53.329	277	0,5
22 Önnur skólastig og stjórns. mennta- og menn.mála	5.635	5.809	174	3,1
23 Sjúkrahúspjónusta	125.569	129.535	3.967	3,2
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	61.746	63.038	1.292	2,1
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	65.911	66.511	601	0,9
26 Lyf og lækningavörur	31.659	33.130	1.471	4,6
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	84.395	85.165	771	0,9
28 Málefni aldraðra	96.004	96.545	541	0,6
29 Fjölskyldumál	48.859	48.883	24	0,0
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	6.544	7.626	1.082	16,5
31 Húsnæðisstuðningur	12.796	13.431	635	5,0
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	12.512	13.987	1.475	11,8
33 Fjármagnskostn., ábyrgðir og lífeyrisskuldbind.	-	-	-	-
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	20.052	17.162	-2.890	-14,4
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	8.331	10.227	1.896	22,8
Samtals rammasett útgjöld á verðlagi 2021	955.605	971.477	15.872	1,7
Liðir utan ramma ²	155.071	143.200	-11.872	-7,7
Aðlaganir að GFS staðli ³	-108.099	-95.132	12.968	-12,0
Launa- og verðlagsbætur 2022	26.087	37.152	11.064	-
Frumgjöld samkvæmt GFS - staðli	1.028.664	1.056.696	28.032	2,7
Vaxtagjöld	68.749	67.298	-1.451	-2,1
Heildargjöld	1.097.413	1.123.994	26.581	2,4

¹ Án launa- og verðlagsbreytinga.

² Liðir sem falla utan ramma málefna sviða eru eftirfarandi: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

³ Hér er um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkrafna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila, svo sem Ríkiskaup, þannig að ekki komi til tvítalninga útgjalda.

5.4 Áhrif á jafnrétti kynjanna

Hluti nýrra útgjaldaráðstafana í frumvarpi til fjárlaga 2022, þ.e. breytingar frá gildandi fjárlögum, hefur verið greindur með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar í samræmi við 18. gr. laga um opinber fjármál. Sambærilega umfjöllun um áhrif tekjuráðstafana er að finna í 4. kafla. Mat á kynjaáhrifum sem birtist í þessum hluta frumvarpsins byggist á mati ráðuneyta á áhrifum fjárlagatillagna á jafnrétti kynjanna en þetta er í fyrsta skipti sem ráðuneyti skila jafnréttismati með tillögum sínum. Áhersla var lögð á að meta áhrif tillagna sem tengjast aðgerðum vegna heimsfaraldursins, nýjum verkefnum eða öðrum ákvörðunum ríkisstjórnar. Við greininguna byggðu ráðuneytin m.a. á mati á stöðu kynjanna á málefnasviðum ríkisins sem birtist í stöðuskýrslu um kortlagningu kynjasjónarmiða fyrir á þessu ári auk annarra opinberra gagna. Þannig er dregin fram núverandi staða og lagt mat á hvort ráðstafanirnar séu líklegar til að stuðla að jafnrétti kynjanna, viðhalda óbreyttu ástandi eða auka kynjamisrétti eða kynjabil. Greiningin beinist fyrst og fremst að stöðu kvenna og karla þar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um önnur kyn. Greiningar eru misítarlegar og æskilegt er að sumar ráðstafananna verði greindar nánar og fylgst með hver áhrifin verða í reynd.

Greining ráðuneytanna á einstaka tillögum tók að mestu til mats á áhrifum útgjalda- aukningar en að takmörkuðu leyti til útfærslu á aðhaldi sem getur þó haft afar ólík áhrif á kynin ef það leiðir til samdráttar í þjónustu eða tilfærslukerfum. Við mat á áhrifum aðhalds á jafnrétti er því fyrst og fremst litið til aðhaldskröfunnar sem lagt er til að verði óbreytt frá gildandi fjármálaáætlun. Almenn aðhaldskrafa miðast þannig við 2% á meðan lægri aðhaldskrafa er gerð til heilbrigðis- og öldrunarstofnana og skóla, eða 0,5%, og engin aðhaldskrafa er sett á bótakerfi almannatrygginga og atvinnuleysis, sjúkratryggingar og dómstóla. Grunnþjónusta og tilfærslukerfi ríkisins eru því varin og þeim viðhaldið þrátt fyrir mikinn hallarekstur. Með því er komið í veg fyrir aukið atvinnuleysi í starfsgreinum þar sem konur eru í miklum meiri hluta og að dregið sé úr þjónusta við hópa sem oft eru í viðkvæmri stöðu og að þjónustan flytjist inn á heimilin, þar sem henni er að mestu er sinnt af konum án endurgjalds. Áhrifin á umönnunarhagkerfið eru því jákvæð. Loks má nefna að hlutfallslega fleiri konur en karlar reiða sig á bæt看 eins og örorku- og ellilífeyri, barna- og húsnæðisbætur. Þessi ákvörðun og útfærsla styður því við markmið um jafnrétti kynjanna.

Framkvæmdaverkefni

Við mat á áhrifum verklegra framkvæmda var bæði litið til þeirra áhrifa sem framkvæmdin hefur á jafnrétti kynjanna á framkvæmdatíma og til áhrifa sem skapast af framkvæmdinni til lengri tíma. Sé eingöngu litið til atvinnuskapandi áhrifa á framkvæmdatíma hallar verulega á konur en karlar eru ríflega 90% af starfandi við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og má því gera ráð fyrir að mikill meiri hluti þeirra starfa sem skapast verði unninn af körlum. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að hlutfall atvinnulausra er og hefur undanfarið verið sambærilegt meðal kvenna og karla. Sem atvinnuskapandi aðgerð auka opinberar framkvæmdir því kynjabil.

Stærsti hluti samgönguframkvæmda auk fjármögnunar samgöngusáttmála er til lengri tíma litið ekki talinn hafa áhrif á jafnrétti kynjanna þótt einstaka verkefni sem miða að því að bæta aðstæður kunni að auka nýtingu kvenna og þannig stuðla að jafnrétti. Þetta á t.d. við um betri og öruggari fjallvegi en konur setja fjallvegi frekar fyrir sig en karlar, þær eiga almennt smærri bíla og eru háðari ferðatíma. Með betri vegasamgöngum er þannig mögulegt að vinnusóknarsvæði kvenna stækki á afmörkuðum svæðum. Önnur stór framkvæmdaverkefni líkt og samhæfingarmiðstöð viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu og endurbætur á Litla-Hrauni eru ekki talin hafa áhrif á jafnrétti til lengri tíma. Unnið er að ítarlegri jafnréttismati á þessum tveimur verkefnum og mun það mynda grunn að framtíðarverklagi við mat á kynja- og jafnréttisáhrifum byggingarframkvæmda á vegum ríkisins.

Ýmsar húsnæðisframkvæmdir á sviði heilbrigðismála, bæði vegna heilsugæslu og sjúkrahúsa víðs vegar á landinu, auk uppbyggingar hjúkrunarheimila, eru taldar stuðla að jafnrétti til lengri tíma litið. Þau sjónarmið sem hér er litið til eru m.a. bætt starfsaðstaða stórra kvennastétta, jafnara aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu auk þess sem bætt aðgengi að viðeigandi þjónustu kann að draga úr ólaunuðum umönnunarstörfum sem falla að miklum meiri hluta á konur.

Betri vinnutími í vaktavinnu

Útgjöld við breyttan vinnutíma vaktavinnufólks eru talin stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og á heimilum. Þannig er gert ráð fyrir að breytingarnar stuðli að aukinni atvinnuþátttöku kvenna, dragi úr því að konur sækji í hlutastörf og stuðli að jafnari ábyrgð á umönnun barna og heimilisstörfum. Væntingar eru um að styttri vinnuvika leiði til þess að fleiri velji sér fullt starf eða hærra starfshlutfall og hækki þar með laun sín, enda verður auðveldara að vinna í fullu starfi með styttri vinnutíma. Það mun hafa áhrif á tekjur kvenna á vinnumarkaði, en einnig á greiðslur úr lífeyrissjóði eftir að starfsævinni er lokið. Þetta á sérstaklega við um vaktavinnustéttir, þar sem konur eru í meiri hluta þeirra sem starfa í vaktavinnu í almannaðþjónustunni og eru mun líklegri en karlar til að vera í hlutastörfum.

Nýsköpun og rannsóknir

Aukin framlög til Rannsóknasjóðs eru talin viðhalda óbreyttu ástandi. Heilt yfir hefur árangurshlutfall karla og kvenna verið svipað. Miðað við úthlutanir úr Rannsóknasjóði síðustu misseri má þó gera ráð fyrir að meiri hluti fjármagns fari til karla í ljósi þess að hæstu styrkirnar hafa farið til greina þar sem karlar eru í meiri hluta. Ekki liggur fyrir jafnréttismat á áhrifum endurgreiðslna vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar en unnið er að mati á áhrifum þessa stuðnings, á tímabilinu 2010–2020. Kynjahlutfall starfa sem skapast hafa og jafnræði kynja er meðal þess sem þar er skoðað. Flest fyrirtæki sem fengið hafa skattafrádrátt á árinu 2021 starfa við hugbúnaðargerð eða framleiðslu á tækjum og búnaði þar sem mikill meiri hluti starfandi er karlar eða við lyfjaframleiðslu eða aðrar rannsóknir á sviði raunvísinda þar sem kynjahlutfall starfandi er jafnara. Þá liggja jafnréttisáhrif endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar ekki heldur fyrir og erfitt er að nálgast kyngreind gögn um starfandi á þessu sviði.

Loftslagsmál

Ráðstafanir í loftslagsmálum eru til skemmri tíma almennt taldar líklegar til auka kynjabil í ljósi þess að á hlutaðeigandi sviðum er kynjahalli, körlum í vil. Þetta á t.d. við um aukinn stuðning við orkuskipti þar sem karlar eru mun líklegri en konur til að sækja um styrki úr Orkusjóði og loftslagsaðgerðir í landbúnaði þar sem líklegt er að karlar verði meiri hluti þátttakenda í ljósi kynjahlutfalls meðal búfjáreigenda. Sama gildir um náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum þar sem líklegt er að fjármunir renni frekar í vasa karla vegna kynjaskipts vinnumarkaðar og vegna skráningar á eignarhaldi lands. Í viðara ljósi nýtur þó fólk af öllum kynjum góðs af samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda en í alþjóðlegu samhengi hefur verið sýnt fram á að loftslagsbreytingar hafi neikvæðari afleiðingar í för með sér fyrir konur. Í því samhengi geta ráðstafanirnar því verið til að stuðla að jafnrétti. Loks er talið að efling umhverfisvænni almenningssamgangna og betri innviðir fyrir virka ferðamáta geti stuðlað að jafnrétti. Í dag hjóla fleiri karlar en konur á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan kann að vera sú að konur eru almennt háðari ferðatíma og fara fleiri en styttri ferðir í fjölbreyttari erindagiörðum. Með heilsteyptara kerfi göngu- og hjólastíga sem taka betur mið af samgöngumynstri kvenna aukast möguleikar þeirra á að nýta sér fjölbreytta ferðamáta og sama á við um betri almenningssamgöngur.

Mennta- og menningarmál

Aukin framlög til launasjóðs listamanna og til ýmissa samninga og styrkja til starfsemi lista og menningar eru talin viðhalda óbreyttu ástandi. Kynjahlutfall úthlutaðra listamannalauna hefur verið nokkuð jafnt undanfarin ár en töluvert fleiri konur en karlar starfa þó við menningu og listir. Auknar fjárveitingar til framhalds- og háskóla vegna mikillar fjölgunar nemenda eru einnig taldar viðhalda óbreyttu ástandi. Innritunartölur benda þannig ekki til að fjölgunin hafi mikil áhrif á kynjahlutfall nemenda en á framhaldsskólastigi er hlutfallið tiltölulega jafnt á meðan mun fleiri konur en karlar stunda nám á háskólastigi.

Heilbrigðismál

Fjármögnun kaupa á bóluefni gegn kórónuveirufaraldursins er talin stuðla að óbreyttu ástandi þótt heimsfaraldurinn hafi vissulega ýmis kynjuð áhrif. Þannig eru vísbendingar um að karlar séu líklegri til að veikjast alvarlega af veirunni á meðan konur hafi fundið meira fyrir ýmsum félags- og efnahagslegum áhrifum sóttvarnaaðgerða. Að öðru leyti er meiri hluti ráðstafana á sviði heilbrigðismála, þ.m.t. aukin framlög vegna lækkunar greiðsluþátttöku sjúklinga, aukinnar geðheilbrigðisþjónustu, fjölgunar liðskiptaaðgerða og reksturs nýrra hjúkrunarheimila, talinn stuðla að jafnrétti. Konur nota heilbrigðisþjónustu hlutfallslega meira en karlar en þær meta einnig eigin heilsu lakari en karlar. Þá hafa hlutfallslega fleiri konur en karlar neitað sér um heilbrigðisþjónustu, bæði vegna kostnaðar og annarra ástæðna. Konur nota meira af þunglyndislyfjum, kvíðastillandi og svefnlyfjum en karlar sem gefur til kynna að bætt geðheilbrigðisþjónusta muni sérstaklega gagnast þeim. Konur eru í meiri hluta íbúa á hjúkrunarheimilum og á biðlistum þar sem þær lifa að meðaltali lengur en karlar. Hér vegur þó þungt að starfsemi hjúkrunarheimila dregur úr umönnunarbyrði sem lendir oftast á konum. Einnig geta hjúkrunarheimili dregið úr álagi á spítölum þar sem konur eru að meiri hluta í hjúkrunar- og umönnunarstörfunum.

Félags-, húsnæðis- og tryggingamál

Hækkun frítekjumarks atvinnutekna ellilífeyrisþega er talin líkleg til að auka kynjabil og nýtast körlum betur en konum þar sem tekjutenging lífeyris hefur meiri áhrif á karla í ljósi þess að þeir hafa hærri tekjur annars staðar frá. Aðrar ráðstafanir í félagsmálum eru taldar stuðla að jafnrétti. Hækkun bóta örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega umfram árlegar reglubundnar hækkanir hefur meiri áhrif á konur en karla þar sem konur eru í meiri hluta í báðum hópum auk þess sem konur eru almennt með lægri tekjur aðrar en greiðslur frá almannatryggingum. Sama hækkun á alla bótaflokka óháð því hvort þeir eru tekjutengdir eða ekki þýðir þó að hækkunin skilar sér einnig til þeirra sem eru með umtalsverðar tekjur annars staðar frá.

Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna getur orðið til að draga úr ólaunaðri vinnu við umönnun og uppeldi barna sem konur verja meiri tíma við en karlar. Drengir hafa verið líklegri en stúlkur til að þurfa á þjónustu og snemmtækum stuðningi að halda og miðað við þær forsendur gæti skilvirk og samþætt þjónusta verið til að jafna stöðu kynjanna. Vert er þó að hafa í huga að niðurstöður nýlegra rannsókna benda til að stúlkur hafi á sumum sviðum verið vangreindar og því ekki alltaf fengið viðeigandi stuðning. Þá má nefna lengingu fæðingarorlofs sem er m.a. ætlað að tryggja báðum foreldrum möguleika á að annast barn sitt án þess að það hafi í för með sér verulega röskun á atvinnuþátttöku hvors um sig.

Alþjóðleg þróunarsamvinna

Loks eru aukin framlög til þróunarsamvinnu talin stuðla að jafnrétti kynjanna þar sem jafnréttismál eru eitt af þverlægum markmiðum í öllu starfi í þróunarsamvinnu. Ný eða aukin verkefni á þessu sviði skulu þannig taka mið af jafnrétti, mannréttindum og umhverfismálum.

5.5 Verðlagsforsendur útgjaldahlíðar

Í fjárlagafrumvarpinu eru fjárheimildir málefnasviða og málaflokka settar fram á áætluðu verðlagi ársins 2022. Verðlagsbreytingar á milli árána 2021 og 2022 miðast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands en launabætur til stofnana taka mið af kjarasamningum. Ekki er spáð fyrir um gengi gjaldmiðla heldur er það uppfært miðað við gengi þann 1. nóvember 2021. Alls nema verðlags-, gengis- og launabreytingar á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka í frumvarpinu 37,2 ma.kr. eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Verðlagsbreytingar fjárlagafrumvarpsins 2022	útgjöld ma.kr.
Launabreytingar.....	19,3
Endurmat á launaforsendum fjárlaga fyrri ára.....	5,4
Áætlaðar launahækkningar 2022.....	13,9
Almennar verðlagsbreytingar.....	10,7
Gengisbreytingar.....	-3,0
Hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga.....	10,2
Samtals.....	37,2

Launaforsendur. Hækkun fjárheimilda málefnasviða og málaflokka í fjárlagafrumvarpinu vegna launahækkana er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða endurmat launaforsendna fyrri ára og mat á áhrifum þeirra á ársgrundvelli fyrir árið 2022. Á árinu 2020 var samið við flest félög opinberra starfsmanna eftir að kjarasamningar höfðu verið lausir frá apríl 2019. Í þeim samningum var samið um afturvirkar hækkningar frá lokum síðustu samninga. Almennt var samið um krónutöluhækkningar í stað hlutfallslegra prósentuhækkana. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs vegna hækkana fyrri ára og endurmats á þessum launaforsendum nemi 5,4 ma.kr. til hækkunar á ársgrundvelli vegna fjárlaga fyrir árið 2022.

Hins vegar eru reiknaðar inn launahækkningar fyrir árið 2022 samkvæmt fyrirbyggjandi kjarasamningum. Þar sem hækkningar kjarasamninganna voru í formi krónutölu er hlutfallsleg hækkun þeirra misjöfn eftir stéttarfélögum. Samkvæmt mati á samningunum er áætlað að almennar launahækkningar opinberra starfsmanna á árinu 2022 verði um 3,9% að jafnaði og taka þær almennt gildi þann 1. janúar 2022. Áætluð útgjöld ríkissjóðs vegna þessara kostnaðarhækkana eru 13,9 ma.kr. á árinu 2022.

Beinn launakostnaður ríkisins ásamt launalið í aðkeyptri þjónustu, t.d. vegna þjónustusamninga, nemur ríflega 330 ma.kr. Samanlagt er áætlað að framangreindar launabreytingar auki launakostnað ríkisins um 19,3 ma.kr.

Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að prósentuhækkun bóta almannatrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyris, og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð verði 4,6% frá og með 1. janúar 2022. Áætluð útgjöld vegna þess eru um 10,2 ma.kr. á árinu 2022. Forsendur hækkunarinnar eru í samræmi við 69. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, þar sem kveðið er á um að bæturnar skuli breytast árlega og taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Hækkunin er tvíþætt og byggist annars vegar á mati á áætluðum meðaltaxtahækkunum á vinnumarkaðinum í heild fyrir árið 2022 sem nemur 3,8%. Áætlaður kostnaður vegna þessarar hækkunar er um 8,4 ma.kr. Almennar prósentuhækkningar almannatrygginga í fjárlögum ársins 2021 námu 3,6% í samræmi við almennar prósentuhækkningar launa. Vænt verðbólga ársins 2021 er samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands um 4,4%. Því er verðlagshækkun almannatrygginga hækkun um 0,8% til að hækkun ársins 2021 verði ekki minni en hækkun verðlags

samkvæmt vísitölu neysluverðs. Áætlaður kostnaður vegna þeirrar viðbótarhækkunar er um 1,8 ma.kr. Líkt og venja hefur verið er gert ráð fyrir að sama prósentuhækkun, þ.e. 4,6% hækkun, verði á atvinnuleysisbótum frá og með 1. janúar 2022. Áætlað er að kostnaður ríkisins vegna framangreindra hækkana á bótafjárhæðum nemi 10,2 ma.kr. Auk þess er vakin athygli á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að örorkulífeyrir hækki sérstaklega um sem nemur 1% til viðbótar og eru útgjöld vegna þess áætluð tæplega 0,8 ma.kr.

Almennar verðlagsforsendur. Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir 5% hækkun annarra rekstrargjalda en launa á milli árána 2021 og 2022. Hækkunin er í samræmi við verðbólguþá fyrir árið 2022 samkvæmt þjóðhagsspa Hagstofu Íslands sem nemur 3,3% hækkun á vísitölu neysluverðs. Áætluð útgjöld vegna þessarar hækkunar eru 7 ma.kr. Í þjóðhagsspa Hagstofu Íslands er jafnframt gert ráð fyrir að verðbólga verði 4,4% á árinu 2021 sem er 1,7 prósentustigum hærra en var í forsendum fjárlaga ársins 2021. Áætluð útgjöld vegna þeirrar viðbótarhækkunar eru 3,6 ma.kr. Leiðrétt er fyrir þessu vanmati í verðlagsreikningi talnagrunns fjárlagafrumvarps ársins 2022 til frambúðar. Algengt er að slík rekstrargjöld nemi um 20–30% af veltu stofnana en gert er ráð fyrir að aukin útgjöld vegna þessara verðlagsbreytinga nemi 10,7 ma.kr.

Gengisforsendur. Í forsendum fjárlagafrumvarps hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Í frumvarpinu fyrir árið 2022 er miðað við gengisforsendur 1. nóvember eða fyrsta dag þess mánaðar sem talnabálki fjárlagafrumvarpsins var lokað. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2022 hefur gengi íslensku krónunnar tekið nokkrum breytingum frá forsendum fjárlaga fyrir árið 2021. Þannig er gengisvísitalan 5,4% lægri, gengi dollara hefur lækkað um 5,6%, gengi evru um 7,5% og gengi breska pundis um 1,6%. Þessar breytingar á gengi gjaldmiðla leiða samtals til tæplega 3 ma.kr. lækkunar á fjárheimildum málefna sviða og málaflokka í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem tiltekin útgjöld eru beintengd við gjaldmiðla. Það á einkum við um stóran hluta útgjalda í utanríkismálum og lyfjakostnað.

5.6 Skuldbindandi samningar og styrktarsamningar

Árlega efna ráðuneyti og stofnanir til útgjalda með samningum, á grundvelli 40. gr. laga um opinber fjármál, og á grundvelli 42. gr. sömu laga um styrkveitingar, við samtök, einkaaðila og sveitarfélög. Tilgangur og markmið með samningum eða styrkjum samkvæmt þessum greinum laganna geta verið margs konar.

Flokkun samninga. Samningar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni falla undir 40. gr. laga um opinber fjármál. Samkvæmt þeirri grein er ráðherra veitt heimild, með samþykki fjármála- og efnahagsráðherra, til að gera samninga um þjónustu- og rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs í senn en þó að hámarki til fimm ára, að öðrum kosti þurfi samþykki Alþingis. Með samningi um rekstur er átt við samning um afmarkaða rekstrarþætti eða þjónustu sem ríkið veitir, enda sé ekki um að ræða verkefni sem fela í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum nema fyrir því liggi skýr lagaheimild. Skriflegir samningar eiga að vera til um öll lögbundin verkefni sem ráðuneyti og stofnanir hafa samið um og aðrir en ríkisaðilar inna af hendi. Réttarstaða þeirra sem þjónustan beinist að breytist því ekki þó að ríkið feli öðrum aðila að sjá um lögbundinn rekstur eða þjónustu. Með 40. gr. laga um opinber fjármál er stofnunum einnig veitt heimild til að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni án samþykkis hlutaðeigandi ráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis ef samanlögð árleg fjárskuldbinding ríkisaðilans vegna samninga fer ekki yfir 15% af árlegum heildarútgjöldum hans. Þar er þó fyrst og fremst um að ræða minni háttar samninga eins og rekstur upplýsingakerfa, tölvuumsjón og rekstrarleigusamninga. Það er á ábyrgð ríkisaðila að tryggja að útgjöld

vegna samninga séu í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun og rúmist innan þeirra fjárheimilda sem Alþingi hefur samþykkt til þess málefnasviðs og málaflokks sem verkefnið fellur undir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áb.	Fj. samn.	2021	2022	2023	2024
Rekstrar- og þjónustusamningar						
04 Utanríkismál	UTN	4	3.009	3.077	3.132	3.178
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	FJR	9	2.809	3.142	3.140	3.140
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	ANR	14	211	261	261	96
08 Sveitarfélög og byggðamál	SRN	1	210	206		
09 Almanna- og réttaröryggi	DMR	3	761	747	739	732
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýslyslu dómsmála	DMR	1	34	34	34	34
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	SRN	17	10.545	8.960	8.382	2.586
12 Landbúnaður	ANR	6	551	550	482	450
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	ANR	2	9	9	9	9
14 Ferðaþjónusta	ANR	4	380	380	365	315
15 Orkumál	ANR	3	85	85	85	
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála	ANR	4	97	97	97	97
19 Fjölmíðlun	MRN	1	4.655	5.085	5.085	5.085
20 Framhaldsskólastig	MRN	8	7.559	7.540	7.540	7.540
21 Háskólastig	ANR	1	223	223	223	
21 Háskólastig	MRN	3	5.927	6.193	6.193	6.193
23 Sjúkrahúspjónusta	HRN	1	62.519	65.095	65.095	65.095
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	HRN	31	26.683	27.845	27.845	27.845
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	HRN	21	45.753	48.034	48.034	48.034
29 Fjölskyldumál	FRN	2	284	145	145	145
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	FRN	2	824	714	714	714
Samtals rekstrar- og þjónustusamningar		138	173.127	178.422	177.600	171.288
Styrktar- og samstarfssamningar						
03 Æðsta stjórnýslyslu	FOR	1	10			
04 Utanríkismál	UTN	5	80	80	80	80
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	FJR	1	351	377	377	377
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	ANR	4	91	106	73	45
08 Sveitarfélög og byggðamál	SRN	9	782	686	710	680
09 Almanna- og réttaröryggi	DMR	1	12	12	12	12
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýslyslu dómsmála	DMR	2	3.872	3.889	3.889	3.889
12 Landbúnaður	ANR	4	14.920	15.506	15.379	15.252
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	ANR	2	44	44	44	44
14 Ferðaþjónusta	ANR	2	55	50	15	
17 Umhverfismál	UAR	2	81	81	81	81
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	MRN	45	3.292	2.929	2.929	2.929
20 Framhaldsskólastig	MRN	13	916	966	945	961
21 Háskólastig	MRN	12	450	454	454	454
22 Önnur skólastig og stjórns. mennta- og menn.mála ..	MRN	16	858	885	885	885
29 Fjölskyldumál	FRN	8	319	310	310	310
32 Lýðheilsa og stjórnýslyslu velferðarmála	FRN	1	15	16		
32 Lýðheilsa og stjórnýslyslu velferðarmála	FOR	2		25	25	
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	UTN	60	3.837	3.510	3.052	3.022
Samtals styrktar- og samstarfssamningar		190	29.984	29.928	29.261	29.022
Samtals skuldbindandi samningar		328	203.111	208.350	206.861	200.310
Hlutfall af frumútgjöldum			18%	18%	-	-

Ráðherrum er samkvæmt lögnum einnig heimilt að gera styrktar- og samstarfssamninga um verkefni sem ekki falla beinlínis undir lögbundin verkefni ríkisins. Um slíka samninga gildir 42. gr. laga um opinber fjármál sem fjallar um styrkveitingar. Samkvæmt greininni er hverjum ráðherra heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá málaflokka sem þeir bera ábyrgð á. Markmið þeirra er að styrkja eða ganga til samstarfs við aðila um verkefni sem almennt eru uppbyggileg eða nauðsynleg í samfélaginu. Við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

Heildarumfang skuldbindandi samninga. Umfang skuldbindandi samninga ríkissjóðs er umtalsvert, bæði hvað varðar fjölda og fjárhagslegt umfang. Meðfylgjandi tafla sýnir annars vegar heildarskuldbindingu og fjölda allra rekstrar- og þjónustusamninga og hins vegar styrktar- og samstarfssamninga eftir málefnasviðum. Rétt er að vekja athygli á því að í yfirliti 6 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu eru sýndir allir skuldbindandi samningar eftir málefna-sviðum og málaflokkum.

Skuldbindandi samningar sem í gildi eru á þessu ári eru alls 328 talsins. Þar af eru 138 vegna rekstrar- og þjónustuverkefna en 190 vegna styrktar- og samstarfsverkefna. Heildarútgjöld samninganna eru áætluð rúmir 208 ma.kr., eða sem nemur 18% af frumútgjöldum ríkissjóðs.

5.7 Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda innan fjárlagaárs

Í fjárlögum ár hvert ákveður Alþingi skiptingu fjárheimilda til málefnasviða og málaflokka og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Þó er eðli máls samkvæmt heimilt að gera millifærslur á fjárheimildum málaflokka *34.10 Almennur varasjóður* og *34.20 Sérstakar fjárráðstafanir* í samræmi við ákvarðanir um ráðstöfun þeirra, enda er fjárheimildum þessum ætlað að mæta útgjaldatefnum án tillits til þess hvaða málaflokkur ber þau útgjöld. Með sama hætti er hægt að millifæra fjárheimildir vegna útgjaldatefna óháð hagrænni skiptingu. Heildarumfang almenns varasjóðs og sértækra fjárráðstafana nemur 17,5 ma.kr. fyrir árið 2022.

Með nýtingu þessara liða er mögulegt að taka á frávikum sem upp kunna að koma í starfsemi ríkisins umfram það sem hægt er að mæta með millifærslum innan málaflokka eða varasjóðum málaflokka, án þess að leita þurfi til Alþingis um auknar fjárheimildir. Um nýtingu almenns varasjóðs gilda þó ákveðnar forsendur sem raktar eru í kaflanum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd fjárlaga og hefur umsjón með millifærslum fjárveitinga í samræmi við það sem kemur fram hér síðar. Fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnir ákvarðanir um millifærslur til fjárlaganefndar Alþingis.

Almennur varasjóður

Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál skal gera ráð fyrir óskiptum almennum varasjóði til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Fjármála- og efnahagsráðherra fer með almannan varasjóð og tekur ákvörðun um ráðstöfun úr honum.

Almennur varasjóður er einkum til að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, s.s. vegna náttúruhamfara, eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti á grundvelli annarra fyrirliggjandi heimilda í fjárlögum. Almennur varasjóður skal nema a.m.k. 1% af fjárheimildum fjárlaga.

Ráðherra sem telur þörf á viðbótarframlagi úr almennum varasjóði skilar tillögu um framlag ásamt greinargerð þar að lútandi til fjármála- og efnahagsráðherra. Greinargerðin skal á fullnægjandi hátt upplýsa um forsendur þeirra útgjalda sem ráðherra telur að mæta þurfi. Lýsa skal til hvaða aðgerða ráðherra hafi gripið, sbr. 34. gr. laga um opinber fjármál, þ.e. til lækkunar

útgjalda, millifærslu innan málaflokks eða ráðstafað úr varasjóði málaflokks. Þá skal skýra hvernig tillaga um framlag uppfylli ákvæði 24. gr. laga um opinber fjármál um almennan varasjóð, þ.e. að útgjöld séu tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Tillaga um framlag úr almennum varasjóði þarf að uppfylla öll þessi skilyrði.

Fjármála- og efnahagsráðherra metur greinargerð ráðherra með tilliti til skilyrða laganna. Sé fallist á að tilefni uppfylli skilyrði um millifærslu úr almennum varasjóði kynni ráðherra ákvörðun sína fyrir fjárlaganefnd Alþingis. Fjármála- og efnahagsráðherra getur einnig ákveðið að kynna ríkisstjórn ákvarðanir um millifærslur úr almennum varasjóði. Þegar áætlanir hlutaðeigandi aðila hafa verið endurskoðaðar með tilliti til ákvörðunarinnar er fjárveiting millifærð úr almennum varasjóði. Fjármála- og efnahagsráðherra gerir fjárlaganefnd Alþingis rökstudda grein fyrir nýtingu hennar þegar ákvörðun liggur fyrir.

Sérstakar fjárráðstafanir

Fjárheimild málaflokksins 34.20 *Sérstakar fjárráðstafanir* skiptist annars vegar í útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum og hins vegar til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Fjárheimild þessa málaflokks má millifæra, í samræmi við ákvarðanir sem teknar eru um ráðstöfun þeirra, til þeirra málaflokka sem útgjöld eru færð til gjalda á eða eftir atvikum eignfærð á. Fjárveitingu til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar má nýta til að mæta útgjöldum vegna verkefna eða áherslna sem falla til innan fjárlagaársins. Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar er þannig ætlað að skapa ríkisstjórninni svigrúm til að mæta sérstökum áherslum sem hún telur mikilvægastar hverju sinni, en tilgangur almenns varasjóðs er af öðrum toga. Fjárveiting vegna útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum er vegna kostnaðar sem kann að skapast vegna 6. gr. fjárlaga. Í greininni er að finna ýmsar heimildir til handa fjármála- og efnahagsráðherra til kaupa, sölu eða leigu fasteigna og annarra eigna. Ljóst er að fjárveitingin nægir ekki til að nýta allar heimildir greinarinnar og er því mikilvægt að fjármála- og efnahagsráðherra hafi tiltekið svigrúm til að forgangsraða nýtingu þessara heimilda innan fjárveitingarinnar.

Millifærsla fjárveitinga innan málaflokks

Samkvæmt 29. gr. laga um opinber fjármál er hverjum ráðherra heimilt að breyta skiptingu fjárveitinga innan málaflokks frá því sem birt hefur verið í fylgiriti fjárlaga. Ráðuneyti skal rökstyðja ákvörðun sína og senda fjármála- og efnahagsráðherra til staðfestingar. Forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis ber að uppfæra rekstraráætlun til samræmis og skila ráðuneyti til staðfestingar innan þess frests sem gefinn er. Breytt rekstraráætlun skal færð í fjárhagskerfi ríkisins samhliða millifærslunni. Fjármála- og efnahagsráðuneyti annast birtingu ákvarðana og skal upplýsa fjárlaganefnd Alþingis áður en þær taka gildi. Ekki er í slíkum tilfellum heimilt að færa fjárveitingar milli rekstrar, tilfærslu eða fjárfestinga. Sé fjárveiting ríkisaðila eða verkefnis lækkuð skal ákvörðunin rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis með a.m.k. sex vikna fyrirvara.

Varasjóðir málaflokka

Varasjóður málaflokks skal nýttur til að mæta frávikum í rekstri ríkisaðila og verkefna. Ef ekki koma fram slík frávik á fyrri helmingi ársins er hverjum ráðherra heimilt að ráðstafa úr varasjóði málaflokks í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi sem settar eru af fjármála- og efnahagsráðherra og í samræmi við stefnu þess málaflokks. Ráðstöfun á þriðja ársfjórðungi skal aldrei nema meira en helmingi af fjárveitingu varasjóðs. Að loknum þriðja ársfjórðungi og árslokaspá skal heimila ráðstöfun úr varasjóði málaflokks til að mæta fyrirséðum frávikum í rekstri samkvæmt árslokaspánni og því sem eftir stendur til að vinna að stefnumálum málaflokksins. Við ráðstöfun úr varasjóði gildir verklag um millifærslur fjárveitinga innan

málaflokks en fjárveiting varasjóðs skal nema að hámarki 2% af fjárheimildum viðkomandi málaflokks. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 eru varasjóðir málaflokka 35 talsins og nemur heildarumfang þeirra ríflega 1,3 ma.kr. líkt og sjá má í töflunni hér á eftir.

Varasjóðir málaflokka	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.
02.20 Héraðsdómstólar	37,1	7,1
04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála	111,0	113,1
05.10 Skattar og innheimta	77,8	75,9
05.20 Eignaumsýsla ríkisins	4,7	10,0
05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins	31,0	30,2
05.40 Stjórnarsýsla ríkisfjármála	41,1	40,1
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	0,3	0,3
09.10 Löggæsla	103,9	103,9
09.20 Landhelgi	3,3	3,3
10.40 Stjórnarsýsla dómsmálaráðuneytis		10,5
11.10 Samgöngur	212,1	221,0
13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	20,8	10,5
13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	11,8	11,8
16.10 Markaðseftirlit og neytendamál	2,6	2,5
17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	13,9	14,3
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	13,9	14,3
17.50 Stjórnarsýsla umhverfismála	6,1	6,4
18.10 Safnamál	4,7	4,8
18.20 Menningarstofnanir	4,8	4,9
18.30 Menningarsjóðir	1,1	1,2
18.40 Íþrótt- og æskulýðsmál	0,1	
20.10 Framhaldsskólar	49,8	51,9
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi	112,6	136,7
22.30 Stjórnarsýsla mennta- og menningarmála	2,0	1,7
23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta	183,4	191,1
23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta	20,4	20,7
24.10 Heilsugæsla	56,1	56,8
24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun	2,5	2,6
24.40 Sjúkraflutningar	3,4	3,5
25.20 Endurhæfingarþjónusta	10,9	11,0
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	28,4	160,9
29.60 Bætur vegna veikinda og slysa	10,6	10,8
30.20 Vinnumarkaður	2,0	2,0
32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit	3,0	3,0
32.30 Stjórnarsýsla heilbrigðismála	2,5	2,5
32.40 Stjórnarsýsla félagsmála	28,5	3,0
Samtals	1.218,2	1.344,3

6 Fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta

Með frumvarpi þessu, ásamt frumvarpi til breytinga á lögum um opinber fjármál sem lagt er fram samhliða, er gert ráð fyrir að flokkun ríkisaðila verði breytt til samræmis við endurskoðun Hagstofu Íslands á flokkun tiltekinna stofnanaeininga í haggeira í þjóðhagsreikningum. Vegna þessa munu þessir ríkisaðilar sem áður voru flokkaðar utan hins opinbera (A-hluta ríkissjóðs) nú teljast innan þess. Rekstur og efnahagur þessara aðila telst því með hefðbundnum rekstri ríkis og sveitarfélaga og er meðtalinn í opinberum hagtölum. Það er Hagstofa Íslands sem ber ábyrgð á túlkun og innleiðingu þeirra staðla og reglna sem gilda um hagskýrslugerð þjóðhagsreikninga og hagskýrslna um opinber fjármál. Flokkun stofnanaeininga samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum er mikilvæg og ein grunnforsenda þess að þjóðhagsreikningar gefi sem gleggsta mynd af umsvifum hins opinbera og geti talist samanburðarhæfir á milli landa.

Endurflokkun sem þessi er umfangsmikið verkefni og felur í sér að fjölmargir ríkisaðilar tilheyra nú hinu opinbera en verkefninu er þó ekki að fullu lokið. Sú framsetning um breytta flokkun sem birtist í þessum kafla tekur mið af þeirri aðferðafræði og er í samræmi við heildarendurskoðun Hagstofunnar á þjóðhagsreikningum, nýlegar álitsergerðir Hagstofu Evrópusambandsins (e. Eurostat) sem og álit reikningsskilaráðs ríkisins, ásamt eðlilegum leiðréttingum sem komið hefur í ljós að þurfi að gera. Þá er gert ráð fyrir að samsvarandi breytingar verði gerðar á framsetningu ríkisreiknings.

Hagstofa Íslands skilgreinir *hið opinbera* með svofelldum hætti:

Fjármál hins opinbera ná til þeirrar starfsemi í hagkerfinu sem er í eigu eða er stjórnað af hinu opinbera. Tilgangur reikninga um fjármál hins opinbera er að gefa yfirlit yfir tekjur, útgjöld, eignir og skuldir hins opinbera og sömuleiðis mikilvægustu jöfnuði í rekstri þess, s.s. rekstrar- og tekjujöfnuð. Reikningar hins opinbera eru gerðir samkvæmt staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjármál hins opinbera (GFSM 2014), þjóðhagsreikningakerfi Evrópusambandsins (ESA2010) og málaflokkasundurliðun Sameinuðu þjóðanna (e. The Classification of the Functions of Government (COFOG))¹.

Í orðskýringum laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, segir um hugtakið *hið opinbera*:

Starfsemi og verkefni sem teljast til A-hluta ríkissjóðs og A-hluta sveitarfélaga.

Héðan í frá verður því lagður sami skilningur í hugtökin *hið opinbera* og *A-hluti ríkissjóðs* eða *ríkisins* að viðbættum *A-hluta sveitarfélaga* í umfjöllun fjárlagafrumvarps, fjármálaáætlunar og fjármálastefnu.

Þessar breytingar hafa átt sér nokkurn aðdraganda. Við undirbúning og vinnslu þeirra hefur verið haft samráð við reikningsskilaráð ríkisins, hlutaðeigandi hagaðila og eftir atvikum einstök fagráðuneyti. Alþingi hefur áður verið upplýst um væntanlegar breytingar, annars vegar með 6. kafla greinargerðar með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021, sbr. þingskjal 1 á 151. þingi, bls. 127, auk kafla um endurskoðun á flokkun ríkisaðila bls. 320–321 í sama þingskjali, og hins vegar með kafla um breytta flokkun Hagstofu Íslands á starfsemi hins opinbera í fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2022–2026, sbr. þingskjal 1084 á 151. þingi, bls. 143–147.

¹ Vefur Hagstofu Íslands, Lýsigögn um opinber fjármál

6.1 Flokkun ríkisaðila

Þær stofnanaeiningar sem nú munu teljast til hins opinbera voru áður ýmist flokkaðar sem B- eða C-hluta fyrirtæki eða sjóðir og utan hins opinbera. Munurinn á milli B- og C-hluta aðila er sá að einingar innan B-hluta starfa á ábyrgð ríkissjóðs og þurfa heimild til að taka og veita lán í fjárlögum líkt og á við um aðila í A-hluta, auk þess sem upplýsingar um fjárreiður þeirra skulu koma fram í fjárlögum. C-hluta aðilar eru sjálfstæðir lögaðilar með stjórnir sem bera ábyrgð á rekstri þeirra og njóta því meira sjálfstæðis en B-hluta aðilar. Þessar forsendur um B- og C-hluta verða óbreyttar en munu nú eiga við tiltekna aðila sem tilheyra A-hluta. Gera þarf breytingar á viðeigandi ákvæðum í lögum um opinber fjármál til að mæta þessu.

Breytingarnar sem hér eru gerðar á framsetningu fjárlaga varðandi þessa ríkisaðila hafa veruleg áhrif á eignir og skuldir A-hluta ríkissjóðs og á afkomu þeirra á þjóðhagsgrunni. Umfang flestra þessara aðila er þó óverulegur hluti af umfangi hins opinbera en það eru fyrst og fremst lánasjóðir sem hafa teljandi áhrif, ÍL-sjóður, Húsnæðissjóður, Byggðastofnun og Menntasjóður námsmanna. Að auki er umfang Náttúruhamfaratrygginga einnig verulegt þegar horft er til stærðar efnahagsreiknings.

Breytingarnar hafa mismikil áhrif eftir því hvort litið er til afkomu eða efnahags hins opinbera. Heildarafkoma hins opinbera tekur óverulegum breytingum. Þannig tekur t.d. umfang vaxtatekna og vaxtagjalda ríkissjóðs stakkaskiptum við það að þessir lánasjóðir færast inn í A-hlutann en þar sem vaxtatekjur þeirra eru áþekkar vaxtagjöldum er vaxtajöfnuðurinn í heild nær óbreyttur. Stærstu og veigamestu breytingarnar eru á efnahagsshlið ríkissjóðs þar sem umfang eigna og skulda eykst verulega frá því sem áður var. Forsendur skuldareglu laga um opinber fjármál mundu því að öðru óbreyttu taka stakkaskiptum.

Breytt flokkun ríkisaðila

Ríkisaðilar	Frum-		Ríkisaðilar	Frum-	
	Fjárlög 2021	varp 2022		Fjárlög 2021	varp 2022
Bjargráðasjóður	B	A-1	Lindarhvoll ehf.	C	A-3
Orkusjóður	B	A-1	Neyðarlínan ohf.	C	A-3
Byggðastofnun	B	A-2	Nýr landspítali ohf.	C	A-3
Menntasjóður	B	A-2	Sítus ehf.	C	A-3
HS sjóður	B	A-2	Tæknigarður ehf.	C	A-3
ÍL-sjóður	B	A-2	Vísindagarðurinn ehf.	C	A-3
Hugverkasjóður Íslands ehf.	C	A-1	Vísindagarðar HÍ ehf.	C	A-3
Náttúruhamfaratr. Íslands	C	A-2	Öryggisfjarskipti ehf.	C	A-3
Leigufélagið Bríet ehf.	C	A-3	Ríkisútvarpið ohf.	C	A-3
Eignahlutir ehf.	C	A-3	Betri samgöngur ohf.	C	A-3
Harpa ohf.	C	A-3	Tæknisetur ehf.	Nýr	A-3
Þróunarfélag Kefl.flugv.ehf.	C	A-3	Fjárföng ehf.	Nýr	A-3
Landskerfi bókasafna	C	A-3	Fasteignir Háskóla Íslands ehf.	Nýr	A-3
Rannsókn- og háskólanet Ísl.	C	A-3			

Framangreindar breytingar, sem hafa nú þegar komið til framkvæmda í þjóðhagsreikningum, hefðu að óbreyttu veruleg áhrif á skuldir ríkisins (og þar með hins opinbera) eins og þær eru metnar í skuldareglu laga um opinber fjármál. Þá er afkomuþróun þeirra lánasjóða sem færast yfir í A-hlutann sveiflukennnd og háð þróun á mörkuðum, t.d. breytingum á ávöxtunarkröfum, fremur en pólitískri stefnumörkun eða ákvarðanatöku. Þannig eru áhrif þeirra á afkomumarkmið hins opinbera ófyrirsjáanleg og án beinnar tengingar við

stefnumörkun og ákvarðanir stjórnvalda á sama máta og hefðbundinn rekstur hins opinbera. Því falla fjárreiður þessara aðila ekki vel að því fyrirkomulagi á stefnumörkun stjórnvalda um afkomu- og skuldaþróun, fjármálareglum sem um það gilda og eftirfylgni sem gert er ráð fyrir í regluverki laga um opinber fjármál. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á lögum í því skyni að samhæfa þessa breyttu framsetningu við það fyrirkomulag. Tilgangurinn með því er einnig sá að umfjöllun stjórnvalda og Alþingis um opinber fjármál geti að þessu leyti verið með sama hætti og átt hefur við um A-hluta ríkissjóðs á undanförunum árum þannig að inntaki og verklagi fjárlagagerðarinnar verði ekki raskað vegna þessa.

Gert er ráð fyrir að breytingin á framsetningunni verði útfærð með þeim hætti að A-hluti ríkisins skiptist eftirleiðis í þrjá hluta þar sem A1-hluti mun svara til núverandi A-hluta. A1-hlutinn tekur þá eftir sem áður til þeirrar starfsemi sem hefðbundið er að telja til ríkissjóðs. Þannig mun verða sem minnst rask á því fyrirkomulagi sem í gildi hefur verið varðandi hina pólitísku stefnumörkun og ákvarðanatöku í fjárlögum. Nánar tiltekið er gert ráð fyrir að A-hlutinn, starfsemi ríkisins sem telst til hins opinbera, verði skilgreindur með eftirfarandi hætti:

A-hluti. Til A-hluta telst starfsemi og kjarnaverkefni ríkisins. A-hluti skiptist í þrjá hluta:

- a. *A1-hluti.* Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.
- b. *A2-hluti.* Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi.
- c. *A3-hluti.* Starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Með hliðsjón af þessari skiptingu er gert ráð fyrir að í ákvæðum um fjármálareglur laga um opinber fjármál verði gerð samsvarandi breyting á andlagi þeirra þannig að þær taki eingöngu til A1-hluta fjárlaga. Þá er gert ráð fyrir að þeir liðir sem færast í A2- og A3-hluta fjárlaga verði undanþegnir ýmsum ákvæðum um A-hluta, s.s. varðandi framsetningu í fjárlögum, lánareglur, framkvæmd fjárlaga o.fl., þannig að um starfsemi þeirra gildi áfram svipuð ákvæði og gilda nú um B- og C-hluta aðila. Markmiðið er að breytt flokkun hafi sem minnst áhrif á starfsemi þessara aðila enda er eðli hennar talsvert ólíkt eðli þeirra ríkisaðila sem teljast til A1-hlutans. Til þessa hafa þessir aðilar notið fjárhagslegs sjálfstæðis umfram þá aðila sem tilheyra A1-hlutanum og áfram er talið nauðsynlegt í tilvikum hlutafélaga að um þau gildi að mestu almennar reglur hlutafélaga, til að mynda setji þau áfram fram reikningsskil sín samkvæmt lögum um ársreikninga en ekki IPSAS-reikningsskilastaðlinum eins og á við um A1- og A2-hluta. Engu að síður verða fjárreiður allra þessara aðila birtar í samstæðuyfirliti fyrir ríkið í heild, þar sem tekið hefur verið tillit til innbyrðis viðskipta aðila, þannig að A-hlutinn verði samanburðarhæfur við framsetningu þjóðhagsreikninga. Þannig er gengið út frá því að full samsvörun verði á milli A-hlutans og uppgjör Hagstofunnar á fjármálum hins opinbera. Samstæðuyfirlit fyrir A-hlutann er sett fram með þessum hætti í 7. kafla fjárlagafrumvarpsins.

Almennt leiðir breytt flokkun til þess að aðilar sem til þessa hafa verið í B-hluta færast í A2-hluta og þeir sem hafa verið í C-hluta færast í A3-hluta. Þó eru örfáar undantekningar á þessu þar sem flokkun nokkurra aðila hefur ekki verið sem skyldi. Orkusjóður og Bjargráðasjóður hafa flokkast sem B-hluta aðilar en verða í A1-hluta, Náttúruhamfaratryggingar Íslands voru í C-hluta en verða í A2-hluta og þá mun Hugverkasjóður Íslands sem verið hefur í C-hluta flokkast með öðrum eignum í ríkisreikningi.

6.2 Áætlanir A2-hluta ríkisaðila

Til A2-hluta ríkisaðila teljast lána- og fjárfestingarsjóðir og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi. Yfirlit yfir þessi félög má sjá í meðfylgjandi töflu.

Ársreikningur 2020, m.kr.	Eignar- hluti	Eigið fé 31.12.20	Skuldir	Eignir	Tekjur	Gjöld	Hagnaður
Byggðastofnun	100%	3.154	17.131	20.285	482	929	-62
Húsnæðissjóður	100%	17.880	123.221	141.101	9.523	8.744	779
ÍL sjóður	100%	-182.778	885.273	702.495	-2.241	567	-2.808
Menntasjóður námsmanna	100%	118.998	89.876	208.874	3.392	1.849	4.414
Náttúruhamfaratrygging Íslands	100%	50.037	4.469	54.507	7.735	1.758	5.978
Samtals		7.291	1.119.971	1.127.262	18.892	13.846	8.300

Eftirfarandi tafla veitir yfirlit yfir áætlaðar lykilstærðir aðila í A2-hluta samkvæmt frumvarpinu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður / Tap	Tekin langtímalán	Veitt langtímalán
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.877		978
Menntasjóður námsmanna	-221	10.300	13.254
ÍL-sjóður	-11.212		
Húsnæðissjóður	1.035	25.383	25.383
- þar af almennar íbúðir			10.000
- þar af hlutdeildarlán			3.713
- þar af aðrar nýjar íbúðir			5.305
- þar af notaðar íbúðir			6.365
Byggðastofnun	73	3.000	3.000
Náttúruhamfaratryggingar Íslands	1.336		
Samtals	-6.112	38.683	42.615

Eftirfarandi tafla sýnir samandregið rekstrar- og sjóðstreymisýfirlit aðila í A2-hluta í heild.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2021	Frumvarp 2022	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	3.475	3.349	-126
Rekstrargjöld	9.820	8.801	-1.019
Fjármunatekjur	34.729	33.701	-1.028
Fjármagnsgjöld	38.448	38.211	-236
Framlög í afskriftasjóð útlána	3.974	2.413	-1.562
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-14.039	-12.375	1.663
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	8.197	6.778	-1.419
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	0	0	0
Veitt framlög og óregluleg gjöld	316	513	197
Hagnaður (-tap)	-6.158	-6.111	47
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	-6.158	-6.111	47
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	4.677	-4.576	-9.253
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1.258	-3.123	-1.865
Handbært fé frá rekstri	-2.739	-13.810	-11.071
Veitt löng lán	46.461	42.631	-3.830
Afborganir af veittum löngum lánum	118.668	102.426	-16.243
Veitt stutt lán	95.000	0	-95.000
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	25	253	228
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	50	-50	-100
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-22.868	59.592	82.460
Tekin löng lán	35.035	38.700	3.665
Afborganir af teknum löngum lánum	56.182	72.450	16.268
Stofnframlög	0	0	0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	0	0	0
Annað	-50	20	70
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-21.097	-33.770	-12.673
Breyting á handbæru fé	-46.703	12.012	58.715
Handbært fé í ársbyrjun	77.852	21.016	-56.835
Handbært fé í árslok	31.148	33.028	1.880

6.3 Áætlanir A3-hluta ríkisaðila

Til A3-hluta ríkisaðila telst starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu. Þessi félög eru sjálfstæðir lögaðilar en starfsemi þeirra er ekki byggð á markaðslegum forsendum. Yfirlit yfir þessi félög, sem áður voru flokkuð undir C-hluta, má sjá í eftirfarandi töflu þar sem fram koma helstu lykilstærðir þeirra samkvæmt ársreikningum árið 2020. Enn fremur voru þrjú ný félög stofnuð 2021 sem flokkast með A3-hluta ríkisaðila, sjá nánar í töflu frammar í þessum kafla um breytingu á flokkun ríkisaðila frá fjárlögum 2021 til þessa frumvarps.

Ársreikningur 2020, m.kr.	Eignar- Eigið fé						
	hluti	31.12.20	Skuldir	Eignir	Tekjur	Gjöld	Hagnaður
Betri samgöngur	75%	4		4			
Eignarhlutir ehf.	100%	22	40	62	0	0	10
Harpa ohf.	54%	10.976	22.053	33.029	1.266	1.507	-185
Landskerfi bókasafna hf.	51%	211	21	232	179	178	2
Leigufélagið Bríet ehf.	100%	2.395	5.185	7.580	388	234	32
Lindarhvoll ehf.	100%	30	0	30	17	-17	0
Neyðarlínan ohf.	82%	249	233	482	1.496	1.475	40
Nýr Landspítali ohf.	100%	20	2.987	3.007	0	0	0
Rannsókn- og háskólanet Ísl. hf.	94%	39	10	49	75	93	-14
Ríkisútvarpið ohf.	100%	1.923	6.417	8.341	6.861	6.757	-209
Sítus ehf.	54%	32	4	36	37	5	28
Tæknigarður ehf.	100%	98	39	136	29	27	1
Vísindagarðar HÍ ehf.	95%	4.473	7.752	12.225	605	62	1.083
Vísindagarðurinn ehf.	54%	147	33	180	16	20	-6
Þróunarfél. Keflavíkurflugv. ehf.	100%	1.891	193	2.084	12	206	-173
Öryggisfjarskipti ehf.	75%	967	132	1.098	356	236	101
Samtals		23.476	45.098	68.574	11.338	10.783	711

Eftirfarandi tafla veitir yfirlit yfir áætlaðar lykilstærðir úr fjárhagsáætlunum stærstu félaga innan A3-hluta samkvæmt frumvarpinu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður / Fjárfesting,		Tekin langtímalán
	Tap	nettó	
Kadeco	-301		
Leigufélagið Bríet	-157	174	
Rúv	-138	150	
Öryggisfjarskipti	-103	911	600
Harpa	-544	100	
Neyðarlínan	13	10	
Vísindagarður Háskóla Íslands	142	272	
Landskerfi bóksafna	3	17	
Samtals	-1.085	1.634	600

Eftirfarandi tafla sýnir samandregið rekstrar- og sjóðstreymisýfirlit aðila í A3-hluta í heild.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2021	Frumvarp 2022	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	10.926	11.291	364
Rekstrargjöld	10.353	10.547	194
Fjármagnsjöfnuður	-1.032	-1.081	-49
Framlög í afskriftasjóð útlána	1.020	1.051	31
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-1.479	-1.389	90
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	402	263	-139
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	342	224	-118
Tekjuskattur	7	7	0
Hagnaður (-tap)	-728	-895	-167
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	-728	-895	-167
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	-76	-154	-77
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	429	524	94
Handbært fé frá rekstri	-375	-525	-150
Veitt löng lán	-5	-6	-1
Afborganir af veittum löngum lánum	493	506	12
Veitt stutt lán	0	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	-1.995	-1.609	385
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-1.507	-1.109	397
Tekin löng lán	600	600	0
Afborganir af teknum löngum lánum	-726	-752	-25
Stofnframlög	157	8	-148
Arðgreiðsla í ríkissjóð	0	0	0
Annað	-12	-12	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	18	-155	-174
Breyting á handbæru fé	-1.863	-1.789	73
Handbært fé í ársbyrjun	7.827	7.689	-138
Handbært fé í árslok	5.964	5.900	-65

7 Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

Í frumvarpi til breytinga á lögum um opinber fjármál, sem lagt er fram samhliða fjárlagafrumvarpi þessu, er lagt til að A-hluti starfsemi ríkisins skiptist í þrjá hluta eins og lýst er í kafla 6.

A-hluti samstæða

A1

Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.

A2

Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins, og stendur undir sér með sölu á vöru og þjónustu, leigu og lánastarfsemi.

A3

Starfsemi hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Samstæðuyfirlit A-hluta í heild, sem nú er sett fram með þessum hætti í fyrsta sinn í fjárlagafrumvarpi, gerir grein fyrir uppgjöri þessara aðila að teknu tilliti til innbyrðis viðskipta þeirra á milli. Til innbyrðis viðskipta teljast m.a. framlög úr A1-hluta til reksturs aðila í A2- og A3-hluta. Slík framlög eru skráð sem gjöld hjá A1-hluta en tekjur hjá A2- og A3-hluta. Til innbyrðis viðskipta teljast einnig vaxtagreiðslur til A1-hluta vegna veittra lána til aðila í A2- og A3-hluta. Þegar leiðrétt er fyrir innbyrðis viðskiptum er tekju- og gjaldahlið samstæðunnar lækkuð í jöfnum hlutum og er leiðréttingin því hlutlaus gagnvart afkomunni. Umfang innbyrðis viðskipta þessara aðila er áætlað um 16 ma.kr. árið 2022.

Þjóðhagsgrunnur, m.kr.	A1-hluti	A2-hluti	A3-hluti	Innbyrðis viðskipti	Samstæða
Frumtekjur	944.957	10.127	11.785	-10.047	956.822
Frumgjöld	1.056.696	11.727	11.598	-10.047	1.069.975
Frumjöfnuður	-111.739	-1.600	186	0	-113.153
% af VLF	-3,1%	0,0%	0,0%	0,0%	-3,2%
Vaxtatekjur	10.488	33.701	108	-5.946	38.351
Vaxtagjöld	67.298	38.211	1.189	-5.946	100.752
Fjármagnsjöfnuður	-56.809	-4.511	-1.081	0	-62.401
% af VLF	-1,6%	-0,1%	0,0%	0,0%	-1,8%
Heildartekjur	955.445	43.827	11.893	-15.993	995.173
Heildarútgjöld	1.123.994	49.938	12.788	-15.993	1.170.727
Heildarjöfnuður	-168.548	-6.111	-895	0	-175.554
% af VLF	-4,7%	-0,2%	0,0%	0,0%	-4,9%

Rekstraryfirlit A-hluta í heild fyrir árin 2019–2022 er að finna í meðfylgjandi töflu. Vakin er athygli á því að við vinnslu samstæðuyfirlits A-hluta í heild fyrir árið 2022 og afkomuhorfur ársins 2021 hafa innbyrðis viðskipti verið áætluð annars vegar með upplýsingum um framlög til rekstrar úr ríkissjóði úr samstæðureikningi A2- og A3-hluta sem sett er fram í kafla 6 og hins vegar með áætlun um önnur innbyrðis viðskipti miðað við sögulega þróun.

Þjóðhagsgrunnur, m.kr.	Reikn. 2019	Reikn. 2020	Áætlun 2021	Frumvarp 2022
Heildartekjur	932.654	867.118	891.086	995.173
Skatttekjur	663.684	656.181	679.755	752.288
Skattar á tekjur og hagnað	288.811	287.478	291.700	327.600
Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	9.124	9.233	8.901	9.476
Eignarskattar	6.084	10.528	9.741	9.161
Skattar á vöru og þjónustu	337.641	327.193	351.905	387.923
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3.430	2.575	3.922	3.575
Aðrir skattar	18.594	19.174	13.587	14.552
Tryggingagjöld	97.423	88.364	93.270	107.049
Fjárframlög	16.077	5.464	5.546	5.981
Aðrar tekjur	155.470	117.109	112.515	129.856
Eignatekjur	94.066	66.345	63.426	76.558
þ.a. vaxtatekjur	66.175	49.343	36.851	38.351
þ.a. arðgreiðslur	20.255	11.228	18.705	31.752
Sala á vöru og þjónustu	44.772	37.764	37.144	40.440
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	16.632	13.000	11.945	12.857
Heildargjöld	964.980	1.103.291	1.185.866	1.170.727
Rekstrarútgjöld	950.116	1.089.154	1.151.701	1.134.622
Laun	217.412	231.828	250.625	262.767
Kaup á vöru og þjónustu	146.391	154.513	174.560	179.044
Afskriftir	47.552	52.490	52.754	54.495
Vaxtagjöld	117.983	106.323	103.098	100.752
Framleiðslustyrkir	34.024	52.628	74.621	52.658
Fjárframlög	326.964	405.364	411.710	401.458
Félagslegar tilfærslur til heimila	21.885	25.272	25.272	23.819
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	37.905	60.736	59.062	59.629
Fastafjárútgjöld	14.864	14.137	34.165	36.105
Fjárfesting í efnislegum eignum	62.416	66.627	86.919	90.600
Afskriftir (-)	-47.552	-52.490	-52.754	-54.495
Frumjöfnuður	19.482	-179.193	-228.533	-113.153
Vaxtajöfnuður	-51.808	-56.980	-66.247	-62.401
Heildarjöfnuður	-32.326	-236.173	-294.780	-175.554

8 Fjárreiður ríkisaðila í B-hluta

Í frumvarpi til breytinga á lögum um opinber fjármál, sem lagt er fram samhliða fjárlagafrumvarpi þessu, eru lagðar til breytingar á flokkun ríkisaðila til samræmis við endurskoðun Hagstofu Íslands á flokkun tiltekinnna ríkisaðila/stofnanaeininga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að A-hluti starfsemi ríkisins skiptist eftirleiðis í þrjá hluta og enn fremur að breytingar verði gerðar á skilgreiningu á B-hluta:

B-hluti. Til B-hluta teljast önnur fyrirtæki og lánastofnanir sem eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs og ekki teljast til A-hluta. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Eftir breytingar á flokkun ríkisaðila teljast nú þrjú fyrirtæki og tveir sjóðir til B-hluta. Það eru ÁTVR, Hapdrætti Háskóla Íslands, Íslenskar orkurannsóknir, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Kría sprota- og nýsköpunarsjóður en sá sjóður hafði ekki verið stofnaður þegar Hagstofan lauk sinni vinnu við endurmatið. Flokkun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er enn til skoðunar hjá Hagstofunni en hann hefur umsjón með rekstri og umsýslu Kriunnar. Krían er því látin fylgja flokkun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hér.

Nánari umfjöllun um endurflokkun Hagstofunnar á ríkisaðilum og þær breytingar sem hún hefur í för með sér á afkomu og efnahag hins opinbera er að finna í 6. kafla. Þar má sjá yfirlit yfir tillögurnar um breytingu á flokkun B- og C-hluta aðila frá fjárlögum 2021 til þessa frumvarps.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir nokkrar lykilstærðir úr fjárreiðum B-hluta aðila. Arðgreiðslur B-hluta aðila í ríkissjóð á árinu 2022 eru áætlaðar 500 m.kr. Einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð. Hapdrætti Háskóla Íslands greiðir hluta af hagnaði sínum beint til Háskóla Íslands. Áætlað er að á árinu 2022 verði framlag hapdrættisins til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands 775 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður / Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting, nettó	Veitt langtímalán
Fyrirtæki				
Hapdrætti Háskóla Íslands	1.094		58	
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	859	500	400	
Íslenskar orkurannsóknir	-36		30	
Sjóðir				
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	4			100
Kría-sjóður	1.940			
Samtals	3.861	500	488	100

Í eftirfarandi töflu er samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit fyrir ríkisaðila í B-hluta í heild. Hvað varðar fjárlög 2021 er hér í töflunni um að ræða samtölu sömu ríkisaðila og nú teljast til B-hluta.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2021	Frumvarp 2022	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	42.258	45.366	3.108
Rekstrargjöld	40.888	43.704	2.816
Fjármunatekjur	205	220	15
Fjármagnsgjöld	0	0	0
Framlög í afskriftasjóð útlána	100	20	-80
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	1.475	1.862	387
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.500	2.000	500
Veitt framlög og óregluleg gjöld	0	0	0
Hagnaður (-tap)	2.975	3.862	887
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	2.975	3.862	887
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	400	353	-47
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	15	71	56
Handbært fé frá rekstri	3.389	4.285	896
Veitt löng lán	0	100	100
Afborganir af veittum löngum lánum	200	250	50
Veitt stutt lán	0	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	588	488	-100
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	1.899	968	-931
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-2.287	-1.306	981
Tekin löng lán	0	0	0
Afborganir af teknum löngum lánum	0	0	0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	500	500	0
Greitt til Háskóla Íslands	940	775	-165
Annað	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-1.440	-1.275	165
Breyting á handbæru fé	-322	1.704	2.026
Handbært fé í ársbyrjun	3.099	4.287	1.188
Handbært fé í árslok	2.777	5.991	3.215

Framsetning á fjárreiðum aðila í B-hluta er eins og í reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri og reikningsskil þeirra skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga.

9 Efnahagur, lántökur og endurlán

Hér er gerð grein fyrir horfum á árinu 2022 um skuldastöðu, lánsfjárförf, lántöku og afborganir ríkissjóðs (A1-hluta), fyrirtækja og sjóða í A2-hluta og annarra aðila sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísad er til 5. gr. frumvarpsins. Einnig er gerð grein fyrir þróun efnahags A1-hluta ríkissjóðs. Um ríkisábyrgðir er fjallað í kafla 11, um fjárhagsáhættu ríkissjóðs.

Þrátt fyrir efnahagsáfallið sem heimsfaraldur kórónuveiru hafði í för með sér hefur tekist vel til við að hemja neikvæð áhrif hans á hag heimila og fyrirtækja með stuðnings- og mótvægisáðgerðum stjórnvalda. Afkoma ríkissjóðs hefur ekki farið varhluta af þeim aðgerðum með tilheyrandi áhrifum á skuldaþróun. Lánsfjárförf ríkissjóðs jókst verulega þegar heimsfaraldurinn skall á og var ein stærsta áskoronin á árunum 2020 og 2021 að mæta henni. Fjölbreyttir fjármögnunarmöguleikar ásamt sölu á hlutum í Íslandsbanka eiga stærsta þáttinn í því hversu vel það hefur tekist. Efnahagsbatinn hefur síðan reynst meiri og hraðari en gert var ráð fyrir og staða ríkisfjármálanna styrkist stöðugt. Batnandi afkoma hefur dregið verulega úr lánsfjárförf ríkissjóðs miðað við það sem gengið var út frá í fyrri áætlunum og nú er útlit fyrir að hlutfall skulda af VLF verði talsvert lægra og að þær verði vel viðráðanlegar á næstu árum. Aðgengi að lánsfé innan lands og erlendis er gott og kjör áfram góð þrátt fyrir vaxtahækkningar undanfarinna mánaða. Þennan árangur má rekja til þeirra skilvirknu aðgerða sem ráðist var í og sterkrar stöðu ríkisfjármálanna í upphafi faraldursins.

9.1 Horfur í lánamálum A1-hluta ríkissjóðs fyrir árið 2021

Vegna heimfaraldurs kórónuveirunnar og áhrifa hans á efnahags- og ríkisfjármál auk áframhaldandi mótvægisáðgerða var í fjárlögum ársins 2021 áfram gert ráð fyrir mikilli fjárförf ríkissjóðs. Á vormánuðum varð þó ljóst að afkoma reyndist umfram væntingar og dró þar með úr fjárförf. Fjárförfinni hefur einkum verið mætt með útgáfu ríkisbréfa og víxla og lántökum frá ÍL-sjóði. Í upphaflegri ársáætlun var gert ráð fyrir að heildarútgáfa ríkisskuldabréfa myndi nema um 200 ma.kr. á árinu. Í byrjun annars ársfjórðungs var sú upphæð lækkuð í 180 ma.kr. Útgáfa ríkisskuldabréfa á árinu verður um 180 ma.kr. og víxlar sem verða útistandandi um næstu áramót verða a.m.k. 66 ma.kr. en voru 98 ma.kr. um síðustu áramót. Í gildandi fjármálaáætlun var gert ráð fyrir óbreyttri stöðu ríkisvíxla á milli árunna 2020 og 2021. Líkt og á árinu 2020 hefur fjárförf ríkissjóðs að hluta til verið mætt með lántöku frá ÍL-sjóði en sú lántaka verður 88 ma.kr. fyrir árið í heild.

Í janúar gaf ríkissjóður út skuldabréf í evrum til sjö ára fyrir 117 ma.kr. og hefur andvirði útgáfunnar verið lagt inn í Seðlabankann eins og á síðustu árum. Gjaldeyrissinnstæður ríkissjóðs hafa vaxið um tæplega 100 ma.kr. á árinu en gengisstyrking krónunnar rýrir verðmæti erlendra innstæðna um u.þ.b. 17 ma.kr. í krónum talið. Ekki er gert ráð fyrir að nýta erlendar innstæður ríkissjóðs til að mæta hluta af fjárförf það sem eftir er árs en sá möguleiki er þó til staðar ef markaðsaðstæður breytast til hins verra. Samkvæmt núverandi forsendum og sviðsmyndum er gert ráð fyrir að neikvæður lánsfjárförfnuður verði 237,5 ma.kr. og afborganir af teknum lánnum 165,6 ma.kr. Á móti verða innstæður nýttar á árinu fyrir um 95 ma.kr. Eftir stendur að fjárförf ríkissjóðs verður 308 ma.kr. á yfirstandandi ári.

Í endurskoðuðum áætlunum fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs (A1-hluta) nemi 1.448 ma.kr. í árslok sem samsvarar 45% af VLF. Heildarskuldir eru innlendar og erlendar skammtíma- og langtímaskuldir án frádráttar innstæðna eins og skuldaregla í lögum um opinber fjármál kveður á um. Er þetta mun lægra skuldahlutfall en útlit var fyrir við samþykkt fjárlaga ársins 2021 þegar áætlað var að skuldirnar yrðu 1.519 ma.kr.,

eða 49,5% af VLF. Bætta skuldastöðu má að mestu þakka þróttmeiri efnahagsbata en spáð var en einnig vel heppnaðri sölu á eignarhlutum í Íslandsbanka sl. sumar.

9.2 Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2022

Efnahagsleg áhrif faraldursins og sú stefnumótun ríkisstjórnarinnar að styðja áfram við hagkerfið á meðan atvinnulífið kemst aftur á gott skrið, en þó í töluvert minni mæli en á síðasta ári, leiða til áframhaldandi skuldasöfnunar árið 2022. Þetta leiðir til lækkunar fjárþarfar ríkissjóðs (A1-hluta) úr 308 ma.kr. á árinu 2021 í 227 ma.kr. á árinu 2022. Langtímalántökur ríkissjóðs á árinu 2022 eru áætlaðar 301 ma.kr. Þar af er fjármögnun afborgana af teknum löngum innlendum lánum 99 ma.kr. og fjármögnun á neikvæðum hreinum lánsfjárföfnuði 128 ma.kr. Auk þess er gert ráð fyrir endurfjármögnun erlends láns á árinu fyrir um 74 ma.kr. Skuldir ríkissjóðs munu því aukast um 121 ma.kr. að nafnvirði á næsta ári að teknu tilliti til rúmlega 15 ma.kr. verðbóta á verðtryggðar skuldir, áhrifa gengisbreytinga krónunnar á erlendar skuldir og vegna 12 ma.kr. uppgreiðslu eftirstöðva láns í Bandaríkjadollurum. Skuldir ríkissjóðs verða þá orðnar 44% af VLF í árslok 2022. Í 5. gr. frumvarpsins er því sótt um heimild fyrir allt að 230 ma.kr. lántöku ríkissjóðs. Einnig er sótt heimild fyrir allt að 150 ma.kr. lántöku til endurfjármögnunar eldri lána, til að styrkja gjaldeyrisforðann eða fjármagna græn verkefni og fjárfestingar ríkissjóðs.

Gert er ráð fyrir að stærstum hluta fjárþarfar ríkissjóðs verði mætt með útgáfu ríkisskuldabréfa á innanlandsmarkaði. Ríkisvixlar í mismunandi tímalengdum verða einnig nýttir eins og áður til að mæta fjárþörf til skemmri tíma, en eftir sem áður verður markmiðið að ýta fjármögnun lengra út á ferilinn eftir því sem aðstæður gefast. Ríkissjóður hefur þó aðgang að öðrum fjölbreyttum fjármögnunarkostum til skemmri og lengri tíma. Sjóðsstaða ríkissjóðs er ágæt, bæði í innlendra og erlendra mynt. Erlend lántaka eða hagnýting gjaldeyrisforða getur verið nýtt til að mæta fjárþörf ríkissjóðs.

Í milljörðum króna	Horfur 2021			Frumvarp 2022		
	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	268	125	393	227	114	341
Ríki	268	113	381	227	74	301
A1-hluti	268	113	381	227	74	301
<i>þar af endurlán til A2-hluta</i>	11	0	11	28	0	28
Landsvirkjun	0	12	12	0	40	40
Afborganir	244	25	269	178	137	315
Ríki	244	0	244	178	85	263
A1-hluti	166	0	166	99	85	184
A2-hluti	79	0	79	79	0	79
Landsvirkjun	0	25	25	0	52	52
Hrein lánsfjárförf	24	101	124	50	-24	26
<i>þar af A1-hluti</i>	102	113	216	128	-12	117
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,7%	3,1%	3,8%	1,4%	-0,7%	0,7%

Í september gaf fjármála- og efnahagsráðuneytið út sjálfbæran fjármögnunarramma sem gefur ríkissjóði færi á að gefa út til að mynda græn skuldabréf innan lands eða erlendis, sem myndu fjármagna skilgreind græn verkefni eða fjárfestingar. Sá möguleiki verður skoðaður á

árinu 2022 og mun slík útgáfa þá mæta hluta af fjárförf ársins. Ekki er gert ráð fyrir viðbótarlántöku frá ÍL-sjóði, en það kann að verða endurskoðað ef áætlanir breytast þegar líða tekur á árið.

Áætlað er að á árinu 2022 muni lántökur aðila í A2-hluta, sem hafa heimild til lántöku í sérlægum, og lántökur Landsvirkjunar nema samtals 68 ma.kr. Á móti er gert ráð fyrir að afborganir sömu aðila af útistandandi skuldum nemi 131 ma.kr. Þar af nema afborganir Landsvirkjunar 52 ma.kr., ÍL-sjóðs 53 ma.kr. og annarra aðila í A2-hluta 26 ma.kr. Skuldir þessara aðila lækka því um 63 ma.kr. árið 2022 gangi áætlanir eftir.

Samandregið er því áætlað að á árinu 2022 verði lántökur umfram afborganir ríkissjóðs (A1-hluta) 117 ma.kr. Nýjar lántökur þessara aðila eru samanlagt áætlaðar 341 ma.kr. og afborganir af lánum 315 ma.kr. Er því áætlað að samtals auki þessir aðilar við skuldir sínar um 26 ma.kr. á næsta ári.

9.3 Sjóðstreymi og lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs

Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Áætlað er að á árinu 2021 verði handbært fé frá rekstri ríkissjóðs (A1-hluta) neikvætt um 234 ma.kr. og neikvætt um 133 ma.kr. árið 2022.

Fjárfestingar í og sala á efnislegum eignum, lánveitingar, arðgreiðslur o.fl. teljast til fjárfestingahreyfinga sjóðstreymis. Sala á 35% hlut ríkisins í Íslandsbanka árið 2021 fyrir 55,3 ma.kr. og fyrirhuguð frekari sala á árinu 2022 er mikilvægur þáttur í virkri stýringu á efnahag ríkisins. Með sölu er hægt að auka sjóðstreymi til ríkisins, minnka lánsfjárförf og auka rými til fjárfestinga í samfélagslega arðbærum verkefnum þrátt fyrir hallarekstur. Eftir sölu 2021 á ríkið 65% hlut í Íslandsbanka og er stefnt að því að selja þann hlut að fullu á árunum 2022 og 2023 ef markaðsaðstæður verða ákjósanlegar. Árið 2022 er horft til þess að hægt verði að selja um helming útistandandi hlutar ríkisins á virði sem væri nálægt markaðsvirði m.v. núverandi gengi, eða um 75 ma.kr. Útlit er fyrir að fjárfestingahreyfingar verði neikvæðar um samtals 3,5 ma.kr. árið 2021 og jákvæðar um 4,5 ma.kr. árið 2022. Þar vega þýngst fjárfestingarframlög til framkvæmdaverkefna á ýmsum málefnasviðum og veitt lán til ríkisfyrirtækja. Á móti kemur sala eigna og móttækinn arður. Til fjárfestingahreyfinga teljast einnig fyrirframgreiðslur ríkissjóðs vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nema 8 ma.kr. á næsta ári. Nánar er fjallað um lífeyrisskuldbindingar í kafla 11.

Áætlað er að hreinn lánsfjárförf, þ.e. það fé sem má nýta til að greiða niður skuldir án þess að ganga á handbært fé, verði neikvæður um 238 ma.kr. á árinu 2021. Mikill bati verður þar á árinu 2022 þegar gert er ráð fyrir að hreinn lánsfjárförf verði neikvæður um 128 ma.kr. Hreinn lánsfjárförf að viðbættum afborgunum ársins og að teknu tilliti til hreyfinga á innstæðum og víxlum segir til um þörf á teknum langtímalánum á árinu.

Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta), m.kr.	Fjárlög 2021	Áætlun 2021	Frumvarp 2022
Handbært fé frá rekstri	-250.901	-234.024	-132.960
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>			
Fjárfesting	-76.692	-69.423	-71.078
Sala eigna	692	55.992	75.700
Veitt löng lán	-36.100	-10.500	-27.788
Innheimtar afborganir af veittum lánnum	2.189	3.045	4.761
Mótttekinn arður	8.692	18.705	31.752
Fyrirframgreiðsla til LSR	-8.000	-8.000	-8.000
Mismunur á innheimtu og greiddu útsvari til sveitarfélaga	8.400	7.500	0
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-800	-800	-800
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-101.619	-3.481	4.547
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-352.520	-237.505	-128.412
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>			
Tekin langtímalán	427.300	380.907	300.950
<i>par af innlend</i>	<i>427.300</i>	<i>267.707</i>	<i>227.250</i>
Afborganir af teknum lánnum	-149.900	-165.558	-184.041
<i>par af innlendar</i>	<i>-149.900</i>	<i>-165.558</i>	<i>-98.900</i>
Fjármögnunarhreyfingar samtals	277.400	215.349	116.909
Breyting á handbæru fé	-75.120	-22.156	-11.503


Fjármögnunarhreyfingar gera grein fyrir áhrifum á sjóðstöðu af lántöku og afborgunum af lánnum ríkissjóðs. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild til allt að 230 ma.kr. lántöku ríkissjóðs til fjármögnunar á fyrrgreindum neikvæðum lánsfjárjöfnuði og afborgunum lána.

Þegar lagður er saman hreinn lánsfjárjöfnuður og fjármögnunarhreyfingar fæst breyting á handbæru fé. Í áætlanagerðinni fyrir árið 2022 er gengið út frá því að handbært fé í krónum taki ekki breytingum en handbært fé í gjaldeyri lækki í samræmi við uppgreiðslu á eftirstöðvum láns í Bandaríkjadollurum.

9.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs

Skuldir ríkissjóðs lækkuðu hratt á árunum 2015–2019. Í árslok 2019 námu heildarskuldir ríkissjóðs 906 ma.kr. Það svarar til 664 ma.kr. eða 22% af VLF að frádregnum innstæðum samkvæmt skuldareglu í lögum um opinber fjármál. Neikvæð afkoma ríkissjóðs af völdum veirufaraldursins leiðir hins vegar til ört hækkandi skulda. Í árslok 2020 voru heildarskuldir orðnar 1.245 ma.kr. og 30% af VLF samkvæmt skilgreiningu skuldareglu laganna. Gert er ráð fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs hækki um 204 ma.kr. og verði 1.448 ma.kr. og 33% af VLF í árslok 2021 á þennan mælikvarða, hækki enn um 122 ma.kr. árið 2022 þannig að heildarskuldir verði í lok þess árs orðnar 1.570 ma.kr., eða 33,7% af VLF. Verða skuldir þá í hlutfalli af landsframleiðslu jafnháar og árið 2016 en urðu hæstar 58% af VLF árið 2009.

Hægir frekar á skuldasöfnun árið 2022



Í október 2022 verður skuldabréfaflokkurinn RIKS 22 1026 á gjalddaga en útistandandi fjárhæð flokksins er um 95 ma.kr. Þá verður skuldabréf útgefið í evrum á gjalddaga í desember 2022 en stærð þess nemur 500 milljónum evra sem jafngildir nú um 75 ma.kr. Í áætlunum er gert ráð fyrir að þessum gjalddögum verði mætt með annarri lántöku á árinu. Auk þessa eru eftirstöðvar af skuldabréfi sem gefið var út í Bandaríkjadöllum á gjalddaga í maí alls um 92 milljónir dala, eða um 12 ma.kr., en ekki er gert ráð fyrir að það lán verði endurfjármagnað að svo stöddu.

Áætlunin sýnir að heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2021 verði 1.448 ma.kr., eða 45% af VLF. Þar af eru innlendar skuldir 1.097 ma.kr. og erlendar skuldir 351 ma.kr. Innlendar skuldir ríkissjóðs samanstanda fyrst og fremst af útgefnum verðtryggðum og óverðtryggðum ríkisbréfum og ríkisvixlum, eða 855 ma.kr. Önnur innlend lán sem nema samtals 221 ma.kr. samanstanda mestmegnis af láni frá ÍL-sjóði, 190 ma.kr., yfir teknum ríkisábyrgðum auk skuldabréfa sem gefin voru út í tengslum við kaup á eignarhlutum Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Lán ríkissjóðs í erlendri mynt hafa fyrst og fremst verið tekin til að styrkja gjaldeyrisforðann og tryggja aðgengi annarra innlendra aðila að alþjóðlegum lánamörkuðum.

Heildarskuldir ríkissjóðs í lok árs 2022 eru áætlaðar 1.570 ma.kr., eða 44% af VLF. Þar af nema innlendar skuldir 1.239 ma.kr. og erlendar skuldir 332 ma.kr. Þegar innstæður eru dregnar frá heildarskuldum ríkissjóðs, eins og gert er ráð fyrir í skuldareglu laga um opinber fjármál, nema skuldir ríkissjóðs 1.201 ma.kr. í árslok 2022 eða sem svarar til 33,7% af VLF.

Áætlað er að hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eignarhluta í félögum verði neikvæð um 285 ma.kr. í árslok 2022, eða sem nemur 8% af VLF. Verðmætustu eignarhlutirnir eru í Landsvirkjun, Landsbanka og Íslandsbanka.

Yfirlit skulda og skuldahlutföll ríkissjóðs

Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs	2018	2019	2020	Áætlun 2021	Frumvarp 2022
Skuldir ríkissjóðs	861.944	905.830	1.244.558	1.448.308	1.570.423
Ríkisbréf, ríkisvixlar og spariskírteini	673.296	664.244	844.799	854.651	993.036
Aðrir innlendir aðilar	39.319	34.241	133.670	221.116	223.659
Erlend lán	124.609	186.634	245.858	351.209	331.560
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	24.720	20.711	20.231	21.332	22.168
Kröfur ríkissjóðs	151.434	142.807	145.950	93.984	160.589
Veitt lán	70.699	62.073	35.323	70.457	95.662
Viðskiptareikningur, nettó	80.735	80.735	110.627	23.527	64.927
Hreinar lántökur ríkissjóðs	710.510	763.022	1.098.608	1.354.324	1.409.834
Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraforða	91.125	151.469	214.152	319.100	307.700
Handbært fé, annað, nettó	104.500	69.460	134.615	40.000	40.000
Hrein staða ríkissjóðs	-514.885	-542.093	-749.841	-995.224	-1.062.134
Hlutfé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlög	906.811	906.811	906.811	852.311	777.411
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	391.926	364.718	156.970	-142.913	-284.723
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	641.599	664.190	875.560	1.067.876	1.200.555
<i>Í hlutfalli af VLF (%)</i>					
Skuldir ríkissjóðs	30,3	29,7	42,3	44,8	44,0
Kröfur ríkissjóðs	5,3	4,7	5,0	2,9	4,5
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	13,8	12,0	5,3	-4,4	-8,0
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	22,6	21,8	29,8	33,0	33,7

Lánshæfi ríkissjóðs. Langtímalánshæfismat ríkissjóðs hefur haldist óbreytt í A-flokki hjá matsfyrirtækjunum þremur, Moody's, Standard & Poors og Fitch Ratings. Fitch Ratings færði lánshæfi ríkissjóðs í neikvæðar horfur í kjölfar efnahagsáfallsins á vormánuðum ársins 2020. Önnur matsfyrirtæki hafa haldið horfum óbreyttum sem stöðugum. Ráðstafanir í efnahags- og ríkisfjármálum, stefnufesta, hröð niðurgreiðsla skulda og afnám gjaldeyrishafta, hafa átt sinn þátt í hagstæðri þróun lánshæfismats á síðustu árum. Gott lánshæfi leiðir að óbreyttu til betri kjara fyrir ríkissjóð og aðra innlenda aðila á erlendum fjármagnsmörkuðum. Mikilvægt er því að vinna áfram að því meginmarkmiði í skuldastýringu að lágmarka fjármagnskostnað og áhættu, viðhalda sjálfbærni skulda ríkissjóðs og leita leiða til að endurfjármagna skuldir á hagstæðari kjörum þegar tækifæri gefast.

9.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða – ríkisábyrgðir

Í 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á lánveitingaheimildir ríkissjóðs til A2-hluta aðila vegna útlána þeirra að sömu fjárhæð og lántökuheimild Landsvirkjunar sem kveðið er á um í sérlögum. Í gildandi fjárlögum er þetta hámark 80,1 ma.kr. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið í ár er talið að lánveitingar úr ríkissjóði til A2-hluta aðila verði um 12 ma.kr. og að lántökur Landsvirkjunar nemi 12,4 ma.kr. samtals. Í þessu frumvarpi er heimild fyrir samtals 83,8 ma.kr. lánveitingum til A2-hluta aðila og lántökuheimild Landsvirkjunar á árinu 2022. Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að veitt verði heimild til að nýta samningsbundinn rétt til að breyta láni Vaðlaheiðarganga hf. í hlutfé eða annan rétt samkvæmt lánasamningi til að taka við hlutfé í

félaginu. Með þeim gjörningi yrðu Vaðlaheiðargöng hf. ríkisfyrirtæki í þeim skilningi að ríkið myndi eignast meirihluta í félaginu.

Reiknað er með að A2-hluta aðilar ásamt Landsvirkjun muni greiða allt að 104 ma.kr. í afborganir af teknum lánum í ár og 131 ma.kr. á árinu 2022. Þar af leiðandi er áætlað að skuldir A2-hluta aðila og Landsvirkjunar lækki að nafnvirði um 81 ma.kr. í ár og um 63 ma.kr. á árinu 2022.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 5. gr. Nánari greinargerð um fjárreiður annarra ríkisaðila er í 6. kafla frumvarpsins.

Landsvirkjun. Landsvirkjun hefur 40 ma.kr. lántökuheimild í fjárlögum fyrir árið 2021 en reiknað er með að heimildin verði nýtt fyrir um 12,4 ma.kr. á árinu. Við afgreiðslu gildandi fjárlaga var reiknað með að fyrirtækið myndi greiða allt að 53,7 ma.kr. í afborganir af teknum lánum en nú er reiknað með að afborganir verði 24,6 ma.kr. Lagt er til að Landsvirkjun verði heimiluð allt að 40 ma.kr. lántaka á árinu 2022 og áætlað er að fyrirtækið muni greiða allt að 52,3 ma.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi þessar forsendur eftir heldur skuldastaða fyrirtækisins áfram að batna.

Byggðastofnun. Í rekstraráætlun Byggðastofnunar er gert ráð fyrir svipaðri starfsemi á árinu 2022 og er á árinu 2021. Reiknað er með 3 ma.kr. lánveitingu á árinu 2021. Í þessu frumvarpi er sótt um 3 ma.kr. lánsfjárheimild fyrir Byggðastofnun á árinu 2022. Gert er ráð fyrir því að sú heimild verði annaðhvort nýtt með lántöku á markaði eða láni frá ríkissjóði. Afborganir nema um 2,3 ma.kr. í ár og 1,5 ma.kr. á næsta ári.

Húsnæðissjóður. Á árinu 2021 er gert ráð fyrir 25 ma.kr. útlánum hjá Húsnæðissjóði, þ.a. 3,6 ma.kr. í hlutdeildarlán. Í áætlunum fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir 25,4 ma.kr. útlánum hjá sjóðnum, þ.a. 3,75 ma.kr. í hlutdeildarlán. Í ljósi þess er sótt um allt að 25,4 ma.kr. heimild fyrir lánum úr ríkissjóði til Húsnæðissjóðs.

Menntasjóður. Gangi áætlanir sjóðsins eftir um fjárþörf sjóðsins og ný útlán verður þörf hans á lánum frá ríkissjóði 10,3 ma.kr. Sótt er um heimild fyrir lánveitingunni í 5. gr. frumvarpsins.

Betri samgöngur ohf. Félagið er opinbert hlutafélag sem stofnað var um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem föst framlög eru eingöngu um 3 ma.kr. á ári, en sjóðstreymi af landi og flýti- og umferðargjöldum eru ekki í hendi, eða erfitt að áætla hvenær og hversu hratt það rennur til félagsins, hefur Betri samgöngur ohf. heimild í lögum til lántöku frá ríkinu eða með ríkisábyrgð til að brúa þá sjóðstreymisvöntun sem verða mun sérstaklega á fyrri hluta tímabilsins. Samkvæmt áætlunum félagsins nemur þörf þess á viðbótarfjármögnun 4 ma.kr. á árinu 2022.

10 Heimildir ráðherra

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 46. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, að afla skuli heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verðgildi hafa. Lagaheimildir til þessara ráðstafana er venju samkvæmt veittar í 6. gr. fjárlaga að undangengnu samráði við þá ríkisaðila sem bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem um ræðir.

Heimildum fjármála- og efnahagsráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær alls 134 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að tvær heimildir eru til eftirgjafar gjalda, 40 til sölu fasteigna, 23 til sölu lóða, spildna og jarða, 25 til kaupa og leigu fasteigna, 16 til kaupa og sölu hlutabréfa og annarra ráðstafana vegna umsýslu félaga, fjórar til samningsgerðar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni og ýmsar heimildir eru 24 talsins. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild vegna útgjalda sem kunna að falla til vegna heimildargreinarinnar nemi 355,8 m.kr. Ástæða er til að benda á að áætlað heildarumfang greinarinnar næmi hins vegar mun hærrí fjárhæð væri ákveðið að nýta allar heimildir til fulls.

Þá er í 6. gr. frumvarpsins jafnframt að finna áætlaðar söluheimildir á eignum fyrir um 230 ma.kr. sem ná til hlutafélaga í eigu ríkisins ásamt fasteignum og jörðum. Hins vegar er áætlað að heildarumfang vegna kaupa eða leigu gæti numið allt að 75 ma.kr. Þótt tiltekin heimild sé veitt vegna kaupa, sölu eða leigu þá þarf það þó ekki að fela í sér að verði í reynd nýtt á fjárlagaárinu. Hér er því aðeins verið setja fram upplýsingar áætlað hámark á heildarumfangi heimildagreinarinnar.

Í fyrsta flokki er heimild fjármála- og efnahagsráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðipjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Í þessum flokki er einnig að finna heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn. Báðar heimildirnar eru óbreyttar frá fyrra ári.

Í öðrum flokki eru heimildir til sölu fasteigna. Flestar heimildirnar í þessum flokki eru til sölu á húsnæði sem er óhentugt eða nýtist ekki lengur í ríkisrekstrinum. Almennar heimildir eru í 2.1–2.4 sem ætlað er að veita svigrúm til að endurskipuleggja húsnæðismál stofnana og annarra ríkisaðila í tengslum við skipulagsbreytingar sem eiga sér stað í viðkomandi málaflokkum. Aðrar heimildir eru til sölu á einstökum eignum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, sem endurnýjaðar eru frá fyrra ári. Nokkrar heimildir hafa verið nýttar frá fyrra ári og falla því brott. Breyting hefur verið gerð á heimild 2.6 þar sem lagt er til að heimilt verði að ganga til samninga um Minjavernd um endurnýjun Hegningarhússins við Skólavörðustíg til að tryggja áframhaldandi vinnu við endurgerð hússins. Verði ákveðið að afhenda Minjavernd eignina yrði það gert með skýrum skilyrðum um nýtingu og kaupréttarheimildum til að tryggja að ríkið geti leyst eignina aftur til sín. Heimild 2.9 er hins vegar ný þar sem lagt er til heimilt verði að selja eignir ríkisins við Laugaveg 162–166 m.a. í ljósi fyrirhugaðra flutninga Skattsins í nýtt leiguhúsnæði. Þá stendur einnig yfir skoðun á húsnæðismálum Þjóðskjalasafnsins sem einnig er með starfsemi á þessum reit við Laugaveg. Samkvæmt heimild 2.34 er lagt til að heimilt verði að selja eða leigja eignir ríkisins við Árleyni í Reykjavík m.a. vegna breytinga á starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Heimildir 2.35–2.37 eru nýjar og varða sölu á þremur eignum sem ekki lengur nýtast undir starfsemi Vegagerðarinnar. Heimildir 2.38 og 2.39 eru einnig nýjar og varða sölu á óhentugum fasteignum á vegum ÁTVR og Happraðttis Háskóla Íslands.

Þá er heimild 2.40 ný og varðar sölu á Digranesvegi 5 í Kópavogi sem hýst hefur Greiningar- og ráðgjafamiðstöð Íslands en húsnæðið þykir óhentugt og stefnt er að því færa starfsemina annað. Áætlað heildarumfang vegna sölu á fasteignum ríkisins samkvæmt heimildum í þessum flokki er um 30 ma.kr. Gert er ráð fyrir að sala á fasteignum fyrir allt 4 ma.kr. geti raungerst árið 2022 og munar þar mest um fyrirhugaða sölu á Laugavegi 114–116 og Rauðarárstíg 10, sbr. lið 2.8.

Þriðji flokkurinn felur í sér heimildir til sölu lóða, spildna og jarða. Heimildirnar eru margar óbreyttar frá fyrra ári og flestar til komnar vegna almennrar umsýslu ríkisjarða. Heimild 3.15 er endurnýjuð vegna aukinnar þarfar á að ríkið kaupi jarðir eða jarðahluta vegna náttúruverndarsjónarmiða eða annarrar hagnýtingar á grundvelli almannahagsmuna. Áætlað er að heildarumfang vegna sölu á lóðum, spildum og jörðum samkvæmt heimildum í þessum flokki geti numið allt að 800 m.kr. Hins vegar er aðeins gert ráð fyrir að sala fyrir allt að 300 m.kr. geti raungerst árið 2022.

Í fjórða flokki eru heimildir til að kaupa og leigja fasteignir. Flestar þeirra eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Heimild 4.23 er ný en til skoðunar er að ganga til samninga um kaup á jörðinni Mið-Fossum í Borgarbyggð ásamt þeim fasteignum sem þar eru undir starfsemi Landbúnaðarháskólans en skólinn hefur leigt aðstöðu á jörðinni undanfarin ár. Heimild 4.24 kemur til vegna beiðni um að ráðist verði í kaup á aukinni aðstöðu fyrir hestafræðideild Háskólans á Hólum í Hjaltadal. Heimild 4.25 er vegna mögulegra áforma um að ganga til samninga um kaup á Hótel Sögu sem gæti hentað til að koma starfsemi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands fyrir á háskólasvæðinu en sú deild er nú staðsett í Stakkahlíð og Skippholti. Forsenda fyrir því að til álita kæmi að ganga til kaupa á Hótel Sögu er að eignin bjóðist á hagstæðum kjörum. Áætlað heildarumfang vegna kaupa á fasteignum er um 5 ma.kr. og munar þar mest um kaup á Hótel Sögu ná það fram að ganga. Þá er áætlað að heildarumfang vegna leigu á fasteignum undir starfsemi ríkisins gæti verið um 20 ma.kr. sem miðast við núvirta samningsskuldbindingu til 25 ára. Verði ákveðið að leigja húsnæði undir starfsemi lögreglu- og viðbragðsaðila yrði áætluð heildarskuldbinding vegna leigu um 38 ma.kr. Þess ber þó geta að í forsendum fjármálaáætlunar er gert ráð fyrir að umrætt verkefni verði fjármagnað sem hefðbundin opinber framkvæmd og því ekki sem leiguverkefni. Af áætlaðri heildarskuldbindingu vegna leigu er miðað við að allt að 10 ma.kr. gætu raungerst á árinu 2022.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til að kaupa og selja hlutabréf og aðrar sambærilegar ráðstafanir. Óskað er eftir endurnýjuðum heimildum til sölu á þeim eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum og sparisjóðum sem ríkissjóður eignaðist í kjölfar falls fjármálakerfisins haustið 2008. Tvær nýjar heimildir bætast við þennan flokk, þ.e. heimild 5.16 og 5.17, sem báðar varða eignarhald og þátttöku Háskóla Íslands í rannsóknar- eða sprotafyrirtækjum. Áætlað heildarumfang vegna sölu á hlutafélögum í eigu ríkisins samkvæmt heimildum í þessum flokki er í kringum 200 ma.kr. og munar þar mest um eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Verði lokið við að færa eignarhald á Landsneti ohf. beint undir ríkissjóð, sbr. lið 5.11, geta slík kaup eða tilfærsla numið umtalsverðum fjármunum, en eigið fé Landsnets var um 408 milljónir Bandaríkjadala eða um 50 ma.kr. í júní árið 2021.

Í sjötta flokki eru heimildir vegna samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni á vegum ríkisins. Heimildir 6.1–6.4 eru endurnýjaðar frá fyrra ári og eru til komnar sökum þess að talið er að fimm ára samningstími, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sé of skammur þegar kemur að kaupum á þessari tilteknu þjónustu. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laganna þarf heimild þingsins til að semja megi til lengri tíma en fimm ára enda eigi þau skilyrði við sem þar koma fram.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem nær allar eru óbreyttar frá fyrra ári, fyrir utan þrjár sem falla brott, og skýra sig að mestu sjálfar. Heimild 7.23 er ný og varðar heimild til að auka

hlut Íslands í Alþjóðaframfarastofnuninni (IDA) í samræmi við ákvörðun stjórnar stofnunarinnar um aukin stofnfjárframlög aðildarríkja Alþjóðabankans til að takast á við áskoranir tengdar heimsfaraldrinum og hnattrænni hlýnun. Þá er heimild 7.24 jafnframt ný. Í henni er ríkisaðilum í A1-hluta heimilað að ganga til samninga við Fjárföng ehf. um fjármögnun á fjárfestingum sem styðja við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri en um er að ræða félag í eigu ríkisins sem var komið á fót til að fjármagna stofnkostnað við minni fjárfestingar ríkisaðila.

11 Fjárhagsáhætta ríkissjóðs

Fjárhagsáhætta ríkissjóðs á rætur að rekja til beinna og óbeinna skuldbindinga hans og ytri áhættu- og óvissuþátta. Þessi fjárhagsáhætta getur haft umtalsverð áhrif á afkomu ríkissjóðs til skemmri og lengri tíma.

Heimsfaraldur kórónuveirunnar er glöggt dæmi um ytri óvissuþátt sem valdið hefur skyndilegum og ófyrirséðum neikvæðum áhrifum á fjárhag ríkisins. Faraldurinn hefur haft og mun hafa verulega neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs til margra ára, bæði vegna tekjutaps og útgjaldaaukningar sem leiða af efnahagslegum áhrifum faraldursins og vegna mótvægisáðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til. Þótt áhrif áðgerðanna á ríkissjóð séu í fyrstu neikvæð þá milda þau áhrif faraldursins á hagkerfið og draga þannig úr tekjutapinu eftir því sem hagkerfið nær vopnum sínum.

Hér er fjallað í stuttu máli um helstu áhættuþætti sem ríkissjóður stendur frammi fyrir á árinu 2022. Nánari umfjöllun um efnahagsáfallið af völdum veirufaraldursins er að finna í kafla 2 í frumvarpinu. Að öðru leyti er vísað til ítarlegri umfjöllunar um fjárhagsáhættu ríkissjóðs í fjármálaáætlun fyrir árin 2022–2026.

Auknar skuldir ríkissjóðs undanfarin tvö ár og áætlanir um frekari lántökur og vöxt skulda á næstu árum fela í sér að efnahagsreikningur ríkissjóðs verður viðkvæmari fyrir áföllum og útsettari fyrir markaðsáhættu sem er áhættan af t.a.m. breytingum í vöxtum, gengi krónunnar og verðbólgu. Hækkandi vextir eins og gert er ráð fyrir í þjóðhagsspa og meiri skuldir leiða af sér aukinn kostnað við fjármögnun ríkissjóðs. Endurfjármögnunaráhætta eykst einnig með aukinni skuldsetningu en það er sú áhætta ríkissjóðs að ekki takist að sækja nýtt lánsfé til að fjármagna lán á gjalddaga. Á árinu 2022 er RIKB22 á gjalddaga sem er um 95 ma.kr. að stærð. Eins og fram kom í kafla 9 hefur til þessa tekist vel til við að fjármagna ríkissjóð og hefur aukinn þróttur hagkerfisins jákvæð áhrif á stöðu ríkissjóðs og lánsfjárförf á næsta ári. Þá hefur verið og verður áfram markvisst unnið að því að lágmarka þessa áhættuþætti, m.a. með því að lengja endurgreiðsluferil skulda og jafna hann eins og kostur er ásamt því að treysta áframhaldandi aðgengi að erlendum lánamörkuðum.

Verulega hefur dregið úr útistandandi ríkisábyrgðum á síðustu árum¹

Eftirstöðvar ríkisábyrgða	2018	2019	2020	F2 2021	af heild	Ný flokkun	
						F2 2021	af heild
ÍL-sjóður	777.716	753.380	731.917	725.962	83%	0	0%
Landsvirkjun hf.	93.430	86.546	64.035	48.621	6%	48.621	65%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	60.325	58.897	57.645	57.446	7%	0	0%
Byggðastofnun	11.569	13.046	11.510	11.085	1%	0	0%
Farice ehf.	5.508	0	0	0	0%	0	0%
Viðbótar- og stuðningslán	0	0	10.364	11.447	1%	11.447	15%
Icelandair hf.	0	0	13.739	13.308	2%	13.308	18%
RÚV ohf.	3.012	3.062	3.127	3.183	0%	0	0%
Annað	5.249	5.056	4.992	1.535	0%	1.535	2%
Samtals	956.809	919.987	897.329	872.587	100%	74.911	100%

¹ Taflan miðast við stöðu í árslok 2018, 2019 og 2020. Staða 2021 miðast við 30/6.

Helstu óbeinu skuldbindingar ríkissjóðs felast í veittum ríkisábyrgðum. Verulega hefur dregið úr útstandandi ríkisábyrgðum á síðustu árum í samræmi við stefnu í málaflokknum og námu þær um 873 ma.kr. um mitt árið 2021 sem samsvarar 27% af VLF. Ekki er gert ráð fyrir að gefnar verði út nýjar ríkisábyrgðir umfram þær sem veittar hafa verið vegna kórónuveirufaraldursins og eru ætlaðar til skemmri tíma. Uppgreiðslur á eldri lánnum Landsvirkjunar með ríkisábyrgð og minnkandi efnahagur ÍL-sjóðs hafa leitt til lækkunar á nafnvirði ríkisábyrgða. Breytt flokkun opinberra lána sjóða og fyrirtækja sem leiðir til þess að flestir þessara aðila færast inn í A-hluta ríkissjóðs hefur áhrif á framsetningu veittra ríkisábyrgða. Þegar horft er til nýrrar framsetningar á A-hluta ríkissjóðs í heild sinni að þessum aðilum meðtöldum ásamt ríkisstofnunum og öðrum verkefnum sem fjármögnuð eru með fjárveitingum í fjárlögum (þ.e. A1, A2 og A3) koma skuldir flestra þessara ríkisaðila fram með beinum hætti og því er ekki eðlilegt að telja þær einnig sem ríkisábyrgðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá þróun veittra ríkisábyrgða síðustu ár ásamt framsetningu ríkisábyrgða að teknu tilliti til breyttrar flokkunar. Eins og sjá má í töflunni fer hin eiginlega staða veittra ríkisábyrgða úr 873 ma.kr. í 74,9 ma.kr. eða úr 27% í 2,3% af VLF. Hafa verður í huga að þegar horft er til skuldareglu laga um opinber fjármál hefur þessi breyting þó ekki áhrif því hún tekur aðeins til skulda A1-hluta ríkissjóðs. Ítarlegri umfjöllun um breytta flokkun ríkisaðila í A-hluta er að finna í kafla 6.

Stærstan hluta af ríkisábyrgðum má rekja til ábyrgða á skuldum ÍL-sjóðs og nema þær um 83% af heildar útgefnum ábyrgðum. Þrátt fyrir lækkun ríkisábyrgða að nafnvirði á undanförunum árum hefur metinn kostnaður vegna ábyrgða á skuldum ÍL-sjóðs aukist.

Aukin áhætta og kostnaður ríkissjóðs vegna ÍL-sjóðs felst í því að skuldir sjóðsins eru úppgreiðanlegar og bera fasta verðtryggða vexti á meðan útlán hans eru úppgreiðanleg að mestu, en aðeins hluti þeirra ber úppgreiðsluákvæði sem þó bæta aðeins hluta af tjóni sjóðsins við úppgreiðslu. Sjóðurinn er því útsettur fyrir lækkun markaðsvaxta sem endurspeglast í auknum úppgreiðslum á útlánum auk þess sem möguleikar sjóðsins til að ávaxta úppgreiðslur taka mið af lægri vöxtum á markaði. Hálfársuppgjör sjóðsins 2021 endurspeglar þessa neikvæðu þróun, en þar má sjá að útlán eru aðeins um 24% af heildareignum sjóðsins og er eigið fé hans neikvætt um 193 ma.kr. Neikvæð eiginfjárstaða er færð með skuldum ríkissjóðs en endanlegur kostnaður sem fellur á ríkissjóð er óvissu háður. Á árinu 2022 snýr áhætta ríkissjóðs einnig að sjóðstreymi ÍL-sjóðs. Skyndilegur samdráttur í úppgreiðslum útlána sjóðsins gæti leitt til þess að ríkissjóður þurfi að endurgreiða hluta þeirra lána sem hann hefur fengið hjá sjóðnum á árunum 2020 og 2021 svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Hluti af mótvægisáðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru var í formi veittra ábyrgða á stuðnings- og viðbótarlánum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja með milligöngu Seðlabankans og fjármálafyrirtækja. Áætlað er að um þessar mundir séu heildarlánveitingar af þessum toga orðnar um 13 ma.kr. og er ríkissjóður í ábyrgð fyrir 70-100% af fjárhæð lánanna. Þá hefur Ferðaábyrgðasjóður veitt lán til ferðaskrifstofa og stendur heildarumfang þeirra í 3,1 ma.kr, en áhætta þeirra lána er hliðstæð stuðnings- og viðbótarlánum.

Í byrjun september 2020 samþykkti Alþingi heimildir fyrir ríkisábyrgð á lánalínum Icelandair í tengslum við heimsfaraldur kórónuveiru. Aðkoma ríkisins að málefnum Icelandair byggðist á fjórum meginforsendum; að aðkoma ríkisins sé nauðsynleg í þeim tilgangi að tryggja traustar og órofnar flugsamgöngur til og frá landinu, að tryggja að til staðar sé flugrekstraraðili sem taki öflugan þátt í efnahagslegri viðspyrnu þegar þar að kemur, að rekstrar- og samkeppnishæfni til lengri tíma sé tryggð og að lokum að almannafé og áhætta ríkisins verði takmörkuð við það sem þjóni opinberum hagsmunum en hafi ekki að markmiði að verja hag hluthafa eða lánardrottna. Fyrirgreiðslu ríkissjóðs við Icelandair er ætlað að stuðla að áframhaldandi rekstri félagsins og tryggja að fullnægjandi árangur geti náðst í fjárhagslegri

endurskipulagningu þess, þ.m.t. árangursríku hlutafjárútboði. Ábyrgðin nemur 90% af lánalínum til þrautavara að fjárhæð 120 milljóna Bandaríkjadala, eða 108 m.USD (um 13,7 ma.kr. um síðustu áramót). Ícelandair hefur heimild til að draga á lánalínurnar fram til september 2022 en þótt ekki sé gert ráð fyrir að til þess komi miðað við framlagða sviðsmynd um rekstraráætlun og uppgjör 2021 hingað til er enn umtalsverð óvissa í flugrekstri næstu misserin. Þar af leiðandi felur ábyrgðin í sér áhættu fyrir ríkissjóð enn um sinn.

Lánveitingum ríkissjóðs, hvort sem er í nafni lánasjóða eða ríkissjóðs beint, fylgir margvísleg áhætta. Vaðlaheiddargöng hf. er með lán úr ríkissjóði sem stóð í 18,5 ma.kr. í lok árs 2020. Lánin voru á gjalddaga í maí 2021 en félagið gat á þeim tímapunkti ekki endurgreitt skuld sína. Ljóst er að rekstur félagsins stendur ekki undir þeim áætlunum sem lánveiting byggði á og hjálpaði kórónuveirufaraldurinn ekki til með tilheyrandi fækkun erlendra ferðamanna. Er vinna hafin við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti staðið verður að henni en gera má ráð fyrir neikvæðum áhrifum á endurheimtur ríkissjóðs vegna lánveitingarinnar.

Ríkissjóður seldi 35% hlut í Íslandsbanka í hlutafjárútboði í júní og dró þar með úr áhættu sinni af eignarhaldi á viðskiptabönkunum en ríkið á enn 98,2% hlutafjár í Landsbankanum auk 65% hlutar í Íslandsbanka. Eignarhlutum sem þessum fylgir talsverð áhætta eins og verðsveiflur á markaði sýna. Heimsfaraldur kórónuveiru hefur haft víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf og er rekstur fyrirtækja, einkum í ferðaþjónustu, erfiður vegna áfallsins. Sökum þessa gætu bankarnir staðið frammi fyrir mögulegu útlánatapi með viðeigandi áhrifum á afkomu þeirra og eigið fé. Eiginfjárstaða Íslandsbanka og Landsbanka er þó sterk og því hafa þeir verulegt svigrúm til að mæta áföllum í rekstri af völdum kórónuveirunnar. Lakari afkoma bankanna með viðeigandi áhrifum á arðsemi eigin fjár gæti hins vegar leitt til lækunar á virði þeirra og dregið úr sölumöguleikum eða söluandvirði á eignarhlutum ríkissjóðs, auk þess sem arðgreiðslur til ríkisins gætu orðið lægri en ella í kjölfarið.

Ríkissjóður ber ekki lögbundna ábyrgð á skuldum sveitarfélaga en fjárhagsstaða þeirra getur falið í sér almenna áhættu á því að einstök sveitarfélög megni ekki að gegna hlutverki sínu. Samkvæmt lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, er hins vegar gert ráð fyrir aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að því að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga. Fjárförf sveitarfélaga jókst nokkuð árið 2020, ekki sist vegna aukinna útgjalda í kjölfar áhrifa kórónuveirufaraldursins, þótt ekki gæti jafn mikilla áhrifa af svonefndum sveiflujöfnurum hjá þeim og hjá ríkinu, auk þess sem sveitarfélögin bera ekki í viðlíka mæli kostnað af mótvægisráðstöfunum. Útlit er fyrir neikvæða afkomu sveitarfélaga í heild árin 2021 og 2022 en vísað er í gildandi fjármálaáætlun hins opinbera fyrir umfjöllun um afkomuhorfur og fjárförf sveitarfélaga.

Stærsta beina skuldbinding ríkissjóðs lýtur að ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áhætta ríkissjóðs af þeim árið 2022 snýr eins og áður að launahækkunum opinberra starfsmanna, ávöxtun eigna, lífslíkum sjóðsfélaga og forningreiðslum. Allt eru þetta breytur sem geta haft mikil áhrif á ávöxtun og stöðu eigna og skuldbindingar B-deildar og þar með á heildarskuldbindingu ríkissjóðs. Samtals námu ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 746 ma.kr. í árslok 2020.

Áhætta ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands snýr einkum að heimildum samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabankann og í 5. gr. fjárlaga til að innkalla allt að 60,8 ma.kr. úr ríkissjóði til þess að styrkja eiginfjárstöðu bankans. Afkoma bankans var jákvæð um 68 ma.kr. á árinu 2020 en vegna styrkingar krónunnar í byrjun árs 2021 var 29 ma.kr. tap á rekstrinum á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Niðurstaða sviðsmyndagreiningar sem gerð var á vormánuðum 2020 á þróun afkomu og eigin fjár bankans var að halda eiginfjármarkmiði sem bankinn hefur sett sér óbreyttu um sinn.

12 Yfirlit yfir lagabreytingar

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagt verður til nýtt viðmið við árlega uppfærslu skattleysis- og þrepamarka í tekjuskatti einstaklinga sem taki mið af þróun vísitölu neysluverðs að viðbættum 1,0% aukningu í framleiðni á ári. Gert verður ráð fyrir því að mat á framleiðnivexti til lengdar verði tekið til endurskoðunar á fimm ára fresti og bætt við vísitölu neysluverðs við uppfærslu hvers árs.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagt verður til að tímabundin hækkun á vaxtabótum, sem að óbreyttu hefði fallið niður um næstu áramót, verði framlengd um eitt ár. Því er ártalinu 2022 bætt við ákvæði til bráðabirgða XLI í lögnum en það hefur að geyma ákvæði um vaxtabætur á árunum 2011–2021. Gert er ráð fyrir að ákvæðið komi til framkvæmda við ákvörðun á fyrirframgreiðslu vaxtabóta og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2022.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lögð verður til hækkun á fjárhæðar- og skerðingarmörkum tekna vegna barnabóta sem koma til framkvæmda við ákvörðun barnabóta í fyrirframgreiðslu og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2022.

Lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta. Lagt verður til að fjárhæðir kolefnisgjalds verði hækkaðar um 2,5% til samræmis við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022.

Lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Lagt verður til að olíugjald, kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald hækki um 2,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022.

Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Lagt verður til að almennt og sérstakt vörugjald af bensíni hækki um 2,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022.

Lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Lagt verður til að bifreiðagjald hækki um 2,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022.

Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Lagt verður til að áfengis- og tóbaksgjald hækki um 2,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022.

Lög nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu. Lögð verður til 2,5% hækkun á sérstöku gjaldi til Ríkisútvarpsins í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð verður til 2,5% hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022.

Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Lögð verður til breyting á fjárhæðum úrvinnslugjalda í samræmi við tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Lög nr. 70/2012 um loftslagsmál. Lagt verður til að fjárhæð losunargjalds vegna gjaldskyldrar losunar skv. 4. mgr. 14. gr. verði breytt til samræmis við breytingar á meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur 31. júlí árið áður.

Lög nr. 113/1990, um tryggingargjald. Lögð er til framlenging á afnámi tekna hjá starfsendurhæfingarsjóðum, sem starfræktir eru á grundvelli laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, af almennu tryggingagjaldi.

Lög nr. 87/2011, um gistináttaskatt. Lögð verður til tímabundin framlenging á niðurfellingu gistináttaskatts til og með 31. desember 2023.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 91/1987, um sóknargjöld. Lagt verður til að festa fjárhæð sóknargjalda við 985 kr. á einstakling á mánuði en samkvæmt því mun ákvörðuð hækkun sóknargjaldsins nema um 0,5%.

Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lögð verður til breyting í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2022.

Lög nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara. Lögð verður til breyting á hlutfalli af álagningarstofni sem gjaldskyldir aðilar skulu greiða miðað við áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrir árið 2022 með hliðsjón af áætlaðri stöðu á árslok 2021.

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi í samræmi við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins og lögbundið hámark á eigið fé stofnunarinnar.

Lög nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Lögð verður til framlenging á bráðabirgðaákvæðum þar sem kveðið er annars vegar á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2022 og hins vegar að atvinnurekendur, þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóðir greiði áfram sama hlutfall af stofni til iðgjalds á árinu 2022 eða 0,10%.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð er til framlenging á ákvæði til bráðabirgða um samanburð á útreikningi kostnaðarþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð verður til framlenging á því að Framkvæmdasjóði aldraðra sé heimilt að verja fé til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða.

Lög nr. 99/2007 um félagslega aðstoð. Lögð verður til breyting á 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2022.

Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar. Lögð verður til breyting á 18. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2022.

Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar. Lögð verður til framlenging á 14. tölul. bráðabirgðaákvæðis um frítekjumarks örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna.

Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar. Lagt verður til að sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega verði hækkað úr 1.200.000 kr. í 2.400.000 kr. á ári.

Lagabreytingar vegna breytingar á hagskýrslustaðli sem liggur til grundvallar fjárlagafrumvarpinu:

Lög um opinber fjármál, nr. 123/2015. Lögð verður til breyting á 50. gr. laganna, ásamt nauðsynlegum breytingum til samræmis á öðrum greinum, til að lagfæra ákveðið ósamræmi þar sem alþjóðlegi hagskýrslustaðallinn um opinber fjármál, GFS (Alþjóðlegi hagskýrslustaðallinn um opinber fjármál), tekur alfarið mið af eðli starfseminnar við flokkun ríkisaðila en flokkun í A-, B- og C-hluta aðila samkvæmt núverandi 50. gr. laganna ræðst af ábyrgðarsjónarmiðum. Gert er ráð fyrir að lagabreytingin verði samþykkt fyrir samþykkt fjárlaga fyrir árið 2022.

Greinargerð ráðuneyta um málefнасvið og málaflokka

Hér á eftir fer umfjöllun um stefnumið, áform og aðgerðir næsta fjárlagaárs fyrir þau 35 málefнасvið og 103 málaflokka sem frumvarpið tekur til. Í umfjölluninni er gerð grein fyrir ábyrgð á einstökum sviðum, fjárhagslegri þróun á málefнасviði og einstökum málaflokkum á tímabilinu 2020–2022, sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðs eftir helstu tilefnum og helstu tillögum um breytingar á fjárheimildum málaflokka frá gildandi fjárlögum.

Greinargerðin felur í sér nánari útfærslu á þeirri stefnumörkun sem samþykkt var með ályktun Alþingis 31. maí sl. um fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2022–2026, sbr. einnig umfjöllun um málefнасviðin sem birt var í fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025 sem samþykkt var á Alþingi 17. desember 2020. Einnig er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á útgjöldum málefнасviða við undirbúning fjárlagafrumvarpsins, s.s. af völdum breyttra reikniforsendna og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um tiltekin málefni. Í áætluninni fyrir árin 2021–2025 var fjallað um þróun innan einstakra málefнасviða og málaflokka til næstu fimm ára ásamt helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu. Í þeirri greinargerð sem hér fer á eftir er einungis gerð grein fyrir þeim verkefnum og aðgerðum sem taka til næsta fjárlagaárs og sundurliðun fjárheimilda eins og hún birtist í frumvarpinu.

Varðandi umfjöllun um fjárhagslega þróun málefнасviða og málaflokka er vakin athygli á því að:

- í reikningstölum fyrir árið 2020 hafa afskriftir ársins, þar sem við á, verið dregnar frá í útgjöldum stofnana og verkefna en fjárfestingum ársins, sem færðar eru um efnahagsreikning, hefur verið bætt við. Með þessu fæst skýrari samanburður við fjárveitingar til stofnana og verkefna í fjárlögum þar sem framsetningin er með þessum sama hætti.
- sýnd er sundurliðun á fjárhagslegri þróun málefнасviðsins eftir málaflokkum og viðkomandi ráðuneytum sem bera ábyrgð á starfsemi málefнасviðsins.
- sýnd er sundurliðun á breytingum á útgjaldarömmum málefнасviða frá gildandi fjárlögum eftir fimm mismunandi tilefnum:
 - Í fyrsta lagi er um að ræða **bundin útgjöld** sem fela í sér breytingar á fyrirbyggjandi útgjaldaskuldbindingum, s.s. útgjöld vegna hagrænna eða kerfislægra breytinga eða breytingar sem bundnar eru í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar.
 - Í öðru lagi eru **niðurfelldar fjárheimildir** tímabundinna verkefna.
 - Í þriðja lagi þær **aðhaldsráðstafanir** sem gerðar eru á málefнасviðinu. Rétt er að vekja athygli á því að þær ráðstafanir endurspeгла þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins og getur sú niðurstaða eftir atvikum verið frábrugðin þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun fyrir árin 2022–2026, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.
 - Í fjórða lagi **útgjaldasvigrúm** sem ráðstafað er til nýrra og aukinna verkefna.
 - Loks eru í fimmta lagi settar fram **launa-, verðlags- og gengisbreytingar** í útgjaldarömmum málefнасviðanna. Nánar er fjallað um forsendur þeirra

breytinga í kafla 5.5 í frumvarpinu.

- sýnd er sundurliðun á fjárheimildum málefnasviðsins í heild sinni eftir hagrænni skiptingu auk fjármögnunar útgjaldanna.
 - Í fyrsta lagi er um að ræða **rekstrarframlög**, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum.
 - Í öðru og þriðja lagi eru **tilfærslur fjár úr ríkissjóði** til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í **rekstrartilfærslur** og hins vegar **fjármagnstilfærslur** sem veittar eru til fjárfestinga.
 - Í fjórða og síðasta lagi er fjallað um **fjárfestingarframlög** en vakin er athygli á því að í uppgjöri ríkisfjármála samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum eru þau framlög ekki gjaldfærð í rekstrarreikningi heldur eignfærð í efnahagsreikningi.
- loks er í greinargerð hvers málaflokks fyrir sig gerð grein fyrir heildarfjárheimild málaflokksins fyrir komandi fjárlagaár auk þess sem fjallað er um helstu breytingar á fjárheimildum frá gildandi fjárlögum.
- í fylgiriti fjárlaga má finna hagræna skiptingu fjárheimilda eftir málaflokkum og viðföngum.

Með ítarlegri kynningu á stefnum fyrir málefnasvið í árlegri fjármálaáætlun er leitast við að tryggja að Alþingi búi yfir sem greinarbestum upplýsingum um meginlinur og áherslur þegar það fjallar um áætlun sem er stefnumarkandi fyrir ríkisstarfsemina í heild sinni til meðallangs tíma.

Þegar kemur að umfjöllun þingsins um fjárlagafrumvarp til eins árs er rökrétt að leggja áherslu á að veita þinginu nánari upplýsingar og skýringar er varða útfærslu og breytingar á fjárheimildum málaflokka á því fjárlagaári sem frumvarpið tekur til. Með þessu móti er stuðlað að því að umfjöllun og ákvarðanatöku um starfsemi og verkefni á einstökum málefnasviðum og málaflokkum við setningu fjárlaga til eins árs í senn sé sett í skýrara samhengi við stefnumið fjármálaáætlunar til næstu fimm ára. Sem dæmi um þetta eru markmið málaflokka birt í töflu með yfirliti yfir helstu verkefni á árinu 2022 til að sýna hvernig vinna á að framgangi markmiðanna.

Viðauki

Greinargerð ráðuneyta um málefnasvið og málaflokka**Efnisyfirlit**

1. Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	170
2. Dómsstólar	174
3. Æðsta stjórnarsýsla	178
4. Utanríkismál	182
5. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	189
6. Hagskýrslugerð og grunnskrár	198
7. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	202
8. Sveitarfélög og byggðamál	208
9. Almanna- og réttaröryggi	213
10. Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla dómsmála	221
11. Samgöngu- og fjarskiptamál	228
12. Landbúnaður	234
13. Sjávarútvegur og fiskeldi	238
14. Ferðaþjónusta	242
15. Orkumál	245
16. Markaðsefirlit, neytendamál og stjórnarsýsla atvinnumála og nýsköpunar	248
17. Umhverfismál	252
18. Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	260
19. Fjölmíðlun	268
20. Framhaldsskólastig	271
21. Háskólastig	276
22. Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og menningarmála	281
23. Sjúkrahúsþjónusta	286
24. Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	291
25. Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	297
26. Lyf og lækningarvörur	301
27. Örorka og málefni fatlaðs fólks	305
28. Málefni aldraðra	311

29. Fjölskyldumál	315
30. Vinnumarkaður og atvinnuleysi	322
31. Húsnæðisstuðningur	327
32. Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	330
33. Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	337
34. Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	340
35. Alþjóðleg þróunarsamvinna	343

01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð forseta Alþingis. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
01.10 Alþingi	4.988,0	5.798,2	6.110,2	5,4	22,5
00 Æðsta stjórn ríkisins	4.988,0	5.798,2	6.110,2	5,4	22,5
01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis	1.156,8	1.162,6	1.177,5	1,3	1,8
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.156,8	1.162,6	1.177,5	1,3	1,8
Samtals	6.144,8	6.960,8	7.287,7	4,7	18,6

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Heildargjöld málefнасviðs *01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess* árið 2022 eru áætluð 6.976 m.kr. og aukast um 15 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 0,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 327 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 4,7%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess					
Rekstrarframlög	5.073,0	5.420,3	5.507,1	1,6	8,6
Rekstrartilfærslur	140,1	123,2	121,2	-1,6	-13,5
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	931,7	1.417,3	1.659,4	17,1	78,1
Heildarútgjöld	6.144,8	6.960,8	7.287,7	4,7	18,6
Rekstrartekjur	-	131,5	140,8	7,1	-
Framlag úr ríkissjóði	-	6.829,3	7.146,9	4,7	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	6.960,8	7.287,7	4,7	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

01.1 Alþingi

Starfsemi málaflokksins er í höndum forseta Alþingis. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta stafrænt aðgengi þingmanna að upplýsingum og gögnum.		
Þróun og gerð þingmannagáttar.	Forsætisnefnd Alþingis	38 m.kr.
Markmið 2: Styrkja sérfræðilega aðstoð við þingnefndir.		
Ráðning sérfræðings á nefndasvið Alþingis.	Forsætisnefnd Alþingis	12,5 m.kr.
Markmið 3: Bæta gæði og öryggi upplýsingakerfa Alþingis.		
Endurgerð þingmálakerfis.	Forsætisnefnd Alþingis	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 6.110 m.kr. og hækkar um 46 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 266 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins fyrir nýbyggingu Alþingis er aukin um 200 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 181 m.kr. vegna tímabundinnar fjárveitingar til að standa straum af kostnaði tengdum alþingiskosningum 2021.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 53,6 m.kr.

01.2 Eftirlitsstofnanir Alþingis

Starfsemi málaflokksins er í höndum umboðsmanns Alþingis og ríkisendurskoðanda. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Viðhalda og helst auka afgangshraða kvartana.		
Taka í notkun hugbúnað til rafræna samskipta vegna erinda og gagna þeirra sem kvarta við stjórnvöld.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
Markmið 2: Fjölga athugunum til að borgararnir fái þau réttindi sem Alþingi hefur samþykkt.		
Aukin áhersla á frumkvæðis- og vettvangsathuganir, sem er þó háð fjölgun starfsfólks.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
Markmið 3: Auka upplýsingagjöf um niðurstöður og skýrslur.		
Birta sem fyrst eftir lok máls í gagnagrunni reifun álita og bréfa.	Umboðsmaður Alþingis	7 m.kr.
Markmið 4: Skýrari ábyrgð í opinberri þjónustu.		
Kanna ráðstöfun fjárveitinga til allra málefnasviða og málaflokka, hafa eftirlit með ríkistekjum og endurskoða alla ríkisaðila í A-hluta á hverju ári.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
Haga endurskoðun m.t.t. skilgreinds mats á mikilvægi og áhættu. Annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga með vísun til málefнасviða og málaflokka. Skila í skýrslum skýrum niðurstöðum um endurskoðun og ábendingar til úrbóta.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma

Markmið 5: Betri nýting ríkisfjármuna.

Verkefnaval stjórnsluúttekta taki mið af umfangi á fjárlögum. Úttektir verði stærri, skýrari í framsetningu og ályktunum er skili meiri árangri og séu áhrifameiri.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
---	--------------------	-------------

Markmið 6: Bætt stjórnslá.

Taka upp stafræna þjónustugátt vegna skila á gögnum frá stjórnmalasamtökum og framþjóðendum, sjóðum, sjálfseignarstofnunum og kirkjugörðum. Stuðla að því að ríkisaðilar leggi áherslu á að veita rafræna þjónustu til viðskiptavina sinna. Jafnframt skal sinna almennu leiðbeiningarstarfi á þessu sviði.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
---	--------------------	-------------

Markmið 7: Efla eftirlit með tekjuöflun ríkisins, rekstrartekjum stofnana og innheimtu opinberra gjalda.

Heimsækja ríkisaðila og innheimtumenn til að kanna tekjuskráningu og innheimtu.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
---	--------------------	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 1.135 m.kr. og lækkar um 31 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 46 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 10 m.kr. vegna tímabundinnar fjárveitingar til umboðsmanns á fyrra ári fyrir settan umboðsmann.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 15 m.kr. og er skiptist þannig að aðhaldskrafa umboðsmanns er 4 m.kr. og Ríkisendurskoðunar 11 m.kr.

02 Dómstólar

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
02 Dómstólar					
02.10 Hæstiréttur	428,3	457,9	469,2	2,5	9,5
00 Æðsta stjórn ríkisins	196,5	218,6	241,7	0,5	28,7
06 Dómsmálaráðuneyti	231,8	239,3	227,5	0,5	28,7
02.20 Héraðsdómstólar	1.814,0	1.920,2	2.037,5	6,1	12,3
06 Dómsmálaráðuneyti	1.814,0	1.920,2	2.037,5	6,1	12,3
02.30 Landsréttur	718,1	741,6	793,3	7,0	10,5
06 Dómsmálaráðuneyti	718,1	741,6	793,3	7,0	10,5
02.40 Dómstólasýslan	282,7	360,7	356,7	-1,1	26,2
06 Dómsmálaráðuneyti	282,7	360,7	356,7	-1,1	26,2
Samtals	3.243,1	3.480,4	3.656,7	5,1	12,8

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Heildargjöld málefнасviðs 2 Dómstólar árið 2022 eru áætluð 3.656,7 m.kr. og lækka um 77,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021 eða sem svarar til 2,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af

almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 176 m.kr. milli ára eða sem svarar til 5,1%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
02 Dómstólar					
Rekstrarframlög	3.243,1	3.404,7	3.577,2	5,1	10,3
Rekstrartilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjármagnstiltfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	75,7	79,5	5,0	-
Heildarútgjöld	3.243,1	3.480,4	3.656,7	5,1	12,8
Rekstrartekjur	-	1,2	1,3	8,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	3.479,2	3.655,4	5,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	3.480,4	3.656,7	5,1	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

02.1 Hæstiréttur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Hæstaréttar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Öll verkefni á þessu málefnasviði má finna undir málaflokki 02.4 *Dómstólasýslan*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 469,2 m.kr. og lækkar um 22,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 33,4 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 10 m.kr. vegna tímabundinnar millifærslu framlags til fjármögnunar réttarvörslugáttar sem er stafrænn farvegur fyrir örugga og hraða miðlun á gögnum milli aðila í réttarvörslukerfinu. Verkefnið er vistað á málefnasviði 9 *Almanna- og réttaröryggi*.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 12 m.kr. vegna tímabundins framlags til ritunar sögu Hæstaréttar sem fellur niður þar sem fjármögnun verkefnisins er lokið.

02.2 Héraðsdómstólar

Starfsemi málaflokksins er í höndum átta héraðsdómstóla sem hver um sig lýtur daglegri stjórnun dómstjóra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Verkefni á þessu málefnasviði má finna undir málaflokki *02.4 Dómstólasýslan*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 2.037,5 m.kr. og lækkar um 34,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 151,8 m.kr.

Breytingin skýrist aðallega af 30 m.kr. lækkun vegna tímabundinnar millifærslu framlags til fjármögnunar réttarvörslugáttar en verkefnið er vistað á málefnasviði *09 Almanna- og réttaröryggi*. Um ræðir ráðstöfun úr varasjóði málefnasviðs *02 Dómstólar* sem vistaður er undir málaflokki *02.2 Héraðsdómstólar*.

02.3 Landsréttur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Landsréttar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Verkefni á þessu málefnasviði má finna undir málaflokki *02.4 Dómstólasýslan*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 793,3 m.kr. og lækkar um 1,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 53,3 m.kr.

02.4 Dómstólasýslan

Starfsemi málaflokksins er í höndum Dómstólasýslunnar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 356,7 m.kr. og lækkar um 19,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 15,6 m.kr.

Breytingin skýrist aðallega af 20 m.kr. lækkun vegna tímabundinnar millifærslu framlags til fjármögnunar réttarvörslugáttar sem er stafrænn farvegur fyrir örugga og hraða miðlun á gögnum milli aðila í réttarvörslukerfinu en verkefnið er vistað á málefnasviði *9 Almanna- og réttaröryggi*.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Réttlát og opinber málsmeðferð		
Endurskoðun löggjafar vegna stafrænnar málsmeðferðar í einkamálum og sakamálum.*	DMR/Dómstólasýslan	Innan ramma
Samþætting málaskrárkerfis dómstólanna og réttarvörslugáttar.*	Dómstólasýslan	Innan ramma
Opinbert aðgengi að bættum tölfraediupplýsingum.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Markmið 2: Aukin skilvirkni og gæði		
Uppfærsla tækni- og hugbúnaðar sem styður við stafræna málsmeðferð.*	Dómstólasýslan	Innan ramma
Styrking miðlægrar tæknistjórnunar.*	DMR/Dómstólasýslan	Innan ramma
Greining á hagkvæmni talgreinis.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Rafræn skil gagna til Þjóðskjalasafns.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Markmið 3: Aukið traust til dómstóla		
Greining á þörf á meiri og betri upplýsingum til almennings.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Aðgerðir undir markmiðum 1 og 2 styðja einnig við þetta markmið		

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 10.4

03 Æðsta stjórnarsýsla

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð forsætisráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
03 Æðsta stjórnarsýsla					
03.10 Embætti forseta Íslands	321,7	336,8	344,9	2,4	7,2
00 Æðsta stjórn ríkisins	321,7	336,8	344,9	2,4	7,2
03.20 Ríkisstjórn	665,7	681,3	714,9	4,9	7,4
00 Æðsta stjórn ríkisins	665,7	681,3	714,9	4,9	7,4
03.30 Forsætisráðuneyti	1.646,4	1.690,2	2.414,7	42,9	46,7
01 Forsætisráðuneyti	1.646,4	1.690,2	2.414,7	42,9	46,7
Samtals	2.633,8	2.708,3	3.474,5	28,3	31,9

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðs 3 Æðsta stjórnarsýsla árið 2022 eru áætluð 3.474,5 m.kr. og hækka um 662,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 24%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 766,2 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 28,3%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
03 Æðsta stjórnýsla					
Rekstrarframlög	2.326,2	2.217,5	2.392,6	7,9	2,9
Rekstrartilfærslur	92,7	52,7	53,5	1,5	-42,3
Fjármagnstiltfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	214,9	438,1	1.028,4	134,7	378,5
Heildarútgjöld	2.633,8	2.708,3	3.474,5	28,3	31,9
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	2.708,3	3.474,5	28,3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	2.708,3	3.474,5	28,3	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

03.1 Embætti forseta Íslands

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis forseta Íslands. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 344,9 m.kr. og lækkar um 11,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 19,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 12,5 m.kr. þar sem tímabundin fjárheimild vegna forsetaritaraskipta fellur niður.
- Tímabundin lækkun ferðakostnaðar að upphæð 8,2 m.kr. vegna áhrifa COVID-19 er færð aftur inn.
- Hlutdeild málaflokksins í veltutengdri aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 6,6 m.kr., eða 2%.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 700 þús.kr. vegna nýs samnings við Microsoft og breytt greiðslufyrirkomulag leyfa.

03.2 Ríkisstjórn

Undir málaflokkinn falla laun ráðherra í ríkisstjórn og aðstoðarmanna þeirra. Liðurinn tekur breytingum í samræmi við fjölda ráðherra og aðstoðarmanna á hverjum tíma.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 714,9 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 33,6 m.kr.

03.3 Forsætisráðuneyti

Undir þennan málaflokk fellur aðalskrifstofa forsætisráðuneytisins og tengd verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefнасvið og málaflokka.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins á árinu 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Auka gagnsæi og gæði við undirbúning lagasetningar og stefnumótunar.		
Þróa og gefa út áformaskjal fyrir stefnumótandi áætlanagerð.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Þróa áfram leiðbeiningarit um stefnumótandi áætlanagerð, með sérstaka áherslu á stefnumótandi framsýni og eftirfylgni með stefnum.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Fylgja eftir aðgerðaáætlun um fjórðu iðnbyltinguna til samhæfingar stefnumótunar milli ráðuneyta.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Þróa og birta mælaborð um stöðu þjóðaröryggismælikvarða (þjóðaröryggisvísa).	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Efla tölfraeðilegar upplýsingar í Samráðsgátt.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Þróa áfram leiðarvísi um undirbúning og vinnslu stjórnarfrumvarpa á innri vef Stjórnarráðsins, með sérstakri áherslu á algeng ákvæði og framsetningu (uppfært efni handbókar frá 2007).	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Þróa og birta leiðarvísi fyrir undirbúning og vinnslu þingsályktunartillagna á innri vef Stjórnarráðsins.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Styrkja samhæfingu og eftirfylgni með verkefnum í nýjum stjórnarsáttmála.	Forsætisráðuneyti	45 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 2.414,7 m.kr. og hækkar um 674,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 50,2 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 15 m.kr. til að styrkja starfsemi úrskurðanefndar um upplýsingamál í ljósi síaukins málafjölda. Fjöldi mála var 84 árið 2017, 164 árið 2018, 218 árið 2019 og 268 árið 2020.
- Almennt útgjaldasvigrúm að upphæð 20 m.kr. nýtt til að viðhalda starfsemi ráðuneytisins í ljósi aðhalds undangenginna ára.
- Tímabundin lækkun ferðakostnaðar að upphæð 20,9 m.kr. vegna áhrifa COVID-19 gengur til baka og kemur aftur inn.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 500 m.kr. vegna tímabundins fjárfestingarframlags vegna viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið.

- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 15 m.kr. þar sem tímabundin fjárheimild vegna stjórnarskrárnefndar fellur niður.
- f. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 45 m.kr. vegna nýrra verkefna í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.
- g. Fjárheimild málaflokksins hækkar tímabundið til eins árs um 20 m.kr. vegna endurskoðunar á skipulagi ráðuneytisins.
- h. Fjárheimild málaflokksins hækkar tímabundið um 99 m.kr. vegna fjárfestingarframlags til að ráðast í endurbætur á innviðum Bessastaðakirkju.
- i. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 3,6 m.kr. vegna nýs samnings við Microsoft og breytts greiðslufyrirkomulags leyfa.
- j. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 27 m.kr. og er hún útfærð með þeim hætti að fjárheimild vegna átaks í innleiðingu EES-gerða er lækkuð um sem nemur 26,7 m.kr. og rekstrarfjárfesting í tækjum og búnaði um 0,3 m.kr.

04 Utanríkismál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
04 Utanríkismál					
04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utani	6.476,8	6.926,7	6.869,9	-0,8	6,1
03 Utanríkisráðuneyti	6.476,8	6.926,7	6.869,9	-0,8	6,1
04.20 Utanríkisviðskipti	842,0	812,0	885,0	9,0	5,1
03 Utanríkisráðuneyti	842,0	812,0	885,0	9,0	5,1
04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál	2.497,0	2.871,8	2.999,0	4,4	20,1
03 Utanríkisráðuneyti	2.497,0	2.871,8	2.999,0	4,4	20,1
04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjó	2.430,1	3.490,0	3.070,5	-12,0	26,4
03 Utanríkisráðuneyti	2.430,1	3.490,0	3.070,5	-12,0	26,4
Samtals	12.245,9	14.100,5	13.824,4	-2,0	12,9

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Heildargjöld málefnasviðs 4 Utanríkismál árið 2022 eru áætluð 13.824,4 m.kr. og lækka um 343,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til -2,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 276,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 2%.

Breytingar á ramma milli árána 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var

út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
04 Utanríkismál					
Rekstrarframlög	8.733,8	9.335,8	9.410,4	0,8	7,7
Rekstrartilfærslur	3.510,6	4.467,8	4.108,6	-8,0	17,0
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	1,5	296,9	305,4	2,9	20.260,0
Heildarútgjöld	12.245,9	14.100,5	13.824,4	-2,0	12,9
Rekstrartekjur	-	469,6	484,1	3,1	-
Framlag úr ríkissjóði	-	13.630,9	13.340,3	-2,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	14.100,5	13.824,4	-2,0	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

04.1 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins, þýðingamiðstöðvar, sendiráða, sendiskrifstofa og borgaraþjónustu. Markmið og aðgerðir málaflokksins skarast að einhverju leyti við markmið og aðgerðir málaflokks 4.2 *Utanríkisviðskipti*. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Standa vörð um grunnildi í utanríkisstefnu Íslands á vettvangi fjölþjóðlegrar og tvíhliða samvinnu.		
Auka þátttöku í svæðisbundnu samstarfi á vettvangi Norðurlanda og norðurslóða.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Undirbúa formennsku Íslands í Evrópuráðinu (2022–2023).	Utanríkisráðuneyti	23,5 m.kr.
Stjórnarseta Íslands í UNESCO og norræn samræming á málefnum stofnunarinnar.	Utanríkisráðuneyti	39,3 m.kr.

Efla samstarf þvert á fagráðuneyti og auka þátttöku í samningaviðræðum, alþjóðlegum viðburðum og svæðasamstarfi, í málefnum sjálfbærrar nýtingar auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Fylgja eftir jafnréttisáherslum Íslands á alþjóðavettvangi, m.a. í aðgerðabandalagi UN Women í verkefni „Kynslóð jafnréttis“.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Standa vörð um hagsmuni íslenskra ríkisborgara erlendis.

Styrkja borgarþjónustu, bæta upplýsingar til almennings á vef, innleiða stafrænar lausnir.	Utanríkisráðuneyti og stjórnsýslustofnanir	Innan ramma
Þetta net kjöræðismanna og styrkja starfsemi þeirra til að geta þjónustað íslenska ríkisborgara erlendis.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma

Markmið 3: Tryggja íslenskum fyrirtækjum sem bestan aðgang að erlendum mörkuðum.

Tryggja að stuðningur við íslenska útflutningshagsmuni verði forgangsmál við framkvæmd utanríkisstefunnar í kjölfar COVID-19.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Fylgja eftir forgangslista ríkisstjórnarinnar í hagsmunagæslu þegar kemur að mótun EES-löggjafar.	Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti	Innan ramma
Efla þekkingu á EES-samningnum og hlúa að mannauði sem kemur að framkvæmd hans, svo sem með málstofum og aukinni fræðslu, t.d. í samstarfi við Stjórnarráðsskólann.	Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti	Innan ramma
Viðhalda frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða.	Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti	Innan ramma
Fjölga fríverslunarsamningum og öðrum viðskiptasamningum.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Undirbúa og fara í samningaviðræður vegna nýs tímabils Uppbyggingarsjóðs EES.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Formennska í Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) 2021–2022.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 6.869,9 m.kr. og lækkar um 204,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 147,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 23,5 m.kr. vegna formennsku í Evrópuráðinu 2022–2023.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 51,6 m.kr. vegna leiðréttingar á skerðingu ferðakostnaðar.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 39,3 m.kr. vegna framboðs Íslands til framkvæmdastjórnar UNESCO.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 50 m.kr. vegna útgjaldasvigrúms.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 22 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til starfa forseta og Hringborðs Norðurslóða (e. Arctic Circle).

- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 126 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi sem veitt var í tengslum við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2019–2021.
- g. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 64 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi sem veitt var vegna úrsagnar Bretlands úr ESB.
- h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 17,6 m.kr. vegna nýs samnings við Microsoft og breytts greiðslufyrirkomulags vegna hugbúnaðarleyfa.
- i. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 139,2 m.kr. Gert er ráð fyrir að hagrætt verði í rekstri.

04.2 Utanríkisviðskipti

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins og Íslandsstofu, þótt allir fjármunir þessa málaflokks renni til Íslandsstofu. Náið samstarf er haft við Íslandsstofu um ýmis verkefni á sviði markaðssetningar og kynningarstarfs erlendis á íslenskum vörum, þjónustu og menningu. Markmið og aðgerðir málaflokksins skarast af þeim sökum að einhverju leyti við markmið og aðgerðir málaflokks 4.1 *Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála*. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Unnið verður eftir Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning, þar hafa verið skilgreind mælanleg árangursviðmið sem verða notuð til að meta árangur af starfi. ¹		
Styrkja viðskiptaþjónustu sendiskrifstofa við fyrirtæki í milliríkjavíðskiptum í samræmi við stefnumarkandi áherslur í <i>Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning</i> .	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 885 m.kr. og hækkar um 73 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkunin er í samræmi við áætlaða hækkun tekna ríkisins af markaðsgjaldi í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021. Ráðherra ákvarðar fjárveitingar til Íslandsstofu á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum og skal hún aldrei vera lægri en sem nemur markaðsgjaldi, sbr. 1. gr. laga nr. 47/2018, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur. Breytt lög um Íslandsstofu kveða á um þjónustusamning milli ríkisins og Íslandsstofu. Sú fjárhæð sem birtist hér endurspeglar ekki öll útgjöld utanríkisþjónustunnar vegna utanríkisviðskipta. Hér er aðeins um að ræða fjárheimildir vegna Íslandsstofu. Megnið af fjárveitingum vegna utanríkisviðskipta fellur undir málaflokkinn 4.1 *Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála* og rennur til aðalskrifstofu, þýðingamiðstöðvar og sendiskrifstofa.

Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

¹ Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning er að finna á: <https://stefnumotun.islandsstofa.is/>.

Fjarheimild málaflokksins hækkar alls um 73 m.kr. í samræmi við áætlaða hækkun tekna ríkisins af markaðsgjaldi í fjárlagafrumvarpi fyrir 2022.

04.3 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins og skiptist í þrjú megin svið.

Í fyrsta lagi hefur fjölþjóðasamstarf um öryggis- og varnarmál vaxið að mikilvægi undanfarin ár vegna breytinga í alþjóðlegu öryggisumhverfi. Tvíhliða og fjölhliða samstarf og samráð um öryggispólitísk málefni heyrir hér undir. Aðildin að Atlantshafsbandalaginu er ásamt varnarsamningnum við Bandaríkin hornsteinn öryggis og varna Íslands og er þátttöku Íslands í öryggispólitísku og hernaðartengdu samstarfi á vettvangi bandalagsins sinnt af ráðuneytinu og fastanefnd Íslands hjá bandalaginu. Ráðuneytið sinnir einnig þátttöku Íslands í norræna varnarsamstarfinu (NORDEFCO), samráði á vettvangi Norðurhópsins og NB8-rikkanna um öryggis- og varnarmál og samstarfi á vettvangi Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF) sem Ísland gerðist aðili að fyrir á árinu. Önnur viðfangsefni eru framkvæmd öryggisráðsályktunar 1325 á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, öryggispólitísk málefni á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og framkvæmd afvopnunar samninga og stöðugleikaaðgerða á vettvangi ÖSE, SP og annarra alþjóðastofnana. Tvíhliða samstarf og samráð á grundvelli grannríkjasamninga er jafnframt á borði ráðuneytisins og stefnumótun, greining, samráð og miðlun upplýsinga um öryggis- og varnartengd málefni.

Í öðru lagi eru fjölþáttaógnir þar sem hugað er sérstaklega að: Netöryggisatvikum, sem eiga upptök sín erlendis; mögulegum markvissum fjárfestingum erlendra aðila í þjóðhagslega mikilvægum innviðum eða fyrirtækjum; falsfréttum og misvísandi upplýsingum sem eiga uppruna sinn frá erlendum ríkjum eða aðilum tengdum ríkjum og því að auka viðnámsþol stjórnkerfisins, m.a. með fræðslu og miðlun upplýsinga á málefнасviðinu. Unnið er markvisst að því að auka skilvirkni í samskiptum ólíkra ráðuneyta, stofnana, ráða, fræðasamfélagsins og einkafyrirtækja sem fást við málefni sem snerta fjölþáttaógnir og að því að auka enn frekar samstarf okkar við hlutaðeigandi aðila í okkar nánustu vana- og bandalagsríkjum á þessu málefнасviði.

Í þriðja lagi er rekstur og fjármögnun varnartengdra rekstrarverkefna og yfirumsjón með öryggis- og varnarsvæðum á Íslandi, rekstur tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna sem m.a. felur í sér reglulegt samráð við bandarísk stjórnvöld, bæði hér á landi og vestan hafs, og undirbúningur og framkvæmd varnaræfinga sem haldnar eru á íslensku yfirráðasvæði. Enn fremur útsending íslenskra sérfræðinga til Atlantshafsbandalagsins sem hluti af framlagi Íslands til stofnunarinnar og sérfræðinga til annarra erlendra samstarfsaðila. Að því er varðar framkvæmd varnartengdra rekstrarverkefna er náið samstarf við dómsmálaráðuneytið og annast varnarmálasvið Landhelgisgæslu Íslands framkvæmd ýmissa varnartengdra rekstrarverkefna á sviði öryggis- og varnarmála á grundvelli þjónustusamnings milli ráðuneytanna frá 1. ágúst 2021. Ráðuneytið felur ríkislögreglustjóra einnig að annast tiltekin verkefni á sviði öryggis- og varnarmála með þjónustusamningi. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<p>Markmið 1: Efla varnir Íslands í ljósi breytts ástands öryggismála á Norður-Atlantshafi og aukins mikilvægis Íslands í varnarsamstarfinu. Hnattræn lega Íslands gegnir lykilhlutverki í liðs- og birgðaflutningum yfir hafið.</p>		
<p>Viðhalda varnarmannvirkjum og kerfum, þ.m.t. uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið (ACCS) vegna þátttöku Íslands í loftrýmisefirliti, loftrýmisgæslu og eftirliti með hafinu.</p>	<p>Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan</p>	<p>6 m.kr.</p>
<p>Markmið 2: Efla virka þátttöku Íslands í öryggis- og varnarsamstarfi á vettvangi NATO, NORDEFCO og ÖSE með virku samstarfi við grannríkin og bandalagsríki á sviði öryggismála.</p>		
<p>Virk þátttaka Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFCO, Norðurhópsins, JEF og Sameinuðu þjóðanna á sviði öryggis- og varnarmála, m.a. með þátttöku í fundum og æfingum.</p>	<p>Utanríkisráðuneyti</p>	<p>Innan ramma</p>
<p>Markmið 3: Efla gistiríkjastuðning og viðbúnaðargetu Íslands þannig að tryggt sé að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkjastuðningur, viðbúnaðargeta, öryggi og sérfræðikunnátta til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.</p>		
<p>Senda einn starfsmann á ári á námskeið hjá bandalagsríkjunum og stofnunum Atlantshafsbandalagsins sem vinnur að loftrýmisgæslu og rekstri ratsjárkerfisins.</p>	<p>Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan</p>	<p>Innan ramma</p>
<p>Fjölga ríkjum sem sinna loftrýmisgæslu á Íslandi með það að markmiði að þétta loftrýmisgæslu.</p>	<p>Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan</p>	<p>Innan ramma</p>
<p>Fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum.</p>	<p>Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan</p>	<p>Innan ramma</p>
<p>Markmið 4: Efla starfsemi á sviði fjölþáttaðgna, einkum netöryggismála sem miða að því að verjast falsfréttum og misvísandi upplýsingum sem eiga uppruna sinn frá erlendum ríkjum og markvissum fjárfestingum erlendra aðila í þjóðhagslega mikilvægum innviðum eða fyrirtækjum.</p>		
<p>Senda sérfræðinga til starfa hjá Öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netöryggi, Öndvegissetri um fjölþáttaðgnir í Helsinki og Netöryggismiðstöð Atlantshafsbandalagsins.</p>	<p>Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan</p>	<p>Innan ramma</p>
<p>Styrkja fastanefnd Íslands við Atlantshafsbandalagið um einn starfsmann á sviði fjölþáttaðgna og tvo starfsmenn á fjölþáttaðgnadeild öryggis- og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.</p>	<p>Utanríkisráðuneyti</p>	<p>Innan ramma</p>

Heildarfjárheimild til málaflöksins fyrir árið 2022 er áætluð 2.999 m.kr. og lækkar um 14,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 141,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 6 m.kr. vegna sammingsbundins samstarfs um öryggis- og varnarmál á grundvelli tvíhliða varnarsamstarfs við Bandaríkin og aðild að Atlantshafsbandalaginu og eru í samræmi við þjóðaröryggisstefnu Íslands þar sem áréttuð er nauðsyn þess að hér á landi sé ávallt til staðar gistiríkjustuðningur, varnarmannvirki, búnaður, kerfi, geta og sérfræðipækking til að mæta áskorunum í öryggis- og varnarmálum.
- b. Útfærsla á aðhaldskröfu nemur 58 m.kr.
- c. Fjárheimild málaflokksins eykst um 37,7 m.kr. vegna leiðréttingar á skerðingu ferðakostnaðar.

04.5 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins. Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölþjóðasamstarfs þvert á verkefni sem falla undir málefнасviðið utanríkismál. Markmið málaflokksins er að fjármagna ýmiss konar aðildargjöld, svo sem vegna Uppbyggingarsjóðs EES, stofnana Sameinuðu þjóðanna og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Aðildargjöld margra þessara stofnana taka mið af landsframléiðslu og öðrum þáttum sem íslensk stjórnvöld hafa ekki áhrif á. Því eru ekki skilgreindir mælikvarðar eða aðgerðir vegna eðlis málaflokksins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 3.070,5 m.kr. og lækkar um 197,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær leiða til frekari lækkunar sem nema 221,8 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 232,7 vegna lækkunar framlaga til Uppbyggingarsjóðs EES.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 35 m.kr. vegna sammingsbundinna hækkana á aðildargjöldum til annarra alþjóðastofnana.

05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á málefnasviðinu er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla					
05.10 Skattar og innheimta	8.642,7	9.058,8	9.099,3	0,4	5,3
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	8.642,7	9.058,8	9.099,3	0,4	5,3
05.20 Eignaumsýsla ríkisins	11.776,0	15.500,2	15.822,3	2,1	34,4
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	11.776,0	15.500,2	15.822,3	2,1	34,4
05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins	5.185,1	4.897,3	5.444,6	11,2	5,0
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	5.185,1	4.897,3	5.444,6	11,2	5,0
05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála	7.394,2	7.289,0	8.730,8	19,8	18,1
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	7.394,2	7.289,0	8.730,8	19,8	18,1
Samtals	32.998,0	36.745,3	39.097,0	6,4	18,5

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviðs. Heildargjöld málefnasviðsins árið 2022 eru áætluð 39.097 m.kr. og aukast um 698,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021 eða sem svarar til 1,9%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.351,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 6,4%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla					
Rekstrarframlög	30.784,7	31.416,3	34.908,6	11,1	13,4
Rekstrartilfærslur	1.040,4	1.019,5	1.019,5	0,0	-2,0
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	1.172,9	4.309,5	3.168,9	-26,5	170,2
Heildarútgjöld	32.998,0	36.745,3	39.097,0	6,4	18,5
Rekstrartekjur	-	16.617,4	18.126,6	9,1	-
Framlag úr ríkissjóði	-	20.127,9	20.970,4	4,2	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	36.745,3	39.097,0	6,4	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

05.1 Skattar og innheimta

Starfsemi málaflokksins er í höndum Skattsins og yfirskattanefndar. Skipulag Skattsins gerir ráð fyrir sex kjarnasviðum sem eru álagningar svið, eftirlitssvið, innheimtu- og skráasvið og samskiptasvið auk rannsóknarsviðs og Tollgæslu Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta skattskil og tekjuöflun til sameiginlegra útgjalda.		
Skattrannsóknir og skatteftirlit eflt, m.a. með áherslu á áhættustjórnun og að uppræta peningabætti.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn	100 m. kr.
Heildarendurskoðun á lögum um virðisaukaskatt til að tryggja skatttekjur ríkissjóðs og mæta þeim kröfum sem gerðar eru í viðskiptaumhverfinu á	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn	Innan ramma

hverjum tíma. Tæknibreytingar og þróun á sviði stafrænna viðskipta kalla m.a. á endurskoðun á innheimtu virðisaukaskatts vegna viðskipta yfir landamæri.

Endurskoðun tryggingagjalds, m.a. með tilliti til samspils atvinnuþryggingagjalds og almenna tryggingagjaldsins.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Bæta greiningu tekjugagna og mat áhrifa skattkerfisbreytinga á mismunandi tekju- og eignahópa samfélagsins, auk greininga á mismunandi áhrifum skattkerfisins á kynin.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma

Markmið 2: Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.

*Aukin áhersla á samræmingu og einföldun gjalddaga á sköttum og gjöldum, rafræn skil og aukna sjálfvirkni í innheimtu með aðgengilegri þjónustu og sjálfsafgreiðslu.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Skatturinn og Fjársýsla ríkisins	Innan ramma
Aukið samstarf og stöðlun stafrænna gagna í þágu viðskiptakerfa með það að markmiði að fækka hindrunum innan Norðurlandanna í samræmi við Nordic Smart Government sem gerir fyrirtækjum og stofnunum kleift að miðla og sækja viðskipta- og bókhaldsgögn á sjálfvirkan og öruggan hátt í því sem næst rauntíma.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Skatturinn	Innan ramma
Þróa samræmda aðferðafræði við mat á skattagapinu sem er mismunurinn á þeim tekjum sem myndu fást ef skattskil væru fullkomin miðað við gildandi skattkerfi og þeim tekjum sem raunverulega skila sér.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Skatturinn og Hagstofan	Innan ramma
Áfram verði unnið með heildstæðum hætti að greiningu á skattlagningu og skattaívilnunum sem varða stefnumörkun í umhverfismálum.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Innan ramma

Markmið 3: Greiða fyrir orkuskiptum í samgöngum.

**Áfram verði unnið að endurskoðun á gjaldtöku í samgöngum með það að markmiði að framtíðarskattlagning ökutækja byggist í auknum mæli á notkun og tæknilegri útfærslu skattlagningarinnar.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið í samstarfi við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Innan ramma
---	--	-------------

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í 6.1.

** Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í 17.5.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 9.099,3 m.kr. og lækkar um 383,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 423,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 100 m.kr. til að efla skatteftirlit, sbr. markmið nr. 1. Um er að ræða framhald af verkefni sem hófst árið 2020. Með auknu skatteftirliti er gert ráð fyrir auknum tekjum ríkissjóðs á næstu árum og þannig jákvæðum áhrifum á afkomu ríkissjóðs.
- b. Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 30 m.kr. til að styðja við stafræna þjónustu Skattsins, sbr. markmið nr. 1 í málaflokki 05.3.
- c. Fjárheimild málaflokksins er **hækkuð** um 50 m.kr. af útgjaldasviði málefнасviðsins til að styðja við starfsemi tollgæslusviðs Skattsins, m.a. vegna fyrirséðrar lækkunar á sértekjum stofnunarinnar.
- d. Fjárheimild málaflokksins er **lækkuð** um 95 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður í takt við áætlanir. Í fyrsta lagi er um að ræða tímabundin verkefni í tengslum við breytingar á lögum um skráningu raunverulegra eigenda og í öðru lagi er um að ræða tímabundin framlög tengd ýmsum úrræðum vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar.
- e. Fjárheimild málaflokksins **hækkar** um 26,9 m.kr. þar sem tímabundin lækkun á fjárheimildum vegna ferðakostnaðar frá árinu 2021 fellur niður.
- f. Fjárheimild málaflokksins **lækkar** um 25,3 m.kr. vegna endurnýjunar á samningi um Microsoft hugbúnaðarleyfi. Gert er ráð fyrir að greiðslu ríkisaðila á hugbúnaðarleyfum til Microsoft verði þannig háttáð að í stað útsendra reikninga fyrir heildarfjárhæð líkt og með eldri samningi verði 2/3 hlutar af kostnaði við leyfin – sem miðast við fjölda leyfa – greiddir með millifærslu af fjárheimild yfir á málaflokk 05.4 *Stjórnarsýsla ríkisfjármála*.
- g. Fjárheimild málaflokksins **hækkar** tímabundið um 12 m.kr. til að mæta kostnaði Skattsins vegna skráningar í almannaheillafélagaskrá í tengslum við lögfestingu frumvarps til laga um félög til almannaheilla.
- h. Sértekjur málaflokksins **hækka** um 207 m.kr. Í fjárlögum ársins 2021 var gerð breyting á fjármögnun Skattsins þar sem 500 m.kr. af starfsemi Skattsins sem áður var fjármögnuð með sértekjum var fjármögnuð með tímabundinni greiðslu úr ríkissjóði. Skv. lögum nr. 25/2020 um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum kórónuveiru sem samþykkt voru á Alþingi 31. mars 2020 var ekki innheimt tollafgreiðslugjald vegna tollafgreiðslu skipa og flugvéla frá og með 1. apríl 2020 til og með 31. desember 2021. Innheimta tollafgreiðslugjalda verður tekin upp að nýju frá og með 1. janúar 2022 og fjármögnun Skattsins því breytt aftur til fyrra horfs með innheimtu tollafgreiðslugjalds en óvissa er um hver þróun á tekjunum verður árið 2022 vegna óvissu um umsvif á flugumferð á Keflavíkurflugvelli.
- i. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 188,7 m.kr. og er útfært hlutfallslega niður á stofnanir málaflokksins.

05.2 Eignaumsýsla ríkisins

Starfsemi málaflokksins er að hluta falin Bankasýsla ríkisins og sameinaðri stofnun Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt yfirsýn, aukið gagnsæi og samfélagslega arðbær rekstur félaga í eigu ríkisins.		
Nýtt verða gögn úr miðlægum gagnagrunni til að bæta framsetningu á upplýsingum um ríkisfyrirtæki á Stjórnarráðsvefnum og birt verður ársskýrsla um ríkisfélög í fyrsta sinn. Innleidd verða ferli um öflun kyngreindra tölfræðigagna, greiningu og reglubundna birtingu á þeim.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Gefnir verða út viðaukar við hina almennu eigandastefnu ríkisins fyrir orkugeirann ásamt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Upplýsingafundur með stærri félögum ríkisins verða formfestir. Á árlegum fundum verður farið yfir áætlanir til fimm ára og stefnu félagana ásamt því að meginreglum, viðmiðum og markmiðum eigandastefnu verður fylgt eftir.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Markmið 2: Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi í meðferð eigna.		
Fjárfestingaráætlun gerð til fimm ára vegna húsnæðis- og framkvæmdarmála ríkisins.	Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir	Innan ramma
Mótun ferla til að tryggja að tekið sé mið af kynja-, umhverfis- og gæðasjónarmiðum í opinberum framkvæmdum.	Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir	Innan ramma
Unnið að mótun sérhæfðra eignumsýslueininga vegna umsjónar fasteigna á Landspítalans.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið í samstarfi við viðkomandi aðila	Innan ramma
Markmið 3: Tryggja sjálfbærni og hagkvæma nýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.		
Innleiðing og eftirfylgni með nýrri rammalöggjöf um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Þróun langtímaáætlunar um ráðstöfun auðlinda og eigna í ríkiseigu.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið í samstarfi við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir	Innan ramma
Ljúka greiningu og skráningu upplýsinga um jarðeignir og auðlindir í eigu ríkisins í korta- og landgrunnupplýsingakerfi.	Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 15.822,3 m.kr. og lækkar um 410,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 732,5 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins **lækkar** um 317,1 m.kr. þar sem framlög vegna endurbóta Sjávarútvegshússins falla niður samkvæmt áætlun.
- b. Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 174,7 m.kr. vegna breytinga á áætluðum rekstrartekjum stofnana til samræmis við áætlanir. Breytingar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlíð.
- c. Fjárheimild málaflokksins **hækkar** um 174,9 m.kr. vegna innleiðingar á markaðsleigu stofnana. Þá hækkar fjárheimild málaflokksins um 255 m.kr. vegna markaðsleigu en um er að ræða hækkun í samræmi við verðlag.
- d. Fjárheimild málaflokksins **lækkar** um 700 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Um er að ræða framkvæmdir sem voru hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.

05.3 Fjármálaumsýsla og mannauðsmál ríkisins

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fjársýslu ríkisins, Ríkiskaupa og Umbru þjónustumiðstöðvar Stjórnarráðsins. Jafnframt falla verkefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins undir þennan málaflokk, s.s. verkefni Stafræns Íslands, Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og verkefni um nýsköpun hjá hinu opinbera. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Betri og skilvirkari þjónusta ríkisstofnana.		
*Aðgerðaáætlun og innleiðing Stafrænnar stefnu hins opinbera. Meðal aðgerða er frekari innleiðing öryggis- og þjónustuþátta Microsoft 365 samningsins og áframhaldandi hröðun innleiðingar á stafrænum þjónustuferlum hins opinbera, s.s. í gegnum Strauminn (X-Road).	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
*Greining á áhrifum stafvæðingar opinberrar þjónustu á samfélagið, s.s. á jafnrétti kynjanna og aðgengi að þjónustu.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
*Stöðumat og greining á fjárfestingarþörf fyrir kjarnaupplýsingakerfi ríkisstofnana.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Innleiðing á innkaupakerfi fyrir stofnanir A1-hluta til að auðvelda greiningar og ná fram betri nýtingu fjármuna í aðföngum ríkisstofnana.	Ríkiskaup	Innan ramma

Markmið 2: Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu.

Þróun þjónustutorgs mannaúðsmála á grundvelli stefnu ríkisins í mannaúðsmálum og styrking miðlægrar þjónustu í kjara- og mannaúðsmálum.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins	35 m.kr.
Innleiðing aðgerðaáætlunar stjórnendastefnu fyrir árin 2022–2024.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Þróun mælaborðs stjórnenda fyrir upplýsta ákvarðanatöku og markmiðasetningu til framtíðar.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Innleiðing og eftirfylgni Betri vinnutíma.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma

Markmið 3: Auka getu ríkisstofnana til að veita góða kjarnaþjónustu.

Nútímavæðing og aukinn samrekstur á skrifstofuhúsnæði opinberra stofnana.	Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir	Innan ramma
Innleiða aðgerðaáætlun sjálfbærrar innkaupastefnu. Meðal aðgerða eru a.m.k. fjögur hagræðingarverkefni þvert á ríkið 2022.	Ríkiskaup	Innan ramma
Aukið aðengi að þekkingarmiðju um upplýsingatæknirekstur stofnana.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Umbra	Innan ramma
*Aðgerðaáætlun og innleiðing Stefnu um notkun skýjalausna.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 6.1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 5.444,6 m.kr. og hækkar um 301,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 245,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldir:

- Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 35 m.kr. til að styrkja upplýsingagjöf og þjónustu í launa- og mannaúðsmálum ríkisins.
- Fjárheimild málaflokksins **hækkuð** um 10 m.kr. til að bæta birtingu á fjárhagsgögnum ríkisins og umgjörð um gerð afkomuspá fyrir ríkissjóðs í samræmi við markmið 3 í málaflokki 5.4.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 12,9 m.kr. vegna flutnings verkefna af málefna sviði *16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar* til Umbra, þjónustumiðstöðvar Stjórnarráðsins.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 5 m.kr. vegna tímabundins framlags sem fellur niður.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 12,9 m.kr. til að mæta hækkun á leigukostnaði vegna innleiðingar markaðsleigu hjá Ríkiseignum.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 8,2 m.kr. vegna endurnýjunar á samningi um Microsoft-hugbúnaðarleyfi. Gert er ráð fyrir að greiðslu ríkisaðila á hugbúnaðarleyfum til Microsoft verði þannig háttáð að í stað útsendra reikninga fyrir heildarfjárhæð líkt og með eldri samningi verði 2/3 hlutar af kostnaði við leyfin – sem

miðast við fjölda leyfa – greiddir með millifærslu af fjárheimild yfir á málaflokk 05.4 Stjórnsýslu ríkisfjármála.

- g. Fjárheimild málaflokksins **hækkar** um 4,9 m.kr. þar sem tímabundin lækkun á fjárheimildum vegna ferðakostnaðar frá árinu 2021 fellur niður.
- h. Fjárheimild málaflokksins er **hækkuð** um 300,6 m.kr. vegna breytinga á áætluðum rekstrartekjum stofnana til samræmis við áætlanir. Breytingarnar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóð þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlíð.
- i. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 61,8 m.kr. og er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni.

05.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem fer með stjórnsýslu ríkisfjármála.

Fjármunum sem ráðstafað er í verkefni Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og verkefnastofu um stafrænt Ísland falla undir málaflokkinn en gerð er grein fyrir markmiðum og áherslum þessara verkefna í málaflokki 5.3. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skýrari tengingar milli stefnu, fjármuna og árangurs.		
Þróun ferla sem tryggja að mat á áhrifum fjárlagatillagna á jafnrétti liggi fyrir við ákvarðanatöku.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Endurnýjun þjóðhagslíkans sem taki mið af þróun opinberra fjármála og endurspegli betur áhrif fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hagstofa Íslands	Innan ramma
Þróun endurmats útgjalda og áætlaður árangur fyrir málaflokka metinn til fjár, sbr. markmið og mælikvarða í fjármálaáætlun.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Markmið 2: Bætt upplýsingagjöf um fjármál og rekstur ríkisins.		
Bætt miðlun fjárhagsupplýsinga ríkissjóðs og greininga á stöðu.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins	10 m.kr.
Áframhaldandi þróun upplýsinga um ríkisfjármál á ríkisreikningur.is og opinberumsvif.is.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins	Innan ramma
Markmið 3: Bætt áætlunargerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins.		

Aukin sjálfvirknivæðing ferla og aukin samræming upplýsingakerfa. Bætt greiningarhæfni varðandi umfang og kostnað við starfsemi ríkisins í heild og fyrir einstaka einingar.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjárslá ríkisins	Innan ramma
Þróun á áhættumiðuðu eftirliti með framkvæmd fjárlaga.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Áætlanakerfi ríkisaðila (AKRA) þróað frekar, kerfið endurbætt og uppfært í heild.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjárslá ríkisins	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 8.730,8 m.kr. og hækkar um 1.190,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 251,2 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 500 m.kr. vegna endurnýjunar á stærri upplýsingakerfum ríkisins í samræmi við markmið og áherslur í málaflokki 5.3.
- b. Fjárheimild málaflokksins **hækkar** um 17,4 m.kr. þar sem tímabundin lækkun á fjárheimildum vegna ferðakostnaðar frá árinu 2021 fellur niður.
- c. Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 30 m.kr. vegna aukinnar notkunar á sameiginlegum stafrænum innviðum, m.a. vegna rafrænnar innskráningar í samræmi við markmið og áherslur í málaflokki 5.3.
- d. Fjárheimild málaflokksins **hækkar** um 41 m.kr. vegna millifærslu af málefнасviði 6 *Hagskýrslugerð og grunnskrár* þar sem Stafrænt Ísland tekur við rekstri þjónustugáttarinnar Ísland.is.
- e. Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 25 m.kr. vegna hækkunar á samningsbundnum útgjöldum í takt við raunútgjöld.
- f. Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 200 m.kr. vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts ríkisstofnana af tölvuvinnslu þar sem upplýsingateknirekstur sem hlutfall af útgjöldum stofnana hefur farið vaxandi á síðustu árum.
- g. Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 354,9 m.kr. vegna nýs samnings um Microsoft-leyfi fyrir A1-hluta stofnanir ríkisins. Í apríl 2021 var gerður nýr samningur um Microsoft-leyfi fyrir A1-hluta stofnanir ríkisins sem nær til tæplega fimm ára. Tilhögun greiðslna hjá ríkisaðilum á hugbúnaðarleyfum frá Microsoft verður þannig háttáð að 1/3 hluta leyfisgjaldanna – sem miðast við fjölda leyfa – greiða stofnanir skv. útsendum reikningum og 2/3 hluta af kostnaði greiða þær með millifærslu af fjárheimild sinni yfir á málaflokkinn 05.4 Stjórnslá ríkisfjármála.
- h. Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 29,4 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins til að auka stuðning við umbætur í ríkisrekstri í samræmi við markmið og áherslur í málaflokki 5.3.
- i. Fjárheimild málaflokksins er **aukin** um 14,4 m.kr. vegna breytinga á áætluðum rekstrartekjum stofnana til samræmis við áætlanir. Breytingarnar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlið.
- j. Fjárheimild málaflokksins **hækkar** um 58,5 m.kr. til að mæta hækkun leigukostnaðar vegna innleiðingar markaðsleigu hjá Ríkiseignum.
- k. Gerð er breyting á hagrænni skiptingu málaflokksins þar sem 200 m.kr. af fjárfestingarframlagi er breytt yfir í rekstrarframlög.
- l. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 75,1 m.kr. og er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og ríkisaðila.

06 Hagskýrslugerð og grunnskrár

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Undir það heyrir einn málaflokkur sem ber heitið Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málaflokksins á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár					
06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	4.174,7	4.125,2	4.217,9	2,2	1,0
01 Forsætisráðuneyti	1.794,2	1.725,8	1.799,8	4,3	0,3
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	105,7	84,6	82,9	-2,0	-21,6
10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	1.933,4	1.972,8	1.957,7	-0,8	1,3
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	341,4	342,0	377,5	10,4	10,6
Samtals	4.174,7	4.125,2	4.217,9	2,2	1,0


¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Heildargjöld málefнасviðs 6 Hagskýrslugerð og grunnskrár árið 2022 eru áætluð 4.217,9 m.kr. og lækka um 94,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til -2,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 92,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 2,2%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár					
Rekstrarframlög	4.174,7	4.029,2	4.119,1	2,2	-1,3
Rekstrartilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	96,0	98,8	2,9	-
Heildarútgjöld	4.174,7	4.125,2	4.217,9	2,2	1,0
Rekstrartekjur	-	1.050,8	1.047,9	-0,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	3.074,4	3.170,0	3,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	4.125,2	4.217,9	2,2	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifrit ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Undir málefnasviðinu eru þrjár stofnanir og eitt verkefni: Hagstofa Íslands heyrir undir forsætisráðherra, Þjóðskrá Íslands heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, málefni upplýsingatækni og stafrænnar þjónustu í ríkisrekstri heyra undir fjármála- og efnahagsráðherra og Landmælingar Íslands heyra undir umhverfis- og auðlindaráðherra.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukið framboð öruggar, stafrænnar þjónustu.		
Landeignaskrá komið á fót í samræmi við lög um eignarráð og nýtingu fasteigna. Verkefnið verður unnið á árabílinu 2021–2023 og felst fyrst og fremst í kerfisgerð, átaksverkefni í landeignaskráningu og rekstri kerfisins.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
Áframhald á þróun þjóðskrárkerfisins og er áætlað að verkefninu ljúki 2023. Um er að ræða uppfærslu gagnagrunna, innfærslu nýrra skráningarupplýsinga og stýrða miðlun þjóðskrárupplýsinga m.t.t. persónuverndar, öryggis gagna o.fl.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
Kerfisgerð rafrænna þinglýsinga.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
Greining og kerfisgerð fyrir rafræna kjörskrá.	Þjóðskrá Íslands	30 m.kr.
Markmið 2: Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku.		
Framkvæmd laga um stafrænar landupplýsingar (INSPIRE).	Landmælingar Íslands	Innan ramma
Mótun gagnaflokkunar, gagnastefnu og skipulags opinna gagna ljúki. Verkefnið er styðjandi við aukna hagnýtingu gagna ríkisins og þar með bættu þjónustu gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Úrvinnsla og framkvæmd nýrrar aðferðafræði í fasteignamati í þeim eignaflokkum sem ekki hafa sætt endurskoðun, átaksverkefni í skráningu eignamarka jarða, söfnun landupplýsinga jarða og lóða í dreifbýli.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
Fyrstu niðurstöður nýs manntals birtar.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Endurgerð þjóðhagsreikninga, gerð gagnagrunna og kerfishönnun lokið.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Skráning starfsstöðva fyrirtækja, með því fæst betri mynd af umfangi atvinnugreina eftir landsvæðum.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Bætt myndræn framsetning á efni í fréttum og á vef.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Unnið úr úrbótum á tækniumhverfi með það að markmiði að veita innri og ytri notendum framúrskarandi þjónustu.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Umsjón með tölfraði er viðkemur Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, velsældarvísunum, eftirfylgd með samþykkt ríkisstjórnar um samræmda skiptingu stjórnarsýslunnar og öðrum áherslumálum ríkisstjórnarinnar.	Hagstofa Íslands	50 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 4.217,9 m.kr. og lækkar um 94,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 187,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 46,7 m.kr. í samræmi við breytingar á tekjuáætlun Þjóðskrár Íslands.
- b. Fjárheimild Þjóðskrár Íslands hækkar sem nemur 30 m.kr. vegna verkefnis um greiningu og kerfisgerð fyrir rafræna kjörskrá vegna breytinga á kosningalögum.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 25 m.kr. þar sem tímabundið verkefni Hagstofu Íslands við undirbúning og gerð manntals fellur niður.
- d. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 50 m.kr. vegna umsjónar Hagstofu Íslands með tölfræði er viðkemur Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, velsældarvísunum, eftirfylgd með samþykkt ríkisstjórnar um samræmda skiptingu stjórnarsýslunnar auk annarra áherslumála ríkisstjórnarinnar.
- e. Aðhaldskrafa málefnasviðsins/málaflokksins nemur 79,9 m.kr. og er hlutfallslega skipt niður á stofnanir og verkefni eftir umfangi.

07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar					
07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	10.713,5	14.531,4	14.653,1	0,8	36,8
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	7.095,5	10.368,1	10.391,4	0,2	46,5
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	3.618,0	4.163,3	4.261,7	2,4	17,8
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	9.566,0	14.256,7	15.227,1	6,8	59,2
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	9.566,0	14.256,7	15.227,1	6,8	59,2
Samtals	20.279,5	28.788,1	29.880,2	3,8	47,3

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar árið 2022 eru áætluð 29.880,2 m.kr. og aukast um 1.481,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 5,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.092,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3,8%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	2.098,6	1.451,5	1.277,6	-12,0	-39,1
Rekstrartilfærslur	2.940,6	2.896,0	3.793,4	31,0	29,0
Fjármagnstiltfærslur	15.210,3	24.401,1	24.764,7	1,5	62,8
Fjárfestingarframlög	30,0	39,5	44,5	12,7	48,3
Heildarútgjöld	20.279,5	28.788,1	29.880,2	3,8	47,3
Rekstrartekjur	-	752,7	802,9	6,7	-
Framlag úr ríkissjóði	-	28.035,4	29.077,3	3,7	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	28.788,1	29.880,2	3,8	-

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

07.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Málaflokkurinn fylgir stefnu og áherslum Vísinda- og tækniráðs, Nýsköpunarstefnu og öðrum stefnumótandi áherslum stjórnvalda á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Starfsemin nær til samkeppnissjóða í rannsóknum, þróun og nýsköpun ásamt þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins. Umsýsla samkeppnissjóðanna er að miklu leyti hjá Rannsóknamiðstöð Íslands (sjá málaflokk 22.3) sem sér um að auglýsa styrki í samkeppnissjóði, samhæfa mat á umsóknum og fylgjast með framvindu verkefna, en umsýsla Matvælasjóðs er hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Fjármögnun rannsókna og nýsköpunar styðji við gæði, árangur og verðmætasköpun.		
Efling samkeppnissjóða í rannsóknum, sbr. aðgerð þar að lútandi í Vísinda- og tæknistefnu 2020–2022.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	167 m.kr.
Tímabundin efling samkeppnissjóða í nýsköpun og þróun í sérstöku þriggja ára átaksverkefni, sbr. aðgerð þar að lútandi í Vísinda- og tæknistefnu 2020–2022.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Unnið áfram að aðgerðum í samræmi við stefnur og aðgerðaáætlanir Vísinda- og tækniráðs; þ.á m. opnu aðgengi að gögnum, vegvísi um rannsóknarinnviði, innleiðingu upplýsingakerfis um rannsóknir og nýsköpun, úttekt á skatta- og styrkjakerfi til rannsókna og þróunar, og auglýsingu og úthlutun markáætlana á sviði samfélagslegra áskorana (sjá einnig málaflokk 21.1 Háskólar og rannsóknarstofnanir).*	Forsætisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 2 í málaflokki 21.1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 14.653,1 m.kr. og hækkar um 549,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema -428 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Framlag til rammaáætlana ESB um menntun, rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun lækkar um 74,8 m.kr. Breytingin skýrist annars vegar af auknu framlagi til áætlanna og hins vegar af lækkun vegna gengisþróunar.
- Framlög til samkeppnissjóða í rannsóknum (Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs) eru aukin um 167 m.kr., sbr. markmið nr. 1 og markmið nr. 2 í málaflokki 21.1. Verkefnið er hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar og í samræmi við Vísinda- og tæknistefnu 2020–2022.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 100 m.kr. vegna tímabundins framlags til samkeppnissjóðs um byggingar- og mannvirkjarannsóknir sem gengur til baka.
- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 6,9 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á ferðakostnaði sem gengur til baka.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 213,1 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins. Þar af er verið að forgangsraða 145,7 m.kr. innan málefнасviðsins til að jafna á móti aðhaldskröfu á Tækniþróunarsjóð.

Öflugir samkeppnissjóðir eru forsenda fyrir árangri í rannsóknum og nýsköpun. Innlendu samkeppnissjóðirnir styðja við ungt jafnt sem reyndara vísindafólk, frumkvöðla og sprotafyrirtæki og eru grundvöllur sóknar í erlenda sjóði og möguleika þessara aðila á að vera

í fararbroddi á alþjóðavettvangi. Á árunum 2021–2022 er fjármagn til samkeppnissjóða aukið tímabundið í tengslum við aðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19 heimsfaraldurs, með það fyrir augum að skapa aukin tækifæri fyrir vísindamenn, frumkvöðla og sprotafyrirtæki, hvetja til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og efla hagvöxt og alþjóðasamkeppnishæfni til langs tíma.

Tímabil nýrra samstarfsáætlana ESB hófst árið 2021 og felur þátttaka í þeim í sér skuldbindingu til sjö ára (2021–2027). Greiðslur munu dreifast yfir lengra árabil í samhengi við framgang áætlana. Á nýju tímabili er gert ráð fyrir umtalsverðri hækkun framlaga til eldri áætlana sem Ísland hefur tekið þátt í, auk þess að til koma nýjar áætlanir, einkum vegna aukinnar áherslu ESB á mikilvægi samstarfs á sviði sjálfbærni í loftslags- og umhverfismálum (Green Deal), aukinnar áherslu á nýsköpun og stafrænnar tækni á sem flestum sviðum í takti við fjórðu iðnbyltinguna (Digital Europe). Þá hefur COVID-19 heimsfaraldurinn, gengisþróun og borgunarstuðull EES/EFTA-rikja, sem tekur mið af hagvexti, einnig áhrif. Samkvæmt tillögu frumvarpsins lækkar skuldbindingin vegna umræddra áætlana um 74,8 m.kr. milli ára og verður um 5,7 ma.kr. á árinu 2022. Mikilvægt er þó að hafa í huga að enn ríkir nokkur óvissa um þátttöku og endanlegar fjárhæðir einstakra áætlana vegna tafa við gerð fjármálaáætlunar ESB. Sem fyrr vega áætlanirnar Horizon og Erasmus+ þýngst, en samanlagt nema þær tvær 64% af heild.

Samstarfsáætlanirnar munu sem fyrr styðja við mikilvægt samstarf á sviðum menntunar, menningar, rannsókna, nýsköpunar, fjarskipta, heilbrigðis, velferðar, umhverfis og almanna-varna, en einnig í auknum mæli á sviðum loftslagsmála og stafrænnar þróunar. Ávinningur af þátttöku í samstarfsáætlunum hefur verið mikill hingað til og hefur skilað sér í beinum og óbeinum styrkjum, auknum alþjóðlegum tengslum og bættri samkeppnishæfni. Ekkert bendir til annars en að svo verði áfram, sem skipta mun miklu máli fyrir samfélag vísindafólks, frumkvöðla og sprotafyrirtækja hér á landi og atvinnulíf á komandi árum eftir skell kórónufaraldursins.

07.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Málaflokkurinn fylgir áherslum Nýsköpunarstefnu og öðrum stefnumótandi áherslum stjórnvalda á sviði nýsköpunar, samkeppni og þekkingargreina. Starfsemi er m.a. í höndum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Hugverkastofunnar auk nýstofnaðs Tækniseturs ehf. Nýsköpunarmiðstöð Íslands hætti starfsemi um mitt árið 2021 en stórum hluta verkefna stofnunarinnar er haldið áfram undir öðru rekstrarformi. Gert er ráð fyrir um 60 m.kr. kostnaði hjá Nýsköpunarmiðstöð á árinu 2022 vegna launa á uppsagnarfresti en um 260 m.kr. verður varið til ýmissa verkefna í nýsköpun, þar á meðal í stuðning við Tæknisetur ehf., stuðning við nýsköpun á landsbyggðinni, stuðning við byggingarrannsóknir og stjórnsýslu nýsköpunarmála. Gert er ráð fyrir hagræðingu frá og með árinu 2021 vegna lokunar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja, m.a. í formi skattgreiðslna vegna rannsókna og þróunar, falla einnig undir þennan málaflokk sem og endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Þá hefur nýr sjóður, Kría sprotta- og nýsköpunarsjóður, verið settur á fót og gert er ráð fyrir auknum framlögum í sjóðinn á árinu. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Frankvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt samkeppnisstaða í alþjóðlegu samhengi. Aukin útflutningsverðmæti á grunni þekkingar og nýsköpunar.		
Aukin framlög vegna Kríu sprota- og nýsköpunarsjóðs, sem ætlað er að fjárfesta í vísisjóðum.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	500 m.kr.
Aukin framlög til nýsköpunarfyrirtækja vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	619 m.kr.
Aukin framlög vegna endurgreiðslna kvikmyndagerðar á Íslandi.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	500 m.kr.
Markmið 2: Aukin hagnýting tæknilausna í þágu loftslagsmála.		
Tæknisetur – aðstaða og vettvangur fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki á sviði hátækni og grænna tæknilausna.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Þátttaka í norrænu samstarfi um nýsköpun og atvinnuþróun í þágu grænna tæknilausna.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Ný störf skapist í þekkingargreinum.		
Aukin framlög og stuðningur við frumkvöðlastarf og nýsköpun á landsvísi, m.a. gegnum Lóu nýsköpunarstyrki.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 15.227,1 m.kr. og hækkar um 931,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 39 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 619 m.kr. vegna aukinna endurgreiðslna til nýsköpunarfyrirtækja vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar, sbr. markmið nr. 1.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 500 m.kr. vegna nýs íslensks hvatasjóðs, Kríu, sem ætlað er að fjárfesta í vísisjóðum með það að markmiði að tryggja samfellu í fjármögnunarumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar, sbr. markmið nr. 1.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 500 m.kr. til samræmis við raunútgjöld kvikmyndaendurgreiðslna sl. fimm ár, sbr. markmið nr. 1.
- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 145,7 m.kr. sem ákveðið var að forgangsraða innan málefna sviðsins til að jafna út aðhaldi á Tækniþróunarsjóð á málaflokki 7.1.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 100 m.kr. vegna tímabundins framlags til samkeppnissjóðs um byggingar- og mannvirkjarannsóknir sem gengur til baka.
- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 20 m.kr. til að mæta kostnaði vegna flutnings starfsmanna NMÍ yfir til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og er fjárveitingin því flutt yfir á málefna svið 16.

- g. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð tímabundið í eitt ár um 25 m.kr. vegna flutnings á efnagreiðningu NMÍ yfir til Hafrannsóknastofnunar. Fjárveitingin er því flutt tímabundið yfir á málefнасvið 13.
- h. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 10 m.kr. vegna flutnings á skilgreindum verkefnum á sviði upplýsingamiðlunar og fræðslumála sem unnin hafa verið á Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS).
- i. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð tímabundið um 12 m.kr. til að mæta auknum kostnaði hjá faggildingarsviði Hugverkastofu vegna aukinna umsvifa faggildingar.
- j. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 20,3 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á ferðakostnaði sem gengur til baka.
- k. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 24,4 m.kr. í samræmi við áætlun um rekstrartekjur ríkisaðila.
- l. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 423,6 m.kr.

08 Sveitarfélög og byggðamál

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
08 Sveitarfélög og byggðamál					
08.10 Framlög til sveitarfélaga	21.783,0	20.520,7	24.770,1	20,7	13,7
10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	21.441,9	20.278,2	24.527,6	21,0	14,4
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	341,1	242,5	242,5	0,0	-28,9
08.20 Byggðamál	3.110,4	1.952,7	1.977,6	1,3	-36,4
10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	3.110,4	1.952,7	1.977,6	1,3	-36,4
Samtals	24.893,4	22.473,4	26.747,7	19,0	7,4

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum. Heildargjöld málefnasviðs 8 *Sveitarfélög og byggðamál* árið 2022 eru áætluð 26.747,7 m.kr. og hækka um 3.529,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 15,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 4.274,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 19%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
08 Sveitarfélög og byggðamál					
Rekstrarframlög	80,1	20,7	144,2	596,6	80,0
Rekstrartilfærslur	24.813,3	22.452,7	26.603,5	18,5	7,2
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	0,0	0,0	-	-
Heildarútgjöld	24.893,4	22.473,4	26.747,7	19,0	7,4
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	22.473,4	26.747,7	19,0	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	22.473,4	26.747,7	19,0	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftr ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

08.1 Framlög til sveitarfélaga

Starfsemi málaflokksins skiptist niður á tvö viðföng: Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og skipulagsmál sveitarfélaga sem er á ábyrgð umhverfis- og auðlindaráðherra.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Sveitarfélög á Íslandi verði öflug, og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi.		
Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa bættar.	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga með það að markmiði að auka sjálfbærni sveitarfélaga.	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs með það að markmiði að auka jöfnuð sem styður við stefnumótun á sviði opinberra fjármála.	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan ramma

Aukin stuðningur Jöfnunarsjóðs við sameiningar sveitarfélaga.	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.		
Kortlagning á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þjónustu hins opinbera.	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 24.770,1 m.kr. og hækkar um 3.510,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 739,3 m.kr.

Breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins er vegna hækkunar rekstrartilfærslna í samræmi við breytingar á lögbundnu framlagi í Jöfnunarsjóð.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldir:

- Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka um 4.249,4 m.kr. Að teknu tilliti til verðlagsbóta að fjárhæð 739,3 m.kr. nemur nettóhækkun á milli ára 3.510,1 m.kr.

Í samræmi við lögbundinn útreikning á framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hækkar framlagið um 2.525,1 m.kr. Framlag til Jöfnunarsjóðs er hlutfall af tekjum einstaklinga en gert er ráð fyrir að þær hækki á milli áráanna 2021 og 2022. Þá hækkuðu sérstök viðbótarframlög til Jöfnunarsjóðs um 1.100 m.kr. í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, sem taka gildi 1. janúar 2022. Í lögnum eru skilgreind fjölmörg ný verkefni sveitarfélaga. Þá fellur niður 115 m.kr. framlag til stefnumörkunar um sjálfbærni sveitarfélaga í samræmi við gildandi fjármálaáætlun.

08.2 Byggðamál

Málaflokkurinn skiptist í fjögur viðföng sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, þ.e. byggðáætlun og sóknaráætlanir landshluta og jöfnunarsjóð flutningskostnaðar. Ein stofnun tilheyrir málaflokki, Byggðastofnun, en hún hefur það hlutverk að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og sinnir málefnum póstsins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Frankvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Jafna aðgengi að þjónustu.		
Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu, m.a. með því að krabbameinsgreindir einstaklingar á landsbyggðinni og aðstandendur þeirra fái sambærilega þjónustu og á höfuðborgarsvæðinu. ¹	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Almenningssamgöngur um land allt. Veittir verða styrkir úr samkeppnisþotti þar sem markmiðið er að styðja við þróun almenningssamgangna út frá byggðalegum sjónarmiðum. ²	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan ramma
Nærþjónusta við innflytjendur sem hefur það að markmiði að auðvelda aðgengi þeirra að opinberri þjónustu. ³	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Jafna tækifæri til atvinnu.		
Þrífðsun rafmagns, með áherslu á dreifingu og afhendingaröryggi raforku í dreifbýli. ⁴	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Störf án staðsetningar, m.a. með því að skapa aðstæður og þróa áfram hugmyndafræðina.	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan ramma
Fjarvinnslustöðvar. Samkeppnisþottur þar sem stofnanir geta sótt um styrk til að koma opinberum gögnum á stafrænt form og fjölga þar með atvinnutækifærum á landsbyggðinni.	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.		
Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða sem hafa það að markmiði að styðja við atvinnuþróun og nýsköpun.	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Innan ramma
Náttúruvernd og efling byggða þar sem greind verða tækifæri og ávinningur í héraði af þjónustu sem byggist á nýtingu náttúruvermdarsvæða. ⁵	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Jafnrétti í sveitarstjórnnum með því að efla þær og skapa aukna vitund um mikilvægi fjölbreyttra sjónarmiða innan þeirra. ⁶	Forsætisráðuneyti, Jafnréttisstofa	Innan ramma

¹ Verkefnið styður einnig við markmið heilbrigðisstefnu.

² Verkefnið styður einnig við markmið samgönguáætlunar.

³ Verkefnið styður einnig við markmið framkvæmdaáætlunar um málefni innflytjenda.

⁴ Verkefnið styður einnig við markmið orkustefnu.

⁵ Verkefnið styður einnig við markmið náttúruvermdaráætlunar.

⁶ Verkefnið styður einnig við markmið stefnumótandi áætlunar í sveitarstjórnarmálum.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 1.977,6 m.kr. og hækkar um 19,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 5,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 55 m.kr. vegna uppbyggingar atvinnulífs á Seyðisfirði í kjölfar hamfaranna í desember 2020.

- b. Fjárheimild lækkar um 100 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til sóknaráætlana vegna viðspyrnu á svæðum þar sem heimsfaraldur hafði neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og fækkun starfa.
- c. Fjárheimild hækkar um 50 m.kr. til eflingar byggðamála.
- d. Fjárheimild málaflokks hækkar um 40 m.kr. vegna tilfærslu póstmála til Byggðastofnunar frá Fjarskiptastofu.
- e. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 13 m.kr. til að fylgja eftir tillögum aðgerðahóps í kjölfar snjóflóða á Flateyri í ársbyrjun 2020.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 38,8 m.kr. og er hlutfallslega skipt niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

09 Almanna- og réttaröryggi

Skilgreining málefnasviðs

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

12.1 Stjórnun landbúnaðarmála

Starfsemi málaflokksins varðar stjórnsýslu Matvælastofnunar, nýtingu auðlinda lands, vöktun og eftirlit stjórnvalda. Matvælastofnun sinnir ýmsum stjórnsýsluverkefnum, eftirliti, fræðslu og þjónustu við landbúnað, sjávarútveg, fiskeldi, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Búvörusamningar móta að miklu leyti regluverk og stuðningsaðgerðir stjórnvalda í þágu landbúnaðar og hafa þar með talsverð áhrif á starfsskilyrði greinarinnar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Loftslagsvænni landbúnaður og aukið matvælaöryggi.		
Verkefni tengd vörnum gegn sýklalyfjaónæmi.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Matvælastofnun, Keldur o.fl.	Innan ramma

Móta og framfylgja heildstæðri áætlun um vöktun og ábyrga nýtingu lands.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Matvælastofnun	Innan ramma
Kolefnishlutleysi nautgripaæktar fyrir árið 2040. Sambærileg vinna í gangi fyrir aðrar búgreinar.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Aukið frelsi til fjölbreyttari matvælaframleiðslu og hvati til nýsköpunar.

Stuðningsaðgerðir við íslenska landbúnaðarframleiðendur auk ýmissa verkefna samkvæmt búvörusamningum.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Matvælasjóður sem styrkir nýsköpunar- og þróunarverkefni á sviði matvælaframleiðslu.*	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Mótun fæðuöryggisstefnu og aðgerðaáætlun og innleiðing landbúnaðar- og matvælastefnu.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Markmið 3: Einfaldari stjórnsýsla og aukin stafræn samskipti.

Innleiðing og áframhaldandi þróun á mælaborði sem mun birta yfirgripsmiklar upplýsingar um landbúnaðarframleiðslu á gagnvirkum og skýran hátt. Auk þess verður áframhaldandi þróun á rafrænu úthlutunarkerfi tollkvóta.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Unnið verður að heildarendurskoðun á löggjöf um búvöruframleiðslu og að gera regluverk tækni óháð svo unnt sé að veita aukna stafræna þjónustu.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Þróa gagnagrunna og rafrænar lausnir til að bæta stjórnun og skráningu búfjárskúddóma og tryggja rekjanleika afurða.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Matvælastofnun	Innan ramma

* Fjárveiting vegna verkefnisins fellur undir málaflokk 7.1, sbr. umfjöllun þar en verkefnið styður jafnframt við markmið 2 í málaflokki 7.1 og markmið 1 í málaflokki 13.1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 17.685,4 m.kr. og lækkar um 1.121,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 829,2 m.kr. Breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins snúa fyrst og fremst að rekstrartilfærslum sem lækka um 1.115,6 m.kr. að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 970 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til stuðnings bænda vegna áhrifa COVID-19 en þar var einkum um að ræða minnkandi eftirspurn á markaði vegna verulegrar fækkunar ferðamanna.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar að raungildi um 153,7 m.kr. í samræmi við ákvæði samninga um starfsskilyrði í nautgripaækt, sauðfjáraækt, garðyrkju og rammasamningum um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.
- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 45,3 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Matvælastofnunar.

- d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 35 m.kr. í tvö ár til að koma upp heildstæðu upplýsingastjórnunarkerfi hjá Matvælastofnun fyrir opinbert eftirlit með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði o.fl. eða svokölluðum gagnaskilagrunni. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður frá og með árinu 2024 verði 15 m.kr. vegna verkefnisins. Um er að ræða millifærða fjárheimild af málaflokki 12.2.
- e. Gert er ráð fyrir að 30 m.kr. verði millifærðar til málaflokksins af málaflokki 13.20 til að mæta raunkostnaði Matvælastofnunar vegna samnings um bakvaktir dýralækna.
- f. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 8,1 m.kr. sem gert er ráð fyrir að renni til stofnverndarsjóðs sem kveðið er á um í 6. gr. laga um útflutning hrossa, nr. 27/2011 en sjóðurinn er í umsjón Bændasamtaka Íslands. Samkvæmt lögnum er kveðið á um innheimtu sérstaks gjalds af hverju útfluttu hrossi að fjárhæð 3.500 kr.
- g. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 26,7 m.kr.

12.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

Starfsemi málaflokksins er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukin vitund neytenda um matvæli og hvatning til atvinnulífs um aukið matvælaöryggi.		
Þróun frammistöðumats fyrirtækja sem framleiða matvæli og fóður.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Matvælastofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 834,7 m.kr. og hækkar um 74,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 28,7 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 75 m.kr. til loftslagsaðgerða í landbúnaði.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. sem snýr að auknu almennu útgjaldasvigrúmi í ýmis útgjaldamál.
- c. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 35 m.kr. í tvö ár til að koma upp heildstæðu upplýsingastjórnunarkerfi hjá Matvælastofnun fyrir opinbert eftirlit með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði o.fl. eða svokölluðum gagnaskilagrunni. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður frá og með árinu 2024 verði 15 m.kr. vegna verkefnisins. Um er að ræða millifærða fjárheimild yfir á málaflokk 12.1.
- d. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 15,8 m.kr.

13 Sjávarútvegur og fiskeldi

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokksins á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
13 Sjávarútvegur og fiskeldi					
13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis .	1.497,1	1.553,2	1.704,0	9,7	13,8
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	1.497,1	1.553,2	1.704,0	9,7	13,8
13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	4.558,6	7.909,9	7.054,8	-10,8	54,8
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	4.558,6	7.909,9	7.054,8	-10,8	54,8
Samtals	6.055,7	9.463,1	8.758,8	-7,4	44,6

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Heildargjöld málefnasviðs 13 Sjávarútvegur og fiskeldi árið 2022 eru áætluð 8.759 m.kr. og lækka um 948 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021 eða sem svarar til 10%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 704 m.kr. milli ára eða sem svarar til 7,4%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin hér að framan endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að

mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
13 Sjávarútvegur og fiskeldi					
Rekstrarframlög	5.314,0	5.314,7	5.403,1	1,7	1,7
Rekstrartilfærslur	741,7	705,2	730,3	3,6	-1,5
Fjármagnstilfærslur	0,0	326,0	400,0	22,7	-
Fjárfestingarframlög	0,0	3.117,2	2.225,4	-28,6	-
Heildarútgjöld	6.055,7	9.463,1	8.758,8	-7,4	44,6
Rekstrartekjur	-	1.654,0	1.760,2	6,4	-
Framlag úr ríkissjóði	-	7.809,1	6.998,6	-10,4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	9.463,1	8.758,8	-7,4	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifrit ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

13.1 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs og auk þess heyrja Fiskræktarsjóður, Umhverfissjóður sjókvíaeldis, Fiskeldissjóður og Alþjóðlegt samstarf í sjávarútvegi undir málaflokkinn. Þá má nefna að Matvælastofnun, sem heyrir undir málefнасvið 12, sinnir ýmsum verkefnum á sviði fiskeldis. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukin samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs.		
Bætt eftirlit með fiskveiðum – innleiðing á tillögum starfshóps um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni.	Fiskistofa	Innan ramma

Aukinn rekjanleiki hráefnis frá veiðum til markaðar, bættur markaðsaðgangur fiskafurða.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Fiskistofa	Innan ramma
Rafræn stjórnsýsla eflid með því að auðvelda aðgengi að gildandi laga- og regluumhverfi, m.a. með sérstöku korti.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Matvælasjóður sem styrkir nýsköpunar- og þróunarverkefni á sviði matvælaframleiðslu.*	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Stuðningur við minni sjávarbyggðir.

Endurskoðun framkvæmdar við ráðstöfun atvinnu- og byggðakvóta.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
--	-------------------------------------	-------------

Markmið 3: Aukin verðmætasköpun og styrking stjórnsýslu í fiskeldi.

Nýr fiskeldissjóður stofnsettur 2021, til styrkingar innviðum þar sem fiskeldi er stundað.	Fiskeldissjóður	80,9 m.kr.
--	-----------------	------------

*Fjárveiting vegna verkefnisins fellur undir málaflokk 7.1, sbr. umfjöllun þar en verkefnið styður jafnframt við markmið nr. 2 í málaflokki 7.1 og markmið nr. 2 í málaflokki 12.1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 1.704 m.kr. og hækkar um 100,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 50,1 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldir:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 80,9 m.kr. vegna nýs fiskeldissjóðs sem settur var á fót 2021 og er ætlað að styrkja innviði sveitarfélaga þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, sbr. markmið nr. 3.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 28 m.kr. tímabundið í tvö ár til að flýta innleiðingu stafrænna umbótaverkefna hjá Fiskistofu sem nú er unnið að í samstarfi við Stafrænt Ísland.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 26,8 m.kr.

13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

Undir málaflokkinn falla verkefni Hafrannsóknastofnunar, bygging hafrannsóknaskips, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og framlög til ýmissa samninga og verkefna í sjávarútvegi og fiskeldi, svo sem vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Sjálfbær nýting fiskstofna.		
Sumarrannsóknir á hrygningu loðnu.	Hafrannsóknastofnun	Innan ramma
Atferlisrannsóknir á humri.	Hafrannsóknastofnun	Innan ramma
Markmið 2: Efling grunnrannsókna.		
Kortlagning hafsbotsins innan efnahagslögsögu Íslands.	Hafrannsóknastofnun	Innan ramma
Áfangar í útboði og smíði á nýju hafrannsóknaskipi.	Hafrannsóknastofnun	-900 m.kr.
Efling grunnrannsókna á loðnustofni 2018–2022.	Hafrannsóknastofnun	Innan ramma
Hvað er að gerast í hafinu? Hvítbók um breytingar á vistkerfi hafsins í kringum Ísland, m.a. með mögulegum sviðsmyndum um þróun á komandi árum.	Hafrannsóknastofnun	Innan ramma
Markmið 3: Aukning rannsókna sem stuðla að sjálfbærri nýtingu hafsvæða fyrir fiskeldi.		
Staða á þróun aðferða til að gera eldisfisk ófrjóan.	Hafrannsóknastofnun	Innan ramma
Rannsóknir til að draga úr snemmkyrnþroska bleikju í eldi.	Hafrannsóknastofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 7.054,8 m.kr. og lækkar um 1.049 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 193,9 m.kr.

Nokkur breyting er á hagrænni skiptingu innan málaflokksins. Þannig lækka fjárfestingarframlög um 900 m.kr. vegna fyrirhugaðrar smíði nýs hafrannsóknaskips.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 900 m.kr. vegna smíði nýs hafrannsóknaskips, sbr. markmið nr. 2, í samræmi við gildandi áætlun. Hönnun og undirbúningur framkvæmdarinnar hefur tekið lengri tíma en áætlað var í upphafi og er nú gert ráð fyrir að samningar um smíðina verði undirritaðir í byrjun árs 2022.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 120 m.kr. þar sem tímabundið framlag til Hafrannsóknastofnunar vegna mælinga á stofnstærð loðnu fellur niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 97 m.kr.

14 Ferðapjónusta

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar. Það skiptist í einn málaflokk sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


14 Ferðapjónusta	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
14.10 Ferðapjónusta	4.409,6	2.574,1	2.081,0	-19,2	-52,8
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	4.409,6	2.574,1	2.081,0	-19,2	-52,8
Samtals	4.409,6	2.574,1	2.081,0	-19,2	-52,8

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðs 14 Ferðapjónusta árið 2022 eru áætluð 2.081 m.kr. og dragast saman um 518,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021 eða sem svarar til 20,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 493,1 m.kr. milli ára eða sem svarar til 19,2%.

Breytingar á ramma milli árána 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var

út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
14 Ferðaþjónusta					
Rekstrarframlög	1.417,9	1.142,4	1.115,6	-2,3	-21,3
Rekstrartilfærslur	2.264,2	626,9	360,5	-42,5	-84,1
Fjármagnstilfærslur	727,5	803,2	603,2	-24,9	-17,1
Fjárfestingarframlög	0,0	1,6	1,7	6,3	-
Heildarútgjöld	4.409,6	2.574,1	2.081,0	-19,2	-52,8
Rekstrartekjur	-	15,8	37,7	138,6	-
Framlag úr ríkissjóði	-	2.558,3	2.043,3	-20,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	2.574,1	2.081,0	-19,2	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifrit ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

14.1 Ferðaþjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum Ferðamálastofu og Framkvæmdasjóðs ferðamanna- staða. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukin verðmætasköpun.		
Mótun og innleiðing aðgerðaáætlunar um uppbyggingu og þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun og hagnýting Jafnvægisáss ferðamála.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Áframhaldandi innleiðing á tillögum úr samkeppnismati á regluverki í ferðaþjónustu.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Jákvæð upplifun heimamanna og ferðamanna.

Framþróun og uppbygging Vörðu.**	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur við uppbyggingu áfangastaða á landsbyggðinni, m.a. í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Flugþróunarsjóð.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Ferðamálastofa	Innan ramma.
Þróun áfangastaðastofa.	Ferðamálastofa	Innan ramma

Markmið 3: Umhverfisleg sjálfbærni í ferðaþjónustu.

Áfangastaðir í opinberri umsjón með virka álagsstýringu.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur við orkuskipti hjá bílaleigum.*	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun vottaðra gæða- og umhverfisstjórnunarkerfa fyrir ferðaþjónustu.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Ferðamálastofa	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið nr. 1 í málaflokki 17.5.

** Fjárveiting lækkar um 100 m.kr. frá árinu 2021 samkvæmt Fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 2.081 m.kr. og lækkar um 518,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 26 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar samtals um 340 m.kr. þar sem tímabundin fjárveiting ýmissa verkefna fellur niður, þ.e. vegna rannsókna á sviði ferðamála, uppbyggingar og þróunar áfangastaða og uppbyggingar á salernisaðstöðu.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 200 m.kr. vegna þess að tímabundin viðbótarfjárveiting í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fellur niður en viðbótin var hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.
- Fjárheimild hækkar um 50 m.kr. vegna almenns útgjaldasvigrúms málaflokksins.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 40,1 m.kr. sem skipt er hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

15 Orkumál

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Undir málefnasviðinu er einn málaflokkur, 15.10, sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokksins á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
15 Orkumál					
15.10 Stjórnun og þróun orkumála	4.696,7	5.118,3	5.830,5	13,9	24,1
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	4.696,7	5.118,3	5.830,5	13,9	24,1
Samtals	4.696,7	5.118,3	5.830,5	13,9	24,1

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Heildargjöld málefnasviðs *15 Orkumál* árið 2022 eru áætluð 5.830,5 m.kr. og aukast um 536,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021 eða sem svarar til 10,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 712,2 m.kr. milli ára eða sem svarar til 13,9%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var

út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
15 Orkumál					
Rekstrarframlög	805,7	869,7	944,3	8,6	17,2
Rekstrartilfærslur	3.891,0	4.142,3	4.879,7	17,8	25,4
Fjármagnstilfærslur	0,0	100,0	0,0	-100,0	-
Fjárfestingarframlög	0,0	6,3	6,5	3,2	-
Heildarútgjöld	4.696,7	5.118,3	5.830,5	13,9	24,1
Rekstrartekjur	-	234,9	245,9	4,7	-
Framlag úr ríkissjóði	-	4.883,4	5.584,6	14,4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	5.118,3	5.830,5	13,9	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifrit ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

15.1 Stjórnun og þróun orkumála

Starfsemi málaflokksins er í höndum Orkustofnunar og Orkusjóðs og auk þess heyra niðurgreiðslur á húshitun og jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Tryggt orkuöryggi fyrir alla landsmenn.		
Átak í jarðstrengjavæðingu og þrífösun á dreifikerfi raforku á landsbyggðinni til að auka orkuöryggi. Áætlað er að truflunum í dreifikerfinu muni fækka um 85%. Leiðir af vinnu átakshóps stjórnvalda um uppbyggingu innviða. Fjárveiting til verkefnisins er 500 m.kr. frá 2020–2024.	RARIK og Orkubú Vestfjarða	Innan ramma
Aukið eftirlit og bætt yfirsýn með tiltæku varaafli raforku í landinu. Aukin stjórnun til að bregðast	Orkustofnun	Innan ramma

við skorti á varaafli. Leiðir af vinnu átakshóps stjórnvalda um uppbyggingu innviða. Fjárveiting til verkefnisins er 20 m.kr. á ári fyrir 2021 og 2022.

Markmið 2: Aukið hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap landsins.

Aukin stuðningur við orkuskipti í samræmi við Orkustefnu fyrir Ísland til 2050 og aðgerðaáætlun Orkustefnu.	550 m.kr.
---	-----------

Markmið 3: Jöfnun orkukostnaðar á landsvísu.

Framlög til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku á landsbyggðinni voru aukin um 730 m.kr. árið 2021 sem dugar til að jafna um 85% af heildarþörfinni.	Innan ramma
---	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 5.830,5 m.kr. og hækkar um 536,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 176,1 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukinum 550 m.kr. vegna aukins stuðnings við orkuskipti.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 50 m.kr. vegna aukins útgjaldasvigrúms.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 30 m.kr. vegna hækkunar á raforkueftirlitsgjaldi til að standa undir auknu raforkueftirliti Orkustofnunar.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 22,8 m.kr. vegna hækkunar á tekjuáætlun vegna jöfnunargjalds við dreifingu raforku.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 100 m.kr. vegna tímabundins framlags við alþjóðlega rannsóknarmiðstöð við Kröflu sem fellur niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 15,6 m.kr. og er útfærð þannig að hún fellur öll að rekstri Orkustofnunar.

16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, ráðherra fjármála og efnahags og ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.ýsla atv.mála	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
16.10 Markaðseftirlit og neytendamál	3.286,0	3.040,2	3.173,7	4,4	-3,4
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	861,7	807,8	716,9	-11,3	-16,8
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	2.424,3	2.232,4	2.456,8	10,1	1,3
16.20 Stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar	1.585,5	1.423,6	1.488,1	4,5	-6,1
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	1.585,5	1.423,6	1.488,1	4,5	-6,1
Samtals	4.871,5	4.463,8	4.661,8	4,4	-4,3

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðs 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar árið 2022 eru áætluð 4.661,8 m.kr. og hækka um 113,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021 eða sem svarar til 2,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 198 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,4%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj. sýsla atv. mála	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	2.380,3	2.066,2	2.033,8	-1,6	-14,6
Rekstrartilfærslur	2.491,2	2.381,3	2.613,4	9,7	4,9
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	16,3	14,6	-10,4	-
Heildarútgjöld	4.871,5	4.463,8	4.661,8	4,4	-4,3
Rekstrartekjur	-	149,2	88,3	-40,8	-
Framlag úr ríkissjóði	-	4.314,6	4.573,5	6,0	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	4.463,8	4.661,8	4,4	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

16.1 Markaðseftirlit og neytendamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum Samkeppniseftirlitsins, Neytendastofu og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukið gegnsæi og skilvirkni, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs.		
Meta þekkingu stjórnenda fyrirtækja á meginreglum samkeppnislaga og efla almenna fræðslu um áhrif markaðseftirlits, þ.m.t. neytendaverndar, á efnahagslífið.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Samkeppniseftirlitið og Neytendastofa	Innan ramma

Endurskoða stjórnýslu neytendamála.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Taka út fylgni við kjarnaviðmið Basel-nefndar um bankaefirlit (BCP).	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanki Íslands	Innan ramma

Markmið 2: Aukið traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits.

Þróun rafrænna lausna í samskiptum og gagnamiðlun til málsaðila.	Samkeppniseftirlitið	Innan ramma
Þróun hugbúnaðar til eftirlits með stjórnunar- og eignatengslum í atvinnulífinu.	Samkeppniseftirlitið	Innan ramma
Skilvirkara og hagkvæmara eftirlit Neytendastofu ásamt útgáfu leiðbeininga til fyrirtækja.	Neytendastofa	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 3.173,7 m.kr. og hækkar um 105,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 27,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 130 m.kr. vegna flutnings verkefna á sviði vöruöryggis, markaðseftirlits og mælifræði frá Neytendastofu yfir til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sbr. lög nr. 18/2021.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 21 m.kr. þar sem tímabundið framlag vegna traustþjónustu gengur til baka. Um var að ræða verkefni í tengslum við frumvarp um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 40 m.kr. framlag sem er millifært af málaflokki 16.2 til að styrkja samrunaefirlit Samkeppniseftirlitsins vegna aukins umfangs slíkra verkefna.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 8 m.kr. í samræmi við áætlun um rekstrartekjur ríkisaðila.
- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 4,4 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á ferðakostnaði sem gengur til baka.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 224,4 m.kr. í samræmi við rekstraráætlun fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins árið 2022 er áætlaður um 2.584,5 m.kr. að meðtöldum kostnaði vegna skilavaldsins sem nemur 94,5 m.kr. Fjárveiting úr ríkissjóði nemur 2.427,2 m.kr. en auk þess eru sértekjur FME áætlaðar 29,6 m.kr. Mismunurinn, um 128 m.kr., kemur til lækkunar höfuðstóls sem er í samræmi við rekstraráætlun stofnunarinnar. Vinna stendur yfir við undirbúning á flutningi tveggja úrskurðarnefnda á fjármálamarkaði frá Seðlabanka Íslands. Þeirri vinnu er ekki lokið og því er áfram gert ráð fyrir kostnaði hjá bankanum af vistun nefndanna. Sjá nánari umfjöllun í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 17,4 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

16.2 Stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 1.488,1 m.kr. og hækkar um 7,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 56,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 20 m.kr. vegna rekstrarkostnaðar starfsmanna á Akureyri sem flytjast frá NMÍ yfir til ANR.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 21 m.kr. þar sem tímabundið framlag vegna traustþjónustu gengur til baka.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar tímabundið um 12 m.kr. framlag til Fjarskiptastofu vegna flutnings verkefnis um traustþjónustu frá Neytendastofu í samræmi við breytingu á lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar tímabundið um 12 m.kr. til að mæta kostnaði Skattsins við skráningu í almannaheillafélagaskrá í tengslum við lögfestingu frumvarps til laga um félög til almannaheilla.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 40 m.kr. vegna flutnings á fjárheimild yfir á málaflokk 16.1 til að styrkja samrunaefirlit Samkeppniseftirlitsins vegna aukins umfangs slíkra verkefna.
- f. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 12 m.kr. vegna flutnings af málefнасviði 15 yfir á málefнасvið 16 í tengslum við tímabundinn kostnað sem fellur til hjá Skattinum vegna lögfestingar frumvarps til laga um félög til almannaheilla.
- g. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 16,5 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á ferðakostnaði sem gengur til baka.
- h. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 30,6 m.kr. sem skipt er hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

17 Umhverfismál

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð umhverfis- og auðlindaráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Loftslagsmál eru vaxandi þáttur í öllum málaflokkum málefнасviðsins en heyra að mestu undir málaflokk 17.5 ásamt loftmengunarmálum. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
17 Umhverfismál					
17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	5.758,4	5.233,1	5.861,2	12,0	1,8
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	5.758,4	5.233,1	5.861,2	12,0	1,8
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	5.943,0	3.919,8	4.194,0	7,0	-29,4
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	5.943,0	3.919,8	4.194,0	7,0	-29,4
17.30 Meðhöndlun úrgangs	5.051,9	6.103,2	6.379,7	4,5	26,3
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	5.051,9	6.103,2	6.379,7	4,5	26,3
17.40 Varnir vegna náttúruvá	1.507,5	2.676,2	2.689,9	0,5	78,4
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	1.507,5	2.676,2	2.689,9	0,5	78,4
17.50 Stjórnsýsla umhverfismála	5.830,4	6.419,3	6.223,5	-3,1	6,7
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	5.830,4	6.419,3	6.223,5	-3,1	6,7
Samtals	24.091,2	24.351,6	25.348,3	4,1	5,2

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árána 2021–2022



Heildargjöld málefнасviðs 17 *Umhverfismál* árið 2022 eru áætluð 25.348,3 m.kr. og aukast um 364,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021 eða sem svarar til 1,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um samtals 996,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,1% hækkunar.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi sem er að finna undir bundnum útgjöldum hafi að hluta til verið jafnað á móti aðhaldi.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
17 Umhverfismál					
Rekstrarframlög	16.373,0	13.657,3	14.631,9	7,1	-10,6
Rekstrartilfærslur	5.848,3	6.551,7	6.865,1	4,8	17,4
Fjármagnstílfærslur	1.174,8	3.201,4	2.980,2	-6,9	153,7
Fjárfestingarframlög	695,1	941,2	871,1	-7,4	25,3
Heildarútgjöld	24.091,2	24.351,6	25.348,3	4,1	5,2
Rekstrartekjur	-	2.968,3	3.153,8	6,2	-
Framlag úr ríkissjóði	-	21.383,3	22.194,5	3,8	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	24.351,6	25.348,3	4,1	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

Starfsemi málaflokksins er að mestu leyti í höndum Landgræðslunnar, Skógræktarinnar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum, auk þess sem hluti af starfsemi Umhverfisstofnunar fellur undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða.		
Úthlutun styrkja til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í samræmi við landsáætlun um innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	80 m.kr.
Áframhaldandi uppbygging á náttúruverndarsvæðum og efling landvörslu til að bæta þjónustu á þeim.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Mat á ástandi skilgreindra áfangastaða innan náttúruverndarsvæða.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Að auka árlegt umfang uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa og nýskógræktar.		
Stöðvun landeyðingar, uppgræðsla, endurheimt votlendis, innleiðing landgræðsluáætlunar og efling losunarbókhalds.*	Landgræðslan	232,5 m.kr.
Skógrækt á lögbýlum.*	Skógræktin	75 m.kr.
Skógrækt, rannsóknir, endurheimt skóga, innleiðing landsáætlunar í skógrækt og efling losunarbókhalds.*	Skógræktin	52,5 m.kr.

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 17.5 um að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 5.861,2 m.kr. og hækkar um 444,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 183,2 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 232,5 m.kr. til að auka endurheimt votlendis, bæta landnýtingu og til verndunar votlendis, sbr. markmið 2. Verkefnið er hluti af náttúrumiðuðum lausnum í loftslagsmálum í tengslum við hert landsmarkmið stjórnvalda í loftslagsmálum.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 52,5 m.kr. til að auka endurheimt skóga, sbr. markmið 2. Verkefnið er hluti af náttúrumiðuðum lausnum í loftslagsmálum í tengslum við hert landsmarkmið stjórnvalda í loftslagsmálum.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 75 m.kr. til skógræktar á lögbýlum, sbr. markmið 2. Verkefnið er hluti af náttúrumiðuðum lausnum í loftslagsmálum í tengslum við hert landsmarkmið stjórnvalda í loftslagsmálum.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 80 m.kr. vegna millifærslu af málaflokki 17.5 vegna tímabundinnar fræðslu- og kynningarverkefna innan þjóðgarða og annarra verndarsvæða á árinu 2021.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 65,2 m.kr. Við útdeilingu á aðhaldskröfu málefnasviðs er að stórum hluta beitt hlutfallslegri skiptingu niður á fjárlagaliði að teknu tilliti til stöðu og áhættumats.

17.2 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

Starfsemi málaflokksins er í höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúruvörðunastöðvarinnar við Mývatn og Veðurstofu Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að efla vöktunarkerfi vegna náttúruvár.		
Bætt vöktun náttúruvár með áreiðanlegri og lengri og viðvörðunartíma og bættu rekstraröryggi vöktunarkerfa.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Styrking reksturs og fjölgun mælubúnaðar fyrir veður-, vatna- og jarðskjálftakerfi auk mats á náttúruvá.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Endurnýjun og uppbygging veðursjárkerfis.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Markmið 2: Að efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga.		
Rannsóknir, vöktun og miðlun á loftslagsbreytingum og þeim afleiðingum sem þær kunna að valda.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á súrnun sjávar.	Hafrannsóknastofnun	Innan ramma
Vöktun náttúruverndarsvæða undir álagi ferðamanna.*	Náttúrufræðistofnun Íslands	Innan ramma
Áætlanir um rannsóknir, vöktun og samlegðaráhrif aðgerða vegna hnattrænna umhverfisáskorana, sbr. aðgerð 9 í Vísinda- og tæknistefnu 2020–2022.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 17.1 um að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 4.194,0 m.kr. og hækkar um 83,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 190,4 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 104 m.kr. vegna millifærslu af málaflokki 17.5 vegna aukinnar vöktunar á náttúruverndarsvæðum 100 m.kr. og vegna helsingja og gæsa 4 m.kr.

- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 32,6 m.kr. Við útdeilingu á aðhaldskröfu málefнасviðs er að stórum hluta beitt hlutfallslegri skiptingu niður á fjárlagaliði að teknu tilliti til stöðu og áhættumats.

17.3 Meðhöndlun úrgangs

Starfsemi málaflokksins er m.a. í höndum Endurvinnslunnar hf. og Úrvinnslusjóðs. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að auka endurvinnslu heimilisúrgangs.		
Hringrásarhagkerfi – græn nýsköpun.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd aðgerða á grundvelli „Almennrar stefnu um meðhöndlun úrgangs 2019–2030“ sem verður gefin út á árinu 2020.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd úrgangsförvarnastefnunnar Saman gegn sóun 2016–2027.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Umhverfisstofnun	Innan ramma
Framkvæmd aðgerða á grundvelli aðgerðaáætlunar um plast frá árinu 2020.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd aðgerða gegn matarsóun á grundvelli aðgerðaáætlunar gegn matarsóun sem gefin verður út árið 2021.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Umhverfisstofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 6.379,7 m.kr. og hækkar um 274,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2,1 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins vegna Endurvinnslunnar hf. er aukin um 257 m.kr. vegna áætlunar um aukningu á skila- og umsýslugjaldi frá fyrra ári.
- Fjárheimild málaflokksins vegna Úrvinnslusjóðs er aukin um 17,6 m.kr. vegna áætlunar um aukningu í innheimtu á úrvinnslugjaldi frá fyrra ári.

17.4 Varnir gegn náttúruvá

Einn ríkisaðili, Ofanflóðasjóður, tilheyrir málaflöknum. Nánar er fjallað um málaflökkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflökksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að tryggja fullnægjandi öryggi fyrir íbúa landsins gegn ofanflóðum.		
Framkvæmdir á Patreksfirði, Flateyri, Siglufirði, Seyðisfirði og Eskifirði.	Ofanflóðasjóður	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflökksins fyrir árið 2022 er áætluð 2.689,9 m.kr. og helst óbreytt frá gildandi fjárlögum til samræmis við markmið að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 13,7 m.kr.

17.5 Stjórnsýsla umhverfismála

Starfsemi málaflökksins er í höndum aðalskrifstofu umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Skipulagsstofnunar, Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Umhverfisstofnunar og úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Loftslagsmál eru snar þáttur í stjórnsýslu umhverfismála. Undir þennan málaflökk falla fjárheimildir til loftslagsaðgerða, loftmengunarmála og til loftslagssjóðs. Umfangsmestu verkefni á sviði loftslagsmála eru stefnumótun og eftirfylgni fyrir kolefnishlutlaust Ísland, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem snýr að samdrætti í losun og aðgerðaáætlun vegna aðlögunar íslensks samfélags að áhrifum loftslagsbreytinga. Nánar er fjallað um málaflökkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflökksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.		
Stefnumótun um kolefnishlutlaust Ísland.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Styrking stjórnsýslu loftslagsmála og samþætting þvert á málefna svið.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma

Samtal við ESB um hert markmið í loftslagsmálum og innleiðing regluverks því tengdu.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Úrbætur á losunarbókhaldi fyrir landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt (LULUCF) í samræmi við reglur ESB og Loftslagssamnings SP.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti Umhverfisstofnun, Landgræðslan og Skógræktin	Innan ramma
Rannsóknir á kolefnisforða, losun og bindingu í jarðvegi og gróðri.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Útfæra reglur fyrir starfsemi fyrirtækja varðandi kolefnisföngun og varanlega geymslu kolefnis.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Verkstjórn aðgerða í Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, þ.m.t. orkuskipti í þágu loftslagsmála.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Samstarf við bændur um loftslagsvænni landbúnað.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Unnin verði áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Að efla náttúruvernd, m.a. með friðlýsingu náttúruverndarsvæða.

Efling friðlýsinga.	Umhverfisstofnun	Innan ramma
Fræðslu- og kynningarverkefni innan þjóðgarða og annarra verndarsvæða.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Kortlagning óbyggðra víðerna.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma
Samstarf við bændur um náttúruvernd.	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Innan ramma
Endurskoðun stefnu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Innan ramma

Markmið 3: Að bæta viðmót, gagnsæi og skilvirkni stjórnsýslu, m.a. með aukinni stafrænni stjórnsýslu.

Aukin skilvirkni í málsmeðferð.	Skipulagsstofnun	Innan ramma
Innleiðing rafrænna þjónustuleiða vegna leyfisveitinga.	Umhverfisstofnun	Innan ramma
Innleiðing skipulagsgáttar og stafræns skipulags.	Skipulagsstofnun	Innan ramma
Framkvæmd aðgerðaáætlunar í kjölfar 2. landsskýrslu Íslands um innleiðingu Árósasamningsins.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 4: Að efla hreinsun fráveitu.

Átak í fráveitumálum sveitarfélaga.	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	-200 m.kr.
-------------------------------------	---------------------------------	------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 6.223,5 m.kr. og lækkar um 438,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 242,8 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 250 m.kr. til áframhaldandi uppbyggingar í þjóðgördum, á náttúruverndarsvæðum og til eflingar landvörslu til að bæta þjónustu á þessum svæðum. Aukningin er úr fyrri fjármálaáætlun.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 200 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk 17.1 vegna tímabundinnar styrkingar vegna uppbyggingar á þjóðgarðsmiðstöð á Kirkjubæjarklaustri og á öðrum náttúruverndarsvæðum.
- c. Gert er ráð fyrir 236 m.kr. aukningu til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra loftslagsaðgerða í tengslum við 300 m.kr. aukningu til loftslagsmála úr fyrri fjármálaáætlun.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 200 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundinna fjárheimilda til fráveitustyrkja, sbr. markmið nr. 4 í fjármálaáætlun. Gert er ráð fyrir að fjármögnun verkefnisins muni í heild kosta samtals 5,0 ma.kr. og verði lokið í árslok 2030.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 80 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk 17.1 vegna tímabundinnar fræðslu- og kynningarverkefna innan þjóðgarða og annarra verndarsvæða á árinu 2021.
- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 104 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk 17.1 vegna aukinnar vöktunar á náttúruverndarsvæðum og vegna helsingja og gæsa.
- g. Niðurfelld tímabundin 80 m.kr. fjárheimild til málaflokksins vegna umhverfissamninga við framleiðendur í minkarækt.
- h. Niðurfelld 20 m.kr. fjárheimild til málaflokksins vegna tímabundins framlags til Kötlu jarðvangs til fimm ára.
- i. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 5 m.kr. til eflingar á vistgerðaverkefnum, sbr. markmið 2. Verkefni er hluti af náttúrumiðuðum lausnum í loftslagsmálum í tengslum við hert landsmarkmið stjórnvalda í loftslagsmálum.
- j. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 185,1 m.kr. Við útdeilingu á aðhaldskröfu málefнасviðs er að stórum hluta beitt hlutfallslegri skiptingu niður á fjárlagaliði að teknu tilliti til stöðu og áhættumats.

18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2020 m.kr.	2021 m.kr.	2022 m.kr.	fjárlögum %	reikn. %
18.10 Safnamál	5.083,6	5.160,5	5.248,4	1,7	3,2
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	5.083,6	5.160,5	5.248,4	1,7	3,2
18.20 Menningarstofnanir	5.739,9	5.893,9	6.105,6	3,6	6,4
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	5.739,9	5.893,9	6.105,6	3,6	6,4
18.30 Menningarsjóðir	5.909,9	5.330,5	4.907,7	-7,9	-17,0
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	5.909,9	5.330,5	4.907,7	-7,9	-17,0
18.40 Íþróttar- og æskulýðsmál	2.089,9	1.223,6	1.230,3	0,5	-41,1
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	2.089,9	1.223,6	1.230,3	0,5	-41,1
Samtals	18.823,3	17.608,5	17.492,0	-0,7	-7,1

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Heildargjöld málefnasviðs 18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmáls árið 2022 eru áætluð 17.492 m.kr. og lækka um 646,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til -3,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 116,5 m.kr. milli ára, eða sem svarar til -0,7 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	9.468,4	8.972,3	9.412,8	4,9	-0,6
Rekstrartilfærslur	8.424,8	7.191,1	6.830,8	-5,0	-18,9
Fjármagnstílfærslur	918,2	622,6	626,2	0,6	-31,8
Fjárfestingarframlög	11,9	822,5	622,2	-24,4	5.128,6
Heildarútgjöld	18.823,3	17.608,5	17.492,0	-0,7	-7,1
Rekstrartekjur	-	1.654,7	1.666,3	0,7	-
Framlag úr ríkissjóði	-	15.953,8	15.825,7	-0,8	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	17.608,5	17.492,0	-0,7	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

18.1 Safnamál

Undir málaflokkinn fellur starfsemi safna á vegum ríkisins, sveitarfélaga, sjálfseignarstofnana og annarra aðila, s.s. Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands, einnig málefni almenningsbókasafna, héraðsskjalasafna og annarra safna sem falla undir bókasafnalög og lög um opinber skjalasöfn, s.s. Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Þjóðskjalasafns Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum.		
Grunnsýning Listasafns Íslands á myndlistararfinum með áherslu á vísindi og upplifun fyrir börn í Safnahúsi.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Listasafn Íslands	Innan ramma
Stuðla að auknu samstarfi safna í samráði við hagsmunaaðila og huga að nauðsynlegum lagabreytingum.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Náttúruminjasafn Íslands. Vinna að framtíðaruppbyggingu safnsins.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Náttúruminjasafn Íslands	300 m.kr.
Huga að húsnæðismálum Þjóðskjalasafns Íslands, Listasafns Íslands, Gljúfrasteins og Listasafns Einars Jónssonar.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og söfnin	Innan ramma
Markmið 2: Vernda menningararf þjóðarinnar með markvissari hætti.		
Varðveisla. Greina núverandi stöðu og gera áætlun um uppbyggingu og endurnýjun geymslna fyrir safnkost í ríkiseigu.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Bætt aðstaða. Greina aðstöðu og þarfir safna fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um uppbyggingu.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Stafræn varðveisla og endurgerð menningarminja og menningarsögulegs efnis.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Þjóðminjasafn Íslands: Átak í viðhaldi og varðveislu á húsaafni.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Þjóðminjasafn Íslands	25 m.kr.
Markmið 3: Efla rannsóknir og skráningu.		
Skráning. Setja safneignir á stafrænt form. a) Frumrit íslenskrar tónlistar. b) Stafvæðing efnis Kvikmyndasafns Íslands.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og söfn	55 m.kr.
Rannsóknir. Styrkja sjálfstæðar rannsóknir safna.	Söfn og sjóðir	Innan ramma
Þjóðskjalasafn Íslands: Átak í grisjun og skráningu vegna flutninga.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	25 m.kr.
Listasafn Íslands: Sérstök tímabundin fjárveiting til listskreytinga.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Listasafn Íslands	10 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 5.248,4 m.kr. og lækkar um 123,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 211,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 115 m.kr. til að ráðast í átaksverkefni sem falla undir málaflokkinn, s.s. varðveislu og viðhald á húsaafni í umsjón Þjóðminjasafns Íslands og grisjun og skráningu skjala í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands. Verkefnin eru hluti af fjárfestingar- og uppbyggingaráttaki til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 75 m.kr. til að efla starfsemi safna, sbr. markmið nr. 1, 2 og 3.
- Millifærð er 181,3 m.kr. gjaldaheimild vegna yfirfærslu Safnahússins við Hverfisgötu frá Þjóðminjasafni Íslands til Listasafns Íslands, sem átti sér stað 1. mars 2021.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 196,1 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður, þ.e. 200 m.kr. framlag til vísindasýningar fyrir börn og 7 m.kr. til Varðskipsins Óðins. Á móti gengur 10,9 m.kr. lækkun í fjárlögum fyrra árs til baka vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um lækkun ferðakostnaðar.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 94,8 m.kr. sem er að mestu leyti skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

18.2 Menningarstofnanir

Starfsemi málaflokksins er í höndum opinberra stofnana á sviði lista og menningar, s.s. Minjastofnunar Íslands, Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum til að fleiri landsmenn fái notið þeirra.		
Aðgengi að listum. Vinna að því að fjölga listviðburðum í grunnskólum og menningarhúsum um land allt.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, List fyrir alla og stofnanir	Innan ramma
Þjóðarópera. Nefnd hefur verið falið að kanna rekstrargrundvöll fyrir stofnun þjóðaróperu.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Huga að endurnýjun tækjabúnaðar og húsnæðismálum Þjóðleikhússins sem og Íslenska dansflokksins.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Starfshópur um starfsemi og uppbyggingu Erróseturs á Kirkjubæjarklaustri.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Vernda menningararf þjóðarinnar með markvissari hætti.

Styrkja starfsemi Minjastofnunar.	Minjastofnun Íslands	50 m.kr.
Undirbúa framkvæmdir við menningarhús á Sauðárkróki.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 3: Efla rannsóknir og skráningu.

Formminjasjóður: Efla skráningu og rannsóknir formminja vegna náttúruvár.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Minjastofnun Íslands	30 m.kr.
Gera gagnagrunn yfir fornleifar og safna gögnum.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Minjastofnun	Innan ramma
Skrá fornleifar á svæðum sem eru utan skráningarskyldra svæða sveitarfélaga vegna skipulagsgerðar.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Minjastofnun	Innan ramma
Skilgreina forgangssvæði og skrá fornleifar innan þeirra.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Minjastofnun	Innan ramma
Skrá fornleifar á þjóðlendum og friðlýstum svæðum.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Minjastofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 6.105,6 m.kr. og lækkar um 57,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 269,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. til að styrkja Minjastofnun Íslands, m.a. til að stofnunin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu um minjavörslu í landinu, sbr. markmið nr. 2.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 98 m.kr. til gera Kvikmyndamiðstöð Íslands kleift að fylgja eftir verkefnum tengdum nýrri kvikmyndastefnu. Verkefni eru hluti af tímabundnu fjárfestingar- og uppbyggingarátaki til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 108,4 m.kr. sem er að mestu leyti skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 55,8 m.kr. til að draga úr hagræðingarkröfu sviðslistastofnana sem heyra undir málaflokkinn. Með breytingunni er komið til móts við tekjutap sviðslistastofnana vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar.

18.3 Menningarsjóðir

Starfsemi málaflokksins felst í fjárveitingum ríkisins sem er úthlutað í gegnum lögbundna sjóði. Helstu sjóðir málaflokksins eru fornminjasjóður, húsafríðunarsjóður, safnasjóður,

myndlistarsjóður, bókmenntasjóður, launasjóðir listamanna, kvikmyndasjóður, útflutnings-
sjóður íslenskrar tónlistar, bókasafnssjóður höfunda, tónlistarsjóður, hljóðritasjóður tónlistar,
starfsemi atvinnuleikhúsa, sóknaráætlun landshluta til stuðnings menningar, stuðningur við
útgáfu bóka á íslensku, barna- og ungmennabókasjóður og barnamenningarsjóður Íslands.
Nánar er fjallað um málaflökkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu
áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflökksins árið 2022 og tengingu þeirra við
markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar
breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig
endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á
milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu.		
Aðgerðaáætlun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.		
<ul style="list-style-type: none"> a. Máltækni – stafræn framtíð tungunnar. Framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi verði tryggð. Unnið verði samkvæmt verkáætlun um máltækni fyrir íslensku. b. Bókaútgáfa. Styðja við útgáfu bóka á íslensku vegna mikilvægis íslenskrar bókaútgáfu fyrir þróun tungumálsins og eflingu læsis. c. Málstefna um íslenskt táknmál. Málstefna um íslenskt táknmál liggur fyrir og gert ráð fyrir þinglegri meðferð 2022. d. Íslensk málstefna – Íslenska til alls. Fyrir liggur viðauki við íslenska málstefnu sem notuð verður sem grundvöllur fyrir stefnumótun stjórnvalda. e. Almenningsbókasöfn. Bókasafnaráð vinnur að bókasafnastefnu sem mun leggja áherslu á að efla starfsemi almenningsbókasafna, á aukna þjónustu við almenning og aðgengi að nýju og fjölbreyttu lesefni á íslensku. f. Viðmið um málnotkun má finna í viðauka við íslenska málstefnu. g. Orðasöfn. Stuðla að opnu aðgengi almennings að upplýsingaveitum um íslenskt mál, s.s. orðabókum, orðasöfnum og málfarssöfnum. 	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og samstarfsaðilar	Innan ramma
Markmið 2: Skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun og frumkvæði í listum og menningu.		
Umgjörð stuðnings við menningu og listir verður endurskoðuð og einfölduð.		
<ul style="list-style-type: none"> a. Endurskoða starfslaun listamanna ásamt því að bæta við launasjóði kvikmyndahöfunda. b. Endurskoða verkefnasjóði listamanna. 	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma

Tímabundin breyting listamannalauna í tengslum við fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	100 m.kr.
Menningarsókn. Unnið verði samkvæmt aðgerðaáætlun fyrir gildandi menningarstefnu.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Kvikmyndastefna. Unnið verði að framkvæmd kvikmyndastefnu með áherslu á bætt sjóðakerfi og starfsumhverfi. a) Þróun streymisveitu. b) Aukin verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð	510 m.kr.
Myndlistarstefna. Vinna að framkvæmd myndlistarstefnu með áherslu á framsækið myndlistarlíf innan lands og á erlendum vettvangi. Endurskoða myndlistarlög og vinna úr niðurstöðu starfshóps.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Endurskoða lög um tónlist og vinna úr skýrslu starfshóps um tónlistarmiðstöð og breytt sjóðakerfi tónlistar.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 4.907,7 m.kr. og lækkar um 454,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 31,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 228 m.kr. í samræmi við áætlun um breytingar á framlagi til aðgerðaáætlunar um máltækni til að íslensk tunga verði gjaldgeng í stafrænum heimi. Með breytingunni verður framlag til verkefnisins 122 m.kr. árið 2022 sem jafnframt er lokaár framlags til verkefnisins sem hófst árið 2018.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 412 m.kr. til að efla Kvikmyndasjóð í samræmi við nýja kvikmyndastefnu. Verkefnin eru hluti af tímabundnu fjárfestingar- og uppbyggingaráttaki til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 100 m.kr. til að efla Launasjóð listamanna. Verkefnin eru hluti af tímabundnu fjárfestingar- og uppbyggingaráttaki til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 69 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður, m.a. 15 m.kr. til Skaftfells á Seyðisfirði, 12 m.kr. til RIFF og 10 m.kr. til Prentsöguseturs.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 78,7 m.kr. sem er að mestu leyti skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

18.4 Íþrótt- og æskulýðsmál

Starfsemi í málaflokknunum er að mestu leyti á hendi frjálsra félaga og félagasamtaka sem og sveitarfélaga, í samstarfi við ríkið. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig

endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.		
Þjódarleikvangar.		
a. Undirbúningur vegna þjódarleikvangs í frjálsíþróttum.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, ÍSÍ og sérsambönd	Innan ramma
b. Undirbúningur vegna þjódarleikvangs í knattspyrnu.		
c. Undirbúningur vegna þjódarleikvangs fyrir inniþróttir.		
Börn með annað móðurmál en íslensku.		
a. Fylgjast með þátttöku þeirra í íþrótt- og æskulýðsstarfi í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntavísindasvið HÍ og íþrótt- og æskulýðsfélög	Innan ramma
b. Setja áherslur í samninga við íþróttahreyfinguna og sjóði sem stuðla að aukinni þátttöku iðkenda í þessum hópi.		
Fylgja eftir ákveðnum verkefnum, sem snúa m.a. að lagabreytingum og gæðaviðmiðum, innan aðgerðaáætlunar vegna stefnu um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk.		
Þróa samstarfsvettvang gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum í samræmi við alþjóðasamning Evrópuráðsins.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, ríkislögreglustjóri og hagsmunaaðilar	Innan ramma
Vinna að þingsályktun um afreksíþróttir.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Íþrótt- og Olympiusamband Íslands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 1.230,3 m.kr. og lækkar um 10,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 17,2 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 10,4 m.kr. sem er hluti af útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins. Framlagið er nýtt til að draga úr aðhaldskröfu til málaflokksins.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 20,4 m.kr. Aðhaldskrafan er færð til lækkunar á fjárlagalið 02-986 610 *Styrkir til uppbyggingar landsmótsstaða*. Með aðgerðinni verður ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til styrkja til uppbyggingar landsmótsstaða á árinu 2022.

19 Fjölmiðlun

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


19 Fjölmiðlun	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
19.10 Fjölmiðlun	5.409,3	5.138,3	5.563,5	8,3	2,9
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti ..	5.409,3	5.138,3	5.563,5	8,3	2,9
Samtals	5.409,3	5.138,3	5.563,5	8,3	2,9

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Heildargjöld málefнасviðs 19 Fjölmiðlun árið 2022 eru áætluð 5.563,5 m.kr. og hækka um 421,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 8,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 425,2 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 8,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
19 Fjölmiðlun					
Rekstrarframlög	5.009,3	4.746,0	5.178,2	9,1	3,4
Rekstrartilfærslur	400,0	392,0	384,3	-2,0	-3,9
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	0,3	1,0	233,3	-
Heildarútgjöld	5.409,3	5.138,3	5.563,5	8,3	2,9
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	5.138,3	5.563,5	8,3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	5.138,3	5.563,5	8,3	-

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

19.1 Fjölmiðlun

Undir málaflokkinn fellur starfsemi safna á vegum ríkisins, sveitarfélaga, sjálfseignarstofnana og annarra aðila, s.s. Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands, einnig málefni almenningsbókasafna, héraðsskjalasafna og annarra safna sem falla undir bókasafnalög og lög um opinber skjalasöfn, s.s. Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Þjóðskjalasafns Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta starfsumhverfi fjölmiðla.		
Styrkir. Veita einkareknum fjölmiðlum styrki.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Undirbúa mat á árangri af stuðningskerfi við einkarekna fjölmiðla.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Rannsókn á stöðu einkarekinna fjölmiðla, m.a. m.t.t. mats á árangri af stuðningskerfi við einkarekna fjölmiðla.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 5.563,5 m.kr. og hækkar um 421,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 430 m.kr. til samræmis við tekjuáætlun af útvarpsgjaldi.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 9,5 m.kr.

20 Framhaldsskólastig

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
20 Framhaldsskólastig					
20.10 Framhaldsskólar	35.943,3	39.177,6	38.935,9	-0,6	8,3
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	35.943,3	39.177,6	38.935,9	-0,6	8,3
20.20 Tónlistarfræðsla	571,7	585,8	611,6	4,4	7,0
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	571,7	585,8	611,6	4,4	7,0
20.30 Vinnustaðanám og styrkir	264,1	242,6	242,6	0,0	-8,1
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	264,1	242,6	242,6	0,0	-8,1
20.40 Jöfnun námskostnaðar	494,9	545,4	572,7	5,0	15,7
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	494,9	545,4	572,7	5,0	15,7
Samtals	37.274,0	40.551,4	40.362,8	-0,5	8,3

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2021–2022



Heildargjöld málefнасviðs 20 Framhaldsskólastig árið 2022 eru áætluð 40.362,8 m.kr. og lækka um 2.264,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til -5,6%. Þegar tekið er

tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 188,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til -0,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskaflla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
20 Framhaldsskólastig					
Rekstrarframlög	34.922,5	37.357,2	37.030,9	-0,9	6,0
Rekstrartilfærslur	2.282,5	2.472,3	2.577,2	4,2	12,9
Fjármagnstílfærslur	50,1	186,4	186,4	0,0	272,1
Fjárfestingarframlög	18,9	535,5	568,3	6,1	2.906,9
Heildarútgjöld	37.274,0	40.551,4	40.362,8	-0,5	8,3
Rekstrartekjur	-	1.469,3	1.566,1	6,6	-
Framlag úr ríkissjóði	-	39.082,1	38.796,7	-0,7	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	40.551,4	40.362,8	-0,5	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

20.1 Framhaldsskólar

Starfsemi málaflokksins eru í höndum 40 opinberra og einkarekinna framhaldsskóla. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma.		
Sérstakt fjárframlag til framhaldsskóla vegna nemenda í brotthvarfshættu.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur við verkefni sem stuðla að bættri líðan nemenda í framhaldsskólum.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma

Árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla mælt og kynnt skólustjórnendum.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi.		
Bæta aðgengi að starfs- og tækninámi á landsbyggðinni.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Greina húsnæðisþörf fyrir iðn- og tæknimenntun á Íslandi með það að markmiði að efla námið.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Innleiða reglugerð um vinnustaðanám sem felur m.a. í sér að skólar taka að sér ábyrgð á starfsnámsnemum frá upphafi til loka náms.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samtök iðnaðarins, Menntamálastofnun	Innan ramma
Semja og færa hæfniviðmið nemenda í öllum starfaflokkum inn og vinna í samstarfi við atvinnulífið.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun	Innan ramma
Markmið 3: Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.		
Bætt aðstaða fyrir nemendur framhaldsskóla. Framkvæmdir hefjist við húsnæði Menntaskólans í Reykjavík. Undirbúningur að viðbótarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Undirbúningur og gagnsöfnun vegna endurskoðunar ytra mats.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun	Innan ramma
Þróa áfram og innleiða reiknilíkan.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Auðvelda þróun náms með einföldun staðfestingarferlis námsbrautalýsinga og yfirfara viðurkenningarferli einkaskóla með endurskoðun á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun	Innan ramma

Við lokavinnslu frumvarps til fjárlaga 2022 kom aftur inn að hluta tímabundið viðbótarframlag vegna nemendafjölgunar sem rekja má til heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Framlaginu var skipt niður á framhaldsskóla miðað við fyrirliggjandi áætlanir um nemendafjölda. Fjárveiting til hvers framhaldsskóla kemur fram í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga 2022 undir yfirliti 5. Hins vegar vannst ekki tími til að uppfæra fjárhæðir í yfirlitum 2, 3 og 4 í fylgiriti frumvarpsins. Í fylgiriti með fjárlögum 2022 verða yfirlit 2, 3 og 4 uppfærð.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er 38.935,9 m.kr. og lækkar um 2.264,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2.022,8 m.kr.

Umtalsverð lækkun er á rekstrarframlögum á milli ára eins og nánari grein er gerð hér fyrir neðan.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 200 m.kr. til þess að efla menntun í landinu og almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins var aukið um 100 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 445 m.kr. vegna áframhaldandi fjölgunar nemenda í framhaldsskólum sem rekja má til heimsfaraldurs. Fjárheimildin

kemur í stað 1.288 m.kr. tímabundinnar framlags sem veitt var til eins árs í fjárlögum 2021.

- c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 160 m.kr. vegna bókunar í kjarasamningi ríkisins og Kennarasambands Íslands.
- d. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 41 m.kr. vegna verkefnisins „Nám er tækifæri“ en gert er ráð fyrir að því ljúki sumarið 2022. Fjárheimildin kemur í stað 1.728 m.kr. tímabundinnar fjárheimildar sem fellur niður en þátttaka í verkefninu hefur verið minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 3.046,2 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Um er að ræða 1.288 m.kr. vegna fjölgunar á reiknuðum nemendum í fullu námi vegna heimsfaraldurs kóruneveiru. Þá lækkaði fjárheimildin um 1.728 m.kr. vegna verkefnisins „Nám er tækifæri“ og 30 m.kr. vegna Menntanets á Suðurnesjum. Á móti gengur 76,5 m.kr. lækkun á fjárlögum fyrra árs til baka vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um lækkun ferðakostnaðar.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 241,8 m.kr. sem var útfærð á móti útgjaldasvigrúmi málaflokksins.

20.2 Tónlistarfræðsla

Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, og taka þau til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks samkvæmt lögnum. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 611,6 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 25,8 m.kr.

20.3 Vinnustaðanám og styrkir

Tilgangur löggjafar um vinnustaðanámssjóð er að auðvelda nemendum að ljúka tilskildu námi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi og auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að taka nemendur á náms- eða starfsþjálfunarsamning. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í málaflokki 20.1 *Framhaldsskólar* eru að hluta til leiðandi fyrir úthlutun námsstyrkja.

Árin 2020–2022 verður niðurstöðum úttektar á starfsemi og úthlutunum úr Vinnustaðasjóði fylgt eftir (sjá málaflokk 20.1 *Framhaldsskólar*).

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 242,6 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum.

20.4 Jöfnun námskostnaðar

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki, nr. 79/2003, sem veittir eru til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungri fjárhagsbyrði eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Meginmarkmið þessa málaflokks er að stjórnvöld leggi áherslu á jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum.

Á árunum 2020–2022 verður gerð úttekt á framkvæmd laga um námsstyrki og skoðað hvernig þau þjóna hlutverki sínu. Samhliða verður reglugerð um námsstyrki, nr. 692/2003, endurskoðuð.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2021 er áætluð 572,7 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 27,3 m.kr.

21 Háskólastig

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
21 Háskólastig					
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi	51.130,1	46.046,8	48.654,5	5,7	-4,8
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	50.927,5	45.830,5	48.431,7	5,7	-4,9
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	202,6	216,3	222,8	3,0	10,0
21.30 Stuðningur við námsmenn	4.176,8	7.120,8	6.404,3	-10,1	53,3
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	4.176,8	7.120,8	6.404,3	-10,1	53,3
Samtals	55.306,9	53.167,6	55.058,8	3,6	-0,4

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Heildargjöld málefнасviðs 21 Háskólastig árið 2022 eru áætluð 55.058,8 m.kr. og hækka um 165 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 0,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.891,2 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3,6 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á mótí aðhaldsmarkmiði. Útgjaldasvigrúm málefnasviðsins, sem var 900 m.kr., var útfært til verkefna sem færð voru undir bundin útgjöld.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
21 Háskólastig					
Rekstrarframlög	45.963,0	41.827,1	45.510,7	8,8	-1,0
Rekstrartilfærslur	7.398,2	8.801,0	8.132,8	-7,6	9,9
Fjármagnstílfærslur	1,0	0,0	0,0	-	-100,0
Fjárfestingarframlög	1.944,7	2.539,5	1.415,3	-44,3	-27,2
Heildarútgjöld	55.306,9	53.167,6	55.058,8	3,6	-0,4
Rekstrartekjur	-	10.684,3	11.631,0	8,9	-
Framlag úr ríkissjóði	-	42.483,3	43.427,8	2,2	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	53.167,6	55.058,8	3,6	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

21.1 Háskólar og rannsóknarstarfsemi

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjö opinberra og einkarekinna háskóla, auk fjögurra rannsóknastofnana, Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Undir málaflokkinn fellur einnig Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands og starfsemi rannsóknar-, fræða- og þekkingarsetra á landsbyggðinni. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Auka gæði náms og námsumhverfis í háskólum.		
Framlög til háskóla verði sambærileg við þau sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	396 m.kr.

Nýliðun og starfsþróun kennara.

a. Innleiðing og eftirfylgni aðgerða um nýliðun kennara, m.a. verður litið til þess hvernig fjölga megi körlum.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	20 m.kr.
---	-----------------------------------	----------

Gæði háskólanáms.

a. Greina þarfir fyrir nýtt húsnæði Háskóla Íslands.		
b. Sértekjar úttektir verða gerðar á gæðum fjarnáms og meistaranáms þvert á háskóla. Sérstaklega verður litið til kynja- og jafnréttissjónarmiða.		
c. Aukin fjárveiting til háskóla vegna tímabundinnar nemendafjölgunar.		
d. Efling skrifstofu gæðaráðs íslenskra háskóla.		
e. Unnið verður áfram að breytingum á reiknilíkani háskóla með áherslu á gæði og skilvirkni, samkvæmt Vísinda- og tæknistefnu 2020–2022.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	1.469 m.kr.
f. Starfsemi ENIC-NARIC skrifstofu aðskilin frá rekstri Háskóla Íslands.		
g. Unnið áfram að þróun fagháskólanáms.		
h. Unnið áfram að húsnæðismálum Listaháskóla Íslands.		
i. Framkvæmdir við húsnæði heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands á Hringbrautarreit.		

Gerð verður breyting á lögum um háskóla, nr. 63/2006, og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, m.a. til að styðja betur við gæðastarf háskólanna.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Innan ramma

Markmið 2: Styrkja rannsóknarstarf og umgjörð þess.

Stefna um starfsemi rannsókna-, fræða- og þekkingarsetra. Á grundvelli úttektar á starfsemi og mikilvægi setranna verður unnin stefna og aðgerðaáætlun til 2025.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Opin vísindi. Stefna um opin aðgang að gögnum verður mótuð.*		Innan ramma

Markmið 3: Auka áhrif og tengsl háskóla og rannsóknastofnana í samfélaginu.

Miðlun til almennings. Gera áætlun um miðlun vísinda og tækni frá háskólum og rannsóknastofnunum til almennings, annarra skólastiga og stjórnvalda.	Vísinda- og tækniráð og Mennta- og menningarmálaráðuneyti	210 m.kr.
Flutningur á starfsemi Árnastofnunar í Hús íslenskunnar og undirbúningur sýningar.		
Efling samfélagslegs hlutverks íslenskra háskóla.		

* Verkefnið styður jafnframt við markmið í málaflokki 7.1.

Við lokavinnslu frumvarps til fjárlaga 2022 kom aftur tímabundið framlag vegna nemendafjölgunar auk viðbótarframlags sem rekja má til heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Framlaginu var skipt niður á háskóla miðað við fyrirliggjandi áætlanir um nemendafjölda. Fjárveiting til hvers skóla kemur fram í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga 2022 undir yfirliti

5. Hins vegar vannst ekki tími til að uppfæra fjárhæðir í yfirlitum 2, 3 og 4 í fylgiriti frumvarpsins. Í fylgiriti með fjárlögum 2022 verða yfirlit 2, 3 og 4 uppfærð.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 48.654,5 m.kr. og hækkar um 881,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.726,2 m.kr.

Umtalsverð lækkun er á rekstrarframlögum og fjárfestingarframlögum á milli ára eins og nánari grein er gerð fyrir hér á eftir.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar tímabundið um 2.380,5 m.kr. Um er að ræða tímabundið úrræði til að koma til móts við aukinn fjölda nemenda í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Hækkunin skiptist þannig að 1.395,7 m.kr. eru framlenging á tímabundinni heimild sem veitt var í fjárlögum 2021 og 984,8 m.kr. eru aukin tímabundin heimild sem byggir á áætlunum um fjölda nemenda.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 87,4 m.kr. vegna verkefnisins *Nám er tækifæri*. Fjárheimildin kemur í stað 971,2 m.kr. tímabundinnar fjárheimildar sem fellur niður en þátttaka í verkefninu hefur verið minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- c. Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 200 m.kr. vegna hækkunar á framlögum til háskóla vegna brautskráninga, sbr. markmið nr. 1.
- d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 196 m.kr. vegna undirbúnings kvikmyndanáms og kennslu á háskólastigi, sbr. markmið nr. 1.
- e. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. vegna undirbúnings starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Húsi íslenskunnar, sbr. markmið nr. 3.
- f. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 87 m.kr. til stuðnings samfélagslegri þátttöku háskólanna og miðlun á þekkingu og færni til almennings, sbr. markmið nr. 2.
- g. Framlag til fjárfestinga er lækkað um 854 m.kr. vegna byggingar Húss íslenskunnar og verður það 418 m.kr. á árinu, sbr. markmið nr. 2.
- h. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 70 m.kr. vegna breytts fyrirkomulags á mati á erlendum prófgráðum, sbr. markmið nr. 1.
- i. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 2.033,2 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Um er að ræða 1.395,7 m.kr. vegna fjölgunar reiknaðra ársnema í háskólum um alls 1.464 og 971,2 m.kr. vegna verkefnisins *Nám er tækifæri* en bæði þessi verkefni eru viðbrögð við heimsfaraldri kórónuveirunnar, auk 35 m.kr. framlags vegna endurbóta og þarfagreiningar á húsnaði Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum og Hvanneyri. Á móti gengur 368,7 m.kr. lækkun í fjárlögum fyrra árs til baka vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um lækkun ferðakostnaðar.
- j. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 298 m.kr. og er að mestu leyti skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

21.3 Stuðningur við námsmenn

Löggjöf um málaflokkinn tekur til starfsemi Menntasjóðs námsmanna. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Meginmarkmið málaflokksins er að efla stuðning við námsmenn þar sem jafnræði og sanngirni eru höfð að leiðarljósi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 6.404,3 m.kr. og lækkar um 716,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

Heildarframlag ríkissjóðs til eldra kerfis, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, er áætlað 489,4 m.kr. Í fjármálaáætlun 2020–2024 kom fram að undanfarin ár hafði Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) fengið framlög umfram raunþörf sjóðsins. Því var í frumvarpi til fjárlaga 2020 gert ráð fyrir að framlög til LÍN yrðu lækkuð tímabundið um 3 ma.kr. og þess í stað gengið á handbært fé og eigið fé sjóðsins. Gert var ráð fyrir að sjóðurinn fengi árin 2021–2023 1 ma.kr. greiddan til baka ár hvert. Í fjárlögum 2021 fékk LÍN 1 ma.kr. en í fjárlagafrumvarpi 2022 er lagt til að fallið verði frá þessu samkomulagi þar sem ekki er talin þörf á hækkuninni á næsta ári. Hafa þarf þó í huga að mögulega þarf sjóðurinn á fjármagninu að halda síðar.

Heildarframlag ríkissjóðs til nýja kerfisins, Menntasjóðs námsmanna, er áætlað 5.914,9 m.kr. sem skiptist í kostnað vegna styrkja til þeirra námsmanna sem standast kröfur um námsframvindu, styrki til lánþega vegna framfærslu barna og kostnað við rekstur sjóðsins og þróun á umsókna- og innheimtakerfum.

22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
22.10 Leikskóla- og grunnskólastig	342,2	494,8	499,9	1,0	46,1
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	342,2	494,8	499,9	1,0	46,1
22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflo	1.997,4	2.003,1	2.035,7	1,6	1,9
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	1.997,4	2.003,1	2.035,7	1,6	1,9
22.30 Stjórnsýsla mennta- og menningarr	3.331,8	3.176,1	3.544,0	11,6	6,4
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	3.331,8	3.176,1	3.544,0	11,6	6,4
Samtals	5.671,4	5.674,0	6.079,6	7,1	7,2

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árána 2021–2022



Heildargjöld málefнасviðs 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála árið 2022 eru áætluð 6.079,6 m.kr. og hækka um 134,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 2,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 405,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 7,1 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	3.860,3	3.981,9	4.353,1	9,3	12,8
Rekstrartilfærslur	1.811,1	1.677,7	1.709,7	1,9	-5,6
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	14,4	16,8	16,7	-
Heildarútgjöld	5.671,4	5.674,0	6.079,6	7,1	7,2
Rekstrartekjur	-	845,3	976,7	15,5	-
Framlag úr ríkissjóði	-	4.828,7	5.102,9	5,7	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	5.674,0	6.079,6	7,1	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

22.1 Leikskóla- og grunnskólastig

Ráðuneytið fer með yfirstjórn á leik- og grunnskólastigi eins og lög kveða nánar á um og setur ýmsar reglugerðir, aðalnámskrár og markmið og viðmið um frístundastarf fyrir nemendur í yngri árgöngum grunnskóla og annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólastarf. Stjórnvöld leggja grunnskólum til námsgögn og styðja þróunarstarf gegnum Þróunarsjóð námsgagna, Sprotasjóð og Menntarannsóknarsjóð. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Styrkja lestrarfærni grunnskólanemenda.		
Hæfniviðmið. Endurskoðun hæfniviðmiða í íslensku og greinasviðs íslensku í aðalnámskrá grunnskóla og innleiðing þeirra.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun	Innan ramma
Snemmbær stuðningur. Áhersla á snemmtækan stuðning í leikskóla og aukinn stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku, m.a. með innleiðingu samræmnds móðurmálsvísis og notkun á nýju Stöðumati fyrir erlenda nemendur.	Menntamálastofnun	Innan ramma
Starfspróun kennara. Vefnámskeið að sænskri fyrirmynd með áherslu á læsi, stærðfræði og náttúrufræði og eftirfylgni með innleiðingu tillagna samstarfsráðs kennara og skólastjórnenda.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og háskólar	Innan ramma
Markmið 2: Styrkja færni grunnskólanemenda í stærðfræði og náttúrufræði.		
Stærðfræði og náttúrufræði. Efling þessara námssviða með víðtækum aðgerðum, s.s. endurskoðun greinasviða aðalnámskrár grunnskóla, Menntafléttu, starfsemi fagráða, námsgögnum og fjölgun kennara með þessa sérhæfingu.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun	Innan ramma
Markmið 3: Auka gæði menntunar í leikskólum og grunnskólum.		
Menntarannsóknir. Lögfestur verði menntarannsóknarsjóður þar sem áhersla verður á hagnýtar rannsóknir á skóla- og frístundastarfi (sjá málaflokk 21.1).	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Menntun fyrir alla.		
a. Mótun gæðaviðmiða um lágmarksþjónustu sem veitt er innan skólaþjónustu og snýr að öllum skólastigum á hverju svæði og áætlunar um stigvaxandi fjölda þeirra sem hafa aðgang að skólaþjónustu með tilliti til jafnréttis til náms.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
b. Mótun áætlunar um markvissa innleiðingu aðferðafræði þrepaskipts stuðnings á öllum skólastigum.		
c. Greining á regluverki á sviði menntamála með hlíðsjón af lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.		
Efling stuðningskerfis fyrir nýsköpun og þróun í menntun leik- og grunnskólabarna.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Efling Sprotasjóðs til að styðja með markvissari hætti við þróun og nýsköpun í skólastarfi í samræmi við áherslur menntastefnu til ársins 2030, aðgerð 6.		
Ytra mat. Kynning og innleiðing á endurskoðuðu ytra mati skóla og frístundastarfi, aukinni áherslu á innra mat skóla og eftirfylgni með ytra mati.		

Endurskoðun á aðalnámskrám leik- og grunnskóla.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntamálastofnun	Innan ramma
--	--	-------------

Markmið 4: Auka aðgengi og gæði námsgagna.

Opinber gæðaviðmið. Þróun opinberra gæðaviðmiða fyrir náms- og kennslugögn, þ.m.t. leiðbeiningar vegna innleiðinga á rafrænum lausnum.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntamálastofnun	Innan ramma
---	--	-------------

Stafræn námsgögn á íslensku. Auka áherslu á útgáfu stafrænna námsganga á íslensku.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntamálastofnun	Innan ramma
---	--	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 499,9 m.kr. og lækkar um 14,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 19,4 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er lækkar um 11 m.kr. vegna tilfærslu verkefna til Menntamálastofnunar.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 3,9 m.kr.

22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Starfsemi málaflokksins fer að mestu fram hjá sjálfseignarstofnunum og félögum, þar á meðal 11 símenntunarmiðstöðvum. Undir málaflokkinn falla Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra; Fjölmennt, símenntunarmiðstöð sem þjónar fullorðnu fötluðu fólki, og íslenskukennsla fyrir útlendinga. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla gæði og framboð íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur til að auðvelda þeim virkni í samfélaginu.		
Undirbúningur og gagnasöfnun vegna endurskoðunar á umgjörð íslenskukennslu fyrir útlendinga m.t.t. gæða og árangurs.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Auðvelda fullorðnu fólki með stutta skólagöngu að afla sér menntunar og starfsréttinda.		
Gagnasöfnun og þróun aðferða raunfærni- og hæfnimats í samstarfi við skóla og fræðsluaðila.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Innan ramma

Endurmeta, á grundvelli fjárlagagreiningar, útgjöld til framhaldsfræðslu m.t.t. skýrari stefnumótunar, ávinnings þjónustunnar og þróunar helstu stjórnækja. Verkefnið er liður í úttekt á stöðu framhaldsfræðslukerfisins hér á landi.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Hafin verður mótun hæfnistefnu fyrir íslenskan vinnumarkað með gagnasöfnun og samtali við hagsmunaaðila.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 2.035,7 m.kr. og lækkar um 61,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 94,4 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 45 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður, þ.m.t. 30 m.kr. framlag til Austurbrúar og 15 m.kr. framlag til Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar. Á móti gengur 0,7 m.kr. lækkun í fjárlögum fyrra árs til baka vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um lækkun ferðakostnaðar.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 15,9 m.kr.

22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Starfsemi málaflokksins er í höndum skrifstofu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, en einni falla málefni Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) og Menntamálastofnunar undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 3.544,0 m.kr. og hækkar um 210,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 157,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 77 m.kr. vegna tilfærslu verkefna af öðrum málaflokkum og málefna sviðum í kjölfar endurskipulagningar á starfsemi mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 45,2 m.kr. sem skýrist af 54,3 m.kr. hækkun í kjölfar þess að lækkanir sem gerðar voru á fjárheimildum í fjárlögum 2021 vegna samdráttar ferðakostnaðar ganga til baka og 9,1 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður, þ.e. tveggja verkefna til að fylgja eftir aðgerðum í þingsályktun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 25,7 m.kr.

23 Sjúkrahúspjónusta

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð ráðherra heilbrigðismála. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
23 Sjúkrahúspjónusta					
23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta	102.306,3	105.073,0	119.149,3	13,4	16,5
08 Heilbrigðisráðuneyti	102.306,3	105.073,0	119.149,3	13,4	16,5
23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta	11.109,4	13.290,3	14.022,4	5,5	26,2
08 Heilbrigðisráðuneyti	11.109,4	13.290,3	14.022,4	5,5	26,2
23.30 Erlend sjúkrahúspjónusta	2.903,5	3.090,8	3.441,8	11,4	18,5
08 Heilbrigðisráðuneyti	2.903,5	3.090,8	3.441,8	11,4	18,5
Samtals	116.319,2	121.454,1	136.613,5	12,5	17,4

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Heildargjöld málefнасviðs 23 Sjúkrahúspjónusta árið 2022 eru áætluð 136.613,5 m.kr. og aukast um 8.081,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 6,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 15.159,4 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 12,5 %.

Breytingar á ramma milli árána 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var

út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu má sjá útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
23 Sjúkrahúspjónusta					
Rekstrarframlög	110.004,8	101.911,6	114.166,8	12,0	3,8
Rekstrartilfærslur	3.022,5	3.111,5	3.442,2	10,6	13,9
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	3.291,9	16.431,0	19.004,5	15,7	477,3
Heildarútgjöld	116.319,2	121.454,1	136.613,5	12,5	17,4
Rekstrartekjur	-	8.428,8	9.014,4	6,9	-
Framlag úr ríkissjóði	-	113.025,3	127.599,1	12,9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	121.454,1	136.613,5	12,5	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla mönnun.		
Vinna úr niðurstöðum fjögurra vinnuhópa sem skiluðu tillögum að aðgerðum á árinu 2020.	Landsráð um mönnun og menntun heilbrigðisstétta	Innan ramma
Vinna úr og fylgja eftir niðurstöðum átakshóps um of mikið álag á Landspítala.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Halda áfram framkvæmdum við Hringbraut. Stærsta verkefnið verður uppsteypa meðferðarkjarna, framkvæmdir við rannsóknahús, hönnun bílastæða- og tæknihúss	Nýr Landspítali ohf.	2.293 m.kr.

og undirbúningur viðbyggingar
Endurhæfingardeildar Grensáss.

Undirbúa byggingu húsnæðis fyrir legudeild á Sjúkrahúsinu á Akureyri.	HRN, FJR og FSR	259 m.kr.
---	-----------------	-----------

Markmið 2: Sjúklingar fá heilbrigðisþjónustu á réttu þjónustustigi.

Efla fjölbætt úrræði fyrir sjúklinga utan sérgreinasjúkrahúsa.	Heilbrigðisráðuneyti og aðrar heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
--	--	-------------

Markmið 3: Sjúklingar komist í skipulagðar valaðgerðir/liðskiptaaðgerðir innan ásættanlegs biðtíma miðað við viðmið embættis landlæknis.

Átaki haldið áfram á tilteknum valaðgerðum, s.s. liðskiptaaðgerðum, til að stytta biðtíma í samræmi við viðmið embættis landlæknis. Opnun liðskiptaseturs við Heilbrigðisstofnun Vesturlands.	Landspítali, Sjúkrahúsið á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Innan ramma
---	---	-------------

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 119.149,3 m.kr. og hækkar um 7.650,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 6.425,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um samtals 2.567 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að styrkja viðbúnað heilbrigðiskerfisins sem viðbrögð við heimsfaraldri COVID-19. Veittar eru 977 m.kr. til reksturs 30 nýrra endurhæfingarrýma á Landakoti, 510 m.kr. til reksturs hágæslurýma í Fossvogi og á Hringbraut, 540 m.kr. til reksturs farsóttardeildar á Landspítala og 540 m.kr. vegna stofnkostnaðar deildarinnar en engin sérútbúin farsóttardeild er til hér á landi.
- Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 2.301 m.kr. vegna byggingar nýs Landspítala við Hringbraut, sbr. markmið nr. 1. Helstu verkefni á næsta ári eru uppsteypa meðferðarkjarna, innkaup á veggjaklæðningum á meðferðarkjarna, framkvæmdir við rannsóknahús, hönnun bílastæða- og tæknihúss ásamt bílastæðahúsi undir Sóleyjartorgi, tækni- og stoðkerfi og tengingar ásamt undirbúningi við viðbyggingu Endurhæfingardeildar Grensáss á Landspítala. Heildaráætlunin er sett fram sundurliðuð á verkþætti fyrir hvert ár í fjármálaáætlun og er meginþungi verkefnisins á árunum 2022 og 2023.
- Fjárheimild málaflokksins eykst um 931 m.kr. vegna kostnaðar stofnana við *Betri vinnutíma* hjá vaktavinnufólki. Millifærðar eru 491 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins á aðra málaflokka vegna verkefnisins. Samtals eru nettóáhrif á málaflokkinn því 440 m.kr.
- Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins er 1.576 m.kr.

- e. Almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins er 800 m.kr.
- f. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 270 m.kr. vegna fjölgunar liðskiptaaðgerða innan lands. Stefnt er að opnun liðskiptaseturs hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á árinu.
- g. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 259 m.kr. vegna byggingar nýrrar legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri.
- h. Rekstrargjöld málaflokksins hækka um 125 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjum stofnana.
- i. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 84,3 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á ferðakostnaði 2021 sem gengur til baka.
- j. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 477 m.kr. sem skipt er hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.
- k. Gerð er tillaga um 150 m.kr. millifærslu af fjárlagaliðnum sjúkrahús, óskipt yfir á málaflokk 23.20 vegna framkvæmda við Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi.
- l. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 144,9 m.kr. vegna endurnýjunar samnings um Microsoft-hugbúnaðarleyfi fyrir A-hluta stofnanir ríkisins. Felur samningurinn í sér uppfærð, betri og öruggari hugbúnaðarleyfi.

23.2 Almenn sjúkrahúsjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmum. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri veita annars stigs sjúkrahúsjónustu fyrir íbúa sem búa í heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins en allar fjárveitingar til þessara tveggja stofnana eru undir málaflokki 23.1. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta aðgengi sjúklinga að skilgreindri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum.		
Skilgreina og skýra verklag um samstarf heilbrigðisstofnana, Sjúkratrygginga Íslands og sérhæfðra sjúkrahúsa við veitingu sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
Skilgreina þjónustuviðmið um sjúkrarými á heilbrigðisstofnunum.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 14.022,4 m.kr. og lækkar um 3,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 735,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 502 m.kr. vegna kostnaðar stofnana við *Betri vinnutíma* hjá vaktavinnufólki. Af fjárveitingunni eru 311 m.kr. millifærðar af útgjaldasvigrúmi málaflokks 23.10 en 191 m.kr. af almennum varasjóði fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 200 m.kr. vegna framkvæmda við sjúkrahúsið á Selfossi til að efla aðgang sjúklinga að skilgreindri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og styrkja innviði stofnananna, sbr. markmið nr. 1. Verkefnið er hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.
- c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 7,7 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á ferðakostnaði 2021 sem gengur til baka.
- d. Niðurfelld er tímabundin 520 m.kr. fjárheimild vegna fjárfestingarátaks ríkisstjórnarinnar. Í upphafi var heimildin 720 m.kr. til uppbyggingar á heilbrigðisstofnunum til að bæta aðgengi sjúklinga að skilgreindri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og var hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Einnig falla niður 62,9 m.kr. tímabundnar heimildir vegna verðlagsbóta til heilsugæslu og heilbrigðisstofnana.
- e. Gjöld málaflokksins hækka um 31,6 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjum stofnana.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 84,8 m.kr. sem skipt er hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.
- g. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 76,9 m.kr. vegna endurnýjunar samnings um Microsoft hugbúnaðarleyfi fyrir A-hluta stofnanir ríkisins. Felur samningurinn í sér uppferð, betri og öruggari hugbúnaðarleyfi.

23.3 Erlend sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands sem sjá um samningagerð við erlend sjúkrahús ásamt því að hafa milligöngu með greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu milli landa þar sem milliríkjasamningar gilda. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 3.441,8 m.kr. og hækkar um 434,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær eru neikvæðar um 83,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar.

- a. Fjárheimildir liðarins brýn meðferð erlendis eru auknar um 270 m.kr. en mikil aukning er milli ára vegna læknismeðferðar yfir landamæri sem byggir á EES-tilskipunum.
- b. Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins er 164,2 m.kr.

24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa					
24.10 Heilsugæsla	37.922,0	32.104,6	35.152,0	9,5	-7,3
08 Heilbrigðisráðuneyti	37.922,0	32.104,6	35.152,0	9,5	-7,3
24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun	18.106,3	18.618,4	20.820,0	11,8	15,0
08 Heilbrigðisráðuneyti	18.106,3	18.618,4	20.820,0	11,8	15,0
24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun	6.028,1	5.881,0	7.134,1	21,3	18,3
08 Heilbrigðisráðuneyti	6.028,1	5.881,0	7.134,1	21,3	18,3
24.40 Sjúkraflutningar	2.833,3	3.212,7	3.390,6	5,5	19,7
08 Heilbrigðisráðuneyti	2.833,3	3.212,7	3.390,6	5,5	19,7
Samtals	64.889,7	59.816,7	66.496,7	11,2	2,5

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Heildargjöld málefnasviðs 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa árið 2022 eru áætluð 66.496,7 m.kr. og aukast um 3.220,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 5,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 6.680 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 11,2%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa					
Rekstrarframlög	41.224,9	33.504,8	36.046,6	7,6	-12,6
Rekstrartilfærslur	23.659,8	25.906,9	29.391,9	13,5	24,2
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	5,0	405,0	1.058,2	161,3	21.064,0
Heildarútgjöld	64.889,7	59.816,7	66.496,7	11,2	2,5
Rekstrartekjur	-	1.675,7	1.539,3	-8,1	-
Framlag úr ríkissjóði	-	58.141,0	64.957,4	11,7	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	59.816,7	66.496,7	11,2	-

¹ Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

24.1 Heilsugæsla

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana heilbrigðisumdæma og einkarekinna heilsugæslustöðva. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skilvirkari og aðgengilegri þjónusta fyrir sjúklinga sem leita til heilsugæslu.		
Lækka greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustu og gera hana gagnsærri og skilvirkari.	Heilbrigðisráðuneyti	800 m.kr.
Undirbúningur opnunar tveggja nýrra heilsugæslustöðva á Akureyri í samræmi við þarfagreiningu.	Heilbrigðisráðuneyti	550 m.kr.

Undirbúningur byggingar nýrrar heilsugæslustöðvar í Innri-Njarðvík.	Heilbrigðisráðuneyti	100 m.kr.
Kvennaheilsugæsla.	Heilsugæslan	Innan ramma
Tilraunaverkefni um aukna þjónustu netspjalls Heilsuveru.is.	Heilsugæslan	Innan ramma

Markmið 2: Aukinn aðgangur sjúklinga að fjölbreyttri geðheilbrigðisþjónustu.

Aukin þjónusta í samræmi við stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum.	Heilbrigðisráðuneyti	100 m.kr.
---	----------------------	-----------

Markmið 3: Lækkun tíðni sjúkdóma sem rekja má til lífshátta.

Þverfagleg teymisvinna aukin í heilsugæslu sem m.a. sinni fræðslu til sjúklinga varðandi lífshætti og sjúkdóma tengda þeim. Innleiðing á heilsueflandi móttökum er hluti af því verkefni.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
---	----------------------	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 35.152 m.kr. og hækkar um 1.050,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.997,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 432 m.kr. til að mæta reiknuðum raunvexti í málaflokknum.
- Fjárframlög til málaflokksins hækka um 800 m.kr. til að lækka greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustunni sbr. markmið nr. 1 í málaflokki 24.1.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 500 m.kr. til ráðstöfunar í ýmis útgjaldamál innan heilsugæslunnar.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 100 m.kr. til verkefna sem samþykkt voru í þingsályktun um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum, sbr. markmið nr. 2 í málaflokki 24.1.
- Gert er ráð fyrir að byggja nýja heilsugæslustöð á Akureyri og leigja húsnæði undir aðra í samræmi við þarfagreiningu, sbr. markmið nr. 1 í málaflokki 24.1. Fjárframlag til verkefnisins er 550 m.kr. á árinu.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. á árinu. Gert er ráð fyrir að byggja nýja heilsugæslustöð á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í Reykjanesbæ en henni er ætlað að vera viðbót við þá stöð sem nú er starfrækt á svæðinu með möguleika á að þjónusta íbúa annarra sveitarfélaga á svæðinu.
- Felld er niður tímabundin fjárheimild upp á 540 m.kr. vegna verkefnisins Heilsuefling í heimabyggð. Verkefnið var hluti af félagslegum úrræðum ríkisstjórnarinnar vegna faraldurs COVID-19 og var samsvarandi fjárhæð veitt í öðrum fjárákaldögum ársins 2020.
- Gert er ráð fyrir 400 m.kr. hækkun til málaflokksins til að efla heilbrigðisþjónustu á sviði geðheilbrigðismála.

- i. Gerðar voru breytingar til lækkunar á rekstrartekjuáætlunum stofnana upp á 155,7 m.kr. í samræmi við áætlun um rekstrartekjur.
- j. Tímabundin lækkun ferðakostnaðar stofnana vegna áhrifa Covid-19 auk tímabundinna verðlagsbóta á árinu 2020 ganga til baka og lækkar fjárheimild samtals um 38,8 m.kr.
- k. Millifærðar verða 855,3 m.kr. af málaflokknum til eftirtalinna verkefna: 10,6 m.kr. vegna samnings um heilbrigðisþjónustu í fangelsum, 560,7 m.kr. til að lækka greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu, 100 m.kr. til að gera samninga við sálfræðinga og 14 m.kr. til samnings við Rauða krossinn um Frú Ragnheiði. Þá eru millifærðar 250 m.kr. af málaflokknum á málaflokk 25.10. Töf hefur orðið á byggingu hjúkrunarheimila og átti hluti af fjárheimild 25.10 að fara til greiðslu daggjalda en var millifærður tímabundið á málaflokk 24.10. Á málaflokkinn eru millifærðar 80 m.kr. af lið sjúkratrygginga; hjúkrun í heimahúsum til að efla heimahjúkrun innan heilsugæslunnar.
- l. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 54,4 m.kr. vegna nýs samnings við Microsoft og breytingar á greiðslufyrirkomulagi leyfa.
- m. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 221,7 m.kr. sem nemur 0,5% af rekstrarheimild stofnana sem heyra undir málaflokkinn.
- n. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 34 m.kr. vegna kostnaðar stofnana við *Betri vinnutíma* hjá vaktavinnufólki. Af fjárveitingunni eru 21 m.kr. millifærð af útgjaldasvigrúmi málaflokks 23.10 en 13 m.kr. af almennum varasjóði fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

24.2 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

Starfsemi málaflokksins er í höndum sérgreinalækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og ljósmæðra sem veita sérhæfða þjónustu utan sjúkrahúsa. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Auka samskipti með fjarheilbrigðistækni í íslenskri heilbrigðisþjónustu.		
Þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa verði endurskipulögð til að tryggja aðgang allra landsmanna að þjónustunni.	Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands	Innan ramma
Vinna áfram að framgangi átaksverkefnis um fjarheilbrigðisþjónustu.	Embætti landlæknis	Innan ramma
Markmið 2: Tryggja gott aðgengi sjúklinga að viðeigandi rannsóknþjónustu.		
Útboð á myndgreiningarþjónustu.	Sjúkratryggingar Íslands og heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 20.820 m.kr. og hækkar um 1.237,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 963,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 349,1 m.kr. til að mæta kerfislægum vexti.
- b. Millifærðar eru 290 m.kr. á málaflokkinn vegna lækkunar greiðsluþátttöku í heilbrigðiskerfinu. Um er að ræða breytingu á reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í tannlæknakostnaði.
- c. Fjárheimild liðarins er aukin um 500 m.kr. til að standa undir aukinni þörf. Greiðslur vegna tannlæknakostnaðar byggja á gjaldskrá og samningum um tannlækningar barna og öryrkja og eldri borgara.
- d. Millifærðar eru 20 m.kr. á málaflokkinn vegna samnings við Rauða kross Íslands um rekstur Frú Ragnheiðar, skaðaminnkunarkerfis.
- e. Millifærðar eru 100 m.kr. á málaflokkinn vegna samnings við sálfræðinga. Einnig eru millifærðar 10,6 m.kr. á málaflokkinn vegna aukinnar þjónustu í geðheilsuteymi fanga.
- f. Gert er ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu vegna samninga um rekstur neyslurýma.
- g. 80 m.kr. eru millifærðar af málaflokki vegna þjónustu heimahjúkrunar sem að hluta til hefur flust til heimahjúkrunar á vegum heilsugæslunnar.
- h. Aðhaldskrafa málaflokksins nemur 2 m.kr.

24.3 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara og talmeinafræðinga. Einnig fellur rekstur Heyrnar- og talmeinaastöðvar Íslands undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 7.134,1 m.kr. og hækkar um 912,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 340,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Reiknaður kerfislægur vöxtur til málaflokksins er 117,1 m.kr.
- b. Fjárheimild liðarins er aukin um 790 m.kr. til að standa undir aukinni þörf. Frá því að greiðsluþátttökukerfið var innleitt hefur eftirspurn eftir sjúkraþjálfun aukist og komum fjölgað. Einnig má gera ráð fyrir að vaxandi öldrun þjóðarinnar hafi áhrif.
- c. Gert er ráð fyrir 7 m.kr. hækkun gjalda á móti samsvarandi breytingu á sértekjum.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 1,4 m.kr. vegna nýs samnings við Microsoft og breytinga á greiðslufyrirkomulagi leyfa.
- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 0,1 m.kr.

24.4 Sjúkraflutningar

Starfsemi málaflokksins er í höndum rekstraraðila sem starfa samkvæmt samningum við Sjúkratryggingar Íslands. Auk þess heyra réttindagreiðslur sjúkratrygginga til sjúkraflutninga

og ferða innan lands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2020. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skjótari viðbrögð við bráðaútköllum í dreifbýli.		
Endurskipuleggja bráðaþjónustu og sjúkraflutninga skv. aðgerðaáætlun.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Bættur faglegur stuðningur á vettvangi.		
Endurnýja sjúkrabifreiðar samkvæmt þarfamati.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Endurskipuleggja bráðaþjónustu og sjúkraflutninga skv. aðgerðaáætlun.*	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Aukin þjónusta á vettvangi.		

*Verkefnið styður jafnframt við markmið 3 í sama málaflokki.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 3.390,6 m.kr. og hækkar um 20,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 157,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Reiknaður kerfislægur vöxtur til málaflokksins er 21 m.kr. og hlutdeild í aðhaldskröfu málefнасviðsins er 0,6 m.kr.

25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta					
25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými	47.890,7	57.873,1	63.845,4	10,3	33,3
08 Heilbrigðisráðuneyti	47.890,7	57.873,1	63.845,4	10,3	33,3
25.20 Endurhæfingarþjónusta	5.866,3	6.169,2	6.373,6	3,3	8,6
08 Heilbrigðisráðuneyti	5.866,3	6.169,2	6.373,6	3,3	8,6
Samtals	53.757,0	64.042,3	70.219,0	9,6	30,6

¹ Vakni er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðs 25 *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta* árið 2022 eru áætluð 70.219 m.kr. og aukast um 2.468,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 3,9%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 6.176,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9,6%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta					
Rekstrarframlög	51.449,1	57.002,6	61.775,9	8,4	20,1
Rekstrartilfærslur	97,0	915,0	895,0	-2,2	822,7
Fjármagnstílfærslur	1.554,7	2.330,8	2.330,8	0,0	49,9
Fjárfestingarframlög	656,2	3.793,9	5.217,3	37,5	695,1
Heildarútgjöld	53.757,0	64.042,3	70.219,0	9,6	30,6
Rekstrartekjur	-	3.005,0	3.338,5	11,1	-
Framlag úr ríkissjóði	-	61.037,3	66.880,5	9,6	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	64.042,3	70.219,0	9,6	-

¹ Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

25.1 Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjálfseignarstofnana, einkahlutafélaga, sveitarfélaga og heilbrigðisstofnana. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Biðtími eftir hjúkrunarrýmum verði undir 90 dögum.		
Halda áfram byggingu rýma sem taka á í notkun á næstu árum, sbr. framkvæmdaáætlun, þar af verður lokið við byggingu 60 hjúkrunarrýma í Árborg og 18 rýma í Stykkishólmi á árinu 2022.*	Heilbrigðisráðuneyti	1.500 m.kr.
Bæta framsetningu biðlista eftir hjúkrunarrýmum og verklag færni- og heilsumats til einföldunar fyrir notendur og skjólstaðinga.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Auka aðgengi að dagdvalarþjónustu.		
Áfram verður unnið að því að koma á fót sveigjanlegri dagdvöl á höfuðborgarsvæðinu og víðar.**	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

* Áætlað heildarumfang verkefnisins er 25.760 m.kr. og gert er ráð fyrir að byggingu allra rýmanna verði lokið árið 2026.

** Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í sama málaflokki.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 63.845,4 m.kr. og hækkar um 2.636,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 3.336,2 m.kr.

Umtalsverð hækkun er á fjárfestingarframlögum á milli ára. Fjárfestingaframlög eru áætluð 5.217,3 m.kr. Þar vega þyngst aukin framlög til framkvæmdaáætlunar um byggingu hjúkrunarheimila.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 544 m.kr. til reksturs nýrra hjúkrunarrýma sem eru á framkvæmdaáætlun um byggingu hjúkrunarrýma, sbr. markmið nr. 1.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.650 m.kr. til framkvæmdaáætlunar í uppbyggingu hjúkrunarrýma. Fyrri áætlun lækkar um 150 m.kr., samtals er því aukning um 1.500 m.kr., sbr. markmið nr. 1.
- c. Almenn útgjaldasvigrúm er 400 m.kr.
- d. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 18,1 m.kr. vegna leiðréttinga á rekstrartekjuáætlun heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni sem reka hjúkrunarrými.
- e. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 250 m.kr. Árið 2021 voru millifærðar tímabundið í eitt ár 250 m.kr. á málaflokk 24.1. Það gengur til baka nú þegar gildistímanum lýkur.
- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 300,8 m.kr. vegna tímabundins framlags til aukinnar hjúkrunarþyngdar sem Alþingi veitti í eitt ár.
- g. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 361,8 m.kr. vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar sem kemur aftur inn.
- h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 29,1 m.kr. Fallið var frá því að draga úr verðbótaþætti vegna almenns rekstrar heilbrigðisstofnana tímabundið til eins árs og fellur því framlagið niður nú.
- i. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 257 m.kr. vegna kostnaðar stofnana við *Betri vinnutíma* hjá vaktavinnufólki. Af fjárveitingunni eru 159 m.kr. millifærðar af útgjaldasvigrúmi málaflokks 23.10 *Sérhæfð sjúkráhusþjónusta* en 98 m.kr. af almennum varasjóði fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
- j. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 328,7 m.kr. og er útfært með hlutfallslegri skiptingu á stofnanir og verkefni málaflokks.

25.2 Endurhæfingarþjónusta

Starfsemi málaflokksins er m.a. í höndum Reykjalundar og Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands auk SÁÁ. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efling endurhæfingar samkvæmt áherslum ráðherra í nýrri endurhæfingarstefnu.		
Efla endurhæfingarþjónustu í samræmi við aðgerðaáætlun.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 6.373,6 m.kr. og lækkar um 167,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 371,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 70 m.kr. vegna tímabundinna framlaga til SÁÁ og Samhjálpur sem Alþingi veitti í eitt ár.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 97,2 m.kr. og er útfært með hlutfallslegri skiptingu niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

26 Lyf og lækningavörur

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
26 Lyf og lækningavörur					
26.10 Lyf	24.094,3	25.063,0	25.732,9	2,7	6,8
08 Heilbrigðisráðuneyti	24.094,3	25.063,0	25.732,9	2,7	6,8
26.30 Hjálpartæki	5.727,1	5.376,7	5.733,7	6,6	0,1
08 Heilbrigðisráðuneyti	5.727,1	5.376,7	5.733,7	6,6	0,1
Samtals	29.821,4	30.439,7	31.466,6	3,4	5,5

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Heildargjöld málefnasviðs 26 Lyf og lækningavörur árið 2022 eru áætluð 31.466,6 m.kr. og aukast um 2.690,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 8,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.026,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3,4%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
26 Lyf og lækningavörur					
Rekstrarframlög	11.567,0	13.108,5	13.039,0	-0,5	12,7
Rekstrartilfærslur	18.254,4	17.331,2	18.427,6	6,3	0,9
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	0,0	0,0	-	-
Heildarútgjöld	29.821,4	30.439,7	31.466,6	3,4	5,5
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	30.439,7	31.466,6	3,4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	30.439,7	31.466,6	3,4	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

26.1 Lyf

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Landspítala, Lyfjastofnunar, og Sjúkratrygginga Íslands. Embætti landlæknis sér um eftirlit með lyfjaávisunum. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt geðheilsa með því að vinna gegn mis- og ofnotkun geð- og verkjalyfja.		
Fylgja eftir frumvarpi til nýrra lyfjalaga. Vinna reglugerðir sem þeim tengjast.*	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Aukin gæði. Bætt lyfjafræðileg umsjá og fækkun lyfjatengdra atvika.		
Auka lyfjafræðilega umsjá í lyfjabúðum – tilraunaverkefni.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Málþing um kynjamun í lyfjanotkun og leiðum til úrbóta.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Innleiða miðlægt lyfjakort.	Embætti landlæknis	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 2 í sama málaflokki.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 25.732,9 m.kr. og hækkar um 2.341,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.671,8 m.kr. til lækkunar.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 414 m.kr. til að mæta kerfislægum vexti í kostnaði vegna lyfja.
- 500 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins verða nýttar til að mæta kostnaði vegna innleiðingar nýrra leyfisskyldra lyfja.
- 200 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins verða nýttar til að mæta vexti í notkun almennra lyfja.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.200 m.kr. til að standa undir aukinni þörf á almennum lyfjum. Lyfjakostnaður hefur aukist umtalsvert í takt við öldrun þjóðarinnar og aukna ofþyngd og er aukningin mest í meltingarfæra- og efnaskiptalyfjum, blóðlyfjum og tauga- og geðlyfjum.
- Millifærðar eru 27,7 m.kr. á málaflokkinn vegna lækkunar greiðsluþátttöku sjúkratryggða í almennum lyfjum.

26.2 Lækningatæki

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis og Lyfjastofnunar sem annast eftirlit með lækningatækjum. Ekki eru skilgreind markmið eða aðgerðir í þessum málaflokki og engin útgjöld eru reikningsfærð á fjárlagalið hans heldur.

26.3 Hjálpartæki

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands sem sjá að mestu um úthlutun hjálpartækja.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Einfalda aðgang fólks að hjálpartækjum.		
Undirbúa endurskoðun á úthlutun hjálpartækja í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um hjálpartæki.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Auka þjálfun í notkun hjálpartækja ásamt eftirfylgd.		
Auka þjálfun í notkun hjálpartækja ásamt eftirfylgd.	Sjúkratryggingar Íslands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 5.733,7 m.kr. og hækkar um 348,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 8,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 105,4 m.kr. til að mæta kerfislægum vexti í kostnaði vegna hjálpartækja.
- b. Millifærðar eru 243 m.kr. á málaflokkinn frá málaflokki 24.10 til að mæta kostnaði við breytingar á reglugerð um hjálpartæki. Fastar fjárhæðir eru hækkaðar upp til verðlags og gengið til baka með ákveðnar hagræðingaraðgerðir sem farið var í 2014. Auk þess eru reglur um úthlutun hjálpartækja til fatlaðra barna sem búa á tveimur heimilum rýmkaðar.

27 Örorða og málefni fatlaðs fólks

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og barnamálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Málaflokkurinn jöfnun á örorkubyrdi almennra lífeyrissjóða er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra en aðrir málaflokkar eru á ábyrgð félags- og barnamálaráðherra.

Í töflunni má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
27 Örorða og málefni fatlaðs fólks					
27.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir	46.595,9	51.172,5	52.688,2	3,0	13,1
07 Félagsmálaráðuneyti	46.595,9	51.172,5	52.688,2	3,0	13,1
27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	23.058,3	26.298,3	29.993,9	14,1	30,1
07 Félagsmálaráðuneyti	23.058,3	26.298,3	29.993,9	14,1	30,1
27.30 Málefni fatlaðs fólks	767,6	914,1	607,7	-33,5	-20,8
07 Félagsmálaráðuneyti	767,6	914,1	607,7	-33,5	-20,8
27.40 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)	825,0	180,4	195,5	8,4	-76,3
07 Félagsmálaráðuneyti	825,0	180,4	195,5	8,4	-76,3
27.50 Jöfnun á örorkubyrdi almennra lífeyrissjóða	5.129,9	5.044,0	5.330,0	5,7	3,9
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	5.129,9	5.044,0	5.330,0	5,7	3,9
Samtals	76.376,7	83.609,3	88.815,3	6,2	16,3

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.


Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Heildargjöld málefnasviðs 27 Örorða og málefni fatlaðs fólks árið 2022 eru áætluð 88.815,3 m.kr. og aukast um 1.556 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 1,9%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 5.206 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,2%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Gert er ráð fyrir almennum 2,5% vexti í fjölda örorkulífeyrisþega í takt við lýðfræðilegar breytingar, eða 1.797 m.kr. á málefnasviðinu.

Breytingar á ramma milli árána 2021–2022



Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
27 Örorða og málefni fatlaðs fólks					
Rekstrarframlög	387,2	166,6	169,3	1,6	-56,3
Rekstrartilfærslur	75.989,5	83.442,1	88.645,4	6,2	16,7
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	0,6	0,6	0,0	-
Heildarútgjöld	76.376,7	83.609,3	88.815,3	6,2	16,3
Rekstrartekjur	-	11,1	11,3	1,8	-
Framlag úr ríkissjóði	-	83.598,2	88.804,0	6,2	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	83.609,3	88.815,3	6,2	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

27.1 Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar ríkisins en stofnunin sér um framkvæmd og ábyrgð greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þær greiðslur eru eftirfarandi: Örorkulífeyrir, aldurstengd örorkuuppþót, tekjutrygging örorkulífeyris, vasaþeningar örorkulífeyrisþega og örorkustyrkur. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Einfaldara og sveigjanlegra bótakerfi almannatrygginga vegna skertrar starfsgetu.		
Leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem miði að því að tekið verði upp sveigjanlegra bótakerfi vegna skertrar vinnufærni þar sem bótaflokkar verði sameinaðir og útreikningar einfaldaðir.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Koma í veg fyrir víxlverkanir í samspili örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða.	Félagsmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Niðurstöður starfshóps sem skipaður var til að endurmeta útgjöld ríkisins vegna örorkumála hefur skilað 3. áfangaskýrslu. Lögð er áhersla á að reglur greiðslukerfisins eigi að fela í sér hvata til virkni.	Félagsmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Aukin áhersla verði lögð á getu einstaklinga til þátttöku á vinnumarkaði.		
Koma á fót nýju matskerfi almannatrygginga sem byggist á þverfaglegu mati á stöðu einstaklinga í stað læknisfræðilegs mats.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 52.688,2 m.kr. og lækkar um 801,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2.317,1 m.kr. til hækkunar.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldir:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 599,9 m.kr. til að mæta fjölgun öryrkja.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 498,7 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um 1% hækkun bóta til örorkulífeyrisþega.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 1.200 m.kr. vegna millifærslu til málaflokks 27.2 vegna framkvæmdar laga nr. 127/2020.
- Fjárheimild lækkar um 400 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 300 m.kr. vegna sértækra aðhaldsráðstafana, sbr. aðhaldsmarkmið í fjármálaáætlun 2022–2026.

27.2 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, örorka

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar ríkisins en stofnunin sér um framkvæmd og ábyrgð á greiðslum skv. lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar. Þær greiðslur eru eftirfarandi: Endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót og aðrar uppbætur á örorkulífeyri, styrkir vegna bifreiðakostnaðar og barnalífeyrir vegna barna

öryrkja. Nánar er fjallað um málaflökkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflökksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 2: Bæta stuðning við verst settu einstaklingana í hópi öryrkja.		
Kortleggja þörf fyrir stuðning við öryrkja með lítil eða engin réttindi hjá almannatryggingum. Á grundvelli kortlagningar verður þörf fyrir sérstaka löggjöf fyrir þennan hóp metin.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflökksins fyrir árið 2021 er áætluð 29.993,9 m.kr. og hækkar um 2.376,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.319,1 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflökksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflökksins eru eftirtaldir:

- a. Fjárheimild málaflökksins er aukin um 1.192,6 m.kr. til að mæta fjölgun öryrkja.
- b. Fjárheimild málaflökksins hækkar um 283,9 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um 1% hækkun bóta til örorkulífeyrisþega.
- a. Fjárheimild málaflökksins er aukin um 1.200 m.kr. vegna millifærslu frá málaflökki 27.10 vegna framkvæmdar laga nr. 127/2020.
- b. Fjárheimild málaflökksins lækkar um 300 m.kr. vegna sértækra aðhaldsráðstafana, sbr. aðhaldsmarkmið í fjármálaáætlun 2022–2026.

27.3 Málefni fatlaðs fólks

Starfsemi málaflökksins snýr að almennri og sértækri þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Almenn þjónusta er veitt af sveitarfélögum sem bera ábyrgð á framkvæmd og skipulagi þjónustu við fatlað fólk. Sértæka þjónusta á landsvísi veitir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu (ÞPM).

Nánar er fjallað um málaflökkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflökksins árið 2021 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2020. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að bæta gæði þjónustu við fötluð börn og börn með seinkun í þroska og fjölskyldur þeirra.		
Unnið að kortlagningu/greiningu á þörf barna og ungmenna með raskanir fyrir snemmtæka og þverfaglega/heildstæða þjónustu. Á þeim grundvelli verða sett markmið og þróaðir skýrir mælikvarðar um árangur þjónustunnar.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Áætlun um samþætta þverfaglega þjónustu við fötluð börn með röskun og fjölskyldur þeirra óháð búsetu. Áætlunin er tengd útfærslu á verkþáttum er koma fram í greinum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (Landsáætlun 2030). Í áætluninni verði lýsing á verkefnum, skilgreindir samstarfsaðilar, tímaáætlun um þjónustu á mismunandi þjónustustigum, þ.e. þjónustu sveitarfélaga (1. stig), landshluta (2. stig) og á landsvísu (3. stig).	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Að nýsköpun og tækni styðji fatlað fólk í ríkara mæli til sjálfstæðs lífs.		
Unnið verður áfram að frekari útfærslu velferðarstofa í landshlutunum (landshlutateymi), m.a. á Suðurnesjum. Verkefni velferðarstofa lúta að nýsköpun, stafrænni þróun, færniuppbyggingu almennings og samþættingu þjónustukerfa ríkis og sveitarfélaga.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Áhersla verði lögð á verkefni sem hvetja til breytinga á viðhorfum og hugarfari við þróun og nýsköpun hjá ríki og sveitarfélögum. Í því felst þróun verkferla og skipulags og hvernig nota megja tæknilausnir til þess að auka gæði og árangur í þjónustu við fatlað fólk.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Að öryggisgæsla og öryggisvistun sé í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðlega viðurkennd gæðaviðmið.		
Innleiða ný lög byggð á stefnu um öryggisþjónustu á Íslandi, öryggisgæslu og öryggisvistun sem ætlað er að tryggja réttaröryggi þeirra einstaklinga sem hafa miklar stuðningsþarfir.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Unnið verði að því að undirbúa byggingu sérhæfðs húsnæðis fyrir öryggisþjónustu í samræmi við nútímagæðakröfur.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma

*Aðgerðir í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks geta átt við fleiri en eitt markmið í málaflokki 27.3.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 607,7 m.kr. og lækkar um 311,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 5,1 m.kr. til hækkunar.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 300 m.kr. vegna tímabundins framlags sem fellur niður.

- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 0,7 m.kr. þar sem tímabundin lækkun ferðakostnaðar frá 2021 gengur til baka.
- c. Aðhaldskrafa málefнасviðsins fellur á þennan málaflokk og nemur 12,2 m.kr. og auk þess fellur aðhaldskrafa fyrra árs á málaflokkinn, en hún féll tímabundið niður og er varanlega felld niður með millifærslu af málaflokki 30.20.

27.4 Aðrar örorkugreiðslur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar ríkisins en stofnunin sér um framkvæmd og ábyrgð greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þær greiðslur eru eftirfarandi: Aðrar greiðslur ótaldar vegna örorku eins og greiðslur vegna vottorða, vaxta o.fl. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki eru sett markmið eða mælikvarðar um árangur.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 195,5 m.kr. og hækkar um 6,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 8,6 m.kr. til hækkunar. Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1,8 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um 1% hækkun bóta til örorkulífeyrisþega.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 4,5 m.kr. til að mæta fjölgun öryrkja.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 0,2 m.kr. vegna aukinna rekstrartekna.

27.5 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Undir þennan málaflokk heyrir jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða en fjárframlög hafa verið veitt úr ríkissjóði til að jafna og lækka mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða. Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, kveða á um að 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skuli renna til þessa. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 5.330 m.kr. og hækkar um 286 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

28 Málefni aldraðra

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð félags- og barnamálaráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
28 Málefni aldraðra					
28.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra	79.545,3	85.799,6	92.794,4	8,2	16,7
07 Félagsmálaráðuneyti	79.545,3	85.799,6	92.794,4	8,2	16,7
28.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun	6.520,5	7.205,8	7.757,1	7,7	19,0
07 Félagsmálaráðuneyti	6.520,5	7.205,8	7.757,1	7,7	19,0
28.30 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.	77,7	414,5	433,8	4,7	458,3
07 Félagsmálaráðuneyti	77,7	414,5	433,8	4,7	458,3
Samtals	86.143,5	93.419,9	100.985,3	8,1	17,2

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Heildargjöld málefнасviðs 28 *Málefni aldraðra* árið 2022 eru áætluð 100.985,3 m.kr. og aukast um 3.125 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 3,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 7.565,4 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 8,1%.

Myndin hér að framan endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Gert er ráð fyrir almennum 3% vexti í fjölda ellilífeyrisþega í takt við lýðfræðilegar breytingar, eða 2.784 m.kr. á málefнасviðinu.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
28 Málefni aldraðra					
Rekstrarframlög	54,4	0,5	2,1	320,0	-96,1
Rekstrartilfærslur	86.089,1	93.419,4	100.983,2	8,1	17,3
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	0,0	0,0	-	-
Heildarútgjöld	86.143,5	93.419,9	100.985,3	8,1	17,2
Rekstrartekjur	-	7,2	8,3	15,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	93.412,7	100.977,0	8,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	93.419,9	100.985,3	8,1	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

28.1 Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar ríkisins sem annast framkvæmd með greiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar, en það eru greiðslur ellilífeyris og vasapeningis ellilífeyrisþega. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Hærri heildartekjur ellilífeyrisþega.		
Stuðla að aukinni atvinnuþátttöku aldraðra og hvetja almenning til að auka séreignarlífeyrissparnað.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Aukin atvinnuþátttaka aldraðra.		
Hvetja aldraða til að stunda atvinnu lengur og efla kynningu á sveigjanleika við starfslok, t.d. með töku hlutalífeyris.	Félagsmálaráðuneyti og Tryggingastofnun ríkisins	Innan ramma
Hækkun á frítekjumarki atvinnutekna ellilífeyrisþega úr 100 þús.kr. í 200 þús.kr. á mánuði.	Félagsmálaráðuneyti	540 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 92.794,4 m.kr. og hækkar um 2.913,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 4.080,9 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 2.573,9 m.kr. til að mæta fjölgun ellilífeyrisþega.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 540 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um hækkun frítekjumarks atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 200 m.kr. vegna sértækra aðhaldsráðstafana sbr. aðhaldsmarkmið í fjármálaáætlun 2022–2026.

28.2 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, öldrun

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar ríkisins sem ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna málaflokksins. Samkvæmt lögum um félagslega aðstoð er heimilt að greiða ýmiss konar styrki og uppbætur eins og heimilisuppbót, uppbót á lífeyri vegna tiltekins kostnaðar lífeyrisþega og uppbætur og styrki vegna bifreiðakaupa og reksturs bifreiða. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki eru gerð markmið eða mælikvarðar um árangur.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 7.757,1 m.kr. og hækkar um 210,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 341,1 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Fjárheimild málaflokksins er aukin um 210,1 m.kr. til að mæta fjölgun ellilífeyrisþega og 0,1 m.kr. vegna aukinna rekstrartekna.

28.3 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar ríkisins sem ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna málaflokksins. Undir málaflokkinn falla greiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994. Árið 2020 tóku gildi lög um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða og falla greiðslur á grundvelli þeirra laga undir málaflokkinn. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki eru gerð markmið eða mælikvarðar um árangur.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 433,8 m.kr. og hækkar um 0,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 18,4 m.kr.

Breytingar á fjárheimildum málaflokksins stafa af hækkun á rekstrartekjum Eftirlaunasjóðs aldraðra að fjárhæð 0,9 m.kr. en gjöld hækka um samsvarandi fjárhæð. Gerðar eru breytingar á hagrænni skiptingu hjá sjóðnum, 0,5 m.kr. af tilfærslum til rekstrargjalda vegna rekstrarkostnaðar sjóðsins. Samtals verður rekstrarkostnaður sjóðsins þá 1 m.kr.

29 Fjölskyldumál

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og barnamálaráðherra að undanskildum bóttum vegna veikinda og slysa er heyra undir heilbrigðisráðherra, barnabóttum sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðherra, umboðsmanni barna sem heyrir undir forsætisráðherra og meðlögum samkvæmt lögum nr. 76/2003 sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Málefнасviðið skiptist í sjö málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
29 Fjölskyldumál					
29.10 Barnabætur	15.767,1	13.965,0	13.965,0	0,0	-11,4
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	15.767,1	13.965,0	13.965,0	0,0	-11,4
29.20 Fæðingarorlof	16.489,5	19.138,8	20.695,8	8,1	25,5
07 Félagsmálaráðuneyti	16.489,5	19.138,8	20.695,8	8,1	25,5
29.30 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur	376,6	696,0	728,0	4,6	93,3
07 Félagsmálaráðuneyti	376,6	696,0	728,0	4,6	93,3
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	9.355,1	9.436,6	10.145,8	7,5	8,5
01 Forsætisráðuneyti	80,3	78,5	80,7	2,8	0,5
07 Félagsmálaráðuneyti	8.902,7	9.034,1	9.726,2	7,7	9,3
10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti .	372,1	324,0	338,9	4,6	-8,9
29.50 Bætur til eftirlifenda	456,5	452,2	473,0	4,6	3,6
07 Félagsmálaráðuneyti	456,5	452,2	473,0	4,6	3,6
29.60 Bætur vegna veikinda og slysa	1.751,7	2.133,7	2.240,8	5,0	27,9
08 Heilbrigðisráðuneyti	1.751,7	2.133,7	2.240,8	5,0	27,9
29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna	1.896,2	1.295,8	1.293,0	-0,2	-31,8
07 Félagsmálaráðuneyti	1.896,2	1.295,8	1.293,0	-0,2	-31,8
Samtals	46.092,7	47.118,1	49.541,4	5,1	7,5

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.


Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Heildargjöld málefnasviðs 29 Fjölskyldumál árið 2022 eru áætluð 49.541,4 m.kr. og aukast um 2.423,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 5,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.765,2 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3,7%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var

út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Breytingar á ramma milli árunna 2021–2022



Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
29 Fjölskyldumál					
Rekstrarframlög	4.576,9	5.715,4	6.641,8	16,2	45,1
Rekstartilfærslur	41.514,6	40.967,4	42.665,2	4,1	2,8
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	1,2	435,3	234,4	-46,2	19.433,3
Heildarútgjöld	46.092,7	47.118,1	49.541,4	5,1	7,5
Rekstrartekjur	-	152,7	164,0	7,4	-
Framlag úr ríkissjóði	-	46.965,4	49.377,4	5,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	47.118,1	49.541,4	5,1	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

29.1 Barnabætur

Málaflokkurinn tekur til barnabóta sem eru tekjutengdar bætur sem greiddar eru með börnum yngri en 18 ára. Fjárhæð barnabóta ræðst af fjölda og aldri barna á heimili, hjúskaparstöðu foreldra og tekjum þeirra. Barnabætur eru tekjutengdar til að ná því fram að stuðningur barnabóta sé mestur hjá þeim fjölskyldum sem þurfa mest á stuðningi að halda en meginmarkmið barnabóta er að vinna gegn fátækt barna. Barnabætur byggjast á 68. gr. laga

90/2003, um tekjuskatt, og annast Skatturinn umsýslu barnabóta. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun. Á árinu 2022 er ekki gert ráð fyrir nýjum verkefnum í málaflokknum en á síðustu árum hafa verið stigin ákveðin skref í barnabótakerfinu til að bæta hag lágtekjufólks og lægri millitekjuhópa. Hins vegar er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum á fjárhæðum bóta og skerðingarmörkum:

Neðri skerðingarmörk tekjustofns barnabóta hjá einstæðum foreldrum hækka úr 4.212 m.kr. á ársgrundvelli í 4.549 m.kr. eða úr 351.000 kr. á mánuði í 379.083 kr. Það þýðir að fyrir einstætt foreldri sem hefur allar sínar tekjur af launavinnu og greiðir 4% skylduiðgjald í lífeyrissjóð er engin skerðing á barnabótum upp að 394.878 kr. í mánaðarlaun. Fyrir sambúðaraðila hækka neðri skerðingarmörk tekjustofns barnabóta úr 8.424 m.kr. á ársgrundvelli í 9.098 m.kr., eða úr 702.000 kr. á mánuði í 758.167 kr. Það þýðir að fyrir sambúðaraðila sem hafa allar sínar tekjur af launavinnu og greiða 4% skylduiðgjald í lífeyrissjóð er engin skerðing á barnabótum upp að 789.757 kr. á mánuði í samanlögð mánaðarlaun.

Efri skerðingarmörk tekjustofns barnabóta hækka um 12%. Þegar efri skerðingarmörkum er náð eykst skerðingarhlutfall barnabóta um 1,5%. Fyrir einstæða foreldra hækka efri skerðingarmörkin úr 5.500 m.kr. á ársgrundvelli í 6.160 m.kr. eða úr 458.333 kr. á mánuði í 513.333 kr. á mánuði. Það þýðir að fyrir einstætt foreldri sem hefur allar sínar tekjur af launavinnu og greiðir 4% skylduiðgjald í lífeyrissjóð helst skerðing barnabóta í neðri skerðingarmörkum upp að 534.722 kr. á mánuði. Fyrir sambúðaraðila hækka efri skerðingarmörk tekjustofns barnabóta úr 11.000 m.kr. á ársgrundvelli í 12.320 m.kr. eða úr 916.667 kr. á mánuði í 1.026.667 kr. Það þýðir fyrir sambúðaraðila sem hafa allar sínar tekjur af launavinnu og greiða 4% skylduiðgjald í lífeyrissjóð helst skerðing barnabóta í neðri skerðingarmörkum upp að 1.069.444 kr. á mánuði.

Fjárhæðir barnabóta hækka á bilinu 5,5% til 5,8%. Fyrir einstæða foreldra hækka barnabætur með fyrsta barni um 22.300 kr. og verða 413.000 kr. og barnabætur greiddar með börnum umfram eitt hækka um 20.200 kr. og verða 423.000 kr. Fyrir sambúðaraðila hækka barnabætur með fyrsta barni um 13.500 kr. og verða 248.000 kr. og barnabætur greiddar með börnum umfram eitt hækka um 15.800 kr. og verða 295.000 kr. Barnabætur sem greiddar eru með börnum yngri en 7 ára hækka um 8.000 kr. og verða 148.000 kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er 13.965 m.kr. og er óbreytt frá fjárlögum 2021.

29.2 Fæðingarorlof

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fæðingarorlofssjóðs sem er í vörslu Vinnumála- stofnunar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla fæðingarorlofskerfið.		
Ljúka lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði í samræmi við lög um fæðingar- og foreldraorlof.	Félagsmálaráðuneytið	1.100 m.kr.
Skýrsla til Alþingis um nýtingu foreldra á heimild til að framselja rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks til hins foreldrisins, þar sem einkum er horft til þess hvernig tekist hefur að uppfylla markmið laganna.	Félagsmálaráðuneytið	Innan ramma
Efla eftirlit með framkvæmd laga nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof.	Vinumálastofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 20.695,8 m.kr. og hækkar um 1.517,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 39,8 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.100 m.kr. til lengingar fæðingarorlofsins í 12 mánuði í samræmi við lög um fæðingar- og foreldraorlof.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 420 m.kr. vegna hækkunar mánaðarlegrar hámarksgreiðslu í 600 þús.kr. en fjárhagsáhrif hækkunar koma að fullu fram yfir nokkurra ára tímabil.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 2,8 m.kr. og leggst á umsýslukostnað fæðingarorlofsjódís.

29.3 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur

Málaflokkurinn tekur til greiðslna samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Um er að ræða heimildargreiðslur sem eru háðar mati hverju sinni. Málaflokkurinn tekur til mæðra- og feðralauna og endurgreiðslu umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf. Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd málaflokksins. Ekki eru sett markmið eða mælikvarðar um árangur í málaflokknum.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 728 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 32 m.kr. Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Starfsemi málaflokksins er í höndum umboðsmanns skuldara, Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, Barnaverndarstofu og umboðsmanns barna. Auk þess falla meðlög, umönnunargreiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig

endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukinn snemmtækur stuðningur í málefnum barna.		
Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.	Félagsmálaráðuneyti og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	798 m.kr. hjá félagsmálaráðuneyti og 1.100 m.kr. hjá Jöfnunarsjóði
Unnið að frekari breytingum á barnaverndarlögum og annarri löggjöf í því skyni að styrkja og samræma umgjörð um þjónustu og snemmtækan stuðning í þágu farsældar barna.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Bætt afkoma efnalítilla barnafjölskyldna.		
Unnið að mótun tillagna um leiðir til að bæta hag barnafjölskyldna í gegnum húsnæðis- og barnabótakerfið.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Fjármálalæsi ungs fólks verði aukið til að hægt verði að draga úr greiðsluferfiðleikum einstaklinga á aldrinum 18–29 ára.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Styrkari staða barna í íslensku samfélagi.		
Framfylgja þingsályktun, stefnu og aðgerðaáætlun um barnvænt Ísland; framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Unnið að þróun og innleiðingu mælaborðs sem ætlað er að tryggja betri yfirsýn yfir velferð barna.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Nýtt stuðningskerfi fyrir framferendur langveikra og alvarlega fatlaðra barna.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Greiningar á stöðu barna í viðkvæmum hópum í íslensku samfélagi.	Umboðsmaður barna	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 10.145,8 m.kr. og hækkar um 290 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 419,2 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er augin um 798 m.kr. vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Útgjaldasvigrúm málaflokksins hækkar um 300 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 30 m.kr. Tímabundin lækkun fjárheimildar vegna ferðakostnaðar frá 2021 gengur til baka.

- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 340 m.kr. Tímabundin verkefni sem var ráðist í vegna fjárfestingaráttaks ríkisstjórnarinnar falla niður.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 504 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- f. Millifærsla 40 m.kr. til Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar blindra og sjónskertra vegna endurgreiðslna gleraugna fyrir börn skv. reglugerð þar að lútandi. Millifært af útgjaldasvigrúmi málaflokki 30.20.
- g. Ráðstöfun 62 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins vegna breytinga á vinnutíma vaktavinnufólks hjá Barnaverndarstofu.
- h. Ráðstöfun 8 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins vegna flutnings Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.
- i. Ráðstöfun 88 m.kr. af útgjaldasvigrúm málaflokks vegna verkefna í þágu fjölskyldna og barna
 - a. Fjárheimild lækkar um 4,2 m.kr. vegna breytinga á sértekjum sem lækka um sömu fjárhæð.
 - b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 9,6 m.kr. vegna nýs samnings við Microsoft og breytts greiðslufyrirkomulags leyfa.
- j. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 86,5 m.kr.

29.5 Bætur til eftirlifenda

Málaflokkurinn tekur til barnalífeyris vegna andláts foreldris samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þá tekur málaflokkurinn til maka- og umönnunarbóta, dánarbóta og barnalífeyris vegna menntunar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð en þar er um að ræða heimildargreiðslur sem eru háðar mati hverju sinni. Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd málaflokksins. Ekki eru sett markmið eða mælikvarðar um árangur í málaflokki.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 473,0 m.kr. og hækkar um 20,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum sem skýrist af hækkun á almennum launa- og verðlagsbreytingum. Engar aðrar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

29.6 Bætur vegna veikinda og slysa

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 2.240,8 m.kr. og hækkar um 12,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 93,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldir:

- a. Gjöld málaflokksins aukast um 13 m.kr. vegna breytinga á sértekjum sem hækka um sömu upphæð.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 0,2 m.kr.

29.7 Málefni innflytjenda og flóttamanna

Starfsemi málaflokksins er í höndum félagsmálaráðuneytisins, sveitarfélaga, félagasamtaka, Fjölmenningarseturs og Vinnumálastofnunar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Jafna tækifæri innflytjenda til félagslegrar þátttöku, virkni í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði.		
Móta langtímastefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmenningar með það að markmiði að auka gagnkvæman skilning og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, óháð uppruna og þjóðerni, í samræmi við þingsályktun nr. 43/150.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Gerðar heildstæðar tillögur um aðgerðir til að leiðrétta launamun á milli innflytjenda og innlendra.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Samræmd móttaka flóttafólks.		
Innleiðing verkferla um samræmda móttöku sveitarfélaga.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Innleiðing á samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Taka á móti fleira flóttafólki.		
Tekið á móti fleira flóttafólki í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 1.293,0 m.kr. og hækkar um 2,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 52 m.kr. Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 40 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 12,3 m.kr. Tímabundin lækkun fjárheimildar vegna ferðakostnaðar frá 2021 gengur til baka.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 0,6 m.kr. vegna nýs samnings við Microsoft og breytts greiðslufyrirkomulags leyfa.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 26,5 m.kr.

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð félags- og barnamálaráðherra, auk þess sem fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á tímabundnum verkefnum sem bættust við málaflokk 30.10 í fjárlögum 2021. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2021. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi					
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi	113.122,3	93.817,3	48.373,1	-48,4	-57,2
07 Félagsmálaráðuneyti	89.267,6	73.417,3	48.373,1	-34,1	-45,8
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	23.854,7	20.400,0		-100,0	-100,0
30.20 Vinnumarkaður	1.500,7	1.655,3	1.777,6	7,4	18,5
07 Félagsmálaráðuneyti	1.500,7	1.655,3	1.777,6	7,4	18,5
Samtals	114.623,0	95.472,6	50.150,7	-47,5	-56,2

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðs 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi árið 2022 eru áætluð 50.150,7 m.kr. og lækka um 47.415,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 49,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 45.321,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 47,5%.

Breytingar á ramma milli árána 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi					
Rekstrarframlög	5.802,8	5.306,1	6.283,3	18,4	8,3
Rekstrartilfærslur	108.820,2	90.147,0	43.847,3	-51,4	-59,7
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	19,5	20,1	3,1	-
Heildarútgjöld	114.623,0	95.472,6	50.150,7	-47,5	-56,2
Rekstrartekjur	-	1.824,1	2.723,1	49,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	93.648,5	47.427,6	-49,4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	95.472,6	50.150,7	-47,5	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

30.1 Vinnumál og atvinnuleysi

Starfsemi málaflokksins er í höndum Vinnumálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Draga úr fjarveru frá vinnumarkaði.		
Styrkja samstarf við atvinnulífið um starfstækifæri fyrir langtímaatvinnuleitendur.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Efla ráðgjöf og tilboð um virkniúrræði fyrir langtímaatvinnuleitendur í samstarfi við fræðsluaðila og menntakerfið.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Innleiða og efla stafrænar lausnir í þjónustu við þjónustuþega.	Vinnumálastofnun	Innan ramma

Samhæfa og efla eftirlit Vinnumálastofnunar á vinnumarkaði.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Samvinnuverkefni félagsmálaráðuneytisins, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Tryggingastofnunar, velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Vinnumálastofnunar og VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs um virkni ungs fólks.	Félagsmálaráðuneytið	Innan ramma

Markmið 2: Efla stuðningsúrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu í tengslum við þátttöku þeirra á vinnumarkaði.

Fjölga tilboðum um virkniúrræði fyrir fatlað fólk og einstaklinga með skerta starfsgetu í samstarfi við viðeigandi aðila.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Efla samstarf Vinnumálastofnunar og menntakerfisins hvað varðar stuðning við atvinnuleit nemenda er stunda nám á starfsbrautum framhaldsskóla og nemenda er stunda starfstengt diplómanám við Háskóla Íslands (þátttaka í þróun og framkvæmd yfirfærsluaðgerða úr skóla yfir á vinnumarkað).	Vinnumálastofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 48.373,1 m.kr. og lækkar um 47.450,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2.006,2 m.kr.

Umtalsverð lækkun er á rekstrarframlögum og rekstrartilfærslum á milli ára, eins og nánari grein er gerð fyrir hér á eftir.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða og eru helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 759,9 m.kr. vegna breytinga á sértekjum sem hækka um sömu upphæð. Um er að ræða uppfærða áætlun sértekna Ábyrgðasjóðs launa og svo leiðréttingu á rekstrartekjum og fjárheimild Vinnumálastofnunar. Við afgreiðslu fjárlaga 2021 láðist að telja til tekna hjá stofnuninni aukna tímabundna fjárheimild vegna umsýslu með Atvinnuleysistryggingasjóði.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 350 m.kr. vegna aukinna útgreiðslna Ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota fyrirtækja.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 103,3 m.kr. til starfsendurhæfingarsjóða.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 6,9 m.kr. Tímabundin lækkun ferðakostnaðar frá 2021 gengur til baka.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 13.281 m.kr. í samræmi við spár um þróun atvinnuleysis.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 14.683 m.kr. sem rekja má til niðurfelldra tímabundinna fjárheimilda sem komu inn í fjárlögum 2021 til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Um er að ræða framlög vegna atvinnuleysisbóta og ýmissa vinnumarkaðsúrræða.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 20.400 m.kr. vegna tímabundinna fjárheimilda sem komu inn í fjárlögum 2021 og falla nú niður. Um er að ræða lokunar- og viðspyrnustyrki til fyrirtækja og rekstraraðila til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs kórónuveirunnar.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 200 m.kr. vegna sértækra aðhaldsráðstafana, sbr. aðhaldsmarkmið í fjármálaáætlun 2022–2026.

- i. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 10,4 m.kr. vegna nýs samnings við Microsoft og breytts greiðslufyrirkomulags leyfa.
- j. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 96,1 m.kr.

30.2 Vinnumarkaður

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis ríkissáttasemjara og Vinnueftirlits ríkisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Öruggeri og heilsusamlegri vinnustaðir.		
Þróun vefsíðu fyrir félagslegt vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.	Félagsmálaráðuneyti og Vinnueftirlit ríkisins	Innan ramma
Þróa árangursríkar leiðir til forvarna til að styðja við heilbrigða vinnustaðamenningu.	Vinnueftirlit ríkisins	Innan ramma
Hanna kynningar- og fræðsluefni um heilbriggt félagslegt vinnuumhverfi.	Vinnueftirlit ríkisins	Innan ramma
Markmið 2: Styrkja fyrirbyggjandi sáttamiðlun.		
Boða samningsaðila að samningaborðinu á samningstíma áður en samningur rennur út og bjóða þeim sáttamiðlunarþjónustu.	Ríkissáttasemjari	Innan ramma
Byggja og birta gagnagrunn með öllum gildandi kjarasamningum á hverjum tíma og gildistíma þeirra.	Ríkissáttasemjari	Innan ramma
Fimm þriggja daga námsstefnur með samninganefndum aðila vinnumarkaðarins um allt land, tuttugu styttri námskeið og reglulegir fræðslufundir.	Ríkissáttasemjari	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 1.777,6 m.kr. og hækkar um 34,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 87,7 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða og eru helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eftirtaldir:

- a. Útgjaldasvigrúm málaflokksins er aukið um 100 m.kr.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 19,5 m.kr. vegna breytinga á sértekjum sem hækka um sömu upphæð.

- c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 9,2 m.kr. Tímabundin lækkun fjárheimildar vegna ferðakostnaðar frá 2021 gengur til baka.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 71,2 m.kr. vegna breytts forgangs í ramma. Um er að ræða 40 m.kr. millifærslu á málaflokk 29.4, 19 m.kr. millifærslu á málaflokk 32.4 og 12,2 m.kr. millifærslu á málaflokk 27.3.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 3,7 m.kr. vegna nýs samnings við Microsoft og breytts greiðslufyrirkomulags leyfa.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 19,2 m.kr.

31 Húsnæðisstuðningur

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og barnamálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Á málefnasviðinu er einn málaflokkur sem ber sama heiti og málefnasviðið. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
31 Húsnæðisstuðningur					
31.10 Húsnæðisstuðningur	13.104,4	13.048,4	13.438,1	3,0	2,5
07 Félagsmálaráðuneyti	10.442,9	10.448,4	10.838,1	3,7	3,8
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	2.661,5	2.600,0	2.600,0	0,0	-2,3
Samtals	13.104,4	13.048,4	13.438,1	3,0	2,5

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Heildargjöld málefnasviðs 31 Húsnæðisstuðningur árið 2022 eru áætluð 13.438,1 m.kr. og hækka um 382,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021, eða sem svarar til 2,9%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 389,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3%.

Breytingar á ramma milli árána 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
31 Húsnæðisstuðningur					
Rekstrarframlög	142,4	143,8	148,5	3,3	4,3
Rekstrartilfærslur	9.229,9	9.168,2	9.553,2	4,2	3,5
Fjármagnstílfærslur	3.732,1	3.736,4	3.736,4	0,0	0,1
Fjárfestingarframlög	0,0	0,0	0,0	-	-
Heildarútgjöld	13.104,4	13.048,4	13.438,1	3,0	2,5
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	13.714,5	13.438,1	-2,0	-
Viðskiptahreyfingar	-	-666,1	0,0	--	-
Samtals fjármögnun	-	13.048,4	13.438,1	3,0	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

31.1 Húsnæðisstuðningur

Starfsemi málaflokksins er í höndum félagsmálaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og ríkisskattstjóra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukinn stöðugleiki á húsnæðismarkaði með auknu jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar húsnæðis.		
Uppbygging íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni (Tryggð byggð).	Félagsmálaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Innan ramma
Áframhaldandi uppbygging almenna íbúðakerfisins með frekari stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga.*	Félagsmálaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Innan ramma

Áframhaldandi uppbygging húsnæðisgrunnns HMS til upplýsingaöflunar og -miðlunar um húsnæðismarkaðinn.	Félagsmálaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Innan ramma
---	---	-------------

Markmið 2: Aukinn aðgangur að öruggu og viðeigandi húsnæði fyrir fyrstu kaupendur og tekjulága og eignalitla á viðráðanlegu verði.

Áframhaldandi hlutdeildarlán til fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði.**	Félagsmálaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Innan ramma
Byggingarkostnaður lækkaður með endurskoðun byggingarmála.**	Félagsmálaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Innan ramma

Markmið 3: Húsnæðiskostnaður efnaminni fjölskyldna og einstaklinga verði lækkaður.

Sérstaklega verði tekið mið af stöðu þeirra sem verst standa við stefnumótun á sviði húsnæðismála.	Félagsmálaráðuneyti	Innan ramma
Þingsályktunartillaga um stefnumótun á sviði húsnæðismála til næstu fjögurra ára.***	Félagsmálaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Innan ramma

* Aðgerðin á einnig við markmið 2 og markmið 3.

** Aðgerðin á einnig við markmið 1 og markmið 3.

*** Aðgerðin á einnig við markmið 1 og markmið 2.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 13.438,1 m.kr. og hækkar um 382,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 7,5 m.kr. Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 635 m.kr. vegna hækkunar framlags til húsnæðisbóta.
- Útgjaldasvigrúm málaflokksins er aukið um 100 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 350 m.kr. vegna tímabundinna fjárheimilda til húsnæðisbóta sem komu inn í fjárlögum 2021 og falla nú niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 2,8 m.kr.

32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra, forsætisráðherra og félags- og barnamálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála					
32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit	4.199,0	4.168,8	4.373,8	4,9	4,2
08 Heilbrigðisráðuneyti	4.199,0	4.168,8	4.373,8	4,9	4,2
32.20 Jafnréttismál	366,8	351,4	340,0	-3,2	-7,3
01 Forsætisráðuneyti	366,8	351,4	340,0	-3,2	-7,3
32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála	3.767,0	3.949,5	3.816,2	-3,4	1,3
08 Heilbrigðisráðuneyti	3.767,0	3.949,5	3.816,2	-3,4	1,3
32.40 Stjórnsýsla félagsmála	5.740,4	6.453,5	6.014,0	-6,8	4,8
07 Félagsmálaráðuneyti	5.740,4	6.453,5	6.014,0	-6,8	4,8
Samtals	14.073,2	14.923,2	14.544,0	-2,5	3,3

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðs 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála árið 2022 eru áætluð 14.544 m.kr. og lækka um 936,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021 eða sem svarar til 6,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 379,2 m.kr. milli ára eða sem svarar til 2,5 %.

Breytingar á ramma milli árána 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála					
Rekstrarframlög	12.562,2	13.896,8	13.551,2	-2,5	7,9
Rekstrartilfærslur	1.502,0	913,2	790,7	-13,4	-47,4
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	9,0	113,2	202,1	78,5	2.145,6
Heildarútgjöld	14.073,2	14.923,2	14.544,0	-2,5	3,3
Rekstrartekjur	-	2.863,9	1.937,3	-32,4	-
Framlag úr ríkissjóði	-	12.059,3	12.606,7	4,5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	14.923,2	14.544,0	-2,5	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

32.1 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, embætti landlæknis, Geislavarna ríkisins og Lyfjastofnunar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2020. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Frankvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efling heilsu og heilbrigðra lífnaðarháttá.		
*Innleiðing aðgerða á sviði lýðheilsustefnu.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
*Sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi.	Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

*Hvetja til og styðja við heilsuefningu aldraðra með því að vinna með tillögur starfhóps um heilsuefningu aldraðra.	Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis	Innan ramma
Innleiðing krabbameinsáætlunar til ársins 2030 með áherslu til að byrja með á forgangsmarkmið.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
Vinna að aðgerðum til að draga úr neyslu og fíknivanda.	Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis	Innan ramma

Markmið 2: Aukið öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna.

**Undirbúningur að stofnun heilbrigðisvísindasjóðs.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
**Mannaflaþörf greind fyrir fjölmennustu heilbrigðisstéttir í heilbrigðisþjónustunni.	Heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti	Innan ramma
**Innleiðing gæðaáætlunar um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu, gæðavísar skilgreindir, birtir og gerðar kröfur til veitenda heilbrigðisþjónustu um gæðauppgjör.	Embætti landlæknis og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
**Rafræn sjúkraskrá, klára og uppfæra verkefni.	Embætti landlæknis	Innan ramma

Markmið 3: Aukin gæði og efling rafrænnar heilbrigðisþjónustu.

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 2 og 3 í sama málaflokki.

** Verkefnið styður jafnframt við markmið 3 í sama málaflokki.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 4373,8 m.kr. og hækkar um 69,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 135,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldir:

- Útgjöld málaflokksins aukast um 154,8 m.kr. vegna breytinga á sértekjum sem hækka um sömu upphæð.
- Útgjöld málaflokksins aukast um 23 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á ferðakostnaði 2021 sem gengur til baka.
- Tímabundin fjárheimild að upphæð 1.350 m.kr. vegna kaupa á bóluefnum við COVID-19 fellur niður. Einnig fellur niður tímabundin fjárheimild sem veitt var til sóttvarnasviðs embættis landlæknis vegna COVID-19 að upphæð 28,6 m.kr.
- Útgjöld málaflokksins aukast um 1.350 m.kr. vegna áætlaðra kaupa á bóluefni gegn COVID-19.
- Útgjöld málaflokksins lækka um 9,3 m.kr. vegna samnings við Microsoft og breytinga á greiðslufyrirkomulagi.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 70,6 m.kr. og er aðhald útfært hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

32.2 Jafnréttismál

Starfsemi málaflokksins er í höndum forsætisráðuneytisins og Jafnréttisstofu. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur, o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Launajafnrétti verði náð – kynbundnum launamun verði útrýmt.		
Tryggja innleiðingu jafnlaunavottunar innan settra tímamarka.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Aðgerðahópur um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði skipaður haustið 2021 og starfar til ársloka 2023.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Sporna við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.		
Innleiðing áætlunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Eftirfylgni Jafnréttisstofu með tilteknum aðgerðum áætlunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Lagaleg staða og réttindi hinsegin fólks tryggð.		
Skipa starfshóp og ljúka lagasetningu á grunni nýs bráðabirgðaákvæðis við 11. gr. í lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 340 m.kr. og lækkar um 26,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 14,8 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 24 m.kr. vegna tímabundins framlags til Samtakanna '78 sem fellur niður.
- Tímabundið 4 m.kr. framlag til eins árs til að styðja við innleiðingu áætlunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi fellur niður.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 3,8 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á ferðakostnaði 2021 sem gengur til baka.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 5,5 m.kr. og er henni útteilt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni eftir umfangi.

- e. Þá lækka framlög til málaflokksins um 0,5 m.kr. vegna nýs samnings við Microsoft og breytts greiðslufyrirkomulags leyfa.

32.3 Stjórnsýsla heilbrigðismála

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Sjúkratrygginga Íslands og Vísindasiðanefndar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skilvirkari stjórnsýsla heilbrigðismála.		
Innleiðing nýs mælaborðs í tengslum við reglulega stöðufundi með stofnunum HRN sem felur í sér uppsetningu á vöruhúsi gagna, þróun mælaborða fyrir HRN og stofnanir þess.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun verkferla og skipulags varðandi stjórnsýslukætur.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 3.816,2 m.kr. og lækkar um 274,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 141,2 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Gjöld málaflokksins lækka um 167,5 m.kr. vegna breytinga á sértekjum sem lækka um sömu upphæð.
- Millifærðar eru 50 m.kr. af málafloknum á málaflokk 24.20 (sjúkratryggingar) vegna samninga um neyslurými og 6 m.kr. vegna samninga um þjónustu frá Ragnheiðar (skaðaminnkun).
- 75 m.kr. tímabundin fjárheimild vegna flutnings heilbrigðisráðuneytisins að Skúlagötu 4 sem fyrirhugaður var á árinu 2021 fellur niður. Gert er ráð fyrir að flutningur frestist til ársins 2023.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 7,5 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á ferðakostnaði 2021 sem gengur til baka.
- Útgjöld málaflokksins lækka um 10,4 m.kr. vegna samninga við Microsoft og breytts greiðslufyrirkomulags.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 73,1 m.kr. og er aðhald útfært hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.
- Almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins er 100 m.kr.

32.4 Stjórnsýsla félagsmála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins auk þess sem rekstur úrskurðarnefndar velferðarmála, Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar sem frá 1. janúar 2022 mun heita Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, Tryggingarstofnunar ríkisins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fellur undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Umfjöllunin einkorðast við verkefni aðalskrifstofu ráðuneytisins. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdar- aðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt stjórnsýsla félagsmála.		
Þróun á uppbyggingu gagnagrunna og vöruhúss gagna.	Félagsmálaráðuneytið	Innan ramma
Efling á stafrænum innri verkferlum ráðuneytisins.	Félagsmálaráðuneytið	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 6.014 m.kr. og lækkar um 705,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 265,6 m.kr.

Nokkrar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins. Hjá Tryggingastofnun eru 14,5 m.kr. tilfærslur og 33,4 m.kr. af eignakaupalið færðar á rekstur. Hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eru 2,3 m.kr. færðar af rekstri á tilfærslur. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldir:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 140 m.kr vegna verkefna sem flytjast til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar frá stofnunum sem heyra undir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.
- Fjárheimild hækkar um 73,5 m.kr. vegna breyttrar fjármögnunar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Um áramótin 2019/2020 voru Íbúðalánasjóður og Mannvirkjastofnun sameinuð í eina stofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Núverandi framsetning í fjárlögum endurspeglar ekki að fullu sameinaða stofnun en Íbúðalánasjóður var fyrir sameininguna B-hluta stofnun. Gert er ráð fyrir því að umsýslutekjur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar vegna Húsnæðissjóðs minnki og á móti verði stofnunin fjármögnuð með framlagi frá ríkissjóði vegna verkefna á sviði húsnæðismála.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 18,7 m.kr. vegna flutnings verkefna frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu til Tryggingastofnunar ríkisins.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 40 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður hjá Tryggingastofnun ríkisins.

- e. Fjárheimild lækkar um 747,5 m.kr. vegna tímabundinna verkefna vegna COVID sem falla niður.
- f. Fjárheimild vegna flutnings félagsmálaráðuneytisins árið 2021 á Skúlagötu 4 lækkar um 75 m.kr. og flyst til ársins 2023 vegna frestunar á flutningi ráðuneytisins til 2023.
- g. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 18,1 m.kr. Tímabundin lækkun fjárheimildar vegna ferðakostnaðar frá 2021 gengur til baka
- h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 35 m.kr. vegna tímabundinna fjárheimilda 2021 til Grófarinnar og Píeta-samtakanna sem falla niður.
- i. Útgjöld málaflokksins lækka um 15,7 m.kr. vegna samninga við Microsoft og breytts greiðslufyrirkomulags.
- j. Millifærsla 8 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokks 30.20 *Vinnumarkaður* vegna flutnings Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.
- k. Millifærsla 19 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokks 30.20 *Vinnumarkaður* til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytis vegna aukins kostnaðar ráðuneytisins vegna flutnings Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.
- l. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 69,1 m.kr. og er útfærð með hlutfallslegi skiptingu niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar

Skilgreining málefнасviðs


Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	Reikningur 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
33.10 Fjármagnskostnaður	72.036,9	46.009,0	51.700,0	12,4	-28,2
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	72.036,9	46.009,0	51.700,0	12,4	-28,2
33.20 Ríkisábyrgðir	-504,9	110,0	110,0	0,0	-121,8
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	-504,9	110,0	110,0	0,0	-121,8
33.30 Lífeyrisskuldbindingar	53.879,5	62.198,8	62.381,2	0,3	15,8
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	53.879,5	62.198,8	62.381,2	0,3	15,8
Samtals	125.411,5	108.317,8	114.191,2	5,4	-8,9

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðsins árið 2022 eru áætluð 114.191,2 m.kr. og aukast um 5.873,4 m.kr. frá fjárlögum ársins 2021 eða sem svarar til 5,4%.

Breytingar á ramma milli ára 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	Reikningur 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	125.916,4	108.207,8	114.081,2	5,4	-9,4
Rekstrartilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	-504,9	110,0	110,0	0,0	-121,8
Heildarútgjöld	125.411,5	108.317,8	114.191,2	5,4	-8,9
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	67.441,7	68.889,2	2,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	40.876,1	45.302,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	108.317,8	114.191,2	5,4	-

33.1 Fjármagnskostnaður

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Viðhalda sjálfbærni skulda ríkissjóðs.		
Hagstæð fjármögnun ríkissjóðs með jöfnu afborgunarferli og lágmarkun áhættu.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	
Markmið 2: Lágmarka fjármagnskostnað.		
Endurfjármagna útstandandi skuldir þegar tækifæri gefast á betri vaxtakjörum.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 51.700 m.kr. og hækkar um 5.691 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 2.017 m.kr. til að standa undir vaxtagreiðslum af útgefnum lánnum á árinu 2021 sem reyndust undir áætlun fjárlaga og á árinu 2022.

- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 7.708 m.kr. vegna hækkunar verðbóta af verðtryggðum lánum ríkissjóðs.

33.2 Ríkisábyrgðir

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Draga úr ríkisábyrgðum.		
Endurlána ríkisfyrirtækjum í stað þess að heimila lántökur með ríkisábyrgð.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 110 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

33.3 Lífeyrisskuldbindingar

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Minnka ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar.		
Greiða 8 ma.kr. inn á lífeyrisskuldbindingar.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 62.381,2 m.kr. og hækkar um 182,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu ástæður hækkunarinnar eru launahækkanir opinberra starfsmanna sem hafa bein áhrif á skuldbindinguna.

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2020–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	Reikningur	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	¹ 2020 m.kr.	2021 m.kr.	2022 m.kr.	fjárlögum %	reikn. %
34.10 Almennur varasjóður		20.280,3	16.999,8	-16,2	-
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti		20.280,3	16.999,8	-16,2	-
34.20 Sértækar fjárráðstafanir		1.254,4	523,3	-58,3	-
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti		1.254,4	523,3	-58,3	-
34.30 Afskriftir skattkrafna	21.676,3	17.820,0	17.873,9	0,3	-17,5
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	21.676,3	17.820,0	17.873,9	0,3	-17,5
Samtals	21.676,3	39.354,7	35.397,0	-10,1	63,3

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Heildargjöld málefnasviðs 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir árið 2022 eru áætluð 35.397 m.kr. og lækka um 4.319,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2021 eða sem svarar til 11%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 3.957,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 10,1%.

Breytingar á ramma milli árana 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2020 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	Reikningur				
	2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	21.676,3	16.517,0	14.470,1	-12,4	-33,2
Rekstartilfærslur	0,0	21.859,4	20.682,8	-5,4	-
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	978,3	244,1	-75,0	-
Heildarútgjöld	21.676,3	39.354,7	35.397,0	-10,1	63,3
Rekstrartekjur	-	304,4	304,4	0,0	-
Framlag úr ríkissjóði	-	21.230,3	17.218,7	-18,9	-
Viðskiptahreyfingar	-	17.820,0	17.873,9	0,3	-
Samtals fjármögnun	-	39.354,7	35.397,0	-10,1	-

¹Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

34.1 Almennur varasjóður

Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál er almennum varasjóði ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiriháttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, svo sem vegna náttúruhamfara eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum. Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 16.999,8 m.kr. og lækkar um 3.636,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 356,3 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Felld er niður 5 ma.kr. tímabundin fjárheimild til að mæta óvæntum útgjöldum vegna COVID-19.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1,1 ma.kr. í samræmi við áform um kerfislægan útgjaldavæxt. Samkvæmt lögum um opinber fjármál skal almennur varasjóður nema að lágmarki 1% af heildarfjárheimild fjárlaga.

34.2 Sértækar fjárráðstafanir

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðuneytis en ríkisstjórn fer með liðinn ráðstöfunarfé ríkisstjórnar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 523,3 m.kr. og lækkar um 736,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Breytingar á fjárheimild málaflokksins eru að mestu leyti til komnar vegna tímabundinna framlaga sem falla niður í takt við áætlanir.

34.3 Afskriftir skattkrafna

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjármála- og efnahagsráðherra. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum krafna sem taldar eru sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur síðan leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Enn fremur er um að ræða kröfur vegna álagðra skatta, álagðra vaxta á ógreidda skatta og annarra tekna. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 17.873,9 m.kr. og hækkar um 53,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Rétt er að benda á að gjaldfærðar afskriftir við ársuppgjör hafa verið talsvert óreglulegar milli ára en í áætluninni er einkum byggt á reynslu fyrri ára. Einnig er vakin athygli á því að þótt afskrift sé færð til gjalda á þennan málaflokk í uppgjöri á rekstrargrunni hefur það ekki í för með sér greiðslur úr rikissjóði.

35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á málefнасviðinu er á ábyrgð utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og fellur í einn málaflokk. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins á tímabilinu 2021–2022. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna					
35.10 Þróunarsamvinna	6.407,4	6.789,8	10.726,7	58,0	67,4
03 Utanríkisráðuneyti	6.407,4	6.789,8	10.726,7	58,0	67,4
Samtals	6.407,4	6.789,8	10.726,7	58,0	67,4

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Eftirfarandi mynd sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðs 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna árið 2022 eru áætluð 10.726,7 m.kr. og aukast þau um 3.437,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 50,6%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.936,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 58%.

Breytingar á ramma milli áronna 2021–2022



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem byggist á stefnumótun innan málefнасviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun sem samþykkt var í maí síðastliðin, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Hækkun til málefнасviðsins er í samræmi við markmið stjórnvalda um að hækkun hlutfalls þróunarsamvinnu Íslands af vergum þjóðartekjum um 0,03% milli ára, eða úr 0,32% árið 2021 í 0,35% árið 2022.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2020 m.kr.	Fjárlög 2021 m.kr.	Frumvarp 2022 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna					
Rekstrarframlög	1.667,6	2.194,4	4.120,3	87,8	147,1
Rekstrartilfærslur	4.739,8	4.595,4	6.606,4	43,8	39,4
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	0,0	0,0	-	-
Heildarútgjöld	6.407,4	6.789,8	10.726,7	58,0	67,4
Rekstrartekjur	-	69,4	4,9	-92,9	-
Framlag úr ríkissjóði	-	6.720,4	10.721,8	59,5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	6.789,8	10.726,7	58,0	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2020 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

35.1 Þróunarsamvinna

Starfsemi málaflokksins *Þróunarsamvinna* er í samstarfi við valin samstarfslönd, fjölþjóðastofnanir, borgarasamtök og atvinnulífið. Verkefnum er sinnt af Alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sendiskrifstofum Íslands í Lilongwe og Kampala og fastanefndum Íslands í New York, Genf, París og Róm. Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu til fimm ára leggur grunninn að markmiðum og aðgerðum málaflokksins. Stefna fyrir árin 2019–2023 er samþykkt af Alþingi.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá nokkur verkefni málaflokksins árið 2022 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2021. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2022	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
----------------------	------------------	---

Markmið 1: Uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar.

Framlög til mannúðarstofnana, rammasamningar og svör við neyðarköllum (OCHA, CERF, UNHCR, WFP,	Utanríkisráðuneyti	300 m.kr.
--	--------------------	-----------

UNRWA, UNICEF, UNFPA, ICRC og frjáls félagasamtök) (HM 16).		
Verkefnastuðningur í Síerra Leóne í Vestur-Afríku (HM 3, 5, 6, 14).	Utanríkisráðuneyti	350 m.kr.
Byggaþróunarverkefni í Mangochi-héraði í Malaví og undirbúningur verkefna í nýju héraði (HM 4, 3, 6, 5).	Utanríkisráðuneyti	200 m.kr.
Byggaþróunarverkefni í Buikwe- og Namayingo-héruðum í Úganda (HM 3, 4, 5, 6).	Utanríkisráðuneyti	100 m.kr.
Aukin framlög til að svara ákøllum vegna eftirmála COVID-19 hjá þróunarríkjum.	Utanríkisráðuneyti	300 m.kr.
Framlög til aðgerðabandalags COVAX er varðar bóluefnasamstarf í þróunarríkjum.	Utanríkisráðuneyti	500 m.kr.
Efla og auka tækifæri fyrir þátttöku ungs fólks í þróunarsamvinnu í gegnum JPO-ungliðaverkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna.	Utanríkisráðuneyti	70 m.kr.

Markmið 2: Verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda.

Aukið samstarf við og framlög til alþjóðastofnana fyrir umhverfistengd málefni (WB, GCF, NDF, UNEP, FAO, IFAD, UNICEF, UNCCD) (HM 7, 14, 15, 13).	Utanríkisráðuneyti	300 m.kr.
Bætt lífsáfkoma strandsamfélaga í Síerra Leóne (HM 6, 3, 5, 14).	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Samþætting endurnýjanlegra orkugjafa og loftslagsmála við verkefni í tvíhliða þróunarsamvinnu.	Utanríkisráðuneyti	250 m.kr.
Aukið samstarf við atvinnulífið, samstarfssjóður um heimsmarkmiðin (HM 8).	Utanríkisráðuneyti	20 m.kr.
Kostun íslenskrar virðisaukandi sérfræðiþekkingar til stuðnings verkefna alþjóðastofnana.	Utanríkisráðuneyti	30 m.kr.

Heildargjöld málefnasviðs 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna* árið 2022 eru áætluð 10.726,7 m.kr. og aukast þau um 3.437,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 499,5 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða milli ára.

Kemur hækkunin til vegna tveggja þátta. Annars vegar vegna markmiða stjórnvalda um að hækka hlutfall þróunarsamvinnu Íslands af vergum þjóðartekjum (VPT) úr 0,32% árið 2021 í 0,35% af VPT fyrir 2022, samkvæmt hagspá Hagstofu Íslands frá október 2021. Hins vegar vegna tilmæla Þróunarsamvinnunefndar efnahags- og framfararstofnunarinnar (OECD DAC) er varðar kostnað vegna umsækjenda um vernd og kvótaflóttafólks og hvaða kostnaður vegna þeirra telst til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Á grundvelli samþykkrar aðferðarfræði hækka framlög til málefnasviðsins um 1,2 ma.kr. á árinu.

- Framlög til mannúðarstofnana, rammisamninga ásamt svigrúmi til þess að bregðast við neyðarákøllum vegna hamfara og neyðarástands í þróunarríkjum verða aukin um 300 m.kr á árinu.
- Hluta hækkunar verður varið í eftirmál og neyðarákøll vegna COVID-19 þar sem áfram er gert ráð fyrir mikilli neyð vegna eftirmála COVID-19 í þróunarríkjum. Því verður gert ráð fyrir svigrúmi til þess að geta mætt neyðaákøllum vegna COVID-19. Mun stuðningur vera í gegnum alþjóðastofnanir, frjáls félagasamtök og samstarfslönd og nema allt að 300 m.kr. Einnig verður áfram lagðar allt að 500 m.kr til alþjóðlegs bóluefnasamstarfs til að auka aðgengi þróunarríkja að bóluefni.

- c. Hækkun til tvíhliða þróunarsamvinnu verður forgangsraðað til bæði aukins verkefnastuðnings til Sierra Leone á árinu að upphæð 350 m.kr., auk undirbúnings og upphafs á samstarfi við nýtt hérað í Malaví að upphæð 200 m.kr. og byggðarþróunarverkefna í Úganda að upphæð 100 m.kr.
- d. Sem hluti af því að virkja íslenska sérþekkingu verða framlög aukin um 30 m.kr til ráðgjafalista innan þróunarsamvinnu, sem eru nú virkir innan jarðhita og vatnsorku, fiskimála, jafnréttismála og landgræðslu. Einnig er ráðgert að halda áfram að styrkja og efla samstarfssjóð við atvinnulífið, og ráðgert að auka um 20 m.kr á árinu.
- e. Þá verður leitast við að efla þekkingu íslenskra sérfræðinga í þróunarsamvinnu og auka áhrif Íslands innan alþjóðastofnana. Um 70 m.kr verður varið í að fjármagna stöður fyrir íslenska sérfræðinga og ungliða innan alþjóðastofnana sem starfa í þróunarsamvinnu.
- f. Stjórnvöld munu auka fjárstuðning vegna aðgerða sem sporna gegn loftslagsbreytingum og til að aðlagast auknum áhrifum þeirra. Því verður rík áhersla lögð á að styrkja og auka fjármagn til verkefna sem hafa loftslags- og umhverfismál að markmiði. Stuðningur fer að mestu í gegnum alþjóðastofnanir og samstarfslönd í tvíhliða þróunarsamvinnu og munu framlög til aðgerðanna nema 550 m.kr ár árinu.

Viðauki – Framsetning og uppgjör ríkisfjármála

Lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, kveða meðal annars á um að framsetning ríkisfjármála og reikningsskil skuli byggð á alþjóðlegum stöðlum. Í því fólst umtalsverð breyting frá eldri lögum nr. 88/1997, lögum um fjárreiður ríkisins, sem kváðu á um að fylgja skyldi ákvæðum laga um ársreikninga þó með veigamiklum undantekningum að því er varðaði meðferð á varanlegum rekstrarfjármunum og verðbótum.

Lögin gera ráð fyrir að reikningsskil fyrir A-hluta ríkisins og ríkisaðila í A1- og A2- hluta skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn, IPSAS (e. *International Public Sector Accounting Standard*). Þá gera lögin ráð fyrir að framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál A-hluta ríkisins, sem og um A1-hluta ríkissjóðs, skuli vera samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli, svokölluðum GFS-staðli (e. *Government Finance Statistics Manual*) sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur umsjón með.

Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni og er ekki að fullu lokið fyrir útgáfu á ríkisreikningi fyrir síðastliðið ár. Reikningsskil fyrir árið 2020 eru gerð á grundvelli IPSAS-staðlanna með frávikum þar sem reikningsskilaráð hefur heimilað frestun á innleiðingu í samræmi við heimildir 52. gr. laga um opinber fjármál um gerð og framsetningu reikningsskila. Áfram er unnið að því að þróa áætlanir og reikningsskil ríkisins að kröfum GFS- og IPSAS-staðlanna í samráði við Fjárslu ríkisins og Hagstofu Íslands með það að markmiði að tryggja samræmi gagna og upplýsinga og gagnsæi um frávík milli staðlanna tveggja.

Yfirlit frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er fjárstreymisýfirlit sem sett er fram samkvæmt GFS-staðlinum með upplýsingum um meginstærðir ríkisfjármálanna. Þar er sett fram sundurliðuð áætlun á tekjum og gjöldum A1-hluta ríkissjóðs eftir hagrænni flokkun ásamt breytingum á eignum og skuldum. Í því yfirliti hefur verið tekið tillit til innbyrðis viðskipta og tilfærslna milli ríkisaðila innan A1-hlutans. Yfirlitið veitir góða sýn á áhrif ríkisfjármálanna í efnahagslegu tilliti, svo sem á eftirspurn, framleiðslu og tekjudreifingu. Aðrar greinar fjárlaga sem varða fjármál A1-hluta ríkissjóðs eru byggðar á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IPSAS. Ríkisreikningur skal gerður upp samkvæmt IPSAS-staðlinum en þar ber jafnframt að sýna tengingu á milli niðurstaðna reikningsskilanna við ofangreint fjárstreymisýfirlit A1-hluta ríkissjóðs samkvæmt GFS-staðlinum.

Í 2. gr. er áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs með yfirliti um innheimtar tekjur og greidd rekstrargjöld, fjárfestingarhreyfingar og lánahreyfingar og breytingu á handbæru fé.

Í 3. gr. frumvarpsins er birt yfirlit um fjárheimildir fyrir 35 málefnasvið A1-hluta ríkissjóðs á rekstrargrunni samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjárheimildirnar eru greindar niður eftir hagrænni skiptingu á útgjöldum A1-hlutans í rekstrarframlög, rekstrar-tilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Tilfærsluframlögin renna til rekstrar og fjárfestinga annarra aðila en fjárfestingarframlögin eru til eignamyndunar hjá ríkisaðilum í A1-hluta. Eignamyndunarframlagið færast í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag/frestaðar tekjur á móti eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna. Í yfirlitinu er einnig sýnt hvernig fjárheimildum er mætt með fjármögnun af rekstrartekjum ríkisaðila og framlögum úr ríkissjóði. Neðst í yfirlitinu má jafnframt sjá aðlögun að GFS-staðlinum og heildarfjárheimildir samkvæmt þeim staðli.

Í 4. gr. frumvarpsins er birt yfirlit um fjárheimildir málefnasviða og málaflokka á rekstrargrunni byggt á IPSAS-reikningsskilastaðlinum, sundurliðaðar eftir ráðuneytum. Markmið greinarinnar er að draga fram heildarfjárheimild hvers málefnasviðs og málaflokks og þau ráðuneyti sem ábyrgð bera á viðkomandi málaflokki. Vakin er athygli á því að samkvæmt forsetaúrskurði nr. 85/2017, um skiptingu starfa ráðherra, fara tveir ráðherrar með málefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Sú verkaskipting hefur ekki áhrif á skiptingu fjárheimilda milli ráðuneyta í frumvarpinu.

Í sundurliðun 2 er sýnd skipting á fjárheimildum málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum ásamt upplýsingum um fjármögnun útgjalda með rekstrartekjum, framlagi úr ríkissjóði eða af efnahagsliðum. Nánari skipting fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila og verkefna og í varasjóði málaflokka er sett fram í fylgiriti með frumvarpinu. Í fylgiritinu er yfirlit um fjárveitingar til einstakra ríkisaðila og verkefna á rekstrargrunni og fjármögnun þeirra með rekstrartekjum ríkisaðila eða beinu framlagi úr ríkissjóði. Er sú framsetning gerð samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum á sama hátt og á við um 3. og 4. gr. frumvarpsins og sundurliðun 2.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 51. gr. laga um opinber fjármál skal færa allar tekjur A1-hluta ríkissjóðs í yfirlit um tekjur A1-hluta ríkissjóðs í heild en í reikninga einstakra ríkisaðila í A1-hluta færast einungis rekstrartekjur þeirra. Í athugasemdum við greinina segir að þær skatttekjur sem fram að gildistöku laga um opinber fjármála voru markaðar tilteknum stofnunum færast nú eingöngu hjá ríkissjóði. Einnig kemur þar fram að gert sé ráð fyrir að tekjustofn sé tengdur málaflokki í heild sinni en ekki einstökum aðilum sem annast framkvæmd innan hans. Því beri að láta tekjurnar af honum renna í ríkissjóð en það sé hlutverk Alþingis að ákveða með fjárheimildum í fjárlögum hverju sinni hversu miklu skuli ráðstafað til viðkomandi málaflokks. Til samræmis við þetta hefur viðkomandi lagaákvæðum um markaðar tekjur, sem áður voru færðar í bókhaldi stofnana eða fjárlagaliða, verið breytt með lögum nr. 47/2018, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur.

Breytt framsetning ríkisfjármála

Hagstofa Íslands gaf út í lok árs 2020 endurskoðun á flokkun hageininga (e. sector classification) sem snýr að afmörkun hins opinbera (e. general government sector) í íslenskum þjóðhagsreikningum (Hagtiðindi, greinargerð, Flokkun stofnanaeininga í þjóðhagsreikningum, 30. nóvember 2020). Með breyttri flokkun ríkisaðila samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli eins og gert er grein fyrir í 6. kafla verða eftirleiðis sjálfstæðir lögaðilar hluti af A-hluta ríkissjóðs, þar með talin ákveðin hlutafélög í eigu ríkissjóðs. Einnig við þessa endurflokkun munu ýmsar einingar sem áður hafa heyrt til B- og C-hluta verða flokkaðar með A-hluta.

Við þá breytingu er nauðsynlegt að um A-hluta gildi mismunandi forsendur eftir eðli og tilgangi starfseminnar. Því mun A-hluti skiptast í þrjá hluta: Í A1-hluta er starfsemi sem fallið hefur undir ríkissjóð og er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum úr ríkissjóði, í A2-hluta er starfsemi sem samanstendur af starfsemi fyrirtækja, lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir beinni stjórn ríkisins en stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi, í A3-hluta er starfsemi hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóð en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Eftir sem áður verða flokkar B- og C- áfram til og undir þá falla aðrar fullgildar hageiningar samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Tilfærsla lánastofnana í A-hluta fjárlaga kallar á aðgreiningu þeirra innan A-hluta frá annarri starfsemi með tilliti til regluverks og framsetningar í fjárlögum. Því verða þessir aðilar

flokkaðir í A2-hluta. Um þessa aðila verða sérreglur frá aðilum í A1-hluta þannig að þeir eru undanþegnir skilyrðum 7. gr. við mat á markmiðum fjármálaáætlunar og fjármálastefnu þar sem fjármögnun þeirra var undanskilin þegar fjármála regla var sett á með lögum um opinber fjármál. Jafnframt njóta þessir aðilar ákveðins sjálfstæðis umfram hefðbundna ríkisaðila í A1-hluta og verði undanþegnir ýmsum ákvæðum um A1-hluta, s.s. varðandi framsetningu í fjárlögum, lánareglur, framkvæmd fjárlaga o.fl., og þar giltu ákvæði líkt og gilda nú um B- og C-hluta aðila. Eftir sem áður verða birtast allir þessir aðilar í samstæðuyfirliti fyrir A-hluta (A1-, A2- og A3-hluta) þannig að A-hlutinn í heild verði samanburðarhæfur við framsetningu þjóðhagsreikninga. Samstæða A-hluta kemur fram í 7. kafla þessa frumvarps.

Hér á eftir er gerð stutt grein annars vegar fyrir helstu breytingum sem felast í framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS samanborið við eldri lög og hins vegar helstu atriðunum sem valda mismun á framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS- og IPSAS-stöðlunum og hver heildarafkoma A1-hluta ríkissjóðs á árinu 2022 er áætluð samkvæmt hvorum staðli fyrir sig.

Framsetning ríkisfjármála samkvæmt GFS

Með lögum um opinber fjármál voru gerðar talsverðar breytingar varðandi framsetningu og meðferð tekna og gjalda hjá A-hluta ríkissjóðs. Fjárstreymisyfirlitið í 1. gr. fjárlaga er sem fyrr segir sett fram samkvæmt GFS-staðli en þar er lögð áhersla á að gefa heildarmynd af tekjum, gjöldum og efnahagshreyfingum hjá ríkissjóði (A1-hluta) gagnvart öðrum aðilum hagkerfisins og auðvelda mat á áhrifum opinberrar fjármálastefnu á hagkerfið. Yfirlitið felur í sér veigamiklar breytingar samanborið við framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt eldri lögum en í aðalatriðum eru þær eftirfarandi:

- a. **rekstrartekjur ríkisstofnana** eru innifaldar meðal tekna í stað þess að koma til frádráttar á gjaldahlið samkvæmt eldri framsetningu. Rekstrartekjurnar eru þó lækkaðar sem nemur innbyrðis viðskiptum milli ríkisstofnana í A-hluta en það var ekki gert í eldri framsetningu;
- b. **afskriftir skattkrafna** koma til lækkunar á viðeigandi sköttum í stað þess að teljast meðal gjalda áður;
- c. **tekjur af fjármagnstekjuskatti** eru lækkaðar sem nemur eigin greiðslum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti en hann færðist áður meðal gjalda;
- d. **verðbætur af innlendum bankainnstæðum, verðtryggðum innlendum veittum og teknum lánnum** færast um rekstrarreikning meðal vaxtatekna og vaxtagjalda. Hins vegar færast allur gengismunur af gengisbundnum bankainnstæðum, veittum og teknum lánnum um endurmatsreikning yfir á efnahag. Samkvæmt fyrri uppgjörsaðferðum voru allar verðbætur færðar utan rekstrarreiknings, þ.e. um endurmatsreikning yfir á efnahag. Áhrif þessa á rekstrarafkomu ríkissjóðs geta verið umtalsverð einkum við verðbólguaðstæður;
- e. **meðferð á breytingu lífeyrisskuldbindinga innan ársins** breytist nokkuð með tilliti til þess hvað færast um rekstrarreikning eða um endurmat yfir á efnahagsreikning. Þessi breyting á reikningskilaaðferð hefur ekki áhrif á stöðu lífeyrisskuldbindinga í árslok. Samkvæmt GFS-staðli færast einungis breytingar á lífeyrisskuldbindingum vegna ávinnslu réttinda á árinu og reiknaðs vaxtakostnaðar af útistandandi lífeyrisskuldbindingu um rekstrarreikning. Aðrar breytingar á lífeyrisskuldbindingum, svo sem vegna launabreytinga, breytinga á ávöxtunarprósentu, lífslíkum eða lífeyrisaldri færast um endurmat yfir á efnahag. Samkvæmt eldri uppgjörsaðferðum voru breytingar á lífeyrisskuldbindingum, sem mátti rekja til launabreytinga ársins, færðar um endurmatsreikning á efnahag en

- aðrar breytingar færðar um rekstrarreikning;
- f. **endurgreiðslur á virðisaukaskatti til opinberra aðila utan A-hluta**, eins og sveitarfélaga, færast ekki til lækkunar á virðisaukaskatti heldur sem tilfærslur til viðkomandi aðila á gjaldahlið.
 - g. **varanlegir rekstrarfjármunir** teljast meðal eigna og afskrifast í samræmi við líftíma sinn. Í þessu felst að kaup og sala slíkra eigna færast ekki um rekstrarreikning eins og í fyrri reikningsskilum;
 - h. **gert er ráð fyrir að hlutdeildaraðferð verði beitt við mat á eignarhluta ríkissjóðs í félögum og stofnunum**. Er það töluverð breyting frá fyrri uppgjörsaðferðum sem almennt breyttu ekki eignamati á slíkum fyrirtækjum í efnahagsreikningi ríkissjóðs nema þegar hætt var við ofmati á virði eignarhlutar eða við sérstakar aðstæður.

Helstu frávik á framsetningu ríkisfjármála samkvæmt GFS- og IPSAS-staðli

Báðum stöðlunum er ætlað að tryggja samkvæmni og alþjóðlega samanburðarhæfni en áherslur þeirra eru ólíkar. Í aðalatriðum sýna niðurstöður samkvæmt stöðlunum tveimur, GFS og IPSAS, sömu niðurstöður í efnahagsreikningi á hreinni eign í árslok. Hins vegar er í ákveðnum tilvikum mismunandi færslumeðferð með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða um endurmat á efnahagsreikningi. Ræðst það einkum af ólíkum markmiðum staðlanna þar sem GFS-staðlinum er ætlað að draga fram efnahagsleg áhrif viðkomandi einingar á hagkerfið á meðan IPSAS-staðallinn miðast við að sýna fjárhagslega afkomu og stöðu viðkomandi rekstraraðila. Frávik á milli staðlanna eru í aðalatriðum eftirfarandi:

- a. allur gengismunur færist um endurmatsreikning yfir á efnahag samkvæmt GFS-staðli en samkvæmt IPSAS-staðli færist hann um rekstrarreikning;
- b. IPSAS-staðallinn gerir almennt ráð fyrir að allar breytingar á lífeyrisskuldbindingum ársins færist um rekstrarreikning, svo sem vegna áhrifa af ávinnslu nýrra réttinda á árinu, launabreytinga og breytinga á tryggingafræðilegum forsendum. Færslumeðferð samkvæmt GFS-staðli er lýst undir lið e) hér að framan en stærstu frávikin eru þau að þar eru áhrif launabreytinga á skuldbindingarnar færðar um endurmatsreikning yfir á efnahag. Staða lífeyrisskuldbindinga í efnahagsreikningi í árslok er hins vegar sú sama samkvæmt stöðlunum báðum;
- c. samkvæmt báðum stöðlunum er gerð krafa um eignfærslu á varanlegum rekstrarfjármunum. Eignamat á öllum eignum, skuldum og varanlegum rekstrarfjármunum ríkissjóðs, þar með talið mannvirkjum á borð við vegakerfið, er umfangsmikið verkefni sem unnið er að en er ekki lokið að fullu. Innleiðing fyrrgreindra staðla fela í sér breytingar á framsetningu og innihaldi efnahagsreikninga hjá einstökum ríkisaðilum og þá sérstaklega er varðar meðferð varanlegra rekstrarfjármuna. Í stað þess að þessir fjármunir gjaldfærast við kaup eru þeir eignfærðir eins og vikið var að hér á undan. Það felur í sér að á móti eignfærslunni færist eignamyndunarframlag í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag. Yfir líftíma eignarinnar er hún síðan afskrifuð árlega og á móti þeirri gjaldfærslu er jafnan tekjufærður sambærilegur hluti af eignarmyndunarframlaginu. Í árlegum reikningsskilum fyrir þessar eignir er því lögð áhersla á að jafna saman gjöldum og tekjum í rekstrarreikningi og eignum og skuldum í efnahagsreikningi yfir líftíma viðkomandi eignar;
- d. samkvæmt IPSAS-staðli eru afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna gjaldfærðar og

hafa þannig áhrif á heildarafkomu en samkvæmt GFS-staðlinum eru afskriftir færðar til gjalda á meðal rekstrarútgjalda en til lækkunar á fastafjárútgjöldum í sama mæli. Samkvæmt GFS-staðlinum hafa afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna þannig ekki áhrif á heildarafkomu;

- e. IPSAS-staðallinn gerir ráð fyrir því að fjárfesting fari aðeins um efnahagsreikning en GFS-staðallinn gerir auk þess ráð fyrir gjaldfærslu. Þannig hafa fjárfestingar áhrif á heildarafkomu samkvæmt GFS-staðlinum en ekki samkvæmt IPSAS-staðlinum;
- f. samkvæmt GFS-staðlinum er sala fastafjármuna dregin frá fjárfestingu ársins á gjaldahlið;
- g. samkvæmt IPSAS staðli er afskrift óinnheimtra skattkrafna og annarra tekna færð sem útgjöld. Samkvæmt GFS staðli er hún færð til lækkunar á viðkomandi tekjum. Í báðum tilvikum er um að ræða færslu um rekstrarreikning og áhrif á afkomu eru því hin sömu óháð því hvorum staðlinum er fylgt;
- h. samkvæmt IPSAS-staðli er endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila færð til lækkunar á tekjum af virðisaukaskatti. Samkvæmt GFS-staðli er slík endurgreiðsla færð sem gjöld. Í báðum tilvikum er um að ræða færslu um rekstrarreikning og áhrif á afkomu eru því hin sömu óháð því hvorum staðlinum er fylgt;
- i. báðir staðlarnir gera almennt ráð fyrir að hlutdeildaraðferð sé beitt við mat á eignarhlutum í félögum og stofnunum. Niðurstöðutölur í árslok í efnahagsreikningi eru hinar sömu en frávik er á milli þess hvernig staðlarnir fara með breytingar ársins með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða endurmatsreikning yfir á efnahag. IPSAS-staðallinn gerir kröfu um að öll breytingin færist um rekstrarreikning. GFS-staðallinn gerir hins vegar ráð fyrir að sá hluti breytingarinnar, sem rekja má til viðskipta ársins, færist um rekstrarreikning á meðan aðrar breytingar svo sem matsbreytingar færist um endurmatsreikning yfir á efnahag.

Samanburður á afkomu ríkissjóðs skv. GFS og IPSAS

Meðfylgjandi yfirlit sýnir yfirfærslu tekna og gjalda frá GFS yfir í IPSAS framsetningu og áætlaðan heildarjöfnuð A1-hluta ríkissjóðs á hvorum staðli fyrir sig. Eins og sjá má er munur á áætlaðri afkomu á milli þessara tveggja staðla. Vakin er athygli á því að í þessari samantekt er ekki lagt mat á möguleg áhrif hlutdeildar í afkomu annarra hlutdeildarfélaga sem kunna að hafa mikil áhrif á heildarniðurstöðu ársins samkvæmt IPSAS staðlinum til lækkunar eða lækkunar.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2022
Heildartekjur samkvæmt GFS-staðli	955.445
Rekstrargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.090.060
Rekstrarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-134.615
Fastafjárútgjöld	33.933
Heildargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.123.994
Heildarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-168.548
Aðlaganir á tekjuhlíð	-27.071
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	17.874
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-15.000
Mismunur á tekjufærðum hagnaði félaga skv. IPSAS og GFS ³	-29.945
Gengishagnaður af bankareikningum, veittum lánum og erlendu stofnfé ⁴	0
Aðlaganir á gjaldahlíð	79.534
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu ⁵	30.132
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	17.874
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-15.000
Lífeyrisskuldbindingar - s.s.launabreytingar og aðrar forsendubreytingar	45.723
Sala fastafjármuna ⁶	715
Aðlögun vegna tapaðra krafna	90
Heildartekjur samkvæmt IPSAS-staðli	928.374
Heildarfjárheimild til reksturs og fjárfestinga samkvæmt IPSAS-staðli	1.203.528
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu	-30.132
Fjárfestingaframlög ekki gjaldfærð samkvæmt IPSAS-staðli	-71.613
Afskriftir gjaldfærðar samkvæmt IPSAS-staðli ⁷	20.402
Heildargjöld samkvæmt IPSAS-staðli	1.122.184
Heildarjöfnuður samkvæmt IPSAS-staðli	-193.810

¹ Samkvæmt IPSAS eru afskriftir skattkrafna færðar meðal gjalda í rekstrarreikningi. Samkvæmt GFS eru þær hins vegar látnar koma til lækkunar á tekjum ríkissjóðs af viðkomandi sköttum.

² Í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti samkvæmt GFS.

³ Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að munur á arðgreiðslum skv. GFS-staðalinum og IPSAS reikningsskilum nemi 29.945 m.kr. Hér er ekki gert ráð fyrir breytingum sem tengjast afkomu ársins hjá öðrum félögum í ríkiseigu.

⁴ Í frumvarpi til fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Því er ekki gert ráð fyrir gengishagnaði/-tapi af bankareikningum, veittum lánum eða erlendu stofnfé.

⁵ Í samstæðureikningi og í fjárstreymisýfirliti samkvæmt GFS er leiðrétt fyrir innbyrðis viðskiptum en hér er þeim bætt við til að sýna heildarfjárheimild eins og hún birtist í lagagreinum 3 og 4 í frumvarpinu.

⁶ Sala fastafjármuna koma til frádráttar fjárfestingu skv. GFS.

⁷ Áætlaðar afskriftir í ríkisreikningi. Um gróft mat er að ræða. Í fjárlögum eru afskriftir áætlaðar í samræmi við verklag Hagstofu Íslands. Unnið er að samræmingu á meðferð afskrifta í reikningshaldi og í þjóðhagsreikningum.

Töfluviðauki

Fjárstreymi ríkissjóðs (A1-hluta).....	354
Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta)	356
Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)	357
Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir hagrænni skiptingu.....	358
Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum.....	359
Eignir og skuldir ríkissjóðs (A1-hluta)	360
Samanburður á afkomu ríkissjóðs (A1-hluta) skv. GFS og IPSAS	361
Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A2-hluta.....	362
Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A3-hluta.....	363
Samstæðuyfirlit A-hluta í heild	364
Efnahagsforsendur frumvarpsins, prósentubreytingar	365
Efnahagsforsendur frumvarpsins, nafnstærðir.....	366

Tafla 1

Fjárstreymi ríkissjóðs (A1-hluta)

Þjóðhagsgrunnur ¹ , m.kr.	Reikn. 2019	Reikn. 2020	Fjárlög 2021	Áætlun 2021	Frumvarp 2022
Heildartekjur	872.465	820.951	773.810	850.610	955.445
Skatttekjur	663.684	656.181	613.116	679.755	752.288
Skattar á tekjur og hagnað	288.811	287.478	262.000	291.700	327.600
Skattar á laungreiðslur og vinnuafll	9.124	9.233	9.025	8.901	9.476
Eignarskattar	6.084	10.528	5.841	9.741	9.161
Skattar á vöru og þjónustu	337.641	327.193	319.961	351.905	387.923
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3.430	2.575	3.022	3.922	3.575
Aðrir skattar	18.594	19.174	13.267	13.587	14.552
Tryggingagjöld	97.423	88.364	93.754	93.270	107.049
Fjárframlög	15.329	5.975	5.546	5.546	5.981
Aðrar tekjur	96.029	70.431	61.395	72.039	90.128
Eignatekjur	40.622	25.312	22.833	34.720	48.695
þ.a. vaxtatekjur	12.731	8.310	6.412	8.145	10.488
þ.a. arðgreiðslur	20.255	11.228	8.692	18.705	31.752
Sala á vöru og þjónustu	41.557	35.213	31.810	31.826	35.079
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	13.850	9.906	6.751	5.494	6.354
Heildargjöld	913.631	1.053.702	1.099.923	1.138.505	1.123.994
Rekstrarútgjöld	899.347	1.040.514	1.055.906	1.106.714	1.090.060
Laun	214.243	229.790	236.612	245.530	258.103
Kaup á vöru og þjónustu	144.926	153.602	146.549	164.798	169.998
Afskriftir	47.552	52.490	47.788	52.754	54.495
Vaxtagjöld ²	62.701	57.713	61.088	69.641	67.298
Framleiðslustyrkir	33.686	52.291	70.424	73.851	51.944
Fjárframlög	327.885	406.018	406.394	412.547	402.185
Félagslegar tilfærslur til heimila	21.885	25.272	23.422	25.272	23.819
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	46.468	63.339	63.629	62.321	62.219
Fastafjárútgjöld	14.284	13.188	44.016	31.792	33.933
Fjárfesting í efnislegum eignum	61.836	65.678	91.805	84.546	88.428
Afskriftir (-)	-47.552	-52.490	-47.788	-52.754	-54.495
Frumjöfnuður	8.805	-183.348	-271.436	-226.399	-111.739
Vaxtajöfnuður	-49.971	-49.403	-54.676	-61.496	-56.809
Heildarjöfnuður	-41.165	-232.751	-326.112	-287.895	-168.548

¹ Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlíð sem skýrast af breyttri framsetningu.

² Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 15,1 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2022.

Tafla 1 - framhald

Fjárstreymi ríkissjóðs (A1-hluta)

Þjóðhagsgrunnur ¹ , % af VLF	Reikn. 2019	Reikn. 2020	Fjárlög 2021	Áætlun 2021	Frumvarp 2022
Frumtekjur	28,2	27,6	25,0	26,0	26,5
Frumgjöld	27,9	33,9	33,9	33,0	29,6
Frumjöfnuður	0,3	-6,2	-8,8	-7,0	-3,1
Vaxtatekjur	0,4	0,3	0,2	0,3	0,3
Vaxtagjöld ²	2,1	2,0	2,0	2,2	1,9
Vaxtajöfnuður	-1,6	-1,7	-1,8	-1,9	-1,6
Heildartekjur	28,7	27,9	25,2	26,3	26,8
Heildargjöld	30,0	35,8	35,8	35,2	31,5
Heildarjöfnuður	-1,4	-7,9	-10,6	-8,9	-4,7

¹ Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlið sem skýrast af breyttri framsetningu.

² Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 15,1 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2022.

Tafla 2

Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta)

Greiðslugrunnur, m.kr.	Fjárlög 2021	Áætlun 2021	Frumvarp 2022
Rekstrarhreyfingar			
Innheimta	777.624	840.353	921.168
Skatttekjur	622.671	685.568	750.634
Tryggingagjöld	97.082	96.337	106.429
Fjárframlög	5.546	5.546	5.981
Fjármunatekjur	6.304	8.052	10.326
Aðrar tekjur	46.021	44.849	47.798
Greiðslur	1.028.525	1.074.377	1.054.128
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar	480.352	494.432	522.969
Rekstrartilfærslur	467.667	490.886	454.246
Fjármagnstilfærslur	38.618	38.618	37.218
Fjármagnskostnaður	41.888	50.441	39.695
Handbært fé frá rekstri	-250.901	-234.024	-132.960
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting	-76.692	-69.423	-71.078
Sala eigna	692	55.992	75.700
Veitt löng lán	-36.100	-10.500	-27.788
Innheimtar afborganir af veittum lánum	2.189	3.045	4.761
Móttekinn arður	8.692	18.705	31.752
Fyrirframgreiðsla til LSR	-8.000	-8.000	-8.000
Mismunur á innheimtu og greiddu útsvari til sveitarfélaga	8.400	7.500	0
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-800	-800	-800
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-101.619	-3.481	4.547
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-352.520	-237.505	-128.412
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin langtímalán	427.300	380.907	300.950
Afborganir af teknum lánum	-149.900	-165.558	-184.041
Fjármögnunarhreyfingar samtals	277.400	215.349	116.909
Breyting á handbæru fé	-75.120	-22.156	-11.503

Tafla 3

Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2021	Áætlun 2021	Frumvarp 2022	br. frá fjárl. m.kr.	br. frá fjárl. %
Skatttekjur	614.216	679.755	752.288	138.072	22,5
Skattar á tekjur og hagnað	262.000	291.700	327.600	65.600	25,0
Tekjuskattur, einstaklingar	186.600	199.900	218.200	31.600	16,9
Tekjuskattur, lögaðilar	50.000	62.000	74.100	24.100	48,2
Sérstakur fjársýsluskattur	1.100	1.900	3.800	2.700	245,5
Fjármagnstekjuskattur	24.300	27.900	31.500	7.200	29,6
Skattar á launagr. og vinnuafll	9.025	8.901	9.476	451	5,0
Fjársýsluskattur	3.240	3.250	3.310	70	2,2
Aðrir skattar á launagreiðslur og vinnuafll	5.785	5.651	6.166	381	6,6
Eignarskattar	5.841	9.741	9.161	3.320	56,9
Erfðafjárskattur	4.400	8.300	7.500	3.100	70,5
Aðrir eignarskattar	1.441	1.441	1.661	220	15,3
Skattar á vöru og þjónustu	321.061	351.905	387.954	66.893	20,8
Virðisaukaskattur	230.400	260.200	289.700	59.300	25,7
Stimpilgjöld	5.690	6.490	7.060	1.370	24,1
Vörugjöld af ökutækjum	5.350	5.050	4.950	-400	-7,5
Vörugjöld af bensíni	9.700	8.100	8.400	-1.300	-13,4
Kolefnisgjald	5.470	5.770	6.010	540	9,9
Oliugjald	11.500	11.300	11.800	300	2,6
Áfengisgjald	20.250	23.400	23.830	3.580	17,7
Tóbaksgjald	6.050	5.850	5.750	-300	-5,0
Aðrir umhverfisskattar	6.461	6.201	6.684	223	3,4
Önnur vörugjöld	1.797	1.790	1.908	111	6,2
Sértækir þjónustuskattar	5.783	5.783	7.560	1.777	30,7
Kílómetragjald	1.350	1.350	1.400	50	3,7
Bírfreiðagjald	7.550	7.250	7.250	-300	-4,0
Aðrir neyslu og leyfisskattar	3.711	3.371	5.652	1.942	52,3
Tollar og aðflutningsgjöld	3.022	3.922	3.575	554	18,3
Aðrir skattar	13.267	13.587	14.521	1.254	9,5
Bankaskattur	4.600	4.800	5.250	650	14,1
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	2.690	2.710	2.830	140	5,2
Útvarpsgjald	4.810	4.910	5.170	360	7,5
Ýmsir aðrir skattar	1.167	1.167	1.271	104	8,9
Tryggingagjöld	93.754	93.270	107.049	13.295	14,2
Fjárframlög	5.546	5.546	5.981	434	7,8
Aðrar tekjur	60.295	72.039	90.128	29.834	49,5
Eignatekjur	22.833	34.720	48.695	25.862	113,3
Vaxatekjur	6.412	8.145	10.488	4.077	63,6
Arður og hluti af tekjum ríkisfyrirtækja	8.692	18.705	31.752	23.060	265,3
Veidigjald	7.591	7.731	6.326	-1.265	-16,7
Aðrar eignatekjur	139	139	129	-9	-6,8
Sala á vöru og þjónustu	31.810	31.826	35.079	3.269	10,3
Sektir og skaðabætur	3.980	3.819	4.428	448	11,3
Fjármagnstilfærslur	1.388	1.391	1.516	128	9,2
Ýmsar tekjur	284	284	411	127	44,8
Heildartekjur ríkissjóðs	773.810	850.610	955.445	181.635	23,5
þ.a. skatttekjur og tryggingagjöld	707.970	773.025	859.337	151.367	21,4
Sjóðshreyfing	786.317	859.058	952.920	166.603	21,2

Tafla 4

Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir hagrænni skiptingu¹

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikn. 2019	Reikn. 2020	Fjárlög 2021	Áætlun 2021	Frumvarp 2022
Rekstrarframlög	456.842	528.800	545.868	553.220	579.264
Laun og launatengd gjöld	223.916	239.454	252.282	261.230	276.892
Lífeyrisskuldbindingar ²	19.347	53.880	62.199	62.199	62.381
Önnur gjöld	213.579	235.466	231.387	229.791	239.991
Fjármagnskostnaður	47.867	72.037	46.009	54.562	51.700
Rekstrartilfærslur	379.794	490.008	485.487	501.134	464.178
Lífeyristryggingar	126.758	132.044	142.958	140.988	151.872
Atvinnuleysistryggingasjóður	23.238	80.079	64.889	84.208	40.597
Sjúkratryggingar	42.925	44.495	45.187	47.787	50.103
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	24.616	27.511	31.477	32.557	35.607
Stuðningur við fyrirtæki vegna heimsfaraldurs	-	23.855	20.400	10.900	-
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	20.141	21.417	20.278	20.278	24.528
Fæðingarorlof	14.545	16.346	18.998	19.448	20.552
Afskriftir skattkrafna ²	24.605	21.676	17.820	17.820	17.874
Greiðslur vegna búvöruframléiðslu	14.128	14.557	14.920	14.920	15.514
Barnabætur	12.338	15.767	13.965	15.055	13.965
Húsnæðisbætur	6.366	6.568	6.568	7.268	6.953
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	4.969	5.130	5.044	5.044	5.330
Aðrar rekstrartilfærslur	65.165	80.562	82.984	84.862	81.283
Fjármagnstilfærslur	20.318	25.827	37.952	37.952	37.218
Rannsóknir og nýsköpun	11.578	14.841	24.727	24.727	25.165
Stofnframlög vegna félagslegra leiguíbúða	3.891	3.074	3.736	3.736	3.736
Ofanflóðasjóður	514	1.175	2.401	2.401	2.401
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.702	1.555	2.331	2.331	2.331
Hafnabótasjóður	759	1.391	1.655	1.655	1.571
Aðrar fjármagnstilfærslur	1.875	3.792	3.102	3.102	2.013
Fjárfestingarframlög³	33.504	48.864	76.782	69.513	71.168
Vegagerðin	26.289	31.548	36.973	36.173	27.154
Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans	3.843	2.713	11.884	6.000	14.177
Öldrunarstofnanir almennt	316	656	3.785	3.000	5.208
Bygging nýs hafrannsóknarskips	-	-	2.900	2.900	2.000
Flugvellir flugleiðsöguþjónusta	-	-	1.895	1.895	960
Framkvæmdir á Alþingisreit	558	910	1.350	1.350	1.550
Samhæfingarmiðstöð viðbragðsaðila	-	-	403	403	1.184
Önnur fjárfestingarframlög	2.498	13.037	17.593	17.793	18.935
Samtals heildargjöld	938.324	1.165.535	1.192.099	1.216.381	1.203.528
Samtals frumgjöld	890.457	1.093.498	1.146.090	1.161.819	1.151.828

¹ Útgjöldin eru hér sett fram samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli í samræmi við framsetningu fjárheimilda í lagagrein 3 í þessu frumvarpi. Í 1. grein frumvarpsins eru útgjöldin hins vegar sett fram samkvæmt staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um framsetningu opinberra fjármála (GFS). Um muninn á framsetningu útjalda samkvæmt þessu stöðlum er fjallað í viðauka með greinargerð frumvarpsins.

² Innleiðing IPSAS reikningsskilastaðals í ríkisreikningi fyrir árið 2017 leiðir til breyttrar meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna. Í ríkisreikningi 2019 og 2020 voru afskriftir skattkrafna færðar sem önnur gjöld. Unnið er að samræmingu á framsetningu í fjárlögum og ríkisreikningi.

³ Fjárfestingarframlög eru ekki gjaldfærð í ríkisreikningi heldur verða þau eignfærð og afskrifuð yfir líftíma viðkomandi eignar.

Tafla 5

Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum¹

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikn. ² 2019	Reikn. ² 2020	Fjárlög 2021	Áætlun 2021	Frumvarp ³ 2022
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	5.698	6.145	6.961	6.961	7.288
02 Dómsstólar	3.310	3.243	3.480	3.480	3.657
03 Æðsta stjórnarsýsla	2.617	2.634	2.708	2.708	3.475
04 Utanríkismál	11.016	12.246	14.101	14.101	13.824
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	28.859	32.998	36.745	36.745	39.097
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	3.962	4.175	4.125	4.125	4.218
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	15.316	20.280	28.788	31.788	29.880
08 Sveitarfélög og byggðamál	22.800	24.893	22.473	22.473	26.748
09 Almanna- og réttaröryggi	31.514	33.457	31.300	32.330	34.333
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála	16.484	17.434	17.287	17.872	17.376
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	45.264	54.991	59.503	58.823	51.290
12 Landbúnaður	16.852	17.333	18.709	18.709	18.520
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	6.152	6.457	9.463	9.463	8.759
14 Ferðaþjónusta	2.015	4.410	2.574	3.324	2.081
15 Orkumál	4.110	4.697	5.118	5.118	5.831
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj. sýsla atv. mála	4.324	4.872	4.464	4.464	4.662
17 Umhverfismál	19.138	24.091	24.352	24.797	25.348
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	15.308	18.823	17.609	17.629	17.492
19 Fjölmíðlun	4.711	5.409	5.138	5.138	5.564
20 Framhaldsskólastig	35.103	37.274	40.551	40.691	40.363
21 Háskólastig	47.143	55.307	53.168	53.288	55.059
22 Önnur skólastig og stjórns. mennta- og menn.mála	5.634	5.671	5.674	5.714	6.080
23 Sjúkrahúspjónusta	109.456	116.319	121.454	122.228	136.614
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	59.893	64.890	59.817	64.477	66.497
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	48.727	53.757	64.042	65.147	70.219
26 Lyf og lækningavörur	25.509	29.821	30.440	32.940	31.467
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	70.289	76.377	83.609	82.559	88.815
28 Málefni aldraðra	84.480	86.144	93.420	93.320	100.985
29 Fjölskyldumál	37.795	46.093	47.118	50.380	49.541
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	31.643	114.623	95.473	105.632	50.151
31 Húsnæðisstuðningur	13.319	13.104	13.048	13.748	13.438
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	11.177	14.073	14.923	16.223	14.544
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	68.061	125.412	108.318	116.871	114.191
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	24.605	21.676	39.355	26.074	35.397
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	6.042	6.407	6.790	7.040	10.727
Samtals	938.324	1.165.535	1.192.099	1.216.381	1.203.528

¹ Útgjöldin eru hér sett fram samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastaðli í samræmi við framsetningu fjárheimilda í lagagrein 3 í þessu frumvarpi. Í 1. grein frumvarpsins eru útgjöldin hins vegar sett fram samkvæmt staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um framsetningu opinberra fjármála (GFS). Um muninn á framsetningu útjalda samkvæmt þessu stöðlum er fjallað í viðauka með greinargerð frumvarpsins.

² Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftr ársins verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

³ Í einhverjum tilvikum hafa stofnanir og verkfæri flust á milli málefnasviða og tekur framsetning mið af því.

Tafla 6

Eignir og skuldir ríkissjóðs (A1-hluta)

Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs	2018	2019	2020	Áætlun 2021	Frumvarp 2022
Skuldir ríkissjóðs	861.944	905.830	1.244.558	1.448.308	1.570.423
Ríkisbréf, ríkisvixlar og spariskirteini	673.296	664.244	844.799	854.651	993.036
Aðrir innlendir aðilar	39.319	34.241	133.670	221.116	223.659
Erlend lán	124.609	186.634	245.858	351.209	331.560
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	24.720	20.711	20.231	21.332	22.168
Kröfur ríkissjóðs	151.434	142.807	145.950	93.984	160.589
Veitt lán	70.699	62.073	35.323	70.457	95.662
Viðskiptareikningur, nettó	80.735	80.735	110.627	23.527	64.927
Hreinar lántökur ríkissjóðs	710.510	763.022	1.098.608	1.354.324	1.409.834
Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraforða	91.125	151.469	214.152	319.100	307.700
Handbært fé, annað, nettó	104.500	69.460	134.615	40.000	40.000
Hrein staða ríkissjóðs	-514.885	-542.093	-749.841	-995.224	-1.062.134
Hlutfé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlög	906.811	906.811	906.811	852.311	777.411
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	391.926	364.718	156.970	-142.913	-284.723
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	641.599	664.190	875.560	1.067.876	1.200.555
<i>Í hlutfalli af VLF (%)</i>					
Skuldir ríkissjóðs	30,3	29,7	42,3	44,8	44,0
Kröfur ríkissjóðs	5,3	4,7	5,0	2,9	4,5
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	13,8	12,0	5,3	-4,4	-8,0
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	22,6	21,8	29,8	33,0	33,7

Tafla 7 Samanburður á afkomu ríkissjóðs (A1-hluta) skv. GFS og IPSAS

	Frumvarp 2022
Rekstrargrunnur, m.kr.	
Heildartekjur samkvæmt GFS-staðli	955.445
Rekstrargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.090.060
Rekstrarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-134.615
Fastafjárútgjöld	33.933
Heildargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.123.994
Heildarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-168.548
Aðlaganir á tekjuhlöð	-27.071
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	17.874
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-15.000
Mismunur á tekjufærðum hagnaði félaga skv. IPSAS og GFS ³	-29.945
Gengishagnaður af bankareikningum, veittum lánum og erlendu stofnfé ⁴	0
Aðlaganir á gjaldahlöð	79.534
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu ⁵	30.132
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	17.874
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-15.000
Lífeyrisskuldbindingar - s.s.launabreytingar og aðrar forsendubreytingar	45.723
Sala fastafjármuna ⁶	715
Aðlögun vegna tapaðra krafna	90
Heildartekjur samkvæmt IPSAS-staðli	928.374
Heildarfjárheimild til reksturs og fjárfestinga samkvæmt IPSAS-staðli	1.203.528
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu	-30.132
Fjárfestingaframlög ekki gjaldfærð samkvæmt IPSAS-staðli	-71.613
Afskriftir gjaldfærðar samkvæmt IPSAS-staðli ⁷	20.402
Heildargjöld samkvæmt IPSAS-staðli	1.122.184
Heildarjöfnuður samkvæmt IPSAS-staðli	-193.810

¹ Samkvæmt IPSAS eru afskriftir skattkrafna færðar meðal gjalda í rekstrarreikningi. Samkvæmt GFS eru þær hins vegar látnar koma til lækkunar á tekjum ríkissjóðs af viðkomandi sköttum.

² Í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð bruttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti samkvæmt GFS.

³ Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að munur á arðgreiðslum skv. GFS-staðalinum og IPSAS reikningsskilum nemi 29.945 m.kr. Hér er ekki gert ráð fyrir breytingum sem tengjast afkomu ársins hjá öðrum félögum í ríkiseigu.

⁴ Í frumvarpi til fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Því er ekki gert ráð fyrir gengishagnaði/-tapi af bankareikningum, veittum lánum eða erlendu stofnfé.

⁵ Í samstæðureikningi og í fjárstreymisfirliti samkvæmt GFS er leiðrétt fyrir innbyrðis viðskiptum en hér er þeim bætt við til að sýna heildarfjárheimild eins og hún birtist í lagagreinum 3 og 4 í frumvarpinu.

⁶ Sala fastafjármuna koma til frádráttar fjárfestingu skv. GFS.

⁷ Áætlaðar afskriftir í ríkisreikningi. Um gróft mat er að ræða. Í fjárlögum eru afskriftir áætlaðar í samræmi við verklag Hagstofu Íslands. Unnið er að samræmingu á meðferð afskrifta í reikningshaldi og í þjóðhagsreikningum.

Tafla 8 Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A2-hluta

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2021	Frumvarp 2022	Breyting
Rekstrarúætlun:			
Rekstrartekjur	3.475	3.349	-126
Rekstrargjöld	9.820	8.801	-1.019
Fjármunatekjur	34.729	33.701	-1.028
Fjármagnsgjöld	38.448	38.211	-236
Framlög í afskriftasjóð útlána	3.974	2.413	-1.562
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-14.039	-12.375	1.663
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	8.197	6.778	-1.419
Veitt framlög og óregluleg gjöld	316	513	197
Hagnaður (-tap)	-6.158	-6.111	47
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	-6.158	-6.111	47
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	4.677	-4.576	-9.253
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	-1.258	-3.123	-1.865
Handbært fé frá rekstri	-2.739	-13.810	-11.071
Veitt löng lán	46.461	42.631	-3.830
Afborganir af veittum löngum lánum	118.668	102.426	-16.243
Veitt stutt lán	95.000	0	-95.000
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	25	253	228
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	50	-50	-100
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-22.868	59.592	82.460
Tekin löng lán	35.035	38.700	3.665
Afborganir af teknum löngum lánum	56.182	72.450	16.268
Arðgreiðsla í ríkissjóð	0	0	0
Annað	-50	20	70
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-21.097	-33.770	-12.673
Breyting á handbæru fé	-46.703	12.012	58.715

Tafla 9 Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A3-hluta

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2021	Frumvarp 2022	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	10.926	11.291	364
Rekstrargjöld	10.353	10.547	194
Fjármagnsjöfnuður	-1.032	-1.081	-49
Framlög í afskriftasjóð útlána	1.020	1.051	31
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-1.479	-1.389	90
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	402	263	-139
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	342	224	-118
Tekjuskattur	7	7	0
Hagnaður (-tap)	-728	-895	-167
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	-728	-895	-167
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	-76	-154	-77
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	429	524	94
Handbært fé frá rekstri	-375	-525	-150
Veitt löng lán	-5	-6	-1
Afborganir af veittum löngum lánum	493	506	12
Veitt stutt lán	0	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	-1.995	-1.609	385
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-1.507	-1.109	397
Tekin löng lán	600	600	0
Afborganir af teknum löngum lánum	-726	-752	-25
Stofnframlög	157	8	-148
Arðgreiðsla í ríkissjóð	0	0	0
Annað	-12	-12	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	18	-155	-174
Breyting á handbæru fé	-1.863	-1.789	73
Handbært fé í ársbyrjun	7.827	7.689	-138
Handbært fé í árslok	5.964	5.900	-65

Tafla 10

Samstæðuýfirlit A-hluta í heild¹

Þjóðhagsgrunnur ² , m.kr.	Reikn. 2019	Reikn. 2020	Áætlun 2021	Frumvarp 2022
Heildartekjur	932.654	867.118	891.086	995.173
Skatttekjur	663.684	656.181	679.755	752.288
Skattar á tekjur og hagnað	288.811	287.478	291.700	327.600
Skattar á laungreiðslur og vinnuafll	9.124	9.233	8.901	9.476
Eignarskattar	6.084	10.528	9.741	9.161
Skattar á vöru og þjónustu	337.641	327.193	351.905	387.923
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3.430	2.575	3.922	3.575
Aðrir skattar	18.594	19.174	13.587	14.552
Tryggingagjöld	97.423	88.364	93.270	107.049
Fjárframlög	16.077	5.464	5.546	5.981
Aðrar tekjur	155.470	117.109	112.515	129.856
Eignatekjur	94.066	66.345	63.426	76.558
þ.a. vaxtatekjur	66.175	49.343	36.851	38.351
þ.a. arðgreiðslur	20.255	11.228	18.705	31.752
Sala á vöru og þjónustu	44.772	37.764	37.144	40.440
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	16.632	13.000	11.945	12.857
Heildargjöld	964.980	1.103.291	1.185.866	1.170.727
Rekstrarútgjöld	950.116	1.089.154	1.151.701	1.134.622
Laun	217.412	231.828	250.625	262.767
Kaup á vöru og þjónustu	146.391	154.513	174.560	179.044
Afskriftir	47.552	52.490	52.754	54.495
Vaxtagjöld ³	117.983	106.323	103.098	100.752
Framleiðslustyrkir	34.024	52.628	74.621	52.658
Fjárframlög	326.964	405.364	411.710	401.458
Félagslegar tilfærslur til heimila	21.885	25.272	25.272	23.819
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	37.905	60.736	59.062	59.629
Fastfjárútgjöld	14.864	14.137	34.165	36.105
Fjárfesting í efnislegum eignum	62.416	66.627	86.919	90.600
Afskriftir (-)	-47.552	-52.490	-52.754	-54.495
Frumjöfnuður	19.482	-179.193	-228.533	-113.153
Vaxtajöfnuður	-51.808	-56.980	-66.247	-62.401
Heildarjöfnuður	-32.326	-236.173	-294.780	-175.554

¹ Skv. endurskoðaðri flokkun á starfsemi hins opinbera á grundvelli alþjóðlegs hagskýrslustaðals (GFS), sbr. nánari umfjöllun í kafla 6 í fjárlagafrumvarpi 2022.

² Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlíð sem skýrast af breyttri framsetningu.

³ Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 15,1 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2022.

Tafla 11 Efnahagsforsendur frumvarpsins, prósentubreytingar

	Fjárlög 2021 ¹	Endurmat 2021 ²	Fjárlög 2022 ²
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	4,2	3,8	4,9
Samneysla	1,8	2,4	1,3
Fjárfesting	5,5	11,9	-3,2
Þjóðarútgjöld alls	3,9	4,8	2,3
Útflutningur vöru og þjónustu	17,1	14,9	18,9
Innflutningur vöru og þjónustu	17,4	17,4	10,9
Verg landsframleiðsla	3,9	3,9	5,3
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	1,0	-0,1	3,9
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Vísitala neysluverðs	2,7	4,4	3,3
Laun	5,2	5,6	5,0
Gengisvísitala	-1,1	-2,3	-2,1
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	6,8	6,5	5,3

¹ Þjóðhagsspá í október 2020² Þjóðhagsspá í nóvember 2021

Tafla 12 Efnahagsforsendur frumvarpsins, nafnstærðir

	Fjárlög 2021 ¹	Endurmat 2021 ²	Fjárlög 2022 ²
Helstu þjóðhagsstærðir, ma. kr.			
Einkaneysla	1.568,3	1.617,5	1.749,8
Samneysla	831,0	910,3	960,4
Fjárfesting	647,1	733,1	734,5
Þjóðarútgjöld alls	3.046,5	3.256,3	3.446,5
Útflutningur vöru og þjónustu	1.228,0	1.239,9	1.538,9
Innflutningur vöru og þjónustu	1.206,0	1.261,7	1.420,2
Verg landsframleiðsla	3.068,5	3.234,5	3.565,3
Viðskiptajöfnuður	30,7	-3,2	139,0

¹ Þjóðhagsspá í október 2020² Þjóðhagsspá í nóvember 2021